Íslenska álfélagið: starfsleyfi vegna álverksmiðjunnar í Straumsvík, augl., 1523-1528.

J.

Jaakko Blomberg, 1906.
Jakob V. Jónasson, 1915.
Jakob R. Möller, 1915.
Jens Ó. P. Pálsson, 1913.
Jensína Halldórsdóttir, 1905.
John Simpson Kirkpatrick, 1910.
Jóhann Halldórsson, 1911.
Jóhanna Gunnarsdóttir, 1913.
Jóhannes Rúnar Jóhannsson, 1912.
Jólatré: úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings, rg., 1128-1129.
Jón G. Friðjónsson, 1913.
Jón Torfi Jónasson, 1910.
Jón Ragnarsson, 1913.
Jón Þorsteinsson, 1905, 1911.
Jukka Hermälä, 1906.

K.

Kari Kasurinen, 1906.
Karl Heinz Jakubowski, 1906.
Karl V. Matthíasson, 1915.
Kartöfluútsæði: rg., 122-129.
Kínó: talnagetraun, rg., 1265-1269.
Kísilgúrverksmiðja við Mývatn: sjóður skv. 12. gr. l. nr. 80/1966, rg., 410-411.
Kjartan Guðmundsson, 1905.
Kristinn Hallgrímsson, 1912.
Kristín Pálsdóttir, 1914.
Kristrún Kristinsdóttir, 1910.
Kristján Kristjánsson, 1912.
Kristján Ragnarsson, 1906.
Kristján Róbertsson, 1911.
Kristján Steinsson, 1911.
Kvikmyndaskoðun: rg., 918-920.
Köfnunarefni: meðhöndlun á fljótandi, r., 1446-1447.

L.

Lánasjóður íslenskra námsmanna: úthlutunarreglur, augl., 481; rg., br., 734, úthlutunarreglur 1995-1996, augl., 735-754.
Leif Fagernäs, 1906.
Leifur Eiríksson, 1905.
Leiguíbúðir: skoðun, gjsk., 1091.
Leikföng: öryggi og hættulegar eftirlíkingar, rg., 673-674.
Leit og björgun á hafinu við strendur Íslands: skipulag og yfirstjórn, rg., br. á r., 261.
Linda Björk Bentsdóttir, 1915.

Líftryggingasamningar: hámarksvextir í íslenskum krónum, rg., 1432-1433.
Lyftur og lyftubúnaður: skráning, eftirlit og búnaður, rg., 112-118.
Lýðveldissjóður: rg., 797-798.

M.

Magnús I. Erlingsson, 1915.
Magnús Þór Jónsson, 1915.
Manneldi: virðisaukaskattskyld sala á vörum, rg., br., 1123.
Mannflutningar: í loftförum, rg., br., 207.
Margrét Gunnarsdóttir, 1914.
Margrét Oddsdóttir, 1912.
Martti Ahtisaari, 1906.
Matvæli: merking, auglýsing og kynning, rg., br., 300.
Mengun: varnir, rg., 1857-1873.
Meistararéttindi: rg., 1395-1404.
Michel Valette, 1911.
Myndhöfundasjóður Íslands - Myndstef: sþ., 1028-1030; vegna endurbirtingar myndverka, gjsk., 1031-1034.

N.

Námssamningar: rg., 1395-1404.
Náttúrustofa: Suðurlands í Vestmannaeyjum, rg., 1659-1660; Austurlands í Neskaupstað, rg., br., 1682.
Newcastle-veiki: bann við innflutningi vegna, augl., 1426; afnám augl. um bann við innflutningi, augl., 1522.
Nítrít og formalín: rotvarnarefni til geymslu á loðnu og öðrum bræðslufiski, augl., 119.
Norræn menningarverðlaun: skattfrelsi, rg., 256.

O.

Odd Evensen, 1912.
Oddný Mjöll Arnardóttir, 1914.
Ole Norrback, 1906.
Osmo Vänskä, 1906.

Ó.

Ólafur Jensson, 1911.
Ólafur Proppé, 1905.
Ólafur Steingrímsson, 1913.
Óskar Ingi Ingason, 1911.
Ósoneyðandi efni: varnir gegn mengun af þeirra völdum, rg., br., 301.

P.

Patrick John McCartan, 1910.
Páll Ásgeirsson, 1913.
Páll Ásgrímsson, 1914.
Páll Hersteinsson, 1915.
Páll Sigurðsson, 1914.
Pekka Vilpas, 1906.
Petra Sveinsdóttir, 1906.
Pétur Kristinsson, 1913.
Philip Wrenn Benediktsson, 1910.
Prestaköll: frestun á gildistöku br. á skipan og færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðarprestakall, augl., 1683.

R.

Rafn Alexander Ragnarsson, 1912.
Ragnhild Fusdahl, 1912.
Raimo Haninen, 1906.
Rannsóknir: góðar starfsvenjur, rg., 1106-1122; skipan Rannsóknarráðs Íslands, rg., 1237-1238.
Reynir Karlsson, 1915.
Rögnvaldur Finnbogason, 1915.

S.

Samnet: gjsk., 1705-1707.
Sérlyf: skráning og útgáfa markaðsleyfa, rg., 1181-1206.
Sighvatur Sævar Árnason,1912.
Sigmundur Guðmundsson, 1913.
Sigríður Guðmarsdóttir, 1912.
Sigríður Lóa Jónsdóttir, 1912.
Sigrún Hjálmtýsdóttir, 1906.
Sigrún Júlíusdóttir, 1911.
Sigrún Hrönn Kristmannsdóttir, 1913.
Sigurður Gísli Gíslason, 1914.
Sigurður Helgason, 1905.
Sigurður Kr. Sigurðsson, 1914.
Sigurður Thorlacius, 1914.
Sigurður B. Þorsteinsson, 1912.

Sigurður Ægisson, 1910.
Sjávarafurðir: meðferð og vinnsla, rg., 1763-1795.
Sjúkratryggingar: hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, rg., 185-189, rg., (1.) br., 467; frestun gildistöku rg. nr. 81/1995, augl., 477; undanþágur frá lögheimilisskilyrði, rg., 534; endurgreiðslur á tannlækningakostnaði vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa, r., br., 548-549.
Sjúkraskrár: rg., br., 1373.
Skófatnaður: merkingar efnis, r., 1274-1279.
Skólasjóður: Iðnskólans í Reykjavík, skskrá, 1024-1025; Menntaskólans við Hamrahlíð, skskrá, 1025-1026.
Skrúður og næsta nágrenni: friðlýsing, augl., 1258-1259.
Smári Steinþórsson, 1915.
Snjóflóð og skriðuföll: varnir gegn, rg., 1103-1105.
Snorri Hermannsson, 1906.
Snuð: um nítrósamín í þeim og gúmmítúttum, rg., 921-922.
Sonja María Hreiðarsdóttir, 1912.
Sparifé og lánsfé: verðtrygging, r., 312-314, 810-812.
Starfsábyrgðartryggingar: lögmanna, r., 1687-1689.
Stefanía Sif Thorlacius, 1911.
Stefán Ólafsson, 1913.
Stig Granquist, 1906.
Svanhvít Axelsdóttir, 1915.
Svanur Kristjánsson, 1910.
Svavar A. Jónsson, 1912.
Sveinbjörn Dagfinnsson, 1910.
Sveinn Jónatansson, 1913.
Sveinspróf: rg., 1395-1404.
Söluumboðseyðublað Félags fasteignasala: augl., 235-236.

T.

Tilvísanir: rg., 190-193, rg., (1.) br., 468; frestun á framkvæmd rg., augl., 524.
Timo Jalkanen, 1906.
Tom Södermann, 1906.
Tóbak: viðvörunarmerkingar, rg., 1086-1090.
Tómas Guðmundsson, 1912.
Tæknisamþykki: evrópskt, augl., 546.

U.

Umferðarmerki: notkun, rg., 597-666.
Umhverfismerki: norrænt, gjsk., 301.
Unglingar: meðferðarstöð ríkisins, rg., 554-555.
Unnur Sverrisdóttir, 1913.

Ú.

Úlfar Lúðvíksson, 1913.
Útfararþjónusta: rg., 473-475; rg., br., 904.
Útivistartími: barna og unglinga á Akureyri, r., 195.
Útlendingar: dvöl þeirra sem falla undir samninginn um EES, hér á landi, rg., 1746-1753.

V.

Valdimar Hreiðarsson, 1911.
Valgerður Baldursdóttir, 1914.
Varnarlið: ökutæki, r., 1795-1796.
Veðmálastarfsemi: Hestamannafélagsins Fáks, rg., 769-770.
Veiðikort: rg., br., 328-329; og hæfnispróf veiðimanna, rg., 669-672.
Vetnisklórflúorkolefni: tímabundin heimild til innflutnings, augl., 420.
Vetraríþróttamiðstöð Íslands: rg., 866-867.
Vigfús Magnússon, 1914.
Vikur: vinnsla og nýting, rg., 1260-1263.
Vinnueftirlit ríkisins: sérstök eftirlits- og þjónustustörf, gjsk., 354-356.
Vínýlklóríðeinliða: vinna með, r., 1814-1819.

Þ.

Þingvellir: gestagjöld, rg., 527.
Þorbergur Kristjánsson, 1911.
Þorlákur Karlsson, 1911.
Þorsteinn Gíslason, 1905.
Þorvaldur Jónsson, 1914.

Þór Vilhjálmsson, 1913.
Þóra Ellen Þórhallsdóttir, 1913.
Þórður S. Óskarsson, 1911.
Þórður Heimir Sveinsson, 1916.
Þórður Þórðarson, 1911.
Þórir S. Gröndal, 1906.

Ö.

Ökumenn: aksturs- og hvíldartími, rg., 288-290.
Ökuritar: prófun, rg., 1428-1432.
Ökutæki: gerð og búnaður, rg., 292-293; starfsþjálfun stjórnenda sem flytja tiltekinn hættulegan farm, rg., 293-298; vörugjald, rg., br., 342-343.
Ökutækjatryggingar: augl., 279.
Öldrunarstofnanir: mat á heilsufari og aðbúnaði íbúa, rg., 1374.
Ölkelduvatn: rg., 922-926.
Örn Gunnarsson, 1915.
Öryggis- og heilbrigðismerki: á vinnustöðum, r., 1823-1836.
Öryrkjavinna: rg., 326-328.

Skrá um útgáfudaga B-deildar 1995.

B	1,	nr. 1-10	11. janúar
B	2,	nr. 11	13. janúar
B	3,	nr. 12-13	17. janúar
B	4,	nr. 14-19	20. janúar
B	5,	nr. 20-21	19. janúar
B	6,	nr. 22-47	30. janúar
B	7,	nr. 48	26. janúar
B	8,	nr. 49-70	31. janúar
B	9,	nr. 71	31. janúar
B	10,	nr. 72	3. febrúar
B	11,	nr. 73	6. febrúar
B	12,	nr. 74-80	10. febrúar
B	13,	nr. 81-82	9. febrúar
B	14,	nr. 83	13. febrúar
B	15,	nr. 84	14. febrúar
B	16,	nr. 85-102	20. febrúar
B	17,	nr. 103	21. febrúar
B	18,	nr. 104-125	28. febrúar
B	19,	nr. 126-129	28. febrúar
B	20,	nr. 130-132	6. mars
B	21,	nr. 133-135	7. mars
B	22,	nr. 136-148	10. mars
B	23,	nr. 149-150	15. mars
B	24,	nr. 151-152	16. mars
B	25,	nr. 153-164	20. mars
B	26,	nr. 165-167	22. mars
B	27,	nr. 168-170	27. mars
B	28,	nr. 171-195	31. mars
B	29,	nr. 196-197	31. mars
B	30,	nr. 198	4. apríl
B	31,	nr. 199	5. apríl
B	32,	nr. 200-217	10. apríl
B	33,	nr. 218	10. apríl
B	34,	nr. 219-222	12. apríl
B	35,	nr. 223	19. apríl
B	36,	nr. 224-234	21. apríl
B	37,	nr. 235-237	25. apríl
B	38,	nr. 238-253	28. apríl
B	39,	nr. 254-256	2. maí
B	40,	nr. 257-272	10. maí
B	41,	nr. 273	12. maí
B	42,	nr. 274-276	15. maí
B	43,	nr. 277	15. maí
B	44,	nr. 278-288	19. maí
B	45,	nr. 289-290	31. maí
B	46,	nr. 291-292	24. maí
B	47,	nr. 293-307	31. maí
B	48,	nr. 308-309	2. júní
B	49,	nr. 310	6. júní
B	50,	nr. 311	7. júní
B	51,	nr. 312-323	9. júní

B	52,	nr. 324	16. júní
B	53,	nr. 325-346	20. júní
B	54,	nr. 347-349	21. júní
B	55,	nr. 350-351	23. júní
B	56,	nr. 352	29. júní
B	57,	nr. 353-368	30. júní
B	58,	nr. 369-370	30. júní
B	59,	nr. 371	4. júlí
B	60,	nr. 372-375	5. júlí
B	61,	nr. 375a-384	10. júlí
B	62,	nr. 385	10. júlí
B	63,	nr. 386	11. júlí
B	64,	nr. 387	19. júlí
B	65,	nr. 388-398	20. júlí
B	66,	nr. 399	20. júlí
B	67,	nr. 400-401	21. júlí
B	68,	nr. 402-406	25. júlí
B	69,	nr. 407	24. júlí
B	70,	nr. 408-409	25. júlí
B	71,	nr. 410-411	26. júlí
B	72,	nr. 412-436	31. júlí
B	73,	nr. 437	1. ágúst
B	74,	nr. 438	3. ágúst
B	75,	nr. 439-444	10. ágúst
B	76,	nr. 445	10. ágúst
B	77,	nr. 446	17. ágúst
B	78,	nr. 447-448	18. ágúst
B	79,	nr. 449-454	21. ágúst
B	80,	nr. 455-456	22. ágúst
B	81,	nr. 457	24. ágúst
B	82,	nr. 458	29. ágúst
B	83,	nr. 459-475	31. ágúst
B	84,	nr. 476-477	1. september
B	85,	nr. 478-479	4. september
B	86,	nr. 480	8. september
B	87,	nr. 481-483	11. september
B	88,	nr. 484	15. september
B	89,	nr. 485-501	20. september
B	90,	nr. 502-508	22. september
B	91,	nr. 509-515	29. september
B	92,	nr. 516-519	6. október
B	93,	nr. 520-537	10. október
B	94,	nr. 538-542	12. október
B	95,	nr. 543	16. október
B	96,	nr. 544	26. október
B	97,	nr. 545-558	31. október
B	98,	nr. 559	1. november
B	99,	nr. 560-568	10. november
B	100,	nr. 569	10. november
B	101,	nr. 570-571	17. november
B	102,	nr. 572-582	20. november
B	103,	nr. 583	20. november
B	104,	nr. 584	20. november

B	105,	nr. 585-586	22. nóvember
B	106,	nr. 587-590	28. nóvember
B	107,	nr. 591-603	30. nóvember
B	108,	nr. 604-606	30. nóvember
B	109,	nr. 607-608	1. desember
B	110,	nr. 609-610	1. desember
B	111,	nr. 611-613	6. desember
B	112,	nr. 614-621	8. desember
B	113,	nr. 622-624	11. desember
B	114,	nr. 625-627	18. desember
B	115,	nr. 628-640	20. desember
B	116,	nr. 641-642	20. desember
B	117,	nr. 643-694	29. desember
B	118,	nr. 695-714	10. jan. 1996
B	119,	nr. 715-720	30. jan. 1996
B	120,	nr. 721-727	18. sept. 1996

Endurprentuð blöð: 30, 32, 261, 265, 269, 351, 351, 425, 426, 464, 579, 581, 587, 785, 796, 889, 890, 1037, 1038, 1039, 1056, 1056, 1086, 1171, 1211, 1265, 1267, 1269, 1446, 1542, 1754 a, 1797.

Leiðréttingar:

Bls. 465, nr. 226, í haus: 18. aprí 1995 Les: 18. apríl 1995.
Bls. 878, nr. 373, í haus: Nr. 372 Les: Nr. 373.
Bls. 938, nr. 398, 41. lína: ... vatN-innihald ... Les: ... vatnsinnihald ...
Bls. 1056, nr. 430, 38. lína: Fyrir búnað í símtöð ... Les: Fyrir búnað í símstöð.
Bls. 1131, í lokalínu: ... nr. 445-446 Les: ... nr. 447-448.
Bls. 1248, í fyrirsögn: ... um heimspekistofnun Háskóla Íslands. Les: ... um Heimspekistofnun Háskóla Íslands.
Bls. 1314, í neðanmálsgrein: ... um Evrpópska efnahagssvæðið ... Les: ... um Evrópska efnahagssvæðið.
Bls. 1577, í fyrirsögn: ... umferð í Akureyri. Les ... umferð á Akureyri.
Bls. 1658, í fyrirsögn: ... um innheimtuhlutfall staðgreiðslu ... Les ... um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu.

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 – 1995

3. janúar 1995 1 Nr. 1

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 3/1995 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1995.

1. Inngangur

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til áðurnefndra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1995, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

2. Bifreiðahlunnindi

2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, skutbifreið (station) eða jeppabifreið, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin launamanni til tekna, miðað við afnot í heilt ár, með hliðsjón af verði og aldri bifreiðarinnar og skal miðað við verð á síðustu árgerð eins og það var 31. desember 1994.

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1993 og 1994, eða tekin verður í notkun á árinu 1995, skal meta hlunnindi til tekna sem 20% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir, sjá 2.2. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári þegar hún var framleidd.

2.2. Kostnaðarverð

Kostnaðarverð er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á sams konar bifreið nýrri frá bifreiðaumboði af síðustu árgerð, að meðtöldum kostnaði vegna hvers konar auka- eða sérútbúnaðar. Sé eigi unnt að ákveða matsverð með þessum hætti vegna þess að síðasta árgerð er eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Einnig skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum ef sú bifreið sem meta þarf er eigi lengur á markaði. Hafi launamaður greitt hluta af verði bifreiðar

skal lækka verð bifreiðarinnar til hlunnindamats um þá fjárhæð sem launamaðurinn sjálfur greiddi.

2.3. Mánaðarleg hlunnindi

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum skv. 2.1. og 2.2. Hafi launamaður aðeins haft afnot af bifreið hluta af mánuði skulu bifreiðarhlunnindi hans metin í réttu hlutfalli við þann dagafjölda í mánuðinum sem hann hafði afnot af bifreiðinni. Sömu aðferð skal beitt við mat á hlunnindum ef skipt var um bifreið þannig að launþegi hafði afnot af fleiri en einni bifreið í sama mánuði.

2.4. Afnot takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda

Séu endurgjaldslaus afnot launamanns takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda þannig að hann greiði launagreiðanda sínum fyrir ekna kílómetra umfram umsamið hámark skal reikna honum full mánaðarleg hlunnindi til tekna uns umsömdu hámarki aksturs er náð. Eftir þau tímamörk skal draga greiðslu launamanns frá fjárhæð mánaðarlegra hlunninda og falla þau niður sé greiðsla launamanns jafnhá þeim.

2.5. Launamaður tekur þátt í rekstrarkostnaði

Greiði launamaður eldsneytiskostnað (og smurningu) bifreiðar sem hann hefur til fullra umráða frá launagreiðanda sínum skal lækka hlunnindamat um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% eftir aldri bifreiða. Greiði launamaður einnig annan rekstrarkostnað bifreiðar en eldsneytiskostnað má lækka hlunnindamat um fjárhæð þess kostnaðar, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Eigi má telja kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, með í slíkum kostnaði og eigi heldur sektir sem af akstri launþegans hljótast.

2.6. Endurgjald fyrir afnot

Greiði launamaður launagreiðanda sínum endurgjald fyrir afnot af bifreið launagreiðanda, sem lægra er en hlunnindamat samkvæmt þeim reglum sem að framan er lýst, skal mismunurinn teljast launamanni til tekna.

2.7. Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota launamanns

Hafi launamaður bifreið frá launagreiðanda sínum sem honum er heimilt að nota utan vinnutíma að takmörkuðu leyti skal meta slík takmörkuð afnot til hlunninda launamanns. Takmörkuð afnot eru eingöngu akstur milli heimilis og vinnustaðar og tilfallandi og einstök afnot. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar skv. 2.1.

Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.

Takmörkuð afnot skal meta launamanni til hlunninda á gildandi kílómetragjaldi á hverjum tíma sem nú er kr. 33,50 pr. ekinn km.

3. Ökutækjastyrkir

3.1. Almennt

Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta endurgreiddan kostnað til launamanns, vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans, sem halda má utan staðgreiðslu.

Með tilvísun til áðurnefndrar reglugerðargreinar metur ríkisskattstjóri endurgreiddan bifreiðakostnað sem halda má utan staðgreiðslu á árinu 1994 þannig:

3.2. Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka

Mat samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, þ.e. á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka:

Fyrir	1 - 10.000 km	kr. 33,50 pr. km.
"	10.001 - 20.000 km	" 29,95 pr. km.
"	20.001 - >	" 26,45 pr. km.

Þar eð kílómetragjald er lægra fyrir akstur umfram 10.000 km þarf launagreiðandi að fylgjast með heildarakstri launamanna í hans þágu.

Fái launamaður greitt kílómetragjald sem miðast við "sérstakt gjald" sem Ferðakostnaðarnefnd ákveður, má hækka viðmiðunarfjárhæðir fyrir 1 - 10.000 km akstur um kr. 5,10 pr. km og um kr. 15,55 pr. km miðist kílómetragjaldið við "torfærugjald" sem Ferðakostnaðarnefnd ákveður einnig. Fyrir akstur á bilinu 10.001 - 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,60 pr. km en kr. 13,95 pr. km vegna torfærugjalds. Fyrir akstur umfram 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,00 pr. km en kr. 12,30 vegna torfærugjalds, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

3.3. Skilyrði fyrir heimild til frádráttar

Um heimild til frádráttar gilda almennar reglur um frádráttarbærni kostnaðar við akstur bifreiðar launþega vegna aksturs í þágu launagreiðanda, sbr. skattmat ríkisskattstjóra. Einungis er frádráttarbær sá sannanlegi kostnaður sem launþegi hefur orðið fyrir vegna rekstrar ökutækis hans.

3.4. Sönnun akstursþarfar

Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk sem þeir fá greiddan á árinu 1995 þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver ferð í þágu launagreiðanda, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

4. Greiðslur vinnuveitenda á kostnaði launþega þeirra við ferðir til og frá vinnu

Allan kostnað launþega við ferðir til og frá vinnu á venjulegan vinnustað þeirra ber að telja persónuleg útgjöld þeirra. Greiði vinnuveitandi þeirra þennan kostnað að öllu leyti eða að hluta skal því telja þau persónulegu útgjöld sem þannig sparast launþega staðgreiðsluskyldar tekjur hans.

Greiði vinnuveitandi ferða- eða flutningskostnað til launamanns síns liggur hin skattskylda fjárhæð fyrir og þarf því ekki að meta hana sérstaklega. Sjái vinnuveitandi launamanni fyrir ókeypis flutningi milli heimilis og vinnustaðar verður að meta hina skattskyldu fjárhæð. Á svæðum þar sem almenningsvagnar ganga skal þá miða hina skattskyldu fjárhæð við fargjöld með þeim á hverjum tíma. (Á Stór-Reykjavíkursvæði er eðlilegt að miða þessa fjárhæð við kostnaðarverð mánaðarkorta sem nú nemur kr. 2.900.) Verði ekki miðað við fargjöld með almenningsvögnum skal hafa til hliðsjónar fargjöld með áætlunarbifreiðum á hverjum tíma við mat á skattskyldri fjárhæð.

5. Dagpeningar - ferðapeningar

5.1. Dagpeningar erlendis

Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 596/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu skal ríkisskattstjóri meta fjárhæð dagpeninga sem launamaður fær greidda vegna ferða sinna á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Mat á fjárhæð slíkra dagpeninga til greiðslu á gistingu, fæði og fargjöldum frá og að flugvöllum og öðrum sambærilegum fargjöldum erlendis verður sem hér segir:

Almennir dagpeningar:

		Gisting	**Annað**
Svíþjóð	SDR	84	77
New York og Tokyo	SDR	97	64
Annars staðar	SDR	71	83

Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:

Svíþjóð	SDR	54	50
New York og Tokyo	SDR	63	41
Annars staðar	SDR	46	53

Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga.

Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

5.2. Dagpeningar innanlands

Mat samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987 á dagpeningum innan viðmiðunarmarka til greiðslu á gistingu og fæði innanlands:

Gisting og fæði í einn sólarhring	kr.	7.150
Gisting í eina nótt	"	3.650
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	"	3.500
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	"	1.750

Varðandi skilyrði fyrir því að heimilt sé að fella dagpeninga, sem greiddir eru samkvæmt framangreindri viðmiðun, undan staðgreiðslu er vísað til þeirra skilyrða sem um það eru sett í áðurnefndri 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987.

5.3. Dagpeningar umfram 30 daga

Fái launamaður greidda dagpeninga fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1995 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 709 fyrir hvern dag umfram 30 daga. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands.

6. Fæðishlunnindi, fæðispeningar

Fullt fæði, sem launagreiðandi lætur launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna og af því reiknast staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir fullt fæði, fullorðins ..... 709 kr. á dag

Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára ..... 569 kr. á dag

Fyrir fæði að hluta (ein máltíð) ..... 284 kr. á dag

Láti launagreiðandi launamanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launamanns og reikna af honum staðgreiðslu.

Af fjárhæð fæðisstyrks (fæðispeninga) í stað fulls fæðis eða fæðis að hluta ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Af öllu fæði, sem fjölskyldu launamanns er látið í té endurgjaldslaust hjá launagreiðanda hans, svo og fjárhæð fæðisstyrkja (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans vegna fjölskyldu launamannsins, ber að reikna staðgreiðslu á sama hátt.

Af sérhverjum öðrum fæðishlunnindum sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

7. Húsnæðishlunnindi

Endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi lætur launamanni sínum í té, skulu metin launamanni til tekna og af þeim reiknuð staðgreiðsla sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á greiðslutímabil miðað við tímalengd þeirra.

Hafi launamaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna og reikna af honum staðgreiðslu eftir því sem hlutfall greiðslutímabils segir til um. Af þeim hluta orkukostnaðar launamanns sem launagreiðandi hans greiðir skal reiknuð full staðgreiðsla.

Af endurgjaldslausum afnotum launamanns á orku (rafmagni og hita) skal staðgreiðsla reiknuð af kostnaðarverði.

Af húsaleigustyrk, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, ber að reikna staðgreiðslu að fullu.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda með hliðsjón af ákvæðum 5. gr. reglugerðar nr. 334/1982 við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

8. Fatapeningar

Af fatnaði, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Af greiðslum launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt reikna staðgreiðslu af allri greiðslunni.

Reykjavík, 3. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkiskattstjóra nr. 4/1995 um skattmat tekjuárið 1994 (framtalsárið 1995).

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. l. nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum hefur ríkisskattstjóri gefið út svofelldar reglur um mat á búpeningi til eignar í árslok 1994, á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti á tekjuárinu 1994 (framtalsárinu 1995), sem meta þarf til verðs samkvæmt greindum lögum:

1.0.0. Búfé til eignar í árslok 1994 (framtalsár 1995)

Mjólkurkýr		kr.	58.830
Holdakýr		"	22.410
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri		"	39.790
Geldneyti og naut		"	22.490
Kálfar, yngri en 1/2 árs		"	6.670
Ær og sauðir		"	6.430
Hrútar		"	8.660
Gemlingar		"	4.705
Hestar á 14. vetri og eldri		"	15.590
Hryssur á 14. vetri og eldri		"	15.590
Hestar á 5. - 13. vetri		"	27.770
Hryssur á 5. - 13. vetri		"	25.000
Tryppi á 2. - 4. vetri		"	9.650
Folöld		"	5.935
Hænsni, eldri en 6 mánaða		"	660
Hænsni, yngri en 6 mánað7a		"	335
Endur		"	730
Gæsir		"	955
Kalkúnar		"	1.155
Geitur		"	4.450
Kiðlingar		"	3.330
Gyltur		"	13.220
Geltir		"	20.310
Grísir, eldri en 1 mánaðar		"	4.725
Grísir, yngri en 1 mánaðar		"	0
Loðkanínur: Karldýr og kvendýr		"	2.000
Minkar:	Karldýr	"	2.770
	Kvendýr	"	1.650
	Hvolpar	"	0
Refir:	Karldýr og kvendýr	"	8.720
	Hvolpar	"	0

Þar sem heimafengnar fóðurbirgðir eru verulega undir meðallagi er heimilt að lækka búfjármat nautgripa, sauðfjár og hrossa til eignar, þó ekki meira en um 10%.

2.0.0. Tekna- og hlunnindamat á tekjuárinu 1994 (framtalsárið 1995).

2.1.0. Teknamat af landbúnaði.

Allt sem selt er frá búi skal talið með því verði, sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarandi vörur, vinnu eða þjónustu, sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Verðuppbætur á búsafurðir teljast til tekna þegar þær eru greiddar eða færðar framleiðanda til tekna í reikning hans.

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávextir, gróðurhúsaafurðir, hlunninda-afrakstur), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarandi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Verði ekki við markaðsverð miðað, t.d. í þeim hreppum þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal skattstjóri meta verðmæti þeirra til tekna með hliðsjón af notagildi.

Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástatt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda.

Mjólk, sem notuð er til búfjárfóðurs, skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fóðurbæti miðað við fóðureiningar.

Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Matsverð heimanotaðs kjöts af sauðfé sem telja skal til tekna er ákvarðað með hliðsjón af heildsöluverði þessara afurða.

Með hliðsjón af ofangreindum reglum hefur matsverð verið ákveðið á eftirtöldum búsafurðum til heimanotkunar:

2.1.1. Afurðir og uppskera: (Verð án virðisaukaskatts)

Mjólk þar sem mjólkursala fer fram.....	kr.	50,05 pr. ltr.
Mjólk þar sem engin mjólkursala fer fram, miðað við 500 l. neyslu á mann.....	"	50,05 pr.ltr.
Mjólk til búfjárfóðurs.....	"	16,20 pr. ltr.
Hænuegg (önnur egg hlutfallslega).....	"	266,00 pr. kg.
Sauðfjárslátur.....	"	214,00 pr. stk.
Kartöflur til manneldis.....	"	5.845,00 pr. 100 kg.
Rófur til manneldis.....	"	5.364,00 pr. 100 kg.
Kartöflur og rófur til skepnufóðurs.....	"	612,00 pr. 100 kg.

2.1.2. Búfé til frálags (slátur meðtalið): (Verð án virðisaukaskatts)

Dilkar	kr.	5.329
Dilkar (lakara kjöt)	"	4.802
Veturgamalt og sauðir	"	6.771
Geldar ær	"	5.792
Mylkar ær og hrútar	"	3.540
Naut I. og II. fl.	"	46.724
Kýr I. og II. fl.	"	31.143
Kýr III. og IV. fl.	"	21.254
Eldri kálfar og ungneyti metist hlutfallslega miðað við naut.		
Ungkálfar	"	2.349
Folöld I. flokkur	"	9.350
Tryppi I. flokkur	"	13.215
Hross I. flokkur	"	14.850
Folöld II. flokkur	"	6.680
Tryppi II. flokkur	"	6.665
Hross II. flokkur	"	7.285
Hross III. flokkur	"	3.605
Svín 4 - 6 mánaða	"	17.740

2.1.3. Veiði og hlunnindi: (Verð án virðisaukaskatts)

Lax	kr.	335 pr. kg.
Sjóbirtingur	"	144 " "
Vatnasilungur	"	94 " "
Æðardúnn	"	22.700 " "

2.1.4. Kindafóður:

Metast 50 % af fullu eignarmati sauðfjár.

2.2.0. Hlunnindamöt til tekna:

2.2.1. Bifreiðahlunnindi:

Bifreiðahlunnindi skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 2. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994, sbr. auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1994.

2.2.2. Ókeypis flutningur milli heimilis og vinnustaðar:

Hlunnindi sem falla undir þennan tölulið skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 4. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994.

2.2.3. Fæðishlunnindi. Fæðispeningar.

Fæðishlunnindi skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 6. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994.

Fæðispeningar og fæðisstyrkir teljast til tekna á því verði sem fjárhæðir þeirra segja til um.

2.2.4. Húsnæðishlunnindi:

Afnot íbúðarhúsnæðis, orku og fenginn húsaleigustyrk skal meta til tekna í samræmi við þær reglur um staðgreiðslu sem settar eru fram í 7. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994.

2.2.5. Fatnaður:

Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

Einkennisföt	kr.	15.000
Einkennisfrakki	"	11.000

Fatnað, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal telja til tekna á kostnaðarverði.

Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Greiðslur launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt telja að fullu til tekna.

3.0.0. Möt til frádráttar:

3.1.0. Frádráttur kostnaðar vegna öflunar ökutækjastyrks.

Frá ökutækjastyrkjum, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað vegna öflunar þessara tekna.

Því aðeins telst ökutækjakostnaður sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á þar til gerðu eyðublaði (ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur RSK 3.04), eða á annan jafn fullnægjandi hátt, nákvæm sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar sem reiknast kr. 133.355. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverði). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.

2. Að fram sé lögð á sama eyðublaði og um ræðir í 1, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, greinargerð um heildarnotkun ökutækisins á árinu, þannig sundurliðuð:

a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.

b. Annar akstur í eigin þágu.

c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með kr. 32,97 þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.

Hafi launþegi fengið greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 1994, þannig að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar, og sá akstur verið **2000 km. eða minni** þá er fallið frá kröfu um sannanlegan ökutækjakostnað og greinargerð frá launagreiðanda um ástæðu fyrir greiðslu vegna ökutækisins. Þetta er bundið þeim skilyrðum að framteljandi hafi fært akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi og að kílómetragjald hafi verið greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra á árinu 1994 fyrir hvern ekinn km. skv. akstursdagbók. Gögn varðandi þetta eiga að hafa verið færð reglulega og vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launþega.

Hafi launamaður fengið greitt svonefnt "sérstakt gjald" eða "torfærugjald" á árinu 1994 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð frádráttar, kr. 32,97 (vegið meðaltal), fyrir hvern ekinn km. sem hann fékk greiddan skv. "sérstöku gjaldi" um kr. 5,02 (vegið meðaltal) og skv. "torfærugjaldi" um kr. 15,19 (vegið meðaltal), enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

Samkvæmt 3. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994 var kílómetragjald sem hér segir:

Fyrir	1 - 10.000 km	kr.	32,55 pr. km.
"	10.001 - 20.000 km	"	29,10 pr. km.
"	20.001 - >	"	25,70 pr. km.

Frá og með 1. júní til loka september breyttist matið þannig vegna breytinga á mati Ferðakostnaðarnefndar:

Fyrir	1 - 10.000 km	kr.	33,10
"	10.001 - 20.000 km	"	29,60
"	20.001 - >	"	26,10

Frá og með 1. október til ársloka breyttist matið þannig vegna breytinga á mati Ferðakostnaðarnefndar:

Fyrir	1 - 10.000 km	kr.	33,50
"	10.001 - 20.000 km	"	29,95
"	20.001 - >	"	26,45

3.1.1. Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.

Frádráttur frá fengnum dagpeningum byggist á því að skilyrði 2. og 3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, séu uppfyllt. Í 5. kafla í Skattmati í staðgreiðslu 1994 koma fram þær fjárhæðir dagpeninga sem halda má utan staðgreiðslu. Ættu þær að samsvara leyfilegum frádrætti á móti fengnum dagpeningum.

Á Skattmati í staðgreiðslu 1994 urðu þessar breytingar á árinu 1994 varðandi dagpeninga:

1. Yfirskrift kafla 5.2. varð: Dagpeningar innanlands.

2. Kafli 5.4. féll niður.

Breytingar þessar giltu frá og með 1. janúar 1994, sbr. orðsendingu til launagreiðenda nr. 4/1994. Í henni var þó kafli 5.2. ranglega tilgreindur sem kafli 5.3.

Einnig breyttist mat á fjárhæðum dagpeninga samkvæmt köflum 5.1. og 5.2. í staðgreiðslumatinu hinn 1. júní og 1. október 1994 vegna breytinga á mati Ferðakostnaðarnefndar.

Samkvæmt því sem að framan greinir verður mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum vegna ferða launþega á vegum launagreiðanda hans á árinu 1994 sem hér segir:

Frádráttur frá dagpeningum innanlands.

1. janúar - 31. maí	**Kr.**
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	6.450
Fyrir gistingu í eina nótt	3.050
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.400
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.700
1. júní - 30. september	**Kr.**
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	7.650
Fyrir gistingu í eina nótt	4.150
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.750
1. október - 31. desember	**Kr.**
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	7.150
Fyrir gistingu í eina nótt	3.650
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.500
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.750

Frádráttur frá greiddum dagpeningum má aldrei vera hærri en fengnum dagpeningum nemur. Frádráttur lækkar um kr. 723 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga.

Frádráttur frá dagpeningum erlendis.

1. janúar - 31. maí	**SDR**
Almennir dagpeningar:	163
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	105
1. júní - 31. október	
Almennir dagpeningar:	
Svíþjóð, New York og Tokyo	161
Annars staðar	154
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	
Svíþjóð, New York og Tokyo	104
Annars staðar	99

Við það skal miða að almennir dagpeningar vegna ferðalaga erlendis skiptist þannig fram til 1. nóvember:

Vegna gistingar	50%
Vegna fæðis	35%
Vegna annars kostnaðar	15%

1. nóvember - 31. desember		
Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað
Svíþjóð	84	77
New York og Tokyo	97	64
Annars staðar	71	83
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:		
Svíþjóð	54	50
New York og Tokyo	63	41
Annars staðar	46	53

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi frá þriðja aðila er honum heimilt að draga hálfa fjárhæð fullra dagpeninga samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá því ferðafé sem honum hefur verið greitt þannig fram til 1. nóvember. Auk þess er honum heimilt að draga fjárhæð sem samsvarar mati ríkisskattstjóra á gistingu í eina nótt frá slíku ferðafé sem greitt var allt fram til 1. nóvember. Frá og með 1. nóvember leiðir af breyttu mati að sú regla á ekki lengur við. Frá þeim tíma má því í slíkum tilvikum aðeins draga "annað" samkvæmt mati hér að framan frá fengnum dagpeningum eða ferðafé.

Frádráttur frá greiddum dagpeningum má aldrei vera hærri en fengnum dagpeningum nemur. Frádráttur lækkar um kr. 723 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga.

3.2.0. Fæðisfrádráttur.

3.2.1. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.

Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 379 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 3. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

Nr. 3. 1. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1995 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 1995 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1994, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1995:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali.
2. Hlutafjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.

II. Til og með 20. febrúar 1995:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1995, sbr. 1. - 4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1994 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Reykjavík, 1. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/1995 um vísitölu jöfnunarhlutabréfa.

Samkvæmt ákvæðum 5. og 6. málsl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt hefur ríkisskattstjóri reiknað út vísitölu almennrar verðhækkunar í sambandi við útgáfu jöfnunarhlutabréfa á árinu 1995 og er þá miðað við að vísitala 1. janúar 1979 sé **100.**

1. janúar 1980	vísitala	156
1. janúar 1981	vísitala	247
1. janúar 1982	vísitala	351
1. janúar 1983	vísitala	557
1. janúar 1984	vísitala	953
1. janúar 1985	vísitala	1.109
1. janúar 1986	vísitala	1.527
1. janúar 1987	vísitala	1.761
1. janúar 1988	vísitala	2.192
1. janúar 1989	vísitala	2.629
1. janúar 1990	vísitala	3.277
1. janúar 1991	vísitala	3.586
1. janúar 1992	vísitala	3.835
1. janúar 1993	vísitala	3.894
1. janúar 1994	vísitala	4.106
1. janúar 1995	vísitala	4.130

Við útgáfu jöfnunarhlutabréfa skal annars vegar miða við vísitölu frá 1. janúar 1979 eða frá 1. janúar næsta árs eftir stofnun hlutafélags eða innborgunar hlutafjár eftir þann tíma, en hins vegar við vísitölu 1. janúar þess árs sem útgáfa jöfnunarhlutabréfa er ákveðin.

Reykjavík, 2. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

9. janúar 1995 Nr. 5

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um starfshætti þeirra er annast almenna skoðun ökutækja, nr. 558 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „faggildingu" í liðnum „Endurskoðunarverkstæði" í 2. gr. komi: B-faggildingu.

2. gr.

Í stað „faggildingu verkstæða til endurskoðunar ökutækja" í 6. gr. komi: starfsemi endurskoðunarverkstæða með B-faggildingu.

3. gr.

8. gr. breytist þannig:

a. Á eftir 1. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
   - muni innheimta og standa skil á innheimtu umferðaröryggisgjaldi í samræmi við reglugerð um umferðaröryggisgjald.

b. 9. (verður 10.) liður orðist svo:
   - muni senda niðurstöður skoðana og dæmingu hvers einstaks skoðunaratriðis til ökutækjaskrár.

4. gr.

a-liður 2. gr. í viðauka I breytist þannig:

a. 4. málsl. 1. mgr. falli brott.

b. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   2. Viðnámsstuðull milli blauts viðnámsflatar hemlaprófara og hjólbarða skal við skoðun vera a.m.k. 0,55.

c. Í stað "Hann" í 3. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.

d. 4. málsl. 5. tölul. 3. mgr. falli niður.

e. Í stað "Hemlaprófarinn" í 7. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.

5. gr.

b-liður 2. gr. í viðauka I breytist þannig:

a. 2. tölul. 3. mgr. orðist svo:
   2. Viðnámsstuðull milli viðnámsflatar hemlaprófara af rúlluprófaragerð og hjólbarða skal vera á bilinu 0,55 - 0,85.

b. Í stað "Hann" í 1. málsl. 3. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófari af rúlluprófaragerð.

c. Í stað "Hemlaprófarar" í 11. tölul. 3. mgr. komi: Hemlaprófarar af rúlluprófaragerð.

6. gr.

Í stað 3. og 4. málsl. g-liðar 2. gr. í viðauka I komi: Lyftan skal hafa búnað til að hreyfa framhjól (hreyfiplötu) og lyfta ásum. Á gryfju sem notuð er til að skoða ökutæki sem er 3500 kg eða minna skal vera hreyfiplata. Ekki er krafist hreyfiplötu á lyftu eða gryfju á endurskoðunarverkstæðum.

7. gr.

Á eftir 1. málsl. b-liðar 1. gr. í viðauka II komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Ekki er krafist hreyfiplötu á gryfju sem bifreiðir 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd eru skoðaðar á.

8. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um umferðaröryggisgjald.

1. gr.

Við almenna skoðun ökutækis, skráningu ökutækis og skráningu eigendaskipta að ökutæki skal greiða sérstakt umferðaröryggisgjald er renni til Umferðarráðs.

Gjaldið nemur 100 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

Þeir sem heimild hafa til að annast almenna skoðun (aðalskoðun) ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Bifreiðaskoðun Íslands hf., skráningarstofa, annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráninga um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu hverju sinni.

3. gr.

Þeir sem innheimta umferðaröryggisgjald skulu skila innheimtu umferðaröryggisgjaldi í ríkissjóð mánaðarlega og eigi síðar en 15. dag næsta almanaksmánaðar.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. mgr. 115. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. 1. gr. laga nr. 115 30. desember 1992, öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 491 30. desember 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

9. janúar 1995 Nr. 7

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um framkvæmd almennrar skoðunar, nr. 560 31. desember 1993.

1. gr.

Í stað „almennri skoðun" í 1. mgr. 1. gr. komi: aðalskoðun.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um almenna skoðun ökutækja, nr. 559 31. desember 1993.

1. gr.

6. gr. orðist svo:

Nú eru skráningarmerki ökutækis sem verið hafa í vörslu skráningaraðila afhent að nýju áður en ökutækið er fært til almennrar skoðunar og skal þá skráningaraðili veita eiganda/umráðamanni ökutækisins hæfilegan frest til að færa ökutækið til skoðunar, enda lýsi eigandi/umráðamaður því yfir að ökutækið sé hæft til skoðunar og sérstakar ástæður mæla ekki gegn því að skráningarmerkin verði afhent.

Ökutæki sem lögreglan hefur tekið skráningarmerki af vegna vanbúnaðar skal þó jafnan færa til skoðunar áður en skráningarmerki eru afhent að nýju.

2. gr.

Við 10. gr. bætist: Skal skoðunarvottorðið varðveitt með skráningarskírteini ökutækisins.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 67. gr. umferðarlaga nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 9 5. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/1995 um breytingu á ýmsum grunnfjárhæðum í almennum skattskilum.

1. Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis og einkabifreiðar með tilliti til verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981.

Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 5. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981, skal breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. sömu laga:

Hækkunarstuðullinn við álagningu 1995 (tekjuár 1994) verður 19,4850 og í stað 500.000 kr. koma því 9.742.500 kr.

2. Fjárhæðir í lögum nr. 9/1984 um frádrátt vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.

Samkvæmt 25. gr. laga nr. 9/1984 um fjárfestingu í atvinnurekstri skulu fjárhæðir sem um ræðir í 6., 11., 14. og 24. gr. laganna breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. laga nr. 75/1981.

Umræddar fjárhæðir og stuðlar vegna álagningarársins 1995 (tekjuár 1994) verða því þessar:

a) Lágmarkskaupverð varanlegra rekstrarfjármuna:
Í stað 200.000 kr. í 6. gr. laganna komi 758.920 kr. (stuðull: 3,7946).

b) Lágmark hlutafjár almennra hlutafélaga:
Í stað 12.000.000 kr. í 11. gr. laganna komi 19.717.200 (stuðull: 1,6431).

c) Lágmark hlutafjár hlutafélaga sem tengist starfsmannasjóði:
Í stað 3.000.000 kr. í 14. gr. laganna komi 14.425.800 (stuðull: 4,8086).

d) Lágmark hlutafjár fjárfestingarfélaga:
Í stað 5.000.000 kr. í 24. gr. laganna komi 24.043.000 (stuðull 4,8086).

3. Laun utan staðgreiðslu á árinu 1994.

Fjárhæðir skv. 16., 17., 19. og 20. tölul. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar nr. 591/1987 eru grunnfjárhæðir miðaðar við 1. desember 1987. Skulu þær breytast í samræmi við lánskjaravísitölu, sbr. 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt því verða umræddar fjárhæðir vegna greiddra launa á árinu 1995 þessar:

1. Heimilishjálp, húsfélög o.þ.h.:
Í stað 60.000 kr. og 120.000 kr. í 16. tölul. komi 107.656 kr. og 215.312 kr.

2. Reiknað endurgjald í sjálfstæðri starfsemi:
Í stað 100.000 kr. í 17. tölul. komi 179.427 kr.

3. Höfundarlaun.
Í stað 120.000 kr. í 19. tölul. komi 215.313 kr.

4. Greiðslur til vistmanna elliheimila:
Í stað 120.000 kr. í 20. tölul. komi 215.313 kr.

4. Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra.

a) Fjárhæð gjalds.

Samkvæmt 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra skal fjárhæð gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra breytast árlega í samræmi við breytingar er kunna að verða á byggingarvísitölu. Gjaldið verður því 3.985 kr.við álagningu 1995 vegna tekna 1994.

b) Tekjumark.

Tekjuviðmiðun samkvæmt sama 1. tölulið 10. gr. skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli viðkomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

Við álagningu 1995, tekjuárið 1994, verður gjaldið því ekki lagt á þá sem hafa tekjur undir 686.383 kr.

5. Fjárhæð launa sem undanþegin eru staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.

Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsunda króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,1280 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 34.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 408.000 kr. (heildarskil).

Reykjavík, 5. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

Nr. 10 5. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattsjóra nr. 6/1995.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, **sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988 um breyting á þeim lögum.**

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1995 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.

2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1993 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1994.

3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1994 telst 8% fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum 7,9% vöxtum reiknuðum hlutfallslega miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1994. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.

4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1994 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 5. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 2 – 1995

12. janúar 1995 21 Nr. 11

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1995.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflið c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 9.600 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist í þrennu lagi með gjalddögum 16. janúar, 15. febrúar og 15. mars. Eindagi er einum mánuði eftir gjalddaga og reiknast dráttarvextir frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 7.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

Umhverfisráðuneytið, 12. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Stjórnartíðindi B 2, nr. 11. Útgáfudagur 13. janúar 1995.

B 3

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1995

Nr. 12 22 13. janúar 1995

REGLUGERÐ

um holræsagjald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Vestmannaeyjakaupstað eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,09% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjaldið má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Nýtur holræsagjaldið lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Gjalddagar holræsagjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist holræsagjaldið með fasteignagjöldum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrsti gjalddagi holræsagjalds á árinu 1995 er 15. janúar og eindagi fyrsta gjalddaga er 15. febrúar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 13. janúar 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Gutenberg

REGLUR

um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa.

1. gr.

Almenn upplýsingaskylda.

Til þess að Seðlabanki Íslands geti sinnt lögboðnu eftirliti og hagskýrslugerð, sbr. 10. og 11. gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og 22. gr. og 24. gr. laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands, er skylt að veita honum allar upplýsingar um gjaldeyrisviðskipti og annað er varðar greiðslujöfnuð og stöðu þjóðarinnar við útlönd. Seðlabankinn nýtur í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands og liggja við sömu viðurlög sé upplýsingarskyldu ekki fullnægt.

Stjórnendur og starfsmenn Seðlabankans eru bundnir þagnarskyldu um hagi viðskiptamanna og önnur atriði sem leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

2. gr.

Tilkynningaskylda og tilkynningaskyldir aðilar.

Þeir aðilar sem heimild hafa til milligöngu um gjaldeyrisviðskipti og verslunar með erlendan gjaldeyri skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1992, skulu fullnægja kröfum Seðlabankans um skráningu gjaldeyrisviðskipta. Flokka skal viðskiptin eftir eðli þeirra í samræmi við flokkunarlykla Seðlabankans og sundurliða þau í tölvutæku formi, sbr. handbók Seðlabanka Íslands um gjaldeyrismál og gjaldeyrisviðskipti, og koma þeim upplýsingum til Seðlabankans.

Fari gjaldeyrisviðskipti fram fyrir milligöngu þeirra aðila sem getið er í 1. mgr., er einstaklingum og lögaðilum skylt að veita framangreindum milligönguaðilum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að þeir geti sinnt upplýsingaskyldu sinni samkvæmt 1. mgr. Jafnframt ber einstaklingum og lögaðilum að uppfylla tilkynningaskyldu sína til Seðlabankans skv. 3. gr. reglna þessara, vegna upplýsinga sem ekki koma fram í tilkynningum milligönguaðila skv. 1. mgr.

Fari gjaldeyrisviðskipti fram án milligöngu framangreindra aðila, er einstaklingum og lögaðilum skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um eðli viðskipta samkvæmt sundurliðun á eyðublöðum sem Seðlabankinn leggur til og þar liggja frammi. Jafnframt skal senda viðbótarupplýsingar um tilgreindar fjármagnshreyfingar skv. 3. gr. reglna þessara. Lögaðilum er skylt að senda Seðlabankanum mánaðarlega yfirlit um þessi viðskipti en einstaklingar skulu tilkynna þessi viðskipti jafnóðum.

3. gr.

Tilkynningaskyldar fjármagnshreyfingar milli landa.

Skylt er að tilkynna Seðlabankanum um eftirtaldar fjármagnshreyfingar milli landa:

1. Fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi, sbr. lög nr. 34/1991.
2. Beinar fjárfestingar innlendra aðila í atvinnurekstri erlendis.
3. Kaup erlendra aðila á fasteignum á Íslandi og endursala á þeim.

4. Kaup innlendra aðila á fasteignum í útlöndum og endursala á þeim.
5. Kaup og sala erlendra aðila á verðbréfum á Íslandi.
6. Kaup og sala innlendra aðila á verðbréfum í útlöndum.
7. Lántökur innlendra aðila hjá erlendum aðilum.
8. Lánveitingar innlendra aðila til erlendra aðila.

Upplýsingar um framangreindar fjármagnshreyfingar skal senda til Seðlabankans eigi síðar en 30 dögum eftir að samningar liggja fyrir. Senda skal skriflegar upplýsingar sem tilgreindar eru í viðauka I með reglum þessum, eða útfyllt eyðublöð sem Seðlabankinn leggur til og þar liggja frammi.

Tilkynningaskyldan hvílir á innlendum aðilum. Þó hvílir tilkynningaskylda á erlendum aðila í 1. tl. 1. mgr., sé um að ræða fjárfestingu í fyrirhugaðri atvinnustarfsemi hér á landi í nafni hans.

4. gr.
Reikningar innlendra aðila í erlendum innlánsstofnunum.

Einstaklingum og lögaðilum er skylt að tilkynna um stofnun reikninga í erlendum bönkum. Lögaðilar skulu senda mánaðarleg yfirlit um stöðu á slíkum reikningum, en einstaklingar skulu senda árlegt yfirlit um stöðu reikninga í árslok.

5. gr.
Reikningar erlendra aðila í innlendum innlánsstofnunum.

Innlánsstofnanir skulu ávallt skrá reikning erlends aðila með nafni og íslenskri kennitölu hans. Innlánsstofnanir skulu fyrir 10. virkan dag hvers mánaðar senda Seðlabankanum upplýsingar um stöðu reikninga erlendra aðila í lok hvers mánaðar í samræmi við reglur bankans um mánaðarlegar skýrslur innlánsstofnana um efnahag.

6. gr.
Fjárhæðamörk.

Seðlabanki Íslands kann að setja fjárhæðamörk vegna einstakra tilkynningaskyldra upplýsinga samkvæmt reglum þessum. Seðlabankinn mun kynna slík fjárhæðamörk sérstaklega.

7. gr.
Gildistaka o.fl.

Reglur þessar eru settar af Seðlabanka Íslands samkvæmt heimild í 11 gr. laga nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, sbr. og 10. gr. reglugerðar nr. 679/1994 um gjaldeyrismál.

Reglur þessar öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 23. desember 1992 um upplýsinga- og tilkynningaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta.

Reykjavík, 16. janúar 1995.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.**

Viðauki I.

Nánar um upplýsingakröfur varðandi tilkynningaskyldar fjármagnshreyfingar sbr. 3. gr. reglnanna.

1. Fjárfestingar í atvinnurekstri skv. 1. og 2. tölulið.

Í tilkynningu um fjárfestingar skulu koma fram upplýsingar um hlutafjárkaup og annað stofn- eða viðbótarfjármagn í atvinnufyrirtæki eða eignarhaldsfélagi, nafn fjárfesta og heimilisfang, nafn og lögheimili fyrirtækis eða félags, dagsetningu og fjárhæð fjárfestingar og eignarhlutfall. Jafnframt skal upplýsa um hluthafalán, þ.m.t. lánaviðskipti milli móður- og dótturfyrirtækja, lánsfjárhæð og endurgreiðsluskilmála.

2. Fasteignaviðskipti skv. 3. og 4. tölulið.

Upplýsa skal um fjárhæð og dagsetningu kaupsamnings eða afsals, nafn og heimilisfang kaupanda og seljanda ásamt lýsingu á fasteigninni.

3. Verðbréfaviðskipti sbr. 5. og 6. tölulið.

Ef verðbréfaviðskiptin fara fram fyrir milligöngu löggiltra innlendra verðbréfamiðlara skulu þeir upplýsa um slík viðskipti, en annars hvílir tilkynningaskyldan á einstaklingum og lögaðilum sem eiga í beinum verðbréfaviðskiptum við erlenda aðila. Upplýsa þarf um nafn og heimilisfang viðskiptaaðila, fjárhæð og dagsetningu verðbréfaviðskipta, ásamt lýsingu á verðbréfi, þ.e. tegund, útgefanda og útgáfuland. Hlutabréfakaup erlendra aðila hér á landi falla undir 1. tl. 3. gr. reglnanna.

4. Erlendar lántökur og lánveitingar sbr. 7. og 8. tölulið.

Innlendir aðilar upplýsi um erlenda lántöku/lánveitingu til lengri tíma en eins árs eða skammtímalán sem ekki tengjast milliríkjaviðskiptum með vöru og þjónustu. Fram komi nafn og heimilisfang lántaka og lánveitanda ásamt helstu lánskilmálum, þ.e. lánsfjárhæð, vaxtakjörum, endurgreiðslum afborgana, dagsetningu lánssamnings og gjalddaga.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1995

Nr. 14 26 6. janúar 1995

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2.-5. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1996.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 15 6. janúar 1995

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 474/1994 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. fl. vörugjaldskrár í 1. mgr. 12. gr. bætist eftirfarandi vara: kísilgúr.
Gjald pr. tonn af kísilgúr er því kr. 103,00.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 23/1994 staðfestist hér með til að taka þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi breyting á gjaldskrá fyrir hafnir nr. 683, dags. 30. desember 1994.

Samgönguráðuneytið, 6. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Gutenberg

AUGLÝSING

um staðfestingu á samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytt bæjarmörk við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn um Þingnes og við Vatnsendavatn, svo og við Lækjarbotna og nágrenni.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 4. janúar 1995 staðfest samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar um breytt bæjarmörk við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn um Þingnes og við Vatnsendavatn, svo og við Lækjarbotna og nágrenni, sbr. samning milli sveitarstjórna framangreindra sveitarfélaga, dags. 28. nóvember 1994.

Í samningnum segir m.a. svo:

„Borgarstjórinn í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar, annars vegar og bæjarstjórinn í Kópavogi, f.h. Kópavogskaupstaðar, hins vegar, gera með sér svohljóðandi samning um breytt lögsögumörk kaupstaðanna og makaskipti á landspildum:

1. gr.

Lögsögumörk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar við Breiðholtsbraut norðan Vatnsendahvarfs, við Bugðu og Elliðavatn, um Þingnes og við Vatnsendavatn að hornstólpa í Heiðmerkurgirðingu skulu vera þessi:

Frá núverandi lögsögumörkum norðvestan í Vatnsendahvarfi, 20 m sunnan miðlínu staðfests Arnarnesvegar, nú Breiðholtsbrautar, austur að fyrrum farvegi Bugðu sunnan undir Selási. Nánar ákvarðast lögsögumörkin á þessum kafla frá punkti nr. 670 eftir hringboga með radíus 480,00 m að punkti nr. 677, með miðju hægra megin þegar horft er frá punkti 670 í átt að punkti 677, þá eftir beinni línu frá punkti 677 að punkti nr. 678, þaðan eftir hringboga með radíus 1020,00 m að punkti nr. 156, með miðju vinstra megin þegar horft er frá punkti 678 í átt að punkti 156, þaðan eftir hringboga með radíus 2040,00 m að punkti nr. 155, með miðju vinstra megin þegar horft er frá punkti 156 í átt að punkti 155. Frá punkti nr. 155 eru mörkin bein lína að punkti nr. 673, þaðan bein lína eftir fyrrnefndum uppþornuðum farvegi í punkt nr. 657 í farvegi Bugðu. Þaðan ræður miður farvegur Bugðu samfellt til norðausturs og síðan til suðurs að punkti nr. 133 í girðingu um 20 m norðan núverandi Elliðavatnsstíflu. Frá þessum punkti í merktan punkt nr. 102 á vesturbakka Dimmu og þaðan í merktan punkt nr. 103 á vesturenda Elliðavatnsstíflu. Frá punkti nr. 103 bein lína í punkt nr. 2 austanvert við Þingneshólma, þaðan eftir hringboga með miðju í punkti C í merktan punkt nr. 64/2003, þaðan í merktan punkt 64/2002, í merktan punkt 64/2001 og loks í merktan punkt nr. 64/2000 við Heiðmerkurgirðingu, 89 cm frá girðingarhorni í Vatnsendagirðingu. Hinum tilgreindu markapunktum er lýst hér á eftir, svo og hnitum þeirra í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis frá 1951.

Pkt. nr:	*Lýsing*	*X-hnit*	*Y-hnit*
670	Norðan í Vatnsendahvarfi, ómerktur	16403,79	12709,80
677	„ „ „	16244,43	12689,62
678	„ „ „	16105,44	12647,53
156	Austan Dimmu, ómerktur	15640,76	12617,85
155	„ „ „	15549,15	12635,41

673	Í gömlum farvegi Bugðu, ómerktur	15319,38	12684,91
657	Í farvegi Bugðu, ómerktur	15182,42	12631,22
133	Í farvegi Bugðu, ómerktur	15050,23	12321,23
102	Norðan Elliðavatnsstíflu, messingbolti með áskrúfuðu loki í steinsteypu í 30 cm röri	15414,61	12275,68
103	Elliðavatnsstífla, vesturendi, krómstálbolti í steinsteypu í 30 cm röri	15452,32	12251,70
2	Í Elliðavatni austan Þingneshólma, ómerktur.....	15000,00	11300,00
64/2003	Á Þingnesi, 12 mm koparbolti í steini	15153,20	10915,79
64/2002	Austan Vatnsendavatns, krómstálbolti í steinsteypu í 20 cm plaströri	15114,50	10743,54
64/2001	Austan Vatnsendavatns, 12 mm koparbolti í steini	15088,07	10693,48
64/2000	Hjá hornstólpa í Heiðmerkurgirðingu, krómstálbolti í steinsteypu í 20 cm plaströri	15056,49	10330,74
C	Í Vatnsendavatni, miðja hringboga, ómerktur.....	15254,74	11178,93

Á bilunum 670 til 657 og 133 til 64/2000 eru mörkin beinar línur eða hringbogar eins og hér segir:

Milli punkta	670 og	677	Hringbogi með radíus 480,00 m, lengd boga 161,39 m.
„ „	677 og	678	Bein lína, lengd 145,22 m.
„ „	678 og	156	Hringbogi með radíus 1020,00 m, lengd boga 469,77 m.
„ „	156 og	155	Hringbogi með radíus 2040,00 m, lengd boga 93,29 m.
„ „	155 og	673	Bein lína, lengd 235,04 m.
„ „	673 og	657	Bein lína, lengd 147,11 m.
„ „	133 og	102	Bein lína, lengd 367,22 m.
„ „	102 og	103	Bein lína, lengd 44,69 m.
„ „	103 og	2	Bein lína, lengd 1053,72 m.
„ „	2 og	64/2003	Hringbogi með miðju í punkti C og radíus 282,05 m, lengd boga 464,31 m.
„ „	64/2003 og	64/2002	Bein lína, lengd 176,54 m.
„ „	64/2002 og	64/2001	Bein lína, lengd 56,61 m.
„ „	64/2001 og	64/2000	Bein lína, lengd 364,11 m.

2. gr.

Á norðvestanverðu Sandfelli hefur verið steyptur koparbolti niður í klöpp. Punktur þessi er merktur 501 á meðfylgjandi uppdrætti gerðum af verkfræðistofunni Forverk í Reykjavík, dags. 29. ágúst 1994. Aðilar samnings þessa eru fyrir sitt leyti sammála um að mörk heimalands Lækjarbotna og afréttar skuli vera úr þessum punkti í mógrýtisklett með rauf, (hnit: X=7137,5 Y=8736,3), merktan 5353, á uppdrætti fylgjandi ritinu „Lækjarbotnar í Kópavogi" gerðu af Gunnlaugi Pétursyni og verkfræðistofunni Forverk sf. í apríl 1987, og þaðan bein stefna um þúfu á Holtstanga að Fossvallaá.

Lögsögumörk Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar við Lækjarbotna og nágrenni, frá Sandfelli að Hólmsá, skulu vera þessi, sbr. meðfylgjandi uppdrátt dags. 29. ágúst 1994, sjá lið 7.2.

Úr fyrrgreindum punkti merktum 501 beina línu til norðvesturs í hornstaur á Heiðmerkurgirðingu við Stóra Markhól merktan 502 á meðfylgjandi kortum. Þaðan til norðausturs eftir Heiðmerkurgirðingu um tvo brotpunkta merkta 503 og 504 í markapunkt í framlengdri línu Heiðmerkurgirðingar merktan 505, 4,75 metra frá girðingarhorni

(punkti 506). Þaðan beina línu til norðausturs í markapunkt í Hólmshrauni merktan 507, þaðan beina línu í aust-norðaustur í punkt á eyri við Botnalæk merktan 508 og þaðan beina stefnu til norðurs í punkt á lækjarmótum merktan 509. Úr þeim punkti ræður Hólmalækur, sem fyrr, eða farvegur hans, eins og hann liggur sunnan núverandi Suðurlandsvegar, allt út í miðja Hólmsá. Um nánari skilgreiningu þessa hluta markanna fer samkvæmt hnitaskrá á fyrrgreindum uppdrætti dags, 29. ágúst 1994. Hinum tilgreindu markapunktum er lýst hér á eftir. Hnit eru í hnitakerfi Reykjavíkur og nágrennis frá 1951, sem endurskoðað var á þessu svæði árið 1993.

Pkt. nr:	*Lýsing*	*X-hnit*	*Y-hnit*
501	Á norðvesturenda Sandfells, 12 mm koparbolti í klöpp ...	8887,40	7768,24
502	Horn á Heiðmerkurgirðingu, járnstaur í steyptum sökkli	10952,03	9105,06
503	Brotpunktur í Heiðmerkurgirðingu, járnstaur í steyptum sökkli	10640,42	9507,59
504	- do -	10317,54	9879,38
505	Við horn Heiðmerkurgirðingar, 20 mm krómstálbolti með áskrúfaðri ró, í steinsteypu í 18 cm plaströri	10105,25	10161,44
507	Í Hólmshrauni, 20 mm krómstálbolti með áskrúfaðri ró í steinsteypu í 18 cm plaströri.....	9788,51	10587,48
508	Við Botnalæk, 18 mm krómstálbolti í 60 cm steinsteyptu röri	9502,03	10715,40
509	Við lækjamót, 16 mm krómstálbolti í 20 cm steyptu röri ...	9489,60	10835,77

Mörkin milli framangreindra punkta eru beinar línur, sem fyrr segir, og fjarlægðir eftirfarandi:

Milli punkta	501	og	502	-	2459,65	metrar
„ „	502	og	503	-	509,06	„
„ „	503	og	504	-	492,42	„
„ „	504	og	505	-	353,03	„
„ „	505	og	507	-	530,88	„
„ „	507	og	508	-	313,74	„
„ „	508	og	509	-	121,01	„
„ „	505	og	506		þ.e. girðingarhorns, 4,75 metrar.	

7. gr.

Meðfylgjandi uppdrættir teljast hluti samnings þessa:

7.1 Uppdráttur mælingadeildar borgarverkfræðings í mælikvarða 1:4000, smækkun af frumuppdrætti í mælikvarða 1:2000, dags. 8. febrúar 1988 með innfærðum landstærðum hinn 31. október 1994.

7.2 Uppdráttur í mælikvarða 1:10000, smækkun frá frumuppdrætti í mælikvarða 1:5000, er sýnir mörk af Sandfelli að Hólmsá, gerður fyrir bæjarverkfræðing Kópavogs af Verkfræðistofunni Forverk hf. í Reykjavík, dagsettur 29. ágúst 1994.
Á uppdrættinum er hnitaskrá er skilgreinir markapunkta og legu Hólmalækjar.

7.3 Uppdráttur í mælikvarða 1:10000, smækkun frá frumuppdrætti í mælikvarða 1:5000, gerður af Verkfræðistofunni Forverk hf. í Reykjavík, er sýnir landspildur í makaskiptum og útreiknaða stærð þeirra, dagsettur 29. ágúst 1994.

7.4. Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:10000 af mörkum í Elliðavatni og um Þingnes, dagsettur 3. maí 1994.
7.5 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:5000 af Þingnesi og Þingneshólmum, dagsettur 31. ágúst 1994.
7.6 Uppdráttur bæjarverkfræðings Kópavogs í mælikvarða 1:25000, er sýnir mörk af Sandfelli um Heiðmerkurgirðingu og niður að Hólmalæk og landspildur í makaskiptum, dagsettur 20. október 1994.

8. gr.

Samningur þessi var samþykktur af borgarráði Reykjavíkur 15. nóvember 1994 og staðfestur í borgarstjórn 17. nóvember 1994. Samþykktur af bæjarráði Kópavogs 10. nóvember 1994 og í bæjarstjórn Kópavogs 22. nóvember 1994.

9. gr.

Lögsögumarkabreyting samkvæmt 1. og 2. gr. samningsins skal staðfest af félagsmálaráðherra samkvæmt 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

10. gr.

Af samningi þessum eru gerð fimm samhljóða frumrit, eitt til þinglýsingar í Reykjavík, annað til þinglýsingar í Kópavogi, eitt handa hvorum samningsaðila og eitt til afhendingar í félagsmálaráðuneytinu.

Reykjavík, 28. nóvember 1994.

F.h. Reykjavíkurborgar,
borgarstjórinn í Reykjavík
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

F.h. Kópavogskaupstaðar,
bæjarstjórinn í Kópavogi
Sigurður Geirdal"

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 4. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 17 3. janúar 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Siglufjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 99/1988.

1. gr.

1. mgr. 49. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá fulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn

er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði, en annars skulu varamenn jafnan vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa.

2. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórnir við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Vinnumiðlun.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun og skulu það vera aðal- og varamenn í bæjarráði á hverjum tíma. Nefndin er auk þess skipuð tveimur mönnum tilnefndum annars vegar af félögum launþega og hins vegar af félagi atvinnurekenda.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefndin fer með stjórn félagsþjónustu bæjarins skv. lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, málefni aldraðra sbr. lög nr. 82/1989, jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991, barnaverndarmál sbr. lög nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, áfengisvarnir sbr. lög nr. 82/1969 og íþrótta- og tómstundamál barna og unglinga.
2. *Skóla- og menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni grunnskóla sbr. lög nr. 49/1991, leikskóla sbr. lög nr. 78/1994, málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985, málefni safna í eigu bæjarins sbr. m.a. lög um almenningsbókasöfn nr. 50/1976 um menningarmál. Þegar nefndin fjallar um málefni grunnskóla eiga fulltrúar kennara, foreldra og skólastjóri rétt til setu á fundum hennar sbr. 19. gr. laga nr. 49/1991.
3. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn og tveir aðalmenn og tveir varamenn tilnefndir af stærstu launþegasamböndum í bænum. Nefndin starfar skv. lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
4. *Tækni- og umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fjallar um byggingar- og skipulagsmál sbr. lög nr. 54/1978 og 19/1964, umhverfismál, náttúruvernd sbr. 13. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, gróðurvernd sbr. 19. gr. laga nr. 17/1965 um landgræðslu, vatnsveitu sbr. lög nr. 81/1991, búfjárhald sbr. lög nr. 46/1991 og gerir nefndin tillögu um einn búfjáreftirlitsmann og annan til vara, umferðarmál sbr. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og ferlimál. Auk þess er nefndin bæjarráði til ráðgjafar um viðhald á eignum og mannvirkjum bæjarins.
5. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga nr. 23/1994.
6. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara af bæjarstjórn og skulu þeir kjörnir úr hópi fulltrúa í Tækni- og umhverfisnefnd. Auk þess tilnefnir Fljótahreppur tvo aðalmenn og tvo varamenn í nefndina. Nefndin starfar skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
7. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslu.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. og 30. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.

8. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir.
9. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
10. *Fulltrúar í stjórn Sparisjóðs Siglufjarðar.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara sbr. 36. gr. laga nr. 43/1993.
11. *Fulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 18 3. janúar 1995

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Skaftárhrepps er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Skaftárhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

Endurprentað blað.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Skaftárhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans.

Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga.

Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

Ársfjórðungslega skulu forstöðumenn stofnana og fyrirtækja hreppsins og hreppsnefndarmenn upplýstir um fjárhagsstöðu stofnana og fyrirtækja.

Fari einstakir kostnaðarliðir fjárhagsáætlunar úr böndum skal oddviti upplýsa sömu aðila um stöðu mála.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögur verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði, annan mánudag hvers mánaðar, nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita/sveitarstjóra hreppsins, og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30. dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar/sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar/sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti/sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita/sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti/sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar, ásamt yfirliti um stöðu helstu framkvæmda á vegum hreppsins.

16. gr.

Oddviti/sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins, hafi fundargögn ekki þá þegar borist hreppsnefndarmönnum póstleiðis.

17. gr.

Oddviti/sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund, hafi fundargögn ekki þá þegar borist póstleiðis.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum.

Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita/sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni sem forfallast um stundarsakir er þó heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur vararmaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitar-stjórnarlaga.

Sé ráðinn sveitarstjóri skal hann sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið.

Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp.

Oddviti getur heimilað sveitarstjóra eða flutningsmanni tillögu að tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn birgslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu,viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar eða oddvita/sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá heppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar sé þess óskað.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal grein í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál í sérstaka gerðabók.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarfulltrúar undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita/sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum og stjórnum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39 gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið.

Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað samkvæmt sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd er heimilt að kjósa formenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni.

Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók.

Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd, í formi sérstaks erindis, til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum kosningum:

1. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
2. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
   Félagsmálanefnd eru falin eftirtalin verkefni:
   a. Verkefni barnaverndarnefndar skv. lögum nr. 58/1992, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991.
   b. Verkefni áfengisvarnarnefndar skv. lögum nr. 82/1969, sbr. og 50. gr. laga nr. 40/1991.
   c. Verkefni stjórnar vinnumiðlunar, skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun.
   d. Verkefni öldrunarnefndar, skv. lögum nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
   e. Rekstrarstjórn íbúða fyrir aldraða Klausturhólum 1-2.
3. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
4. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
5. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
6. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Fræðslunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara:
   Fræðslunefnd eru falin eftirtalin verkefni:
   a. Skólanefndar grunnskóla skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
   b. Skólanefndar tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
8. *Leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með málefni leikskólans skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994.
9. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
10. *Búfjáreftirlitsmann* skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald. Fjöldi búfjáreftirlitsmanna fer eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að atvinnu- og ferðamálum skv. erindisbréfi hreppsnefndar.
13. *Umhverfis- og skipulagsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að umhverfis- og skipulagsmálum í hreppnum skv. erindisbréfi hreppsnefndar.
14. *Stjórn hjúkrunar- og dvalarheimilis Klausturhóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu .
15. *Stjórn héraðsbókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
16. *Menningarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar að menningarmálum skv. erindisbréfi hreppsnefndar.
17. *Almannavarnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.

18. *Fjallskilanefnd/nefndir.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 3. gr. fjallskilasamþykktar V-Skaft. nr. 174/1992.
19. *Þjónustuhópur aldraðra.* Samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 82/1989.

C. Kosning og tilnefning fulltrúa í nefndir, stjórnir og ráð sem leiða af samstarfi sveitarfélaga á Suðurlandi, Vestur-Skaftafellssýslu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga, eftir því sem lög, reglur og samþykktir segja til um.

D. Hreppsnefnd getur kosið nefndir og fulltrúa til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda og fulltrúa fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda og fulltrúa hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

57. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra/oddvita þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri/oddviti er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Sé ráðinn sveitarstjóri á hann sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri/oddviti hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri/oddviti er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri/oddviti er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum framkvæmdastjóra í forföllum oddvita/sveitarstjóra.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá strarfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

62. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum þegar brýna nauðsyn ber til, ef 2/3 hreppsnefndarmanna samþykkja það.

63. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í hreppsnefnd með a.m.k. viku millibili, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Skaftárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 19 4. janúar 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skírteini gefin út af Flugmálastjórn, nr. 344/1990.

1. gr.

Síðasti málsliður í grein 2.4.2.1. orðist svo:

Ef hann flytur farþega skal hann hafa framkvæmt minnst 3 flugtök og 3 lendingar eða hafa staðist hæfnipróf (PFT) innan síðustu 90 daga í flugvél af sömu tegund eða sama flokki.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 4. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 5 – 1995

18. janúar 1995 45 Nr. 20

AUGLÝSING

um innheimtu gjalda til Stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins.

Í samræmi við 2. gr. reglugerðar nr. 137 14. apríl 1992 um Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins, sbr. breytingu með reglugerð nr. 162 6. apríl 1993, hefur landbúnaðarráðherra ákveðið eftirfarandi gjald af útfluttum hrossum:

Kynbótahestar:	**Kr. á hest.**
1. með heiðursverðlaun	100.000.-
2. með einstaklingsdóm og 120 stig eða hærra í kynbótamati	30.000.-
3. með einstaklingsdóm og 110 til 119 stig í kynbótamati	20.000.-
4. með einstaklingsdóm og 101 til 109 stig í kynbótamati	10.000.-
5. ódæmdir en með 120 stig eða hærra í kynbótamati	20.000.-
6. ódæmdir en með 105 til 119 stig í kynbótamati	8.000.-

Kynbótahryssur:	**Kr. á hryssu.**
1. með heiðursverðlaun	16.000.-
2. með einstaklingsdóm og 120 stig eða hærra í kynbótamati	5.000.-
3. með einstaklingsdóm og 110 til 119 stig í kynbótamati	3.000.-
4. með einstaklingsdóm og 101 til 109 stig í kynbótamati	1.500.-
5. ódæmdar en með 120 stig eða hærra í kynbótamati	3.000.-
6. ódæmdar en með 105 til 119 stig í kynbótamati	1.000.-

Landbúnaðarráðuneytið, 18. janúar 1995.

F. h. r.
Jón Höskuldsson.

Sveinbjörn Eyjólfsson.

Gutenberg

REGLUR

um verðupplýsingar í auglýsingum.

Þegar verðupplýsingar eru gefnar í auglýsingum til neytenda verður að gefa þær með eftirfarandi hætti:

1. gr.

Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.

2. gr.

Mælieiningaverð.

Þegar söluverð vöru er birt í ritaðri eða prentaðri auglýsingu skal einnig tilgreina mælieiningaverð.

3. gr.

Útsala auglýst.

Þegar útsala er auglýst eða verðlækkun þarf að koma fram hvert hið upprunalega verð vörunnar var. Þá kröfu verður að gera að borið sé saman sambærilegt verð fyrir útsölu og á útsölu.

4. gr.

Ef einhverjar upplýsingar eru gefnar í auglýsingum um greiðslukjör eða afborganir skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

4.1. Staðgreiðsluverð.

4.2. Heildarupphæð sem greiða skal, þ.e. samtala höfuðstóls, vaxta og kostnaðar, miðað við tiltekinn lánstíma.

Samkeppnisráð hefur sett reglur þessar til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum séu rangar, ófullnægjandi eða villandi, sbr. 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og eru þær settar með heimild í 30. gr. laganna.

Reykjavík, 13. janúar 1995.

Samkeppnisstofnun.

Georg Ólafsson.

Sigrún Kristmannsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 6 – 1995

9. janúar 1995 47 Nr. 22

REGLUGERÐ

um brennisteinsmagn í gasolíu.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að draga úr rýrnun á loftgæðum af völdum brennisteinsdíoxíðs, sem myndast við bruna brennisteinssambanda í gasolíum.

2. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

Reglugerð þessi gildir um gasolíur sem notaðar eru beint sem eldsneyti.

Gasolíur eru skilgreindar sem allar jarðolíuafurðir sem vegna eimingarmarka sinna flokkast undir meðalléttar olíur sem ætlaðar eru til notkunar sem eldsneyti og að minnsta kosti 85% af rúmmáli þeirra eimast við 350°, að meðtöldu tapi við eimingu.

Reglugerðin gildir ekki um steinolíu fyrir flugvélar.

Brennisteinsmagn í gasolíu er magn brennisteinssambanda, gefið upp sem brennisteinn, sem mælt er í gasolíu með ISO-aðferðinni 8754 og metið tölfræðilega samkvæmt ISO-staðli 259 (útgefnum 1979), eða önnur sambærileg mæliaðferð.

3. gr.

Takmarkanir.

Innflutningur og sala á gasolíum er bönnuð ef brennisteinsmagn fer yfir 0,2%.

4. gr.

Innra eftirlit.

Innflytjendur á gasolíum bera ábyrgð á því að ákvæði reglugerðarinnar séu uppfyllt. Þeir skulu árlega taka saman yfirlit um brennisteinsmagn í gasolíum sem þeir flytja inn og senda eftirlitsaðila yfirlit fyrra árs fyrir 15. mars ár hvert.

5.gr.

Eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993, og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustu-

hætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum. Reglugerðin er enn fremur sett með hliðsjón af 1. viðbótarpakka EES-samningsins, II. viðauka, XVII. kafla 6. tl. (tilskipun 93/12/EBE).

Reglugerð þessi tekur gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 23 9. janúar 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sogsfossa, Grímsneshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. janúar 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sogsfossa í Grímsneshreppi 1989-2009.

Breytingin er að áður áformuð íbúðasvæði verða að sumarbústaðasvæðum.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsneshrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 24 9. janúar 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðarhrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 9. janúar 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarfjarðar eystri 1981-2001, sem staðfest var 16. apríl 1982.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Gatnamót væntanlegs vegar til Loðmundarfjarðar eru flutt um 70 metra til suðurs og íbúðasvæðum til síðari aukningar breytt til samræmis, en þó þannig að 12 metra breytt grænt svæði verður meðfram veginum.

- Um 17 metrum sunnan við ofannefndan veg og á hluta af svæði sem áður var ætlað fyrir íþróttavöll verður um 3 ha svæði fyrir hesthús og annan tómstundabúskap.
- Þá er gert ráð fyrir að lengja megi flugbraut og þar með öryggissvæði flugvallar um 80 m til norðurs.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

9. janúar 1995 Nr. 25

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur.

Samkvæmt ósk bæjarstjórn Grindavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 16. nóvember 1994 staðfest breytingu á viðauka frá 25. nóvember 1991 við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964. Viðauki þessi gerir ráð fyrir meðferðar- og þjónustuaðstöðu við nýtt lón undir fjallinu Þorbirni.

Breytingin er fólgin í því að þessi uppbygging verði flutt á svæði vestan við lóð Hitaveitu Suðurnesja. Þá verði einnig bætt við nýjum aðkomuvegi frá Grindarvíkurvegi.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

9. janúar 1995 Nr. 26

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits, Akranesi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. desember 1994 staðfest breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits frá 11. október 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin varðar verslunar- og skrifstofureit á horni Kirkjubrautar og Háholts þannig að í stað stórrar einnar byggingar á horninu er gert ráð fyrir tveimur minni byggingum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 27 9. janúar 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka 1987-2007.

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Eyrarbakkahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 14. desember 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Eyrarbakka sem staðfest var 20. janúar 1989, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að á svæði austan við Álfsstétt og norðan við Háeyrarvelli er sett íbúðabyggð þar sem áður var að hluta grænt svæði.

Sveitarstjórn Eyrarbakkahrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 9. janúar 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 28 11. janúar 1995

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/1995 um breytingar samkvæmt skattvísitölu gjaldárið 1995.

Samkvæmt 7. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 hefur skattvísitala gjaldársins 1995 verið ákveðin **103,92 stig** miðað við gjaldárið 1992 en þá var hún **100 stig.**

A. Samkvæmt ákvæðum 122. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er skylt að hækka eða lækka í samræmi við skattvísitölu þær fjárhæðir sem

um er að ræða í eftirtöldum greinum laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

1. 17. gr. 3. mgr.: Hámark skattfrjáls söluhagnaðar af vissum hlutabréfum.
2. 30. gr. 1. mgr.: Frádráttur frá tekjum utan atvinnurekstrar:
   a) 2. tl. B-liðar: Arðsfrádráttur.
   b) Bráðabirgðaákvæði I: Fjárfesting í atvinnurekstri.
3. 30. gr. 2. mgr.: Heildarfyrningargrunnur íbúðarhúsnæðis.
4. 30. gr. 4. mgr.: Frádráttur frá húsaleigutekjum.
5. 41. gr.: Gjaldfærsla eigna eða eignasamstæðna.
6. 67. gr. 2. mgr.: Frítekjumark barna.
7. 68. gr. A: Persónuafsláttarhluti skattafsláttar.
8. 68. gr. B: Sjómannaafsláttur.
9. 69. gr. A: Barnabætur.
10. 69. gr. B: Barnabótaauki.
11. 69. gr. C: Vaxtabætur.
12. 78. gr.: Frádráttur vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna.
13. 83. gr.: Skattfrjáls hrein eign manna.
14. 84. gr.: Skattfrjáls hrein eign dánarbús í lok andlátsárs.

Með vísan til framanritaðs breytast þær fjárhæðir sem tilteknar eru í ofanrituðum ákvæðum laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sem hér greinir:

1. 17. gr. 3. mgr.: Í stað 328.500 kr. komi 341.377 kr.
2. a) 30. gr. 1. mgr. B-liður: 2. tölul. 1. málsl.: Í stað 126.000 kr. og 252.000 kr. komi 130.939 kr. og 261.878 kr.

   b) 30. gr., sbr. 23. gr. laga nr. 111/1992, bráðabirgðaákvæði I, 1. mgr. 2. málsl.
   Í stað 100.000 kr. og 200.000 kr. komi 103.920 kr. og 207.840 kr.
3. 30. gr. 2. mgr. 3. málsl.: Í stað 21.000.000 kr. og 42.000.000 kr. komi 21.823.200 kr. og 43.646.400 kr.
4. 30. gr. 4. mgr.: Í stað 25.000 kr. komi 25.980 kr.
5. 41. gr.: Í stað 115.000 kr. komi 119.508 kr.
6. 67. gr. 2. mgr.: Í stað 75.000 kr. komi 77.940 kr.
7. 68. gr. A: Í stað 282.264 kr. komi 293.329 kr.
8. 68. gr. B: Í stað 660 kr. komi 686 kr.
9. 69. gr. A: 1. mgr.: Í stað 8.886 kr., 27.564 kr. og 28.917 kr. komi 9.234 kr., 28.645 kr. og 30.051 kr.

69. gr. A: 2. mgr.: Í stað 66.723 kr., 70.941 kr. og 28.917 kr. komi 69.339 kr., 73.722 kr. og 30.051 kr.

10. 69. gr. B: 2. mgr.: Í stað 89.284 kr. og 96.784 kr. komi 92.784 kr. og 100.578 kr.
69. gr. B: 3. mgr.: Í stað 1.098.000 kr. og 549.000 kr. komi 1.141.042 kr. og 570.521 kr.
69. gr. B: 4. mgr.: Í stað 4.017.000 kr. og 6.026.000 kr. komi 4.174.466 kr. og 6.262.219 kr.

11. 69. gr. C: 3. mgr. 4. málsl.: Í stað 395.698 kr., 519.467 kr. og 643.235 kr. komi: 411.209 kr., 539.830 kr. og 668.450 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 3. málsl.: Í stað 2.976.267 kr. og 4.933.677 kr. komi 3.092.937 kr. og 5.127.077 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 5. málsl.: Í stað 135.035 kr., 173.664 kr. og 223.310 kr. komi 140.328 kr., 180.472 kr. og 232.064 kr.

69. gr. C: 4. mgr. 7. málsl.: Í stað 500 kr. komi 520 kr.

12. 78. gr. 1. mgr.: Í stað 1.183.000 kr. og 2.366.000 kr. komi 1.229.374 kr. og 2.458.748 kr.

13. 83. gr.: Í stað 3.514.000 kr. komi 3.651.749 kr.

14. 84. gr.: Í stað 3.514.000 kr. komi 3.651.749 kr.

B. Samkvæmt ákvæðum 2. málsl. a-liðar 3. gr. laga nr. 83/1989, með síðari breytingum, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga skal fjárhæð í 1. málsl. a-liðar 3. gr. laganna breytast samkvæmt skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

Með vísan til framanritaðs breytist fjárhæð í 1. málsl. a-liðar 3. gr. sem hér segir: Í stað 5.078.000 kr. komi 5.277.058 kr.

C. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skal tryggingagjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi vera jafnhár fjárhæð skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sbr. 59. gr. þeirra laga. Gjaldstofn þessi skal þó eigi vera lægri en 720.000 kr. miðað við heilt ár. Fjárhæð þessi skal taka breytingum í samræmi við skattvísitölu, sbr. 122. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Með vísan til framanritaðs breytist fjárhæð 2. málsl. umræddrar 3. mgr. 6. gr. sem hér segir:

Í stað 720.000 kr. komi 748.224 kr.

D. Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða IV og VI með lögum nr. 111/1992 (23. gr. laganna) hækkar grunnfjárhæð til útreiknings sérstaks tekjuskatts sem lagður verður á á árinu 1995 samkvæmt skattvísitölu þess árs.

Samkvæmt framangreindu breytast fjárhæðir í umræddu ákvæði til bráðabirgða IV sem hér segir:

Í stað 2.400.000 kr. og 4.800.000 kr. komi: 2.494.080 kr. og 4.988.160 kr.

E. Fyrirframgreiðslu vegna sérstaks tekjuskatts, sem lagður verður á árið 1996, ber að inna af hendi í mánuðunum ágúst - desember 1995.

Með vísan til 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IV, með lögum nr. 147/1994 (18. gr. laganna) hækka grunnfjárhæðir, sbr. 1. mgr. ákvæðisins til útreiknings á fyrirframgreiðslu samkvæmt skattvísitölu.

Fjárhæðirnar breytast sem hér segir:

Í stað 2.700.000 kr. og 5.400.000 kr. komi: 2.805.840 kr. og 5.611.680 kr.

Tekið skal fram að fjárhæðir sem varða afslætti við staðgreiðslu ársins 1995 og útborgun bóta á því ári, þ.e.a.s. persónuafsláttur, sjómannaafsláttur, barnabætur og vaxtabætur, sbr. hér að framan, taka breytingum 1. júlí 1995 í samræmi við breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. desember 1994 (3384 stig) til og með 1. júní 1995.

Reykjavík, 11. janúar 1995.

Garðar Valdimarsson ríkisskattstjóri.

10. janúar 1995 Nr. 29

SAMÞYKKT

um hundahald á Blönduósi.

1. gr.

Hundahald sætir þeim takmörkunum, sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum, búsettum á Blönduósi, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.
b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki beggja aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi, þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda.
c. Leyfisgjald vegna hundahalds skal greiða til bæjarsjóðs og setur bæjarstjórn árlega gjaldskrá. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan 2ja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

d. Skylt er leyfishafa að hafa hundinn ábyrgðartryggðan og getur bæjarstjórn ákveðið að gera heildarsamning við tryggingafélag, eitt eða fleiri. Skal tryggingin ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.
Vottorð um ábyrgðatryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds.

e. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október - nóvember ár hvert. Um hreinsun þeirra og gjald fyrir hana fer eftir reglugerð um varnir gegn sullaveiki nr. 201/1957. Framvísa skal vottorði um hreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.

f. Hundurinn skal ávallt bera ól með plötu um hálsinn. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hundsins og símanúmer eiganda hans. Einnig skal við ólina festa merki, sem sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundur hreinsaður. Hundaeiganda ber að tilkynna bæjarskrifstofu Blönduóss um aðseturskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu.

g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utanhúss, sbr. þó i-lið 2. gr.
Leyfishafa er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir, snyrtistofur eða nokkurn þann stað þar sem matvæli eru höfð um hönd.
Óheimilt er að vera með hundana í almenningsgörðum bæjarins, svo sem í Hrútey, Fagrahvammi, íþróttasvæðum, kirkjugarðinum og á tjaldstæðum.

i. Heimilt er að sleppa hundum lausum um eftirtalin svæði:
1. Skúlahorn.
2. Svæði milli Draugagils og þjóðvegar.
3. Auð og ónýtt svæði fjarri íbúðabyggð.

j. Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis bæjarstjóra eða fulltrúa hans, dvelja lengur en eina viku á Blönduósi.

3. gr.

Umsóknum um leyfi til hundahalds skal senda skrifstofu Blönduóssbæjar, sem gefur út umbeðið leyfi, enda sé ákvæðum samþykktar þessarar fullnægt.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók á skrifstofunni. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Árlega skal senda lögreglustjóranum á Blönduósi skrá um leyfða hunda.

Leyfishafi fær afhenta merkta plötu, sbr. f. lið 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald á Blönduósi.

Eigi er skylt að sækja um leyfi fyrr en þeir hafa náð 3ja mánaða aldri.

4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5.gr.

Bæjarskrifstofa eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi á Blönduósi á samvinnu við heilbrigðisnefnd og geta leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa til geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega hunda.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7. daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Sama gildir um aðra hunda sem handsamaðir eru innan bæjarmarkanna og eru frá öðrum sveitarfélögum, allur kostnaður við töku og vörslu hundsins fellur á eiganda hans. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi.

Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988, VI. og VII. kafla.

8. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Blönduóss staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma samþykkt nr. 249/1974 um hundahald á Blönduósi.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. janúar 1995 Nr. 30

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 76/1975, skal árið 1995 vera kr. 6.250. Gjalddagi er 1. janúar og eindagi 28. febrúar.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 31 10. janúar 1995

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Rangárvallahreppi fyrir árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Rangárvallahreppi, sbr. samþykkt nr. 344/1987 um sorphreinsun á Hellu, fyrir árið 1995 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

a)	Íbúðir í þéttbýli m.v. 1 poka á viku	kr. 7.000
b)	Íbúðir í dreifbýli þar sem pokahirða er ekki	kr. 3.500
c)	Sumarhús	kr. 2.950
d)	Fyrirtæki (þar sem pokahirða er) m.v. 1 poka á viku	kr. 7.000
e)	Fyrirtæki með gáma sem þau kosta að öllu leyti sjálf, eyðingargjald vegna þjónustu sorphauga	kr. 26.000

Gjalddagar eru sömu og fasteignagjalda.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Rangárvallahrepps er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Fellahreppi árið 1995.

1. gr.

Hreppsnefnd Fellahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1995 sem innheimt er með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

a) **Íbúðir.**

Sorphirðugjald er kr. 5.000 á hverja íbúð í Fellabæ.

Sorpeyðingargjald er kr. 1.250 í dreifbýli þar sem sorp er ekki tekið.

b) **Fyrirtæki.**

Sorpeyðingargjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum.

Flokkur a) kr. 5.000
" b) kr. 15.000
" c) kr. 30.000
" d) kr. 60.000
" e) kr. 120.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Fellahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um lífeyrissjóðsgreiðslur Ábyrgðasjóðs launa vegna gjaldþrota.

1. gr.

Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota ábyrgist kröfu viðurkennds lífeyrissjóðs um vangoldin lífeyrissjóðsgjöld sem fallið hafa í gjalddaga á síðustu 18 mánuðum fyrir frestdag að uppfylltum skilyrðum III. kafla laga nr. 53/1993. Ábyrgðin takmarkast þó við lágmark 4. gr. l. nr. 55/1980.

2. gr.

Ábyrgð sjóðsins á iðgjaldakröfum lífeyrissjóðs er háð því skilyrði að eðlilega hafi verið staðið að innheimtutilraunum af hálfu lífeyrissjóðs og lífeyrissjóðurinn hafi tvisvar ár hvert, 1. mars og 1. september, sent sjóðfélögum yfirlit yfir greidd iðgjöld vegna þeirra. Yfirliti þessu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga að gera án tafar athugasemdir ef vanhöld sýnast á iðgjaldaskilum. Komi athugasemd ekki fram skv. 8. gr. laga nr. 53/1993 er viðkomandi lífeyrissjóður einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki sem þau fást greidd, enda hafi lífeyrissjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna.

3. gr.

Eðlilegar innheimtutilraunir teljast því aðeins hafa farið fram að iðgjöld skv. innsendum skilagreinum, sem verið hafa í vanskilum í þrjá mánuði frá eindaga verði tekin til formlegrar innheimtu innan 15 daga frá útsendri lokaaðvörun lífeyrissjóðsins sem send hefur verið við lok þriggja mánaða vanskila og innheimtuaðili sjóðsins skal sýna fram á með sannanlegum hætti að málinu hafi verið framhaldið með eðlilegum hraða.

4. gr.

Iðgjöld í vanskilum sem sanna má með skilagrein byggðri á innsendum launaseðlum skulu innheimt með sama hætti og skilagrein vinnuveitanda. Lokaaðvörun til vinnuveitanda skal send innan 90 daga frá dagsetningu reglulegs yfirlits. Um innheimtu fer að öðru leyti eins og í 3. gr.

5. gr.

Hafi lífeyrissjóður hafið innheimtu á grundvelli áætlunar byggðri á síðustu skilagrein vinnuveitanda, og sú áætlun er síðar staðfest að hluta eða að öllu með launaseðlum launþega eða á annan hátt sem sjóðsstjórn metur fullnægjandi skal um ábyrgð fara eins og greinir í 2. gr.

6. gr.

Heimilt er Ábyrgðasjóði launa að viðurkenna kröfu grundvallaða á launaseðlum þó ekki hafi verið gætt þeirra fresta sem að framan greinir, ef sérstaklega hefur staðið á, svo sem að viðkomandi lífeyrissjóður hafi ekki í tæka tíð getað sent sjóðfélaga lögboðið yfirlit eða hafið innheimtu á grundvelli áætlunar, þar eð honum hafi ekki verið kunnugt um launagreiðandann og tilvist iðgjaldskröfunnar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er á grundvelli 8. gr. laga nr. 53/1993 um Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 6. janúar 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING

um tímabundna undanþágu samkvæmt 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna frá sölu og innflutningi slíkra efna.

1. gr.

Heimilt er að selja ísskápa og frystiskápa sem innihalda klórflúorkolefni í kælikerfum til 30. september 1995 enda hafi skáparnir verið fluttir til Íslands fyrir 31. desember 1994.

2. gr.

Heimild til sölu á vörum samkvæmt 1. gr. er háð því að við sölu vörunnar séu kaupendur upplýstir um að framleiðsla kælivökva í umræddra vöru hafi verið hætt í Evrópu frá og með 1. janúar 1995 og að þá hafi jafnframt fallið úr gildi tímabundin heimild til innflutnings og sölu CFC kælivökva hér á landi vegna skaðlegra áhrifa á ósonlagið.

3. gr.

Auglýsing þessi er gefin út samkvæmt ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 546/1994 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og heimild í ákvæði 2. mgr. 29. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laga nr. 51/1993, og samkvæmt 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 10. janúar 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

11. janúar 1995 Nr. 35

REGLUGERÐ

um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til:

- staðla á sviði upplýsingatækni eins og tilgreint er í 4. gr.
- notkunarforskrifta fyrir þjónustu sem boðin er sérstaklega til upplýsinga- og gagnaskipta milli tæknilegra upplýsingakerfa um almenn fjarskiptanet.

Reglugerð þessi tekur ekki til:

- sameiginlegra tækniforskrifta fyrir notendabúnað sem tengdur er við almenn fjarskiptanet sem falla undir reglugerð nr. 589/1994 um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu.
- forskrifta fyrir búnað, sem er hluti af almennum fjarskiptanetum.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

1. „tækniforskrift“: Forskrift í skjali þar sem kveðið er á um þá eiginleika sem framleiðsluvara skal hafa, svo sem gæði, skil, öryggiseiginleika eða stærðir, þar á meðal þær kröfur sem gerðar eru hvað vöruna snertir um notkun íðorða og tákna, prófanir og prófunaraðferðir, umbúðir og vöru- og umbúðamerkingar;

2. „sameiginleg tækniforskrift“: Tækniforskrift sem ætluð er til samræmdrar notkunar í öllum aðildarríkjum bandalagsins;

3. „staðall“: Tækniforskrift sem samþykkt hefur verið af viðurkenndri staðlastofnun og ætluð er til endurtekinna eða stöðugra nota án þess að skylt sé að fylgja henni:

4. „alþjóðlegur staðall“: Staðal sem tekinn er upp af viðurkenndri alþjóðlegri staðlastofnun;

5. „frumvarp að alþjóðlegum staðli (DIS)“: Frumvarp að staðli sem tekið er upp af viðurkenndri alþjóðlegri staðlastofnun;

6. „alþjóðleg tækniforskrift á fjarskiptasviði“: Tækniforskrift um alla eða suma eðliseiginleika vöru, sem mælt er með af Alþjóðlegu ráðgjafanefndinni um ritsíma og talsíma (CCITT), Samtökum póst- og símastjórna Vestur-Evrópu (CEPT) eða öðrum hliðstæðum stofnunum;

7. „Evrópskur staðall“: Staðal samþykktan af ETSI (Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu), CEN/CENELEC (Evrópsku staðlasamtökin/Evrópsku rafstaðlasamtökin), CEPT (Samtök póst- og símastjórna í Evrópu) og öðrum stofnunum sem aðilar EES koma sér saman um.

8. „Evrópskur staðll (ENV)“: Staðal samþykktan af sömu stofnunum og um getur í 7. tölulið.

9. „Notkunarstaðall“: Staðal sem saminn er með tilliti til margþættar notkunar sem krafist er til að tryggja að kerfi geti starfað saman, yfirleitt gerðan með því að tengja saman marga viðmiðunarstaðla sem þegar eru fyrir hendi og sem tekinn er upp í samræmi við samþykktir staðlastofnana;

10. „notkunarforskrift“: Forskrift á sviði fjarskipta þar sem skilgreind er notkun eins eða fleiri staðla um samtengingu opinna kerfa vegna tiltekinnar kröfu um fjarskipti milli kerfa á sviði upplýsingatækni (staðla sem mælt er með af Alþjóðlegu ráðgjafanefndinni um ritsíma og talsíma (CCITT), Samtökum póst- og símastjórna Vestur-Evrópu CEPT eða öðrum hliðstæðum stofnunum);

11. „tæknileg reglugerð“: Tækniforskriftir, þar á meðal viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er að fylgja að lögum eða í raun til að setja megi vöru á markað eða nota hana í tilteknu aðildarríki eða verulegum hluta þess, að frátöldum þeim forskriftum sem staðbundin yfirvöld setja;

12. „samræmisvottun“: Aðgerð sem vottar, með samræmisvottorði eða samræmismerki, að vara eða þjónusta sé í samræmi við tiltekna staðla eða aðrar tækniforskriftir;

13. „upplýsingatækni“: Kerfi, vélbúnað, íhluta og hugbúnað sem þarf til að safna upplýsingum, vinna úr þeim og geyma þær á öllum sviðum mannlegrar starfsemi (á heimilum, í skrifstofum og verksmiðjum o.s.frv.), og sem rafeindatækni eða skyld tækni er almennt notuð við;

14. „opinberir innkaupasamningar“: Samninga sem:

- skilgreindir eru í reglugerð nr. 591/1993 um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu ásamt síðari breytingum

- gerðir eru um útvegun tækjabúnaðar sem varðar upplýsingatækni og fjarskipti, án tillits til þess hvert verksvið samningsyfirvaldsins er;

15. „fjarskiptayfirvöld“: Viðurkennd yfirvöld eða einkafyrirtæki sem veita almenna fjarskiptaþjónustu.

3. gr.

Beita skal viðeigandi evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum við:

- **Sannprófun á samræmi** vöru og þjónustu við staðlana og notkunarforskriftirnar á grundvelli prófunarkrafna sem tilgreindar eru í þeim;
- **Vottun samræmis** við staðla og notkunarforskriftir á grundvelli tilhlýðilegra samhæfðra aðferða. Beita skal stöðlum og notkunarforskriftum sem varða upplýsingatækni og fjarskipti við opinber innkaup og í tæknilegum reglugerðum.

4. gr.

1. Í opinberum innkaupasamningum á sviði upplýsingatækni skal miða við:

- Evrópska staðla og evrópska forstaðla;
- Alþjóðastaðla þegar þeir eru viðukenndir á Íslandi

þannig að upplýsinga- og gagnaskipti og rekstrarsamhæfni kerfa byggist á þessum stöðlum.

2. Þegar um er að ræða aðgang að almennum fjarskiptanetum fyrir þjónustugreinar, sem sérstaklega miðast við upplýsinga- og gagnaskipti milli tæknilegra upplýsingakerfa, skal beita notkunarforskriftum, sem byggðar eru á stöðlum, sem nefndir eru í 1. tl., í því skyni að fullkomin samhæfni náist.

3. Taka má tillit til sérstakra aðstæðna eins og lýst er hér á eftir sem geta réttlætt notkun annarra staðla og forskrifta en kveðið er á um í þessari reglugerð:

- Þörf á órofnum rekstri eldri kerfa, en þó aðeins sem liður í skýrt markaðri og skjalfestri áætlun um síðari breytingu til alþjóðlegra og evrópskra staðla eða notkunarforskrifta;
- sérstök verkefni sem eru raunverulegt nýmæli;
- þegar staðall eða notkunarforskrift er tæknilega ekki fullnægjandi til að gegna hlutverki sínu þar sem beiting þeirra tryggir ekki viðeigandi skilyrði til upplýsinga- og gagnaskipta eða rekstrarsamhæfni kerfa, eða að ekki eru til aðferðir, þar sem meðal prófanir, sem staðfest geta fullnægjandi samræmi vöru við þann staðal eða notkunarforskrift sem um er að ræða eða ef um er að ræða evrópska forstaðla sem ekki hafa nægan stöðugleika til að vera nothæfir. Veita ber öðrum aðildarríkjum EES (Evrópska efnahagssvæðisins) tækifæri til að sýna fram á að búnaður í samræmi við staðalinn hafi verið notaður með fullnægjandi árangri og að ekki hafi verið réttmætt að gera þessa undantekningu;
- þegar í ljós kemur eftir vandlega markaðsathugun að af mikilvægum hagkvæmnisástæðum er ekki réttmætt að nota viðkomandi staðal eða notkunarforskrift. Veita ber öðrum aðildarríkjum EES tækifæri til að sýna fram á, að búnaður í samræmi við staðalinn hafi verið notaður með fullnægjandi árangri og að ekki hafi verið réttmætt að gera þessa undantekningu.

4. Að auki geta aðildarríki EES í sömu tilvikum og tilgreint er í 1. tl., krafist þess að miðað sé við frumvörp að alþjóðastöðlum.

5. Hlutaðeigandi stjórnvöld, sem beita 3. tl., skulu tilgreina ástæður sínar fyrir því, ef mögulegt er, í upphaflegum útboðsgögnum sem gefin eru út í tilefni kaupanna, og skulu í

öllum tilvikum skjalfesta ástæður í eigin gögnum og veita bjóðendum þessar upplýsingar sé þess óskað, en jafnframt virða viðskiptaleynd.

6. Samningsyfirvöldum er heimilt, telji þau það nauðsynlegt, að beita öðrum forskriftum við samninga, nemi fjárhæð þeirra minna en 100.000 ECU (evrópskum gjaldmiðilseiningum), svo fremi að þessi innkaup komi ekki í veg fyrir notkun staðlanna sem getið er um í 1. og 2. tl., við samning sem nemur hærri fjárhæð en að ofan greinir.

5. gr.

Við samningu á tæknilegum reglugerðum eða við breytingar á þeim sviðum, sem þessi reglugerð nær yfir, skal ætíð miða við þá staðla sem vísað er til í 4. gr., þegar þeir samsvara á viðeigandi hátt þeim tækniforskriftum sem krafist er í hlutaðeigandi tæknilegri reglugerð.

6. gr.

Reglugerð þessi skal hvorki hafa áhrif á beitingu:

a) Tilskipunar ESB nr. 83/189/EBE með síðari breytingum, um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staða og reglugerða né

b) Reglugerðar nr. 589/1994 um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. l. nr. 32/1993 og með hliðsjón af ákvörðun ráðherraráðs ESB frá 22. desember 1986 nr. 87/95/EBE um stöðlun á sviði upplýsingatækni og fjarskipta staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir

Nr. 36 16. janúar 1995

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.

I. RAFORKA.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Almenn notkun.

A1. Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald.	6,30 kr/kWh
Fastagjald.	2.258,00 kr/a

C. Afl og orkumæling.

C2 Um kW/kWh - mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

Aflgjald.	10.811,00 kr/kWa
Orkugjald.	2,44 kr/kWh

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mín. meðalálag ársins. Á tímabilinu 16. maí - 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

D. Hitun.

D1. Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Orkugjald.	3,11 kr/kWh
Fastagjald.	3.206,00 kr/a

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,62 kr/kWh og Landsvirkjun 0,30 kr/kWh af orkuverðinu, alls 0,92 kr/kWh, fyrir allt að 30000 kWh ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4. Til hitunar.

Orkugjald.	3,30 kr/kWh
Fastagjald.	3.206,00 kr/a

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostaður af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

F. Önnur raforkunotkun.

F2. Vinnuljós.

Orkugjald.	6,30 kr/kWh
Fastagjald.	2.258,00 kr/a

Til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

F5. Gatnalýsing.

Aflgjald.	19.557,00 kr/kWa

Af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðaðst við taxta C2 og 3600 h. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiði notandi aðrar kr. 19.557,00 kW/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

II. MÆLALEIGA.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

1. Einfasa kWh-mælir.	446,00 kr/a
2. Þrífasa kWh-mælir.	1.690,00 kr/a
3. Þrífasa kWh-mælir með straumspennumæli.	2.856,00 kr/a
4. Þrífasa kW/kWh-mælir.	2.856,00 kr/a
5. Þrífasa kW/kWh-mælir með straumspennumæli.	4.546,00 kr/a

Af öðrum mælitækjum, en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur: Málraun	Stofngjald: kr.	Lengdargjald (1): kr/m
63 A einfasa.	50.672,00	1.558,00
63 A þrífasa.	55.590,00	1.558,00
100 A þrífasa.	88.196,00	1.907,00
200 A þrífasa.	182.378,00	2.291,00
315 A þrífasa.	275.277,00	Skv. kostnaði
400 A þrífasa.	347.651,00	-
710 A þrífasa.	631.266,00	-
1200 A þrífasa.	1.070.641,00	-

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Málstraumur:	Stofngjald:	Lengdargjald (1) (2) Jarðstrengur (kr/m)
63 A einfasa.	9.924,00	1.558,00
63 A þrífasa.	13.811,00	1.558,00
100 A þrífasa.	14.662,00	1.907,00

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

(1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bæjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

(2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 m innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bæjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bæjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bæjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi. Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1.234,00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1.234,00 á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu, svo og aðra þjónustu, sem bæjarveitur veita, að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1.234,00.
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrám um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 58, 1. febrúar 1993 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 16. janúar 1995.

F. h. r.
Halldór J. Kristjánsson.

Steinunn Bjarman.

GJALDSKRÁ

Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli:

Heimili	95,51 kr.
Önnur notkun	98,46 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot af vatninu á grundvelli orku- og rennslismælingar. Greiðist þá:

Heimili	1,59 kr.
Önnur notkun	1,64 kr.
fyrir hverja kílowattstund samkvæmt orkumæli og	
heimili	23,88 kr.
Önnur notkun	24,62 kr.

fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli.

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á ári:

a) Fyrir mæla allt að 3/4"	7.626,00 kr.
b) Fyrir mæla allt að 2"	15.190,00 kr.
c) Fyrir mæla allt að 3"	30.454,00 kr.

d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald.

7. gr.

Gjöld skv. 3. - 6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Greiðslustöðu skal getið á reikningnum eða tilkynningu.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd á eindaga.

III. KAFLI

8. gr.

Fyrir öll hús sem tengd eru hitaveitunni skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (m^3) (utanmál)	
Allt að 400	109.290,00 kr.
400 að 2000	109.290,00 kr.
2000 að 6000	248.954,00 kr.
6000 að 10000	543.393,00 kr.
Meira en 10000	806.354,00 kr.

Fyrir 400 m^3 + 87,26 kr/m^3 þar yfir
Fyrir 2000 m^3 + 73,65 kr/m^3 þar yfir
Fyrir 6000 m^3 + 65,69 kr/m^3 þar yfir
Fyrir 10000 m^3 + 57,02 kr/m^3 þar yfir

Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

a) Fyrir mæli allt að 3/4"	16.365,00 kr.
b) Fyrir mæli allt að 2"	32.731,00 kr.
c) Fyrir mæli allt að 3"	65.600,00 kr.

10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd.

11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

IV. KAFLI

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

13. gr.

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. Tölvuritarar og rannsóknarmenn vinna þó aðeins virka daga. Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1.	Blóðmeina- og meinefnafræði	Meinatæknar (4) Meinatæknar á gæsluvakt (1) Tölvuritarar (1) Rannsóknarmenn (1)

Rannsóknarstofa í meinefnafræði, ísótópastofa:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt eðlisfræðings er kl. 16-24 virka daga og kl. 08-24 aðra daga. Gæsluvakt meinatækna er kl. 08-24 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

2.	Ísótópastofa	Eðlisfræðingur (1) Eðlisfræðingur á gæsluvakt (1) Meinatæknar á gæsluvakt (1)

Sýklarannsóknadeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring og er hún alla daga eins. Rannsóknarmenn vinna þó aðeins virka daga. Gæsluvakt er kl. 16-08 alla daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1.	Sýklafræðideild	Meinatæknar (2) Meinatæknar á gæsluvakt (1)
2.	Ætagerð	Rannsóknarmenn (1)

Ónæmisfræðideild:

Tilgreind mönnun er alla daga eins og felst í gæsluvakt allan sólarhringinn. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

Stofnun:	Starf:
1. Ónæmisfræðideild	Meinatæknar á gæsluvakt (1)

Veirufræðideild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Á virkum dögum er daglegur vinnutími á almennri deild kl. 08-16 en annar starfsmaðurinn vinnur áfram til kl. 20. Á almennum og sérstökum frídögum er daglegur vinnutími kl. 09-17. Gæsluvakt vegna áhætturannsókna er kl. 08-24 virka daga en allan sólarhringinn aðra daga. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Almenn deild	Meinatæknar (1) Náttúrufræðingar (1)
2. Áhætturannsóknir	Náttúrufræðingar á gæsluvakt (1)

Blóðbankinn:

Tilgreind er mönnun á virkum dögum. Gæsluvakt á blóðónæmisdeild er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga. Gæsluvakt á blóðtökudeild er allan sólarhringinn á almennum og sérstökum frídögum. Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Blóðónæmisdeild	Náttúrufræðingar (4) Náttúrufræðingar á gæsluvakt (2)
2. Blóðtökudeild	Hjúkrunarfræðingar (3) Hjúkrunarfræðingar á gæsluvakt (2)
3. Skrifstofa	Fulltrúar (3)

Röntgendeild:

Tilgreind er mönnun á hverjum sólarhring. Gæsluvakt er kl. 16-08 virka daga og allan sólarhringinn aðra daga Unnið er samkvæmt fyrirfram ákveðnu vaktkerfi.

1. Röntgendeild, virka daga	Röntgentæknar (4) Röntgentæknar á gæsluvakt (1) Tæknimenn (5) Tæknimenn á gæsluvakt (1)
2. Röntgendeild, aðra daga	Röntgentæknar á gæsluvakt (2) Tæknimenn á gæsluvakt (1)

St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	Hjúkrunarforstjóri
Lyflækningadeild:	Hjúkrunarfræðingar (9,4) Sjúkraliðar (5,6)
Skurðstofur og sótthreinsun:	Hjúkrunarfræðingar Gæsluvakt (1)
Svæfingardeild:	Hjúkrunarfræðingar Gæsluvakt (1)
Speglunardeild:	Hjúkrunarfræðingar Dagvinna (0,5)
Símavarsla:	Símaverðir (1,2)
Símavarsla á göngudeild	Símaverðir (1,3)
Sjúklingabókhald:	Læknaritarar (1,5)
Rannsókn:	Yfirmeinatæknir Dagvinna (0,5) Gæsluvakt utan dagvinnu

Stofnun:	Starf:
Skrifstofa:	Launafulltrúi (0,5)
	Tölvusérfræðingur
	Gæsluvakt (1)
Sjúkrahús Hvammstanga	Hjúkrunarforstjóri
	Yfirlæknir
	Læknar
	Dagvinna (1)
	Hjúkrunarfræðingar (1) á hverri vakt
	Sjúkraliðar (5)
Eldhús:	Forstöðumaður (1)
Húsvarsla:	Húsvörður (1)
Sjúkrahús Bolungarvíkur	Hjúkrunarforstjóri
	Læknar
	Gæsluvakt (1)
	Hjúkrunarfræðingar
	Morgunvakt (1)
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu
	Sjúkraliðar
	Morgunvakt (0,8)
	Þvottahús (0,5)
	Eldhús (1,6)
Sjúkraskýlið Hólmavík	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti
Sjúkraskýlið Þingeyri	Starfsemi skal vera með venjubundnum hætti
Meðferðarheimilið Sogni	Læknar
	Dagvinna (0,75)
	Gæsluvakt (1) utan dagvinnu
	Hjúkrunarfræðingar
	Morgun- og kvöldvakt (2,15)
	Gæsluvakt (1) utan vakta
	Starfsfólk (21)
Heilsuverndarstöð Reykjavíkur:	Hjúkrunarforstjóri
	Yfirlæknar
	Móttökuritari (1) á hverri deild
Heimahjúkrun:	Hjúkrunarframkvæmdastjóri
	Hjúkrunarfræðingar (6)
	Sjúkraliðar (5)
Mæðradeild:	Ljósmæður (2)
Barnadeild:	Hjúkrunarfræðingar (1)
Símavarsla (aðalskiptiborð)	Starfsmaður (1)

Stofnun:	Starf:
Heilsugæslustöðin á Akureyri	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari (1) Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Deildarstjóri (1) Sjúkraliðar
Mæðradeild:	Deildarstjóri (1)
Heilsugæslustöðin Kópavogi	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Hjúkrunarfræðingar (1)
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Hjúkrunarfræðingar (1)
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Hjúkrunarfræðingar (1)
Heilsugæslustöð Suðurnesja	Hjúkrunarforstjóri Móttökuritari Yfirlæknir
Heimahjúkrun:	Hjúkrunarfræðingar (1)
Heilsugæslustöðvar, H2-stöðvar aðrar en á Akureyri, í Kópavogi, í Hafnarfirði, á Seltjarnarnesi og á Suðurnesjum	Yfirlæknar Hjúkrunarforstjórar Móttökuritarar (1) á hverri stöð
Heilsugæslustöðvar, H1-stöðvar	Læknar Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir, þar sem læknisstaða er ósetin Móttökuritarar (1) á hverri stöð
Heilsugæslustöðvar, H-stöðvar	Hjúkrunarfræðingur/ljósmóðir Móttökuritarar (1) á hverri stöð
Fjármálaráðuneyti.	
ÁTVR	Næturverðir (3) Umsjónarmenn (2)
Húseignin Borgartún 7	Umsjónarmaður

Stofnun:	Starf:
Samgönguráðuneyti.	
Vegagerðin	Deildarstjóri launadeildar
	Rekstrarstjórar
	Starfsmannastjóri
	Vegaeftirlitsmenn (3)
Vitastofnun	Vitaverðir
Flugmálastjórn	Aðstoðarmenn í flugstjórn
	Deildarstjóri flugprófunardeildar
	Deildarstjóri flugrekstrardeildar
	Deildarstjóri loftferðaeftirlits
	Deildarstjóri radíódeildar
	Eftirlitsmaður flugöryggistækja
	Eftirlitsmaður vinnuvéla
	Flugradíómenn
	Flugumferðarstjórar
	Flugvallaeftirlitsmenn
	Flugvallaverðir
	Framkvæmdastj. loftferðaeftirlits
	Radíóeftirlitsmenn
	Raftæknifulltrúar
	Slökkviliðsmenn
	Umdæmisstjórar
	Verkstjóri eftirlitsmanna
	Yfirverkstjóri
Póst- og símamálastofnunin	
Póst- og símamálastjóri:	Skrifstofustjóri
	Aðalendurskoðandi
	Blaða- og upplýsingafulltrúi
Fjármálasvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Aðalgjaldkeri
	Birgðastjóri
Fjarskiptasvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Yfirverkfræðingur III, sjálfvirkar símstöðvar
	Yfirverkfræðingur II, sjálfvirkar símstöðvar
	Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra stöðva
	Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra stöðva (1)
	Yfirverkfræðingur III, sambandadeild
	Yfirtæknifræðingar II, fjölsímadeild
	Yfirtæknifræðingur I, fjölsímadeild
	Yfirtæknifræðingur II, ljósleiðaradeild
	Deildartæknifræðingur II, ljósleiðaradeild, Vestmannaeyjar
	Yfirdeildarstjóri ljósleiðaradeildar
	Símverkstjóri ljósleiðaradeildar
	Yfirdeildarstjóri, línur

Stofnun:	Starf:
	Yfirverkfræðingur III, markaðs- og alþjóðadeild
	Yfirverkfræðingur II, markaðs- og alþjóðadeild, gervitunglafjarskipti
	Starfsmenn jarðstöðvarinnar Skyggnis og tengdra jarðstöðva (3)
	Yfirtæknifræðingur II, radíódreifistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíódreifistöðva
	Yfirtæknifræðingur II, radíósendistöðvar
	Yfirdeildarstjóri radíósendistöðva
	Yfirtæknifræðingur I (vegna ICAO-búnaðar)
	Yfirsímverkstjóri, loftnetadeild
Umsýslusvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Yfirtæknifræðingur, deildarstjóri II
	Umsjónarmenn húsa
	Deildarstjóri launadeildar
	Yfirtæknifræðingur II tölvuþjónustudeild
	Yfirkerfisfræðingur, tölvuþjónustudeild, rekstrardeild
Póstmálasvið:	Aðstoðarframkvæmdastjóri
	Yfirdeildarstjóri hraðflutningsdeildar
Umdæmi I:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmenn
	Starfsmenn strandarstöðvar í Vestmannaeyjum
	Yfirdeildarstjórar (2), radíóflugþjónusta,
Gufunesi	(2)
	Deildartæknifræðingur, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Kerfisfræðingur, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Rafeindavirkjameistari, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Rafeindavirki, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Yfirvarðstjórar, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Yfirumsjónarmenn, radíóflugþjónusta, Gufunesi (5)
	Eftirlitsmenn, radíóflugþjónusta, Gufunesi (5)
	Yfirsímritarar, radíóflugþjónusta, Gufunesi
	Yfirdeildarstjóri, Reykjavík radíó, Gufunesi
	Fulltrúar, Reykjavík radíó, Gufunesi (1,5)
	Rafeindavirkjameistari, Reykjavík radíó, Gufunesi
	Rafeindavirki, Reykjavík radíó, Gufunesi
	Varðstjórar, Reykjavík radíó, Gufunesi (5)
	Yfirumsjónarmenn (5), Reykjavík radíó, Gufunesi

Stofnun:	Starf:
	Eftirlitsmenn, Reykjavík radíó, Gufunesi (5)
	Yfirsímritarar, Reykjavík radíó, Gufunesi (6)
	Bifreiðarstjóri, radíóflugþjónusta, Reykjavík radíó, Gufunesi
	Starfsmaður sendistöðvarinnar á Rjúpnahæð
Umdæmi II:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmaður
	Starfsmenn strandarstöðvar á Ísafirði
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
	Varðstjóri við talsímaafgreiðslu á Ísafirði
Umdæmi III:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmenn
	Starfsmenn strandarstöðvar á Siglufirði
	Umdæmisverkfræðingur (deildarverkfr.)
	Varðstjóri við talsímaafgreiðslu á Akureyri
Umdæmi IV:	Stöðvarstjórar
	Svæðisumsjónarmaður
	Starfsmenn strandarstöðvar á Höfn
	Umdæmistæknifræðingur (deildarstjóri III)
Umdæmi V:	Yfirdeildarstjóri bilanadeildar
	Vaktmenn á bilanadeild, 1 á hverri vakt
	Deildarstjóri, eftirlit og viðgerðir
	Næturverðir sjálfvirkra símstöðva (2)
	Yfirdeildarstjóri sjálfvirkra símstöðva
	Rafeindavirkjaverkstj. sjálfvirkra símst. (AXE)
	Rafeindavirkjaverkstjóri sjálfvirkra símstöðva (útl. símst.)
	Forstöðumaður ritsíma
	Ritsímaritari (1)
	Talsímaverðir, talsamband innanlands, 1 á hverri vakt
	Talsímaverðir talsamband við útlönd, 1 á hverri vakt
	Yfirdeildarstjóri/yfirvarðstjóri/ yfirumsjónarmaður ritsíma, 1 á hverri vakt
	Yfirvarðstjórar, talsamband við útlönd (2)
	Tæknirekstrarstjóri (tæknirekstur I)
	Yfirdeildarstjóri jarðsíma- og loftlínudeildar
	Yfirumsjónarmenn talsambands innanlands (2)
Umdæmi VI:	Stöðvarstjórar á R-3, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi (3)
	Yfirdeildarstjóri böggladeildar

Stofnun:	Starf:
Iðnaðarráðuneyti.	
Rafmagnsveitur ríkisins	Rafveitustjórar 3 Rafveitustjórar 2 Rafveitustjórar 1 Símaverðir í Rvík og umdæmum Veitugæsla, Akureyri Vélgæslumenn virkjana
Umhverfisráðuneyti.	
Veiðistjóri Veðurstofa Íslands	Dýrahirðir Háloftamenn, Keflavíkurflugvelli Veðurathugunarmenn á Hveravöllum Yfirdeildarstjóri tölvudeildar

Skrá þessi tekur gildi 15. febrúar 1995 og kemur í stað auglýsingar nr. 27/1992 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 27. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Birgir Guðjónsson.

Nr. 69 27. janúar 1995

REGLUGERÐ

um verðjöfnun við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni.

1. gr.

Við útflutning á fullunnum vörum sem innihalda að einhverjum hluta mjólk eða mjólkurafurðir, kjöt eða egg, er unnt vegna verðjöfnunar að fá greitt sem samsvarar mismun á verði viðkomandi hráefna á heimsmarkaði og innanlands. Til að verðjöfnun nái til vörunnar skal hún falla undir eftirfarandi vöruliði og tollskrárnúmer sbr. Viðauka I við lög nr. 55/1987 með síðari breytingum:

0403.1001	1517.1011	1902.2041	2103.9009
0403.1002	1517.1019	1902.3022	2104.1004
0403.1003	1517.9002	1902.3041	2104.1009
0403.9001	1901.2023	1902.4022	2104.2001
0903.9002	1901.2024	1905.9051	2106.9049
0403.9003	1902.2022	1905.9059	2202.9001
0403.9004			

Greiðsla verðjöfnunar fyrir ofangreindar vörur fer eftir því magni landbúnaðarhráefnis sem notað er við framleiðslu viðkomandi vöru og verðjafnað er fyrir sbr. 2. gr. Hvað varðar

vöru í tollflokkum sem að neðan greinir skal þó ekki greiða verðjöfnun á það magn hverrar hráefnistegundar sem er umfram 60% af heildarþunga.

	1601.0009	
úr vörulið	1602	Forsoðnar eða soðnar vörur.
	1604	
	1605	
	1902.2021	
	1902.4021	

2. gr.

Viðmiðuarverð, innlent og erlent, sem notað er við ákvörðun upphæðar verðjöfnunar á hverja tegund hráefnis, skal vera það sama og birt er í reglugerð um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarafurðum, sem í gildi er hverju sinni, skv. 72. grein búvörulaga.

Útflytjandi vöru, sem fellur undir verðjöfnunarákvæði fríverslunar- eða milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að, á rétt á sömu verðjöfnun á einingu og lögð er á við innflutning sambærilegrar vöru.

3. gr.

Sækja skal um heimild til verðjöfnunar til landbúnaðarráðuneytisins vegna þeirrar vöru sem fyrirhugað er að flytja út, áður en til útflutnings kemur. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal innihalda upplýsingar um hráefnanotkun, samsetningu og tollflokkun vörunnar, uppruna hennar, útflutningsverð, útflytjanda, útflutningsstað, viðtökuland (lönd) og áætlun um sölumagn. Ráðuneytið getur hafnað því að veita heimild til verðjöfnunar. Ráðuneytið heimilar greiðslu jöfnunargjalds fyrir viðkomandi vöru með áritun á útflutningsskjöl eða með sérstakri heimild er gildir fyrir ákveðið framleiðslumagn og/eða í ákveðinn tíma, þó ekki lengur en eitt ár frá útgáfudegi. Landbúnaðarráðuneytið skal senda afrit af heimildum þessum til embættis ríkistollstjóra og tollstjóra í því tollumdæmi þar sem útflutningsvara er flutt í far. Fara skal með umsóknir sem trúnaðarmál.

4. gr.

Útflytjendur skulu láta yfirvöldum í té sýnishorn af vörum þeim sem verðjöfnun er greidd út á, ef þess er óskað. Ennfremur skulu framleiðendur viðkomandi vöru halda nákvæmt bókhald yfir magn og verð þeirra hráefna sem notuð eru til framleiðslunnar og láta þær upplýsingar yfirvöldum í té, sé þess óskað. Útflytjanda ber skylda til að tilkynna breytingar á hráefnisnotkun til landbúnaðarráðuneytisins sem gefur út nýja heimild til verðjöfnunar ef þurfa þykir. Einnig skal landbúnaðarráðuneytinu tilkynnt ef framleiðslu viðkomandi vöru hefur verið hætt.

5. gr.

Tollstjórar um land allt skulu annast greiðslu verðjöfnunar.

Útflytjandi skal sækja um greiðslu verðjöfnunar á þar til gerðu eyðublaði um leið og útflutningsskjöl eru lögð fram hjá tollstjóra. Í umsókninni skal koma fram tilvísunarnúmer heimildar til verðjöfnunar frá landbúnaðarráðuneytinu. Greiðsla verðjöfnunar skal eiga sér stað innan viku frá því að fullnægjandi gögn, sbr. reglugerð nr. 228/1993 um tollskýrslur og fylgiskjöl þeirra, hafa borist tollstjóra. Tollstjóri getur krafist þeirra gagna sem hann telur nauðsynleg.

Upphæð verðjöfnunar skal reiknuð samkvæmt þeim reglum sem í gildi voru er útflutningur átti sér stað.

6. gr.

Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. mgr. 73. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, nr. 99 8. september 1993, sbr. lög nr. 126 28. desember 1993 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1996.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 70 30. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Reyðarfjarðarhrepps skv. 2. mgr. 19. gr. l. nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Samkvæmt ákvæðum 19. greinar laga um opinbera starfsmenn nr. 94 frá 1986 hefur hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps samþykkt að birta skrá yfir störf sem heimilt er að vinna í verkfalli.

Í samræmi við framangreint verða eftirtalin störf á svokölluðum verkfallslista.

1. Skrifstofustjóri.
2. Veitustjóri.
3. Yfirhafnarvörður.

Reyðarfirði, 30. janúar 1995.

Ísak J. Ólafsson sveitarstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 – 1995

30. janúar 1995 169 Nr. 71

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum út af Snæfellsnesi.

1. gr.

Frá og með 1. febrúar 1995 til og með 31. mars 1995 eru allar línuveiðar bannaðar út af Snæfellsnesi á svæði, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Öndverðarnesviti, 64°53,10 N - 24°02,70 V
2. 64°51,00 N - 24°09,00 V
3. 64°48,00 N - 24°09,00 V
4. 64°43,70 N - 24°00,00 V
5. Malarrifsviti, 64°43,70 N - 23°48,20 V

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. janúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 9, nr. 71. Útgáfudagur 31. janúar 1995.

B 13
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 10 – 1995

Nr. 72 170 27. janúar 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar getspár, nr. 86 24. febrúar 1993, sbr. reglugerð nr. 512/1994.

1. gr.

5. gr., liður 5.5.1 a) orðist svo:

a) 46% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar. Með vísan til 5. gr., lokamálsliðar 5.6., skal, ef 46% af heildarvinningsfjárhæð nær ekki 2 milljónum króna, bæta við fyrsta vinningsflokk fjárhæð, sem þarf til að vinningsfjárhæðin fari yfir 2 milljónir króna. Viðbót þessi skal hlaupa á 50.000 krónum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986 öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. janúar 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Stjórnartíðindi B 10, nr. 72. Útgáfudagur 3. febrúar 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 11 – 1995

3. febrúar 1995 171 Nr. 73

REGLUGERÐ

um notkun seiðaskilja og bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Óheimilt er að stunda veiðar á eftirgreindum svæðum án seiðaskilju:

1. Á svæði út af vestanverðu Norðurlandi, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°30'N - 22°00'V
2. 67°21'N - 22°00'V
3. 67°20'N - 21°41'V
4. 67°29'N - 20°48'V
5. 67°20'N - 20°07'V
6. 67°20'N - 19°55'V
7. 67°25'N - 19°48'V
8. 67°34'N - 19°44'V
9. 67°36'N - 19°38'V
10. 67°29'N - 19°33'V
11. 66°55'N - 19°33'V
12. 66°55'N - 19°17'V
13. 66°46'N - 18°58'V
14. 66°40'N - 19°00'V
15. 66°40'N - 18°30'V
16. 66°30'N - 18°30'V

Á hluta ofangreinds svæðis eru allar rækjuveiðar bannaðar sbr. 1. tl. 2. gr.

2. Á svæði norður af Kolbeinsey, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°34'N - 18°27'V
2. 67°27'N - 18°27'V
3. 67°27'N - 18°43'V
4. 67°34'N - 18°43'V

3. Á svæði á Rifsbanka, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°10'N - 15°55'V
2. 67°16'N - 15°55'V
3. 67°16'N - 15°20'V
4. 67°10'N - 15°20'V

Bil á milli rimla í seiðaskiljunni skal vera mest 22 mm. Skiljunni skal koma fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur, sem ekki fer í gegnum skiljuna, skilst út.

Gutenberg

2. gr.

Á eftirgreindum svæðum eru allar rækjuveiðar bannaðar:

1. Á svæði í Skagafjarðardýpi, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°49'N - 19°20'V
2. 66°49'N - 19°12'V
3. 66°36'N - 19°12'V
4. 66°36'N - 19°20'V

2. Á svæði suðaustur af Kolbeinsey, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°03'N - 18°34'V
2. 67°03'N - 18°20'V
3. 66°53'N - 18°20'V
4. 66°53'N - 18°34'V

3. Á svæði á Skjálfandadjúpi, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°27'N - 17°18'V
2. 66°27'N - 17°30'V
3. 66°35'N - 17°30'V
4. 66°35'N - 17°18'V

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru felldar úr gildi eftirfarandi reglugerðir: Reglugerð nr. 337, 16. júní 1994, um bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi ásamt síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 492, 15. september 1994. Reglugerð nr. 455, 15. ágúst 1994, um bann við rækjuveiðum á Rifsbanka. Reglugerð nr. 530, 29. september 1994, um bann við rækjuveiðum á Skjálfandadjúpi.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði 1. og 2. tl. 1. gr. taka gildi 1. mars 1995 fyrir skuttogara, sem eru 40 metrar eða lengri að mestu lengd. Skuttogarar teljast hér togskip, sem taka vörpuna inn um skutrennu að aftan og losa afla úr henni á millidekk eða vinnsludekk. Ákvæði 1. og 2. tl. 1. gr. taka gildi 1. maí 1995 fyrir önnur skip.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru allar rækjuveiðar án seiðaskilju, frá gildistöku reglugerðar þessarar, bannaðar á hluta svæðisins, sem skilgreint er 1. tl. 1. gr., á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 67°20'N - 19°37'V
2. 67°02'N - 19°37'V
3. 67°02'N - 19°50'V

4. 67°05'N - 19°50'V
5. 67°05'N - 21°10'V
6. 67°10'N - 21°10'V
7. 67°20'N - 21°27'V

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson

Stjórnartíðindi B 11, nr. 73. Útgáfudagur 6. febrúar 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 – 1995

Nr. 74 174 30. janúar 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 552/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Kosningar til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Forseti* bæjarstjórnar.
2. *Fyrsti varaforseti* bæjarstjórnar.
3. *Annar varaforseti* bæjarstjórnar.
4. *Tveir skrifarar* bæjarstjórnar og tveir til vara úr hópi bæjarfulltrúa.
5. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltrúar úr bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
7. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
   Undirkjörstjórnir: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í kaupstaðnum.
   Kjörstjórn við alþingiskosningar skal einnig sjá um sveitarstjórnarkosningar, sbr. heimild í 4. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. **Kosningar til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir, sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum.
3. *Áfengisvarnanefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
4. *Barnaverndarnefnd.* Tveir aðalmenn í nefnd til að annast málefni barnaverndar í Suður-Þingeyjarsýslu skv. lögum nr. 58/1992. Nefndin starfi samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Suður-Þingeyjarsýslu um sameiginlega barnaverndarnefnd.
5. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
6. *Eyþing- Samtök sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.* Fulltrúar á aðalfund Eyþings- aðalmenn og varamenn í samræmi við ákvæði í samþykktum Eyþings.

Gutenberg

7. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ráðið annast þau verkefni sem um getur í 2. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, nema þar sem bæjarstjórn hefur falið öðrum nefndum einstaka þætti félagsþjónustunar.
8. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
9. *Fulltrúaráð Félagsheimilis Húsavíkur.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir félagsheimilið.
10. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
11. *Heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
12. *Héraðsnefnd Suður-Þingeyinga.* Fulltrúar í Héraðsnefnd - aðalmenn og varamenn í samræmi við ákvæði í samþykktum fyrir héraðsnefndina.
13. *Húsnæðisnefnd.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 40. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.
14. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er kosin skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
15. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, kjörnir skv. samþykktum sambandsins.
16. *Launanefnd sveitarfélaga.* Einn aðalmaður og annar til vara. Nefndin fer með gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélögin.
17. *Leikskólanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um leikskóla nr. 78/1994 og sinnir öðrum verkefnum á því sviði sem henni eru falin af bæjarstjórn.
18. *Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara í stjórn skv. reglugerð sjóðsins frá 1. janúar 1983. Bæjarstjóri er annar fulltrúi bæjarins í stjórn lífeyrissjóðsins og er forseti bæjarstjórnar varamaður hans.
19. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að eflingu menningar og lista á Húsavík og vera bæjarstjórn ráðgefandi í þeim efnum. Nefndin skal fara með stjórn Listaverkasjóðs Húsavíkur. Nefndin skal sjá um undirbúning og framkvæmd 17. júní hátíðarhalda hvert ár, en heimilt er að fela félagasamtökum framkvæmd hátíðarhaldanna. Nefndin skal einnig annast vinabæjarsamskipti á sviði menningar og lista.
20. *Rekstrarlánasjóður bátaútgerðar.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara í stjórn sjóðsins. Stjórnin starfar skv. reglugerð sjóðsins.
21. *Safnahússnefnd.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni þeirra safna sem heyra undir Safnahúsið á Húsavík að undanskildu bókasafni.
22. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Nefndin annast einnig málefni tónlistarskóla skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
23. *Skólanefnd framhaldsskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni Framhaldsskólans á Húsavík, sbr. lög nr. 57/1988. Menntamálaráðherra skipar skólanefnd sem í sitja sjö menn.

24. *Sorpsamlag Þingeyinga.* Einn fulltrúi á aðalfund samlagsins og annar til vara.
25. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
26. *Stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar.* Tveir fulltrúar og jafnmargir til vara skv. 30. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
27. *Sögunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal hafa umsjón og eftirlit með ritun Sögu Húsavíkur og annast upplýsingaöflun í því sambandi.
28. *Trúnaðarráð Dvalarheimilis aldraða á Húsavík.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykktum fyrir dvalarheimilið. Önnur sveitarfélög í Þingeyjarsýslum kjósa þrjá fulltrúa í trúnaðarráðið.
29. *Umhverfismálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umhverfismálaráð fer með verkefni náttúruverndarnefndar skv. 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 47/1971 og verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur gerir ráðið tillögur til bæjarstjórnar um fegrun bæjarins. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis og vinna að framgangi ferðamála á Húsavík.
30. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði við byggingar- og skipulagsnefnd og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.
31. *Veitunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast málefni hitaveitu, rafveitu og vatnsveitu.
32. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum bæjarins. Nefndin starfar sem rekstraraðili íþróttamannvirkja.
33. *Búfjáreftirlitsmaður.* Einn maður til að gegna starfi búfjáreftirlitsmanns í Húsavíkurkaupstað skv. 1. mgr. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991. Hann skal hafa eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun og hirðingu.
34. *Stjórnarnefnd vinnumiðlunar.* Þrír fulltrúar í stjórnarnefnd vinnumiðlunar á Húsavík skv. 9. gr. laga nr. 18/1985 um vinnumiðlun. Auk þess tilnefna samtök verkafólks og atvinnurekenda einn fulltrúa af hvorra hálfu í nefndina.

Bæjarráð fer með verkefni þeirra nefnda, sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni, skv. heimild í 56. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 30. janúar 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um hundahald í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Hundahald í Djúpavogshreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

a. Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á hreppsskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hundsins afhenta plötu til að festa á ól, sem ætíð skal vera um háls hundsins. Við skráningu skal hundaeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar um hundahald í Djúpavogshreppi eins og hún er hverju sinni.

b. Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu vátryggingafélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati hreppsnefndar.

c. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru notaðir við smalamennsku svo og minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í tryggu haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, er hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.

d. Hundaeigendum er skylt að sjá svo um, að hundur raski ekki ró manna eða verði mönnum til óþæginda. Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er, að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til sveitarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

e. Til að standa straum af kostnaði hreppsins af skráningu og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundaeigandi greiða árlegt gjald til hreppssjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hreppsnefnd ákveður fjárhæð gjaldsins í gjaldskrá, sem umhverfisráðherra staðfestir og er hreppsnefnd heimilt að ákveða gjaldið lægra fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundaeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu vátryggingagjalds samkvæmt b-lið þessarar greinar, vátryggingaskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og öll skilríki er máli skipta samkvæmt lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.

f. Sé hundaeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaklega yfirlýsingu þar um.

g. Ábúendum lögbýla sem eru innan marka hrepps sem jafnframt er þéttbýlishreppur er heimilt að halda þarfahunda, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gildi sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiri háttar brot hefur hundaeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Djúpavogshreppi. Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðan ákveður hvað skuli gert við hundinn.

3. gr.

Hundar úr aðliggjandi sveitum, sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, svo og aðrir ómerktir flækingshundar, skulu teknir úr umferð. Gefi eigandi sig eigi fram og/eða vitjar hundsins ekki innan einnar viku, hefur lögreglan heimild til þess að lóga viðkomandi hundi í samræmi við ákvæði 6. kafla dýraverndunarlaga nr. 15/1994. Merktir hundar á flækingi skulu einnig teknir úr umferð. Ef eigendur vitja þeirra eigi innan eins sólarhrings og svara ekki til saka fyrir brot á samþykkt þessari, sé um slíkt að ræða hefur lögreglan heimild til þess að lóga hundi án frekari fyrirvara.

Hunda, sem ráðast á eða eru hættulegir mönnum og skepnum, er heimilt að fjarlægja þegar í stað. Heimilt er að lóga slíkum hundum þegar í stað.

Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skal það tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur, sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni. Heimilt er heilbrigðisnefnd gerist þess þörf að leita aðstoðar lögreglu til að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 341/1987 um hundahald í Búlandshreppi.

Umhverfisráðuneytið, 19. janúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 76 30. janúar 1995

AUGLÝSING

um skrá Hveragerðisbæjar skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmenn sem eru undanþegnir verkfalli sbr. ákvæði 19. gr. laga nr. 94/1986:
Launafulltrúi og atvinnumiðlun.
Forstöðumaður í áhaldahúsi.
Staðgengill forstöðumanns í áhaldahúsi.

Hveragerði, 30. janúar 1995.

Einar Mathiesen bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1995.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1995, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. mars 1995 með eindaga 1. maí 1995, verða sem hér segir:

1.	*Röntgenskoðunartæki.*		
	a)	Föst tæki - myndataka	kr. 12.500
	b)	Föst tæki - skyggning	kr. 17.500
	c)	Tölvusneiðmyndatæki	kr. 25.000
	d)	Aukalampar	kr. 3.500
	e)	Færanleg tæki - myndataka	kr. 10.000
	f)	Færanleg tæki - skyggning	kr. 13.000
	g)	Tannröntgentæki	kr. 7.500
	h)	Tannröntgentæki - aukatæki	kr. 3.750
	i)	Iðnaðarröntgentæki	kr. 11.000
	j)	Dýralækningaröntgentæki	kr. 11.000
2.	*Geislalækningatæki.*		kr. 17.500
3.	*Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar.*		kr. 15.000
4.	*Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað.*		kr. 8.000
5.	*Önnur geislatæki.*		
	a)	Nifteindatæki	kr. 30.000
	b)	Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1-4:	
		1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	kr. 8.000
		2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	kr. 4 .000
6.	*Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.*		
	a)	Filmumælingar, fyrir hverja filmu	kr. 400
	b)	TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	kr. 1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, *má* flokka annað tækið sem „aukatæki", enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins með stoð í 18. gr. laga nr. 117/1985 um geislavarnir, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. febrúar 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Nr. 78 24. janúar 1995

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabótaauka á árinu 1995.

1. gr.

Á árinu 1995 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1994 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1994. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilsfesti hér á landi á tekjuárinu 1994 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1995, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1995 til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1994. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1994 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 50% af greiddum barnabótaauka á árinu 1994. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin gjöld skv. 1.-7. tölul. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1995.

1. gr.

Á árinu 1995 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 9.234 kr. með fyrsta barni en 28.645 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 30.051 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 69.339 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 73.722 kr., en þó 30.051 kr. hærri sé það yngra en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslið 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
7. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1995 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember 1994 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1995.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 24. janúar 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Bragi Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið

1. að tvístefna verði á Tómasarhaga
2. að banna bifreiðastöður í Þingholtsstræti milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 24. janúar 1995.
Böðvar Bragason.

e.u.
Sturla Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 13 – 1995

9. febrúar 1995 185 Nr. 81

REGLUGERÐ

um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu.

1. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 600.
b. Lífeyrisþegar, börn sem njóta umönnunarbóta og önnur börn undir 16 ára aldri, kr. 200.

Gjald þetta rennur til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar, heilsugæsla í skólum og komur lífeyrisþega og barna með afsláttarskírteini, sbr. 7. gr.

2. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17.00 og 08.00 og á laugardögum og helgidögum, skal greiða sem hér segir:

a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
b. Lífeyrisþegar, börn sem njóta umönnunarbóta og börn undir 16 ára aldri, kr. 400.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma skal greitt samkvæmt 1. gr.

Gjald þetta rennur einnig til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Vitjanir.

3. gr.

Fyrir vitjun á dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.000.
b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 400.

Fyrir vitjun utan dagvinnutíma skal greiða sem hér segir:

a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 1.500.
b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 600.

Hafi læknir sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma skal greiða vitjanagjald dagvinnutíma.

Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis. Heimilt er að ákveða að lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta greiði sama

vitjanagjald og aðrir, en fái mismuninn endurgreiddan frá sjúkratryggingum, gegn framvísun kvittunar læknis.

Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir.

10% sjóður heilsugæslustöðva.

4. gr.

Af gjaldi sem rennur til heilsugæslustöðvar skv. 1. og 2. gr. og renna skal til reksturs stöðvarinnar skal leggja 10% í sérstakan sjóð, sem stjórn stöðvarinnar annast. Úr sjóðnum má stjórnin ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, viðhaldsmenntunar starfsmanna o.þ.h. Sjóðstjórn setur reglur um ráðstöfun fjárins, sem ráðherra staðfestir.

Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu.

5. gr.

Sjúkratryggingar taka þátt í kostnaði fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu hjá læknum með samning um slíka þjónustu við Tryggingastofnun ríkisins.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu hjá sérfræðingum með samning, sbr. 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, skulu vera sem hér segir, enda afhendi sjúkratryggður tilvísun eða beiðni, sbr. reglugerð um tilvísanir nr. 82/1995:

1. Fyrir hverja komu til sérfræðings, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 10. gr., skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
   a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu 1.200 kr. og til viðbótar 40% af umsömdu eða ákveðnu heildarverði við komuna sem umfram er.
   b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung af gjaldi samkvæmt a-lið.
2. Fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 10. gr. skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
   a. Sjúkratryggðir almennt, fyrstu 900 kr.
   b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung þ.e. 300 kr.
3. Fyrir hverja komu til röntgengreiningar skal greiða sem hér segir, sbr. þó 8. gr.:
   a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 900.
   b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, þriðjung þ.e. 300 kr.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

Hafi sjúkratryggður ekki tilvísun eða beiðni taka sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins hvorki þátt í kostnaði vegna komunnar né vegna rannsókna.

Sjúkratryggingar Tryggingastofnunar taka aldrei þátt í kostnaði vegna komu til sérfræðings sem ekki er með samning við stofunina. Hafi sjúkratryggður tilvísun taka sjúkratryggingar þó þátt í rannsóknakostnaði sem sérfræðingur án samnings biður um, enda hafi rannsóknalæknir sem framkvæmir rannsókn samning við Tryggingastofnun.

Þá skal sjúkratryggður greiða fyrir heimsókn til augnlækna skv. 1. tölulið þó svo að hann hafi ekki tilvísun og sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins taka þátt í kostnaði vegna komunnar, enda sé fullnægt skilyrði 1. málsgr. um að augnlæknirinn sé með samning við Tryggingastofnun.

Sérreglur fyrir atvinnulausa.

6. gr.

Einstaklingur sem verið hefur samfellt atvinnulaus í sex mánuði eða lengur skv. staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs á rétt á heilbrigðisþjónustu á sömu kjörum og lífeyrisþegar njóta. Staðfestingu Atvinnuleysistryggingasjóðs skal endurnýja á þriggja mánaða fresti.

Afsláttarskírteini.

7. gr.

Þegar sjúkratryggður einstaklingur hefur á sama almanaksári greitt hámarksfjárhæð skv. 2. málsgr. vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar hjá sérfræðingum með samning og samkvæmt tilvísun, heimsókna á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, og vegna rannsókna og röntgengreininga skv. beiðni hjá sérfræðingum með samning, skal hann eiga rétt á afsláttarskírteini.

Hámarksfjárhæðir á hverju almanaksári eru sem hér segir:

a. Fyrir sjúkratryggða almennt 16 - 67 ára kr. 12.000.
b. Fyrir börn undir 16 ára kr. 6.000. Börn undir 16 ára aldri með sama fjölskyldunúmer samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands teljast einn einstaklingur. Þegar hámarksfjárhæð fyrir börn er náð eiga forsjármenn þeirra rétt á afsláttarskírteini vegna barnanna.
c. Fyrir lífeyrisþega kr. 3.000.

Greiðslur fyrir meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans, sbr. 10. gr. veita ekki rétt til afsláttarskírteinis samkvæmt þessari grein. Sama gildir um greiðslu vottorða sbr. 9. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra með afsláttarskírteini.

8. gr.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 1. - 3. og 5. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum afsláttarskírteini skv. 7. gr., sem lækkar greiðslu vegna læknishjálpar o.fl. út almanaksárið enda sé öðrum skilyrðum fullnægt, þ. á m. um tilvísun eða beiðni til sérfræðinga og að sérfræðingur sé með samning við Tryggingastofnun. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið afsláttarskírteini samkvæmt þessari grein skal hann greiða sem hér segir fyrir læknisþjónustu það sem eftir er almanaksársins:

1. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma:
   a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 200.
   b. Lífeyrisþegar, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, ekkert.
2. Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma:
   a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 600.
   b. Lífeyrisþegar, börn með umönnunarbætur og börn yngri en 16 ára, kr. 200.
3. Fyrir vitjun á dagvinnutíma:
   a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 600.
   b. Lífeyrisþegar og börn með umönnunarbætur, kr. 200.
4. Fyrir vitjun utan dagvinnutíma:
   a. Sjúkratryggðir almennt, þar á meðal börn yngri en 16 ára, kr. 900.
   b. Lífeyrisþegar og börn með umönnunarbætur kr. 300.
5. Fyrir komu til sérfræðings skv. tilvísun, á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa:

a. Sjúkratryggðir, þriðjung af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 5. gr.
b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, 1/9 af gjaldi samkvæmt a-lið 1. tl. 5. gr.

6. Fyrir rannsóknir skv. beiðni:
   a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
   b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.
7. Fyrir röntgengreiningu skv. beiðni:
   a. Sjúkratryggðir almennt, kr. 300.
   b. Lífeyrisþegar og börn sem njóta umönnunarbóta, kr. 100.

Heimilt er að ákveða að afsláttarskírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fái síðan mismuninn endurgreiddar gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

Greiðslur samkvæmt 1. og 2. tölul. 2. málsgr. renna til heilsugæslustöðva, sbr. og 1. og 2. gr. Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir, sbr. og 3. gr.

Komi afsláttarskírteinishafi til sérfræðings án tilvísunar eða beiðni taka sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins ekki þátt í kostnaði vegna heimsóknarinnar nema um komu til augnlæknis sé að ræða, sbr. lokamálsgr. 5. gr. Afsláttarskírteinishafi sem kemur til augnlæknis án tilvísunar greiðir skv. 5. tölulið þessarar greinar.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir læknisvottorð vegna almannatrygginga og bóta félagslegrar aðstoðar.

9. gr.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
b. Kr. 300 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
c. Kr. 600 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna handarmeiðsla, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna utanfarar til lækninga, vegna vistunar sjúklings erlendis, vegna lýtalækninga, sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
d. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar á glasafrjóvgunardeild Landspítalans.

10. gr.

Fyrir fyrstu meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans skal hlutdeild hjóna eða sambýlisfólks í kostnaði vera samtals kr. 105.000. Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrjóvgunardeildinni.

Fyrir aðra, þriðju og fjórðu meðferð skal greiða kr. 60.000 fyrir hverja meðferð.

Fyrir meðferðir umfram fjórar skal greiða fullan kostnað, kr. 200.000.

Greiðslurnar skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar sé greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjóvgunardeild sem ekki tengjast glasafrjóvgunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsókn og rannsóknir væri að ræða, sbr. 5. gr.

Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.

11. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. i-lið 1. málsgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar kr. 2.400.

Greiðsla vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum.

12. gr.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 1.500 fyrir hverja komu. Lífeyrisþegar greiða þó kr. 500. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Íslands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

Sjúkratryggingar greiða án tilvísunar fyrir sérfræðimeðferð og rannsóknir sem nauðsynlegar kunna að vera í framhaldi af komu í krabbameinsleit (hópskoðanir).

Kynning.

13. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi rækilega efni þessarar reglugerðar. Tryggingastofnun skal m.a. auglýsa hvaða sérfræðingar hafa gert samning við stofnunina um að starfa fyrir sjúkratryggingar.

14. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 1. maí 1995. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um greiðsluhlutdeild sjúkratryggðra í lækniskostnaði nr. 14/1993 með síðari breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um tilvísanir.

1. gr.

Í samræmi við markmið um fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga miðar reglugerð þessi við að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslulækni eða heimilislækni.

2. gr.

Skilyrði þess að sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins greiði fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir er að sjúklingur afhendi sérfræðingi tilvísun eða beiðni og að hlutaðeigandi sérfræðingur starfi samkvæmt samningi við Tryggingastofnun ríkisins.

Með *tilvísun* er átt við eyðublað sem eingöngu heilsugæslulæknar og heimilislæknar gefa út og afhenda sjúklingi vegna meðferðar hjá sérfræðingi í læknisfræði.

Með *beiðni* er átt við blað sem heilsugæslulæknar, heimilislæknar eða sérfræðingar gefa út vegna rannsókna hjá röntgendeild eða -stofu eða rannsóknardeild eða -stofu.

3. gr.

Tilvísun samkvæmt 2. gr. geta eingöngu heilsugæslulæknar og heimilislæknar fyllt út og afhent sjúklingi, sbr. þó 9. gr.

Rísi ágreiningur milli heilsugæslulæknis eða heimilislæknis og sjúklings um þörf á tilvísun getur sjúklingur snúið sér til landlæknis sbr. 5. málsgr. 3. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 með síðari breytingum.

4. gr.

Tilvísun skal vera í þríriti og með þeirri áletrun sem fram kemur í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Tilvísanaeyðublöð skulu númeruð. Sá aðili sem Tryggingastofnun ríkisins felur að útbúa tilvísanaeyðublöð skal halda skrá yfir númer tilvísanaeyðublaða sem hver heilsugæslustöð og heimilislæknir fær. Tryggingastofnun ríkisins getur hvenær sem er óskað upplýsinga hjá þeim sem útbýr tilvísanaeyðublöðin um viðtakendur tiltekinna númera tilvísanaeyðublaða.

Á tilvísanaeyðublað skal prenta nafn þeirrar heilsugæslustöðvar sem heilsugæslulæknir sá sem gefur út tilvísun starfar hjá eða áritunina „Sjálfstætt starfandi heimilislæknir".

Kostnaður við gerð og prentun tilvísanaeyðublaða greiðist af heilsugæslustöð en sjúkratryggingar Tryggingastofnunar ríkisins greiða fyrir tilvísanaeyðublöð sjálfstætt starfandi heimilislækna.

5. gr.

Tilvísunarlæknir heldur eftir einu afriti tilvísunar en afhendir sjúklingi frumrit ásamt afriti.

6. gr.

Tilvísunarlæknir tilgreinir á tilvísun þá grein sérfræðilækninga sem sjúklingi er vísað til. Sjúklingur ákveður til hvaða sérfræðings innan viðkomandi greinar hann leitar.

7. gr.

Tilvísunarlæknir ákveður gildistíma tilvísunar. Gildistími skal þó aldrei vera lengri en átján mánuðir.

Gildistími miðast við dagsetningu tilvísunar.

Tilvísunarlæknir skal sérstaklega kynna fyrir sjúklingi og vekja athygli hans á hvenær gildistíma tilvísunar lýkur.

8. gr.

Sjúklingur afhendir sérfræðingi frumrit tilvísunar ásamt afriti í fyrsta viðtali.

Ef um langtíma meðferð er að ræða skal sérfræðingur með nægum fyrirvara vekja athygli sjúklings á hvenær gildistíma tilvísunar lýkur.

Á reikningi sérfræðings til sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins skal hann tilgreina númer tilvísunar, dagsetningu hennar, gildistíma og nafn tilvísunarlæknis, og heilsugæslustöðvar ef við á.

9. gr.

Nú telur sérfræðingur, sem sjúklingur leitar til samkvæmt tilvísun, nauðsynlegt að annar sérfræðingur skoði sjúkling og er honum þá heimilt að vísa sjúklingi einu sinni áfram til annars sérfræðings.

Í þeim tilvikum tekur sérfræðingur ljósrit af frumriti tilvísunar, áritar á frumritið vísun til annars sérfræðings og afhendir sjúklingi hið áritaða frumrit.

10. gr.

Sérfræðingur sem fær sjúkling til skoðunar fyrir milligöngu annars sérfræðings, sbr. 9. gr., skal á reikningi sínum til sjúkratrygginga Tryggingastofnunar ríkisins tilgreina númer tilvísunar, dagsetningu hennar, gildistíma, nafn tilvísunarlæknis, heilsugæslustöðvar ef við á, og nafn sérfræðings sem vísaði sjúklingi áfram.

11. gr.

Sérfræðingur skal á afriti tilvísunar senda heilsugæslulækni eða heimilislækni upplýsingar um sjúkdómsgreiningu og meðferð sjúklings. Komi sjúklingur til sérfræðings án tilvísunar heilsugæslulæknis eða heimilislæknis skal sérfræðingur senda heilsugæslulækni eða heimilislækni viðkomandi læknabréf. Komi sjúklingur til sérfræðings vegna milligöngu annars sérfræðings, sem sjúklingnum var vísað til samkvæmt tilvísun, skal síðari sérfræðingurinn senda læknabréf til heilsugæslulæknis eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin.

Sjúklingur getur krafist að sérfræðingur sendi ekki upplýsingar um sig til annarra lækna. Skiptir ekki máli í þessu sambandi hvort sjúklingur hefur komið til sérfræðings samkvæmt tilvísun eða ekki. Ef slík krafa kemur frá sjúklingi er sérfræðingi skylt að útskýra fyrir honum hugsanlegar afleiðingar þess að upplýsingum um rannsóknir og meðferð er ekki miðlað til heilsugæslulæknis eða heimilislæknis og ábyrgð sjúklingsins í því sambandi. Jafnframt skal hann geta þessa í sjúkraskrá sinni um sjúklinginn.

12. gr.

Tilvísanir skal gefa út eftir 20. febrúar 1995 vegna heimsókna til sérfræðinga. Frá og með 1. maí 1995 greiða sjúkratryggingar Tryggingastofnunar eingöngu reikninga frá sérfræðingum sem starfa samkvæmt samningi við stofnunina og sem tilgreina númer tilvísunar, dagsetningu hennar, gildistíma, nafn tilvísunarlæknis, heilsugæslustöðvar ef við á, og nafn sérfræðings sem vísaði sjúklingi áfram, sé um það að ræða.

13. gr.

Nefnd sem ráðherra skipar skal fylgjast með faglegri framkvæmd tilvísanakerfisins. Nefndin skal gefa ráðherra áfangaskýrslu um reynslu af því 1. febrúar 1996 og síðan lokaskýrslu eigi síðar en 1. febrúar 1997. Í framhaldi þeirrar skýrslu skal reglugerð þessi endurskoðuð í ljósi fenginnar reynslu.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í b-lið 1. málsgr. 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða

Sérfræðingar sem eru með sjúklinga í langtíma meðferð er reglugerð þessi öðlast gildi skulu með nægum fyrirvara gera sjúklingum sínum grein fyrir þeim breytingum á greiðslureglum sjúkratrygginga sem öðlast gildi 1. maí 1995 og því að tilvísun sé m.a. nauðsynleg fyrir áframhaldandi meðferð eigi sjúkratryggingar að taka þátt í kostnaði. Jafnframt skulu þeir rita heilsugæslulækni eða heimilislækni sjúklings, gera grein fyrir meðferð og gera tillögu um útgáfu tilvísunar óski sjúklingur eftir því.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 9. febrúar 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

Útgefandi (heimilislæknir, heilsugæslulæknir)

TILVÍSUN
Dagsetning tilvísunar

NR.
Gildistími (fjöldi mánaða í bókstöfum)

Sjúklingur (nafn, kennitala, heimili)

Viðtakandi (sérfræðingur/sérgrein)

Ástæða tilvísunar
☐ Samráð sjúklings og tilvísunarlæknis ☐ Að beiðni sjúklings ☐ Framhaldsmeðferð

Saga

Skoðun

Mat

Lyf

Svar

SÝNISHORN

Annar sérfræðingur (sem sjúklingi er vísað til)

Tilmæli til sérfræðings

Stimpill/blokkskrift og undirskrift sérfræðings

Dags. Undirskrift

Stimpill/blokkskrift og undirskrift útgefanda

Dags. Undirskrift

Tilvísunareyðublaðið er í þríriti. Frumrit er eintak sérfræðings, fremia afrit er fyrir svar sérfræðings, en aftara afrit heldur útgefandi.

TR 206 Litlaprent

STJÓRNARTÍÐINDI B 14 – 1995

Nr. 83 194 13. febrúar 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990.

1. gr.

Orðin „og keppenda“ í 2. mgr. 6. gr. falla brott.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Skrá skal sérstaklega í ökutækjaskrá, svo og í skráningarskírteini, ef ökutæki skal nota í rallkeppni.

Fyrir hverja keppni skal ökutæki sem skráð er skv. 1. mgr. skoðað af þar til kvöddum eftirlitsmönnum L.Í.A.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Stjórnartíðindi B 14, nr. 83. Útgáfudagur 13. febrúar 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 1995

13. febrúar 1995 195 Nr. 84

REGLUR

um útivistartíma barna og unglinga á Akureyri.

1. gr.

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Unglingar, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 22, nema þeir séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna og unglinga samkvæmt 1. og 2. gr. um tvær klukkustundir.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal unglingum á aldrinum 13 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri til kl. 24 á föstudags- og laugardagskvöldum. Þessi undantekningarregla skal túlkuð þannig að unglingur fái framangreinda heimild frá og með 1. janúar árið sem hann verður 14 ára.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 57. gr. laga nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar 10. janúar 1995.

Félagsmálaráðuneytið, 13. febrúar 1995.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Guðjón Bjarnason.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 84. Útgáfudagur 14. febrúar 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1995

Nr. 85 196 2. febrúar 1995

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Svalbarðsstrandarhrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Svalbarðsstrandarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Svalbarðsstrandarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

Gutenberg

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 23. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi einu sinni í mánuði, þriðja mánudag hvers mánaðar eða samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri og oddviti semja dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda ráða og stjórna á vegum hreppsins ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 51. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá ef einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerða síðasta hreppsnefndarfundar. Senda skal dagskrá ásamt meðfylgjandi gögnum til hreppsnefndarmanna a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

16. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

17. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafn mörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

18. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

19. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

21. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er

varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

22. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef allir viðstaddir hreppsnefndarmenn samþykkja slíkt afbrigði.

23. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

24. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn birgslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

25. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

26. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

27. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

28. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá heppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar ef þess er óskað.

29. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 17. gr. þessarar samþykktar.

30. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 19. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra að jafnaði skriflega a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

32. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

33. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 32. gr. samþykktar þessarar.

34. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmaður, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, skal skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

35. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

38. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

41. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

42. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

43. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

44. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

45. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skulu gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

46. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

47. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

48. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

49. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

50. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

51. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd, til endanlegrar afgreiðslu.

52. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd Akureyrar.* Einn aðalmaður og einn til vara (í samvinnu við Grýtubakkahrepp), skv. 7. og 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Landbúnaðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Landbúnaðarnefnd fer með stjórn búfjáreftirlits, fjallskila og tilnefnir tvo búfjáreftirlitsmenn skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991 og skipar fjallskilastjóra skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.
3. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer með stjórn og rekstur heimilisþjónustu, framfærslumál og öldrunarmál. Áfengisvarnarmál skv. lögum nr. 82/1969 og barnaverndarmál skv. lögum nr. 58/1992.
4. *Heilbrigðisnefnd Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og annar til vara (í samvinnu við Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkahrepp og Hálshrepp) skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skóla- og leikskólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og skv. 9. gr. laga nr. 78/1994 um leikskóla.
7. *Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og einn til vara (í samvinnu við Grýtubakkahrepp) skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
8. *Svæðisbyggingarnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 6. gr. byggingalaga nr. 54/1978.
9. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir fulltrúar og tveir til vara.

10. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og einn til vara.
11. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara (í samvinnu við Grýtubakkahrepp og Hálshrepp) skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.
12. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar.* Einn fulltrúi og einn til vara.
13. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn.
14. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

53. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

54. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

55. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá í samráði við oddvita og boðar til funda sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

56. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum, en þó getur hreppsnefnd falið nefndum að ráða forstöðumenn þeirra stofnanna sem heyra undir málaflokk þeirra. Hreppsnefnd getur á sama hátt falið forstöðumanni stofnunar að ráða starfslið hennar, svo fremi að heimild sé til þess í fjárhagsáætlun hreppsins. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

57. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

58. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur hverju sinni. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 2. febrúar 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

30. janúar 1995 Nr. 86

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 53 27. febrúar 1976 um mannflutninga í loftförum, sbr. rg. nr. 293/1979, 443/1979, 251/1984 og 33/1993 um breytingar á henni.

1. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Lofthæfisskírteini eða flughandbók loftfars segir til um hvort tóbaksreykingar eru leyfðar í loftfarinu. Reykingar má aðeins leyfa í stjórnklefa og farþegaklefa, en ekki á salernum eða öðrum afmörkuðum hlutum loftfarsins.

Óheimilt er að reykja í atvinnuflugi með farþega á íslenskum innanlandsflugleiðum. Frá og með 26. mars 1995 er óheimilt að reykja í öllu atvinnuflugi með farþega milli Íslands og annarra ríkja.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 186. og 188. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 og gildir um íslensk og erlend loftför sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, hvar sem þau eru stödd, staðfestist hér með til að öðlast gildi 26. mars 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 30. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

ERINDISBRÉF

fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu.

1. gr.

Erindisbréf þetta tekur til eftirlitsmanna Fiskistofu, sem ráðnir eru til þess að fylgjast með fiskveiðum í fiskveiðilandhelginni og til að sinna eftirliti í landi með veiðarfærum og búnaði skipa. Einnig skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun, meðferð og vinnslu afla, sem og útflutningi afla og afurða.

2. gr.

Eftirlitsmenn hafa skyldur og njóta réttinda, sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

Fiskistofa ákveður vinnutilhögun eftirlitsmanna með hliðsjón af gildandi kjarasamningum.

Eftirlitsmönnum er skylt að rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

3. gr.

Eftirlitsmenn lúta yfirstjórn Fiskistofu, en forstöðumaður veiðieftirlits stýrir eftirlitsdeild og er yfirboðari eftirlitsmanna. Sér hann um daglega stjórn eftirlitsins að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í erindisbréfi þessu.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu kynna sér rækilega lög og reglugerðir svo og aðrar reglur svo sem ákvæði leyfisbréfa, sem gilda um hvers kyns veiðar og veiðarfæri í fiskveiðilandhelginni. Þeim er skylt að haga störfum sínum í samræmi við ákvæði slíkra fyrirmæla, ákvarðanir yfirmanna eftirlitsins og skriflegar starfslýsingar sem til eru á hverjum tíma.

5. gr.

Skipstjórum fiskiskipa er skylt að taka eftirlitsmenn með í veiðiferð sé þess óskað. Einnig er skipstjórum skylt að veita eftirlitsmönnum alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

6. gr.

Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með fiskveiðum og veiðarfærum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar og hafa eftirlit með því að þeim reglum sé fylgt sem um veiðarnar gilda.

Hvenær sem eftirlitsmenn Fiskistofu telja að veiðar skipa geti talist skaðlegar nytjastofnum, m.a. vegna mikils magns af smáfiski í afla, skulu þeir þegar tilkynna það Hafrannsóknarstofnuninni, eða þeim aðila, sem forstjóri stofnunarinnar hefur tilnefnt í þessu skyni.

Sé nauðsynlegt að banna veiðar af fyrrnefndum ástæðum skulu eftirlitsmenn gera tillögur um stærð svæðis eða svæða sem banna þarf veiðar á.

Verði eftirlitsmenn þess varir að afla sé kastað fyrir borð skulu þeir áætla og skrá eins nákvæmlega og við verður komið magn einstakra tegunda.

7. gr.

Eftirlitsmenn skulu eftir því sem við verður komið og í samráði við Hafrannsóknastofnunina annast almenna sýnatöku á fiski, skrá kyn hans, lengd, kynþroska, o.s.frv. Einnig skulu þeir gera aðrar þær athuganir fyrir Hafrannsóknastofnunina sem við verður komið.

8. gr.

Eftirlitsmenn skulu fylgjast með að afli sé veginn af löggiltum vigtarmönnum á löggiltum vogum eins og lög og reglur mæla fyrir um, að fisktegundum sé haldið aðgreindum og að landað magn hverrar tegundar sé rétt tilgreint í aflaskýrslukerfi Fiskistofu. Þeir skulu einnig fylgjast með því að afli einstakra fiskiskipa fari ekki fram úr aflaheimildum skipanna.

Jafnframt skulu eftirlitsmenn, eftir nánari fyrirmælum, safna upplýsingum um hreinlæti, hollustuhætti og innra eftirlit vinnsluleyfishafa.

9. gr.

Að lokinni hverri eftirlitsferð skulu eftirlitsmenn gefa yfirmanni skýrslu um ferðina. Sérstaka skýrslu skal gefa um meint brot.

Ennfremur skulu eftirlitsmenn halda dagbók sem Fiskistofa leggur til. Í dagbók skal tekið fram í hvaða skipum og/eða verstöðvum eftirlit fór fram og hvenær. Jafnframt skal tilgreina gististaði eftirlitsmanna, farartæki og annað er yfirmenn eftirlitsins óska eftir og sem að gagni má koma við daglegan rekstur eftirlitsins.

Skila skal dagbók eftir hvern mánuð eða oftar eftir ákvörðun yfirmanns.

10. gr.

Eftirlitsmenn skulu leita álits og úrskurðar yfirmanns um atriði sem þeir eru í vafa um.

11. gr.

Verði eftirlitsmenn þess varir að brotið sé gegn ákvæðum laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og skyldra laga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, skulu þeir tilkynna yfirmanni það.

12. gr.

Eftirlitsmönnum er óheimilt að stunda nokkurn þann atvinnurekstur eða atvinnu sem lýtur að fiskveiðum, fiskverkun eða fiskverslun.

13. gr.

Eftirlitsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

14. gr.

Erindisbréf þetta er gefið út samkvæmt 8. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 17. gr. laga nr. 38, 15 maí 1990 um stjórn fiskveiða, með áorðnum breytingum, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf nr. 40, 24 janúar 1983, fyrir eftirlitsmenn sjávarútvegsráðuneytisins.

Sjávarútvegsráðuneytið, 2. febrúar 1995.

Þorsteinn Pálsson

Árni Kolbeinsson

Nr. 88 30. janúar 1995

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í þéttbýli á Eskifirði.

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til að halda hund í Eskifjarðarkaupstað, sbr. c liðar 2. gr. samþykktar nr. 685/1994 um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað, skal verða kr. 8.000 á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundi, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 685/1994 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Innifalið í skráningargjaldinu er skráning og ábyrgðartrygging á hundinum auk bandormahreinsunar einu sinni á ári.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt í bæjarráði Eskifjarðar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 30. janúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps.

1. gr.

Byggðarmerki Vopnafjarðarhrepps skal vera blár skjöldur (Pantone 294c) með hvítum dreka. Útlínur drekans eru bláar og að baki hans er hvítur hringur sem er tákn sólar. Blái liturinn er annars vegar tákn sjávar og hins vegar tákn himins. Hvít rönd skilur að himin og haf. Drekinn er tengdur frásögn Heimskringlu um landvætti.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd, til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Jafnframt skal kjörstjórn stýra kosningum til sveitarstjórnar.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
2. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd fer með málefni áfengisvarnarnefndar og verkefni húsnæðisnefndar.
3. *Skólanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla. Jafnframt fer nefndin með málefni leikskóla.
4. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
5. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraða.
6. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
7. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976
8. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi í nefndina og einn til vara skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
9. *Barnaverndarnefnd.* Einn fulltrúi í nefndina og einn til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. (Sameiginlega barnaverndarnefnd fyrir vesturhluta Rangárvallsýslu.)
10. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976.
11. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verkefni nefndarinnar er að vera hreppsnefnd ráðgefandi varðandi atvinnumál í hreppnum.

12. *Umhverfisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Verkefni nefndarinnar er að vera hreppsnefnd ráðgefandi varðandi umhverfismál, fegrunarmál, skipulagningu opinna svæða, vinnuskóla o.fl. sem varðar þennan málaflokk.

C. Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

57. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

58. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Djúpárhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. mars 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Akraneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 279/1988, sbr. samþykkt nr. 448/1990.

1. gr.

58. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Þrír aðalfulltúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Einn áheyrnarfulltrúi og einn til vara.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.

B. Til fjögurra ára á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar:

1. *Hafnarstjórn.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994 og reglugerð fyrir Akraneshöfn.
2. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um almannavarnir nr. 94/1962, sbr. lög nr. 85/1985.
3. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis í atvinnumálum sérstaklega er varðar nýjar atvinnugreinar. Atvinnumálanefnd tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórnarnefnd vinnumiðlunar sbr. lög nr. 18/1985. Hlutverk vinnumiðlunar er að hafa umsjón með starfi vinnumiðlunar og vera vettvangur samráðs og skoðanaskipta milli sveitarstjórnar og aðila vinnumarkaðarins. Þá skal nefndin, eftir því sem tilefni gefast til, gera tillögur til sveitarstjórnar og annarra opinberra aðila um aðgerðir til styrktar eða eflingar atvinnulífi í sveitarfélaginu. Atvinnumálanefnd fer með stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Akraneskaupstaðar sbr. reglugerð þar að lútandi.
4. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fjallar um framfærslumál, um barnavernd sbr. lög um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992, heimilishjálp, þjónustu við aldraða og almenna félagslega þjónustu, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð fjallar um jafnréttismál sbr. lög nr. 28/1991. Félagsmálaráð skal ennfremur fara með verkefni framtalsnefndar og áfengisvarnarnefndar. Félagsmálaráð skipar þjónustuhóp aldraðra í samráði við hreppsnefndir sunnan Skarðsheiðar og fer þjónustuhópurinn með verkefni öldrunarnefndar sbr. ákvæði laga um málefni aldraðra.
5. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. byggingarlögum nr. 54/1978 og byggingarreglugerð frá júlí 1992. Byggingarnefnd fer einnig með skipulagsmál samkvæmt skipulagslögum og er bæjarstjórn til ráðgjafar um skipulagsmál. Nefndin annast húsfriðunarmál og er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun húsa. Að auki er nefndin bæjarstjórn til ráðuneytis í umferðarmálum og skal gera tillögur um bættar samgöngur innan bæjarins

og um aukið öryggi fyrir vegfarendur. Byggingarnefnd skal fjalla um ferlimál fatlaðra og stuðla að bættu aðgengi fatlaðra að byggingum og öðrum mannvirkjum.

6. *Umhverfis- og heilbrigðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Nefndin er bæjarstjórn einnig til ráðuneytis í umhverfismálum og tekur starfssvið nefndarinnar m.a. til náttúruverndar og varna gegn hvers kyns mengun, sbr. lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Nefndin fer með málefni sem snerta gróðurvernd sbr. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965. Ennfremur skal nefndin annast veitingu viðurkenninga til einstaklinga og fyrirtækja fyrir snyrtilegt umvherfi. Nefndin kalli til ráðuneytis fulltrúa þeirra samtaka sem láta sig umhverfismál varða þegar veittar eru viðurkenningar.
7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnakosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
8. *Undirkjörstjórnir.* Þrír aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmargir til vara.
9. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla.
10. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samningi sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi um rekstur skólans dags. í janúar 1987.
11. *Skólanefnd Tónlistarskóla Akraness.* Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara skv. skipulagsskrá fyrir skólann frá september 1989.
12. *Stjórn Sjúkrahúss og Heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin er skipuð skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu.
13. *Íþrótta- og æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Íþrótta- og æskulýðsnefnd vinnur að menningarmálum æskunnar í samvinnu við skóla, bæjaryfirvöld, æskulýðs- og íþróttafélög. Nefndin fjallar um rekstur mannvirkja sem notuð eru til íþrótta- og æskulýðsstarfsemi, svo og um rekstur vinnuskóla fyrir unglinga, skólagarða og leikvelli. Nefndin annast undirbúning hátíðarhalda á 17. júní og annarra samkoma samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Íþrótta- og æskulýðsnefnd tilnefnir f.h. bæjarstjórnar tvo fulltrúa úr sínum hópi í sundlaugarnefnd, sem skipuð er fimm mönnum, en þrír kjörnir af eftirtöldum aðilum, einn frá hverjum: Skipstjórafélaginu, sjómannafélögum og stjórn Minningasjóðs Bjarna Ólafssonar. Varamenn skulu kjörnir á sama hátt.
14. *Menningarmála- og safnanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vinna að málefnum safna og menningarstofnana á Akranesi. Hún skal stuðla að framgangi hvers kyns menningarstarfsemi í samstarfi við félagasamtök og hópa sem starfa að menningarmálum. Nefndin fer auk þess með eftirfarandi verkefni:
    - Stjórn héraðsbókasafns og héraðsskjalasafns Akraness, en héraðsnefnd Borgarfjarðarsýslu skipar einn fulltrúa fyrir hreppa sunnan Skarðsheiðar til að fjalla um málefni héraðsbókasafnins. Starfað skal skv. lögum nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og lögum nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands.
    - Stjórn Menningarsjóðs skv. skipulagsskrá.
    - Stjórn Byggðasafns Akraness og nærsveita skv. reglugerð um safnið frá 20. mars 1986.
    - Stjórn Bíóhallar skv. skipulagsskrá frá 1986.

15. *Stjórn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. reglugerð sjóðsins frá 23. júlí 1979.
16. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara.
17. *Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum SSV.
18. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 68/1994 um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.
19. *Hafnarstjórn Grundartangahafnar.* Tveir aðalmenn og jafmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn nr. 214/1980.
20. *Fulltrúaráð Grundartangahafnar.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Grundartangahöfn.
21. *Stjórn dvalarheimilisins Höfða.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. skipulagsskrá frá júní 1974.
22. *Húsnæðisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995.
23. *Stjórn Rafveitu Akraness.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. reglugerð um Rafveitu Akraness.
24. *Vatnsveitunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991.
25. *Stjórn Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.* Fjórir aðalmenn og jafnmargir til vara. Einn endurskoðandi og einn til vara skv. samningi eignaraðila HAB.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 17. mars 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 184 17. mars 1995

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 og samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 skulu hækka frá 1. mars 1995 að telja um 4,8% frá því sem þær voru í febrúar 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. mars 1995.

Sighvatur Björgvinsson.

Páll Sigurðsson.

REGLUR

um vistarverur áhafna fiskiskipa, öryggi og aðbúnað í vinnu- og vinnslurýmum.

Efnisyfirlit

1. Almenn ákvæði
1.1. Skilgreiningar
1.2. Gildissvið
1.3. Teikningar
1.4. Geymsla varnings

2. Vistarverur
2.1. Almennt
2.2. Viðhald og hreingerningar
2.3. Gerð vistarvera
2.4. Hurðir og brunavörn
2.5. Meindýr
2.6. Gangar og útgönguleiðir
2.7. Merkingar
2.8. Einangrun

3. Lýsing
3.1. Almennt
3.2. Neyðarlýsing

4. Loftræsting
4.1. Almennt
4.2. Loftræsting við eðlilegan súg
4.3. Vélræn loftræsting
4.4. Loftkæling

5. Upphitun
5.1. Almennt

6. Fyrirkomulag vistarvera
6.1. Fjöldi manna í klefum
6.2. Stærð svefnklefa
6.3. Hvílur
6.4. Innréttingar og annar búnaður
6.5. Borðsalir
6.6. Eldhús og matargeymslur
6.7. Salerni og snyrting
6.8. Sjúkraklefar

7. Vinnslurými vinnsluskipa
7.1. Almennt
7.2. Snyrting og salerni
7.3. Lestar
7.4. Lyftur

8. Tóbaksreykingar
8.1. Almennt

9. Undanþágur, refsingar o.fl.
9.1. Almennt
9.2. Gildistaka

1. Almenn ákvæði

1.1. *Skilgreiningar.*

1.1.1 Skilgreiningar á orðum sem notuð eru í reglunum:

Fiskiskip: Skip, sem notað er til að veiða fisk, hval, sel, rostung eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins, þ.m.t. hafrannsóknaskip.

Yfirmenn: Skipstjóri, yfirstýrimaður, undirstýrimaður, yfirvélstjóri, undirvélstjóri og loftskeytamaður.

Undirmenn: Skipverjar aðrir en yfirmenn.

Stærð skips: Lengd (L) skal vera 96% af mestu lengd í vatnslínu við 85% af minnstu dýpt, mældri frá kjöllínu, eða lengdin frá fremri brún á stefni í miðju stýrisáss, í sömu vatnslínu ef sú lengd er lengri.

Viðurkenning: Viðurkenning Siglingamálastofnunar ríkisins.

Vistarverur: Til vistarvera teljast svefnklefar, matsalir, setustofur, eldhús, aðgerðaklefar, sjúkraklefar, stigar og gangar í og að vistarverum, þ.m.t. neyðarútgangar, baðklefar, salerni og stakkageymslur.

Vinnslurými: Öll lokuð rými sem notuð eru til að verka, vinna og frysta fiskafurðir eða aðrar lífrænar auðlindir hafsins.

Nýtt skip: Skip, sem hafin er smíði á eftir gildistöku þessara reglna.

Gamalt skip: Skip sem er ekki nýtt.

1.2. *Gildissvið.*

1.2.1 Reglurnar gilda fyrir öll ný fiskiskip 20 m og lengri, eftir því sem getið er um í einstökum greinum. Á fiskiskipum styttri en 20 m skulu reglurnar gilda, að svo miklu leyti, sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til baga. Einnig gilda reglurnar fyrir gömul fiskiskip, sem keypt eru til landsins eftir gildistöku reglnanna eftir því sem hönnun þeirra leyfir.

1.2.2 Reglurnar gilda fyrir gömul fiskiskip þar sem vistarverum er breytt eða þær endurbyggðar, eftir því sem við verður komið.

1.2.3 Reglurnar gilda fyrir öll vinnslurými, sem sett eru upp eftir gildistöku reglnanna.

1.2.4 Siglingamálastofnun getur krafist breytinga eða lagfæringa á vistarverum og vinnslurými, komi í ljós, að þau uppfylla ekki kröfur þessara reglna, þannig að öryggi manna

sé stefnt í hættu eða ástandið sé heilsuspillandi. Siglingamálastofnun getur leitað sérfræðiálits, ef ástæða þykir til, s.s. Fiskistofu um rými sem hana varðar.

1.3. *Teikningar.*

1.3.1 Fyrir öll ný fiskiskip og gömul skip, sem þessar reglur ná til, skal leggja inn til samþykktar hjá Siglingamálastofnun ríkisins eftirtaldar teikningar:
- Aðalfyrirkomulag, hliðarmynd og þilför.
- Fyrirkomulag vistarvera og vinnslurýma í a.m.k. mælikvarðanum 1:25. Teikningin skal sýna stærð rýma, ganga, útgönguleiða og breidd þeirra svo og neyðarútganga og nauðsynlegar sniðteikningar. Stærð rýma, skv. gr. 6.2, skal svo færa inn á teikninguna.
- Teikning af loftræstikerfi ásamt tæknilegum upplýsingum, þar sem tilgreind eru loftskipti, kæli- og hitageta og rakastýring.
- Teikning af rafkerfi, sem sýnir lagnir og staðsetningu ljósa, rofa, neyðarlýsingu ásamt efnislista rafbúnaðar.
- Teikning af brunaviðvörunarkerfi, sem sýnir staðsetningu skynjara, handboða, viðvörunarhljóðgjafa ásamt efnislista.
- Teikning af hitakerfi ásamt efnislista, hitagetu/afköst.
- Teikning af vatns- og frárennslislögnum ásamt efnislista.

Allar framangreindar teikningar skulu berast Siglingamálastofnun í þremur eintökum það tímanlega, að athugun á þeim geti farið fram áður en verklegar framkvæmdir hefjast.

1.3.2 Ef kvörtun eða kæra berst til Siglingamálastofnunar ríkisins um að vistarverum eða vinnslurými sé áfátt, skal stofnunin gera viðeigandi ráðstafanir.

1.4. *Geymsla varnings.*

1.4.1 Í svefnklefum, setustofum, matsölum, sjúkra- og aðgerðaklefum má ekki geyma eitruð, eldfim eða lyktandi efni.

1.4.2 Í svefnklefum og sérklefum skipverja má ekki koma fyrir vörum eða vistum, sem eru ekki í eigu skipverja. Þó er heimilt að hafa sérstakt rými undir skipsbúnað, sem er tengt vistarverum, valdi það ekki óþægindum í vistarverunum, þó ekki efni, sem eru talin upp í 1.4.1.

2. Vistarverur

2.1. *Almennt.*

2.1.1 Vistarverum og aðgangi að þeim skal þannig fyrir komið að tryggð sé vörn gegn sjó og veðri jafnframt skal einangrun vera næg til að halda megi jöfnu hita- og rakstigi. Vistarverur skulu þannig staðsettar, að ekki verði í þeim óþægilegur hávaði og að ekki berist í þær reykur eða gufur frá öðrum rýmum eða tækjum.

2.1.2 Vistarverur mega aldrei vera fyrir framan stafnþil eða lóðlínu ofan þess. Ekki skulu vera op inn í svefnklefa og matsali frá lest, vélarúmi, sameiginlegu salerni, þvotta- og baðklefum, þurrklefum eða geymslum fyrir vistir. Ef frá sama gangi er gengið inn í svefnklefa og vélarúm, skal hurðin í dyrunum að vélarúminu vera úr stáli eða öðru óbrennanlegu efni. Dyrnar skulu vera sjálflokandi.

2.1.3 Á skipum skal vera hæfilega stórt og vel loftræst rými utan íbúða, en innangengt frá þeim til að geyma og þurrka vinnufatnað.
Á milli vistarvera og fiskvinnslurýmis skal vera rými, til að geyma og þurrka vinnufatnað þeirra starfsmanna, sem þar vinna. Heimilt er, að þetta rými sé sameiginlegt stakkageymslu.

2.2. *Viðhald og hreingerningar.*

2.2.1 Vistarverum og búnaði skal halda vel hreinum og í góðu ástandi. Siglingamálastofnun getur mælst til, að hreingert verði telji hún það nauðsynlegt.

2.2.2 Þiljur, loft og búnaður vistarvera skal vera málaður eða gerður úr efni sem auðvelt er að halda hreinu.

2.2.3 Á innfluttum skipum, sem eru ekki nýsmíði, skal hreingera allar vistarverur og vinnslurými áður en skipið er tekið í notkun.

2.3. *Gerð vistarvera.*

2.3.1 Útveggir vistarvera, svo og þil milli svefnklefa og sameiginlegra salerna, þvottaklefa, vélarúms, lestarrýma, vistargeymslna og þurrkherbergja, skulu gerðir úr stáli eða öðru hentugu efni og vera vatnsheld.

2.3.2 Stálþilfar og stálþil í vistarverum, sem jafnframt mynda þak eða hlið í olíugeymi, skulu klædd a.m.k. 0,04 m óbrennanlegu efni. Í vistarverum mega ekki vera mannop eða önnur op inn í olíugeyma.

2.3.3 Afgasrör, rör fyrir keðjur svo og önnur rör, sem liggja í eða um vistarverur skulu vera af viðurkenndri gerð, eftir því sem við á. Rörin skal einangra eftir því sem við á.

2.3.4 Gólf í vistarverum skulu vera úr heppilegu efni og vera með yfirborð, sem er rakaþétt og sem auðvelt er að halda hreinu. Skil milli gólfs og veggja skulu vera þannig, að ekki myndist þar rifur, sem óhreinindi geta safnast í. Gólf í salernum, snyrtiklefum, eldhúsum og matvælageymslum skulu vera flísalögð eða úr sambærilegu, rakaþéttu efni og skal gólfefnið ná a.m.k. 0,10 m upp á vegg rýmisins. Samskeyti veggs og gólfefnis skulu vera vatnsheld og þola vatnsaustur svo og þau efni, sem notuð eru við hreinsun, eftir því sem við á. Sérstök frárennsli skulu vera frá gólfum salerna, snyrtiklefa eldhúsa og matvælageymslna, svo og hæfileg frárennsli frá öðrum vistarverum.

2.4. *Hurðir og brunavörn.*

2.4.1 Allar hurðir í dyrum að vistarverum og vinnslusvæðum skulu vera af viðurkenndri gerð, eftir því sem við á, og vera eldtraustar í samræmi við skilrúmin, sem dyrnar eru á. Dyrum að svefnklefum skal vera hægt að læsa.

2.4.2 Veggir, þil og hurðir vistarvera skulu, gerð úr eldþolnu efni, í samræmi við töflur 1 og 2 í 7. reglu V. kafla Torremolinos um byggingatæknilega brunavörn.

2.5. *Meindýr.*

2.5.1 Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að meindýr og skordýr komist ekki inn í vistarverur.

2.6. *Gangar og útgönguleiðir.*

2.6.1 Gangar, sem liggja um vistarverum, skulu vera a.m.k. 0,90 m breiðir, mælt milli þilja. Heimilt er að staðsetja skápa fyrir slökkvibúnað, stokka fyrir lagnir og miðstöðvar á gangi. Þó má gangur aldrei verða þrengri en 0,60 m. Heimilt er að hafa 0,60 m breið innskot, sem að jafnaði eru ekki notuð nema af tveimur mönnum. Enginn búnaður skal vera á þilum og innskotið ekki lengra en einn metri og enginn búnaður nær innskotum en 0,60 m. Gangur eða hluti gangs, þaðan sem aðeins einn neyðarútgangur er, skal ekki vera lengri en 7 m. Allir gangar og stigar skulu búnir handriðum eða handföngum. Handrið og handföng skulu, eftir því sem við verður komið, vera til beggja handa.

2.6.2 Á öllum þilförum, þar sem vistarverur og vinnu- eða vinnslurými eru, skulu vera a.m.k. tveir útgangar, staðsettir svo langt frá hvor öðrum sem unnt er og teljast þeir jafnframt vera neyðarútgangar. Annar útgangurinn má vera venjuleg útgönguleið, en hinn neyðarútgangur út í gegnum dyr eða lúgu, sem hefur ekki minna op en 0,60 x 0,60 m.

2.6.3 Þar sem ekki er unnt að hafa lúgu eða dyr, er heimilt að neyðarútgangur sé út í gegnum kýrauga eða glugga, enda sé minnsta þvermál opsins ekki minna en 0,45 x 0,60 m eða 0,60 m í þvermál.

2.6.4 Í og við neyðarútganga, skal setja nauðsynleg þrep, handrið og handföng til að auðvelda notkun þeirra. Óheimilt er að setja hespur eða hengilása fyrir dyr eða lúgur sem eru hluti neyðarútganga.

2.6.5 Dyr, lúgur, gluggar eða kýraugu, sem eru hluti af neyðarútgangi, skal vera hægt að opna innan frá, án þess að nota lykla eða verkfæri. Utan frá skal vera hægt að opna fyrrnefndar dyr og lúgur, þó er heimilt að geyma handföng eða sambærilegan búnað á aðgengilegum stað, t.d. í brú.

2.6.6 Ef aðgangur að neyðarútgangi er í gegnum annað rými, t.d. klefa eða stýrisvélarúm, skal ekki vera hægt að læsa dyrunum að þeim nema í dyrunum sé neyðarspjald eða sambærilegur búnaður.

2.6.7 Neyðarútgöngum skal þannig fyrir komið, að eldur á einu þilfari hindri ekki útgöngu frá öðrum.

2.6.8 Tvær útgönguleiðir skulu vera frá fjarskiptaklefa, sem hefur ekki beinan útgang út á opið þilfar.

2.7. *Merkingar.*

2.7.1 Á göngum, og þar sem gangar mætast, skulu vera viðurkennd merki, sem vísa stystu útgönguleið út úr rýminu. Hurðir á útgönguleiðum skulu vera merktar, eftir því sem við á, „útgangur" og „neyðarútgangur". Merkin skulu vera í 1,50 til 1,80 m hæð frá gólfi og af viðurkenndri gerð.

2.7.2 Við innganga í allar vistarverur skulu vera merki, sem segja til um til hvers klefi eða rými er notað. Svefnklefar skulu merktir og hvílur tölusettar.

2.7.3 Þar sem tóbaksreykingar eru óheimilar skal gefa það til kynna með merkingum.

2.8. *Einangrun.*

2.8.1 Síður, útþil og þilför vistarvera allra skipa skulu vera hæfilega einangruð með viðurkenndu efni, eftir því sem við á. Einangrun vistarvera skal ekki vera minni en sem svarar einangrunarstuðlinum K-0,75. Einangrunin skal vera vel frágengin og fest, þannig að ekki myndist slagi.

2.8.2 Í tréskipum skal gæta þess, að næg loftræsting sé milli banda, klæðningar og bita. Þil milli vistarvera og vélarúms eða lesta skulu vera hæfilega einangruð. Allar hitalagnir, sem liggja í gegnum vistarverur, skal verja og einangra tryggilega.

2.8.3 Gera skal ráðstafanir til að draga úr hávaða í vistarverum og á vinnusvæðum, í samræmi við reglur M3 um hávaðamörk í íslenskum skipum, sjá Stjórnartíðindi B, nr. 179/1985.

3. Lýsing

3.1. *Almennt.*

3.1.1 Lýsing í vistarverum áhafnar, svo og í vinnu- og vinnslurýmum skal ávallt vera næg. Í rýmum, þar sem aðstæður leyfa, skulu vera gluggar en jafnframt raflýsing. Við útreikning á meðaltalslýsingu í klefa og rými skal telja með öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal byrgja alla glugga, loka dyrum o.s.frv. Mælingar skulu gerðar í eins metra hæð yfir gólfi. Í klefum skulu gerðar fimm mælingar, ein í miðju og ein í hverju horni klefans og til viðbótar skal mæla lýsingu yfir borðum og hvílum. Í öðrum rýmum, göngum, vinnu- og vinnslurýmum skulu mælingar gerðar yfir vinnuborðum, færiböndum, gangbrautum, gönguleiðum, við stjórntæki og annars staðar, þar sem þurfa þykir.

3.1.2 Kröfunum um nauðsynlega lýsingu er talið fullnægt, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:

- Meðallýsing í hverri vistarveru skal vera 150 lux. Í svefnklefum og dagstofum skulu ennfremur vera vegglampar eða borðlampar, þannig að breyta megi lýsingu. Við hverja hvílu skal vera leslampi með a.m.k. 100 lux lýsingu í eðlilegri fjarlægð frá lampanum. Vinnuljós yfir hvílu í sjúkraklefa skal hafa a.m.k. 200 lux lýsingu.
- Á skrifborðum skal lýsing vera a.m.k. 300 lux og á borðum í borðsal a.m.k. 200 lux.
- Í baðklefum og á salernum skal lýsing vera a.m.k. 100 lux og við snyrtispegila a.m.k. 150 lux.
- Á göngum skal lýsing vera a.m.k. 50 lux, en í stigagöngum og forstofum a.m.k. 100 lux.
- Í eldhúsi skal lýsing vera a.m.k. 200 lux, yfir eldavélum, vinnuborðum og uppþvottaaðstöðu skal vera a.m.k. 400 lux lýsing.
- Í matvælageymslum skal lýsing vera a.m.k. 100 lux en a.m.k. 200 lux yfir vinnuborðum.
- Í vinnslu- og vinnurýmum skal lýsing vera a.m.k. 200 lux. Yfir vinnuborðum og færiböndum við stjórnbúnað skal lýsing vera a.m.k. 400 lux.

3.2. *Neyðarlýsing.*

3.2.1 Neyðarlýsing vistarvera, vinnu- og vinnslurýma skal vera skv. reglum um raforku og raflagnir, gr. 6.2.

4. Loftræsting

4.1. *Almennt.*

4.1.1 Vinnu- og vinnslurými og allar vistarverur skal búa loftræstingu þannig, að fullnægjandi loftendurnýjun geti átt sér stað við öll skilyrði. Loftræstiop skal staðsetja þannig, að ekki myndist óþægilegur súgur fyrir þá, sem í klefa eða rými eru. Opin mega ekki vera rétt við eða beint yfir hvílu í klefum. Loftræstiop skulu vera stillanleg. Vinnslurými, vinnurými og rými þar sem eldfim, ertandi eða illa lyktandi efni eru geymd skal loftræsa sérstaklega. Þar sem tókaksreykingar eru leyfðar, skal vera fullnægjandi loftræsting með útsogi.

4.1.2 Aðstreymis- og frástreymislagnir skulu vera það stórar að lofthraði í þeim verði ekki meiri en 6 m/sek.

4.1.3 Loftræstikerfið skal vera stillanlegt í hverju rými.

4.1.4 Frástreymi úr vistarveru má vera um ganga eða beint út í ferskt loft.

4.1.5 Endurnýting á allt að 50% af frástreymislofti er heimil, að því tilskildu að salerni, baðklefar, vinnu- og vinnslurými séu með aðskildar lagnir.

4.1.6 Skip sem ætluð eru til fiskveiða eða ferða sunnan 48° norðlægrar breiddar skulu búin bæði vélrænni og óvélrænni loftræstingu.

4.2. *Loftræsting við eðlilegan súg.*

4.2.1 Í skipum með óvélræna loftræstingu skal þverskurðarflatarmál aðstreymis- og frástreymislagna ekki vera minna en 0,075 m^2 fyrir hvern mann sem rými er ætlað. Þó skal þverskurðarflatarmál loftræstilagnar vistarveru aldrei vera minna en 0,03 m^2.

4.2.2 Í skipum með óvélræna loftræstingu má frástreymisloft vistarvera fara í gegnum loftop í hurð eða þili út á gang, þaðan sem loftið berst út. Í lögnum óvélrænnar loftræstingar skal gæta þess, að loftstokkar séu sem stystir og beygjur á þeim eins litlar og frekast er unnt. Reynist loftræstingin vera ófullnægjandi skal bæta úr því.

4.3. Vélræn loftræsting.

4.3.1 Í skipum lengri en 30 m skal vera vélræn loftræsting í vistarverum, vinnu- og vinnslurýmum.
Loftræstikerfið skal vera það afkastamikið að loftskipti verði a.m.k. 6 sinnum á klst. í hverju rými. Á vinnu- og vinnslurýmum, baðklefum og salernum, hverju um sig, skal vera sérloftræsting með frástreymislögn út í ferskt loft.

4.3.2 Á skipum 45 m og lengri skal afkastageta vélræns frástreymis frá baðklefa og salerni vera sem svarar 10 loftskiptum á klst. Mismunur aðstreymis og frástreymis má koma inn um loftrifu neðan hurðar eða um sérstaka loftrás.

4.3.3 Yfir eldavél í eldhúsi skal vera raka-/gufugleypir með sérstakri vélrænni sog-/frástreymislögn út í ferskt loft.

4.4. *Loftkæling.*

4.4.1 Skip 45 m og lengri sem stunda fiskveiðar sunnan 40°/48° norðlægrar breiddar skulu búin loftkælibúnaði í vistarverum, vinnurýmum svo og í fjarskiptaklefa, stýrishúsi og stjórnklefa vélarúms.

4.4.2 Loftkælibúnaður má vera í einni eða fleiri einingum og skal þannig gerður, að við lofthitastig +35°C og 70% rakastig sé hægt að halda hitanum innan dyra +29°C og rakastigi 50%. Endurnýta má 50% af frástreymislofti.

4.4.3 Kælibúnað og loftkæla skal jafnframt gera þannig að halda megi +24°C og 50% rakastigi innan dyra þegar hiti utan dyra er +28°C og 80% rakastig. Þessum gildum skal ná við skilyrði um loftskipti, sjá gr. 4.3.1 og endurnýtingu lofts, sjá gr. 4.1.5.

4.4.4 Loftkælibúnaður skal búinn hæfilegum síum og hlífum við loftinntök með tilliti til aðstæðna og þess gætt, að búnaðurinn valdi ekki truflandi hávaða eða titringi.

4.4.5 Viðeigandi verkfæri og varahlutir fyrir loftkælibúnaðinn skulu vera tiltækir til að tryggja hæfni búnaðarins við stöðuga notkun, þegar aðstæður krefjast þess.

5. Upphitun

5.1. *Almennt.*

5.1.1 Í öllum skipum skal vera búnaður til að hita upp vistarverur. Hitunarbúnaður skal ávallt vera virkur meðan áhöfn býr eða vinnur um borð. Hitunargeta skal vera næg til að halda +22°C í vistarveru þegar hitastiga utan dyra er + 15 °C .

5.1.2 Óheimilt er að nota olíuofna, færanlega ofna, olíukyntar eldavélar og olíukynta katla í vistarverum.

5.1.3 Ofna og annan hitunarbúnað skal staðsetja sem fjærst útgönguleiðum og byrgja hann og verja þannig, að hvorki stafi af honum eldhætta né annars konar hætta eða óþægindi.

6. Fyrirkomulag vistarvera

6.1. *Fjöldi manna í klefum.*

6.1.1 Á skipum sem eru 24 metrar og styttri skulu yfirmenn vera í eins eða tveggja manna klefa, sé þess kostur. Aðrir skipverjar skulu aldrei vera fleiri í klefa en sex.

6.1.2 Á skipum sem eru 24 metrar og lengri skulu yfirmenn vera í eins manns klefa eftir því sem við verður komið. Aðrir í áhöfninni skulu vera í tveggja manna klefa, verði því við komið, þó aldrei fleiri en fjórir menn í sama klefa. Varanleg merking skal vera yfir dyrum svefnklefa, sem tilgreini fjölda manna í klefa og stöðuheiti mannanna.

6.2. *Stærð svefnklefa.*

6.2.1 Við mælingu gólfflatar skal undanskilja gólfflöt undir hvílum, skápum, varanlega festum húsgögnum og óreglulega lagaða gólffleti, sem ekki nýtast. Gólffletir undir borðum og sætum reiknast með við mælingu. Mæld fjarlægð frá rúmstokk að gagnstæðum vegg skal a.m.k. vera 0,6 m.

6.2.2 Í svefnklefum skal lágmarksflatarmál gólfs fyrir hvern mann vera, sem hér segir:
Skip styttri en 24 metrar 0,75 m^2. Skip 24 metrar og lengri 1,00 m^2. Í eins manns klefa skal gólfflötur aukinn um 50%.

6.2.3 Hæð til lofts mæld frá gólffleti að neðri brún loftbita skal ekki vera minni en 1,98 m í svefnklefum og öðrum vistarverum.

6.3. *Hvílur.*

6.3.1 Sérhver skipverji skal hafa sína eigin hvílu. Aðkoma að hvílunni skal vera frá hlið. Innanmál hvíla á skipum skal vera a.m.k. 1,98 x 0,68 m. Þó eru á skipum styttri en 24

metrar heimilaðar hvílur 1,98 x 0,58 m. Heimilt er að hvílur séu mjórri í annan endann.

6.3.2 Hvílur mega ekki vera nær gólfi en 30 sm og ekki mega vera nema tvær hvílur í hæð. Efri hvílan skal staðsett u.þ.b. mitt á milli hvílubotns í neðri hvílu og neðri brúnar loftklæðningar. Jafnframt skal hvílubotn efri hvílu vera rykþéttur.

6.3.3 Hvíla skal vera búin góðri dýnu með veri utan um. Hvíla skal vera með hæfilegum hvílustokk og/eða sambærilegum búnaði fyrir mann að skorða sig af.

6.3.4 Þar sem því verður við komið, skulu hvílur ekki vera við súð.

6.4. *Innréttingar og annar búnaður.*

6.4.1 Í svefnklefum skal vera eftirfarandi:

- Einn læsanlegur fataskápur fyrir hvern íbúa klefans, lágmarksinnanmál skápsins skal vera: hæð 1,8 m, dýpt 0,55 m og breidd 0,33 m. Í skápnum skal vera hilla, stöng og snagar til að hengja upp fatnað.
- Læsanleg skúffa a.m.k. 0,06 m^3 að stærð fyrir hvern íbúa klefans svo og lítill skápur/skúffur fyrir snyrtiáhöld.
- Í hverjum svefnklefa skal vera bókahilla.
- Borð og þægileg sæti fyrir íbúa klefans.
- Spegill, handlaug með heitu og köldu vatni og vatnslás á frárennsli. Ef sérstakur snyrtiklefi fylgir svefnklefa má spegill og skápur fyrir snyrtiáhöld ásamt handlaug vera staðsett þar. Við spegil skal vera innstunga fyrir rafmagnsrakvél.

6.4.2 Gluggatjöld skulu vera fyrir gluggum svefnklefa svo og hvílum þar sem tveir eða fleiri eru í klefa.

6.5. *Borðsalir.*

6.5.1 Þar sem fleiri en fjórir menn eru í áhöfn skal vera sérstakur borðsalur, þar sem öll áhöfnin getur matast samtímis.

6.5.2 Borðpláss (rými við borð) fyrir hvern mann skal vera sem næst 0,24 m^2 (a.m.k. 0,6 x 0,4 m), og fyrirkomulag þannig að vel sé aðgengilegt. Bak skal vera á stólum og bekkjum í borðsal.

6.5.3 Innréttingar í borðsal skulu vera úr efni með áferð sem auðvelt er að þrífa.

6.5.4 Í borðsal eða eldhúsi skal vera skápur fyrir borðbúnað og mataráhöld. Uppþvottur skal fara fram í eldhúsi eða þar sem sérstök aðstaða er til þess.

6.5.5 Á skipum, sem hafa sérstakan mann til að annast matseld og á skipum með sérstakan borðsal, skal allur borðbúnaður, mataráhöld og áhöld til matargerðar tilheyra útbúnaði skipsins.

6.5.6 Borðsalur og eldhús skulu staðsett svo nærri hvort öðru, sem unnt er. Gólfflötur borðsalar skipa, sem hafa ekki setustofu skal vera a.m.k 1,0 m^2 fyrir hvern mann í áhöfn.

6.5.7 Í skipum, þar sem ekki er sérstakur borðsalur, er í sérstökum tilvikum heimilt að leyfa sambyggðan svefn- og matsal.

6.5.8 Í skipum 45 m og lengri skal vera setustofa fyrir áhöfnina. Ef borðsalur og setustofa eru sambyggð skal gólfflötur rýmisins vera a.m.k. 2 m^2 fyrir sérhvern, sem rýmið er ætlað.

6.5.9 Í setustofu skulu vera borð og þægilegir stólar, bókahillur, útvarp, sjónvarp.

6.6. *Eldhús og matargeymslur.*

6.6.1 Í skipum lengri en 20 metrar skal vera sérstakt og hæfilega stórt eldhús. Eldhúsið skal búið eldavél eða sambærilegum búnaði til að elda og steikja mat, ásamt nægum áhöldum til matargerðar, svo og kæliskáp og nauðsynlegum hillum, skápum og borðum. Í eldhúsi skulu vera tveir eða tvöfaldur stálvaskur með rennandi vatni og aðstaða til að þvo upp.

6.6.2 Í öllum skipum skal vera sérstakt rými til að geyma matvæli. Á skipum lengri en 15 metrar skal vera sérstakur vel loftræstur klefi með hillum og búnaði til að geyma matvæli við lágt hitastig.

6.7. *Salerni og snyrting.*

6.7.1 Í öllum skipum 8 metrar og lengri skulu vera salerni svo og handlaug.

6.7.2 Salerni og snyrtiklefar skulu vera hæfilega stórir. Athafnarými framan salernisskálar skal ekki vera minna en 0,4 x 0,6 m. Á salerni eða aðliggjandi snyrtiklefa skal vera handlaug með rennandi vatni. Í snyrtiklefa eða sérstökum nálægum klefa skal vera steypibað með heitu og köldu vatni, ef fleiri en fjórir eru í áhöfn skipsins. Eitt steypibað skal vera fyrir hverja átta menn sem eru á skipinu. Við salerni, í baðklefum svo og í snyrtiklefum, þar sem þess er þörf, skulu vera handföng eða handrið. Skolkerfi og frárennsli skal vel frágengið og það skal vera virkt við eðlilegar aðstæður á farsviði skipsins.

6.7.3 Í skipum 24 metrar og lengri skal, fyrir þá af áhöfninni, sem hafa ekki sérsalerni, snyrtiklefa eða bað við svefnklefa, vera eftirfarandi salernis- og snyrtiaðstaða í vistarverum:

- Ein baðaðstaða fyrir hverja átta menn.
- Eitt salerni fyrir hverja sex menn.
- Ein handlaug fyrir hverja fjóra menn.

Á skipum lengri en 45 metrar skal að auki vera salerni, sem næst stjórnpalli.

6.8. *Sjúkraklefi - almennt.*

6.8.1 Í skipum 45 metrar og lengri skal vera sérstakur sjúkraklefi. Klefinn skal búinn einu rúmi, ef skipverjar eru 20 eða færri en tveimur ef skipverjar eru 21 eða fleiri. Klefinn skal búinn hæfilegum búnaði og viðeigandi hirlsum. Í skipi, þar sem allir skipverjar hafa sérsvefnklefa, ásamt salerni og snyrtingu með baði, er heimilt að hafa aðgerðarklefa í stað sjúkraklefa, án tillits til fjölda í áhöfn.

6.8.2 Sjúkraklefi/aðgerðarklefi skal staðsettur þar sem óþægindi af hávaða og titringi eru í lágmarki og þar sem bestar aðstæður eru til að annast sjúkling.

6.8.3 Auðveldur aðgangur skal vera að sjúkraklefa frá opnu þilfari. Breidd allra dyra frá opnu þilfari að sjúkaklefa skal vera a.m.k. 0,75 m, þannig að aðgengilegt sé að fara með sjúkrabörur í og úr klefanum.

6.8.4 Sjúkrarúm skal vera aðgengilegt á þrjá vegu, þ.e. að báðum hliðum og öðrum hvorum gaflinum. Við hvert rúm skal vera búnaður til að hringja á hjálp, svo og raftengill fyrir aukaljós eða annan búnað.

6.8.5 Við sjúkraklefa skal vera snyrting með salernisskál, handlaug og baðkeri, sem sé ekki styttra en 1,50 m.

Aðgerðarklefi skal búinn einu rúmi á sama hátt og sjúkraklefi svo og handlaug og aðgangi að salerni.

6.8.6 Gólffflötur.
Sjúkraklefi/aðgerðaklefi skal vera a.m.k. 6,5 m^2 að meðtöldu flatarmáli rúms. Gólf skal vera auðvelt að þrífa.

6.8.7 Sjúkraklefa/aðgerðarklefa skal merkja með skýrum stöfum.

7. Vinnslurými vinnsluskipa.

7.1. *Almennt.*

7.1.1 Verkunar- og vinnslurými að meðtöldu frysti-/hraðfrystirými skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:

7.1.2 Sérstakur búnaður skal vera til að dæla burt úrgangi eða fiskafurðum, sem ekki verða nýttar fyrir borð, í sérstök geymslurými eða geyma eftir því sem þörf krefur og heimilt er.

7.1.3 Við tæki, færibönd og hreyfanlegan búnað skulu á vinnusvæðum og við gönguleiðir vera handföng, handrið og hlífar þannig að fyllsta öryggis þeirra, sem starfa þar eða eiga þar leið um, sé gætt. Aðalgönguleiðir skulu vera 0,50 m breiðar en aðrar ekki mjórri en 0,45 m breiðar.

7.1.4 Neyðarstöðvun skal vera við/á öllum tækjum og tilheyrandi færiböndum og búnaði. Einnig skal vera neyðarstöðvun á hæfilega mörgum stjórnstöðvum, þar sem stöðva má alla vinnslulínuna.

7.1.5 Þar sem nota þarf stiga til að komast milli verkunar-, vinnslu- og geymslurýma, skulu þeir vera fastir með þrepum og handriði/öryggisgrind. Verði því við komið, skulu stigar vera með halla enn ekki lóðréttir.

7.1.6 Dælubúnaður skal vera fyrir drykkjarhæft vatn, sem skilgreint er í tilskipun EB-ráðsins nr. 80/778 frá 15. júlí 1980, eða hreinan sjó. Inntak fyrir sjó skal staðsett þannig að ekki sé hætta á mengun af frárennsli, úrgangi eða kælivatni frá vélum.

- Gólf skulu vera stöm, auðvelt skal vera að þrífa þau og sótthreinsa, jafnframt skulu þau búin öruggu frárennsli fyrir vatn. Frárennsli skulu vera nægilega rúm og þannig búin, að þau geti ekki stíflast af fiskúrgangi og að vatn renni hindrunarlaust úr rýminu.
- Veggi og loft skal vera auðvelt að þrífa.
- Allar þrýstivökvalagnir skulu þannig búnar eða þær varðar, að sem minnst hætta sé á leka eða skaða.
- Loftræsting skal vera næg og rakaeyðing þar sem þörf krefur.
- Lýsing skal vera næg (sbr. 3.1.2, 7 lið í upptalningu).

7.2. *Snyrting og salerni vinnslurýma.*

7.2.1 Við vinnslurými skal vera snyrting með einu salerni og einni þvagskál í lokuðu rými fyrir hverja 12 menn sem vinna í rýminu. Á snyrtingunni skulu vera tvær handlaugar fyrir hverja 12 menn. Fjöldi búningsklefa, handlauga og salerna skal vera hæfilegur. Salernisdyr mega ekki opnast beint út að verkunar- og vinnslurýmum eða geymslum. Við handlaugar skal vera búnaður til að þvo og þurrka hendur, þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt. Í vinnsluskipum mega kranar handlauga ekki vera handstýrðir.

7.2.2 Heimilt er að snyrting vinnslurýmis sé staðsett í eða við vinnufata/stakkageymslu

7.3. *Lestar.*

7.3.1 Lestar fyrir fisk skulu þannig gerðar og frá þeim gengið, að auðvelt sé að þrífa þær.

7.3.2 Allar lestarstoðir og lestarborð skulu vera í samræmi við reglur um smíði og búnað íslenskra skipa hluta H, III. kafla, 18. gr.

7.3.3 Í hverri lest skal vera einn útgangur með föstum þrepum og handriðum. Lágmarksstærð útgönguleiðar er 0,60 x 0,60 m eða 0,80 m í þvermálið, ef um hringlaga op er að ræða.

7.3.4 Í hverri lest 9 metra langri og lengri skal vera til viðbótar aðalútgangi neyðarútgangur. Í gömlum skipum er heimilt að annar stiginn sé laus.

7.3.5 Allar uppgöngur úr lest skulu hafa fastan stiga. Þar sem stiginn er nær eða alveg lóðrettur skal hann hafa stuðningsgrind 2 m frá fyrsta uppstigi stiga.

7.3.6 Í frystilestum og við útganga úr lestum skal vera neyðarlýsing.

7.3.7 Allar dyr og lúgur í útgönguleiðum lesta skulu þannig gerðar að hægt sé að opna þær bæði utan frá og innan.

7.3.8 Í frystilestum skal og vera aðvörunarhnappur til að láta vita ef maður er í lestinni. Hnappur þessi skal staðsettur við aðalútgang.

7.4. *Lyftur.*

7.4.1 Í skipum sem eru búin lyftum milli fiskivinnslurýmis og lestar skal útgangur úr lest vera sem næst lyftunni.

7.4.2 Lyftur milli lestar og fiskvinnslurýmis skulu vera í lokuðum rýmum, með lokunarbúnaði, þannig að ekki verði komist í lyftuna eða rýmið nema frá því þilfari sem lyftan er stödd á hverju sinni. Ekki skal vera hægt að setja lyftu á hreyfingu nema lyftudyrnar sé lokaðar. Þröskuldshæð lyftuops á vinnsluþilfari skal ekki vera minni en 0,38 m á þilfari vinnslurýmis. Stjórnrofar á lyftum skulu vera utan við lyftuopið, bæði á vinnsluþilfari og í lest. Þar skal einnig koma fyrir neyðarstöðvunum og bjöllum.

7.4.3 Ef lyftan er einnig notuð til flutninga á fólki, skal hún einnig búin sams konar stjórnrofum og eru utan á lyftuhúsinu.

7.4.4 Í gömlum skipum er Siglingamálastofnun í sérstökum tilvikum, heimilt að leyfa lyftur sem eru ekki í lokuðu rými. Skal þá karmhæð í vinnslurými ekki vera minni en 0,38 m og skal vera handrið kringum opið og því þannig komið fyrir að ekki verði komist inn á lyftusvæðið nema lyftan sé uppi. Gerist þess þörf skal lyftugólfið einangrað og pakkningar búnar hitaþræði til að hindra að lyftan frjósi föst.

8. Tóbaksreykingar

8.1. *Almennt.*

8.1.1 Vinni skipverji einn á vinnustað í skipinu getur hann ákveðið, hvort reykt sé þar, en taka skal tillit til þeirra sem þangað eiga erindi. Í vinnurými þar sem tveir eða fleiri vinna eru tóbaksreykingar óheimilar, nema skv. samkomulagi skipverja og skal þannig frá málum gengið að reykingar valdi þeim, sem reykja ekki, ekki óþægindum. Reykingar má leyfa á salernum enda sé fullnægjandi loftræsting þar með útsogi.

8.1.2 Í matsal og setustofu má heimila reykingar á sérstökum svæðum skv. samkomulagi skipverja. Þar sem því verður við komið skal skipta matsal og setustofu þannig, að annars vegar séu reykingar leyfðar og hins vegar ekki. Á reyksvæði skal vera skylt að

koma fyrir búnaði, sem sogar út reyk eða ganga á annan hátt þannig frá málum að reykur berist ekki yfir á reyklausa svæðið. Hvorki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli, sbr. 5. mgr., 10. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

8.1.3 Þar sem tveir eða fleiri búa saman í svefnklefa eru reykingar óheimilar, nema með samkomulagi allra, sem þar búa. Reykingar í hvílum eru ávallt bannaðar.

8.1.4 Að öðru leyti en um getur í 8.1.1-8.1.3 fer um reykingar um borð í skipum skv. samkomulagi skipverja.

8.1.5 Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd þessara reglna, skal leitast við að leysa um borð í skipinu með viðræðum skipstjóra og þeirra skipverja, sem í hlut eiga. Telji skipverji að reglur þessar séu brotnar og ekki hafi náðst að leysa ágreining í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur viðkomandi kært það til trúnaðarmanns á viðkomandi skipi. Sætti skipverji sig ekki við úrlausn skv. 2. mgr. getur hann skotið málinu til Siglingamálastofnunar ríkisins.

9. Undanþágur, refsingar o.fl.

9.1. *Almennt.*

9.1.1 Siglingamálastofnun getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstaka skipi réttlætir það.

9.1.2 Varðandi brot á reglum þessum skal farið skv. V. og VII. kafla laga nr. 35. 30 apríl 1993. Um ákvæði 8. gr. fer skv. lögum nr. 74/1984 þó með tilliti til gr. 8.1.5

9.1.3 Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt öllum um borð.

9.2. *Gildistaka.*

9.2.1 Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35. 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði eftirgreindra reglna varðandi skip sem eru 20 metrar eða lengri:

- Reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 metrar, nr. 413/1988.
- Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa, nr. 50/1979.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

13. mars 1995 Nr. 186

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði.

1. gr.

1. gr. gjaldskrár nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði hljóði svo:

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, sbr. b lið 2. gr. samþykktar nr. 515/1991 um hundahald í Hafnarfirði skal vera kr. 10.000.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 187 16. mars 1995

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tilllögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að tvístefna verði á Tómasarhaga.
2. Að banna bifreiðastöður á vesturkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.
3. Að afnema stöðubann á austurkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. mars 1995.

Böðvar Bragason.

e.u.
Sturla Þórðarson.

Nr. 188 15. mars 1995

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald kr. 57,80 af hverju brúttótonni skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttótonn eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálft tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,45.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leita hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum eða af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land skal greiða 1/4 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fjórum sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við. Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um vitamál nr. 56/1981, með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um vitagjald nr. 464/1992.

Samgönguráðuneytið, 15. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

24. mars 1995 Nr. 189

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Kópavogi árið 1995.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 3. gr. samþykktar nr. 257/1988 um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal árið 1995 vera kr. 7.200. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. apríl.

Gjaldið skal vera kr. 600 fyrir hvern byrjaðan mánuð eða brot úr mánuði.

2. gr.

Handsömunargjald er kr. 4.000 og geymslugjald fyrir handsamaðan hund kr. 400 fyrir hvern sólarhring umfram þann fyrsta.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda fyrir árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 24. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 190 16. mars 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. febrúar 1995 staðfest breytingar á aðalskipulagi Vopnafjaðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

- Verslunarlóð við Búðaröxl, sunnan þjóðvegar, færist um breidd sína til suðausturs og iðnaðarsvæði stækkar sem því nemur.
- Landnotkun lóðar við hlið hótellóðar við Hafnarbyggð færist úr iðnaðarstarfsemi í lóð undir verslun og þjónustu.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 16. mars 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 191 16. mars 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Egilsstaða 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Egilsstaða 1993-2013, sem er endurskoðun á áður staðfestu aðalskipulagi frá 5. nóvember 1985.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Egilsstaða liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

16. mars 1995 Nr. 192

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Blönduóss 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 16. mars 1995 staðfest aðalskipulag Blönduóss 1993-2013. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Blönduóss, 1976-1996 er staðfest var 14. júlí 1980.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Blönduóssbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 16. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

27. mars 1995 Nr. 193

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur, 1992-2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Njarðvíkur 1992-2012, frá 26. ágúst 1992 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að á óskipulögðu svæði austan Innri-Njarðvíkur koma tvær spildur fyrir landbúnað.

Bæjarstjórn Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

1. gr.

2. málsl. a-liðar 2. mgr. 7. gr. orðast svo: Nú fellur hráefni, efnivara eða hlutar til innlendrar framleiðslu undir tollskrárnúmer sem tollar hafa verið felldir niður af vegna samninga, en talið er að innlend framleiðsla fullnægi engan veginn eftirspurn á innanlandsmarkaði eftir slíkum vörum eða vörum með sama notagildi og mun þá fjármálaráðuneytið, að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið taka sérstaklega til athugunar beiðni um niðurfellingu gjalda enda verði beiðni þar að lútandi studd fullnægjandi gögnum.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 13. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987 og 7. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum og gildir fyrir vörur sem tollafgreiddar hafa verið frá 1. janúar 1995.

Fjármálaráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.

Nr. 195 27. mars 1995

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 11/1995 fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1995.

1. gr.

Í stað kr. 9.600 í 1. mgr. 1. gr. komi kr. 8.500.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1995

30. mars 1995 389 Nr. 196

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.
Gjaldskrárliðir.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,32	kr/kWh
Fastagjald F.1	3.710,00	kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

Orkugjald	6,32	kr/kWh
Fastagjald 3xF.1	11.130,00	kr/ári

A.3 Utanhúslýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	7,29	kr/kWh
Fastagjald F.1	3.710,00	kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,51	kr/kWh
Fastagjald 4xF.1	14.840,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

Orkugjald af allri notkun	2,68	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 4 kW)	6.410,00	kr/kW/ári
Fastagjald 3xF.1	11.130,00	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,32	kr/kWh

Gutenberg

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa

Orkugjald	4,45	kr/kWh
Fast gjald	33.700,00	kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept)	1,99	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt til 30. apríl)	3,13	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. okt)	601,50	kr/kW/mán
Aflgjald vetur (1. nóv til 31. mars)	1.203,00	kr/kW/mán
Fast gjald	33.700,00	kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	1,80	kr/kWh
Aflgjald.	3.020,00	kr/kW/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	3,62	kr/kWh
Fastagjald F.3.	14.000,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,46	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,62	kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl.	5,05	kr/kWh
Fastagjald F.3	14.000,00	kr/ári

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,57	kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	0,13	kr/kWh
Vatnsgjald	33,80	kr/m^3
Fast gjald	12.200,00	kr/ári

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.3 Hitun um rennslismæli

Vatnsgjald.	123,00	kr/m^3
Fast gjald.	1.970,00	..... kr/ári

H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli

Vatnsgjald.	82,22	kr/m^3
Fast gjald	12.200,00	kr/ári

S.1 Sumartaxti

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	1,99	kr/kWh
Aflgjald.	377,00	kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	710,00	kr/ári
Þrífasa mæla.....	2.790,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:		
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu:	910,00	kr
Opnunargjald:		
Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila er:	3.640,00	kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1. Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.

1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi Rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.

1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og hámark 42.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur 1,38 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,03 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,80 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,277 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,02 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,29 kr/kWh. Sérstakur afsláttur Rafmagnsveitnanna er 0,03 kr/kWh. (Að auki veitir RARIK 0,13 kr/kWh afslátt vegna hitunar íbúðarhúsa, óháð orkunotkun.)

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,79 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,02 kr/kWh.

Þessar tölur eru allar án vsk.
Gildir frá 1. mars 1994.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla *með rafhitun* samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (Taxti þessi fellur niður á árinu 1995).

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli áári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengist skipunum beint. Hér um um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessarra nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmtunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:
Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hverageröis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	10.180,00	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,248	kr/kWh
Sumargjald orku	1,124	kr/kWh
Tengigjald	344.730,00	kr/ári

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

4. Sérsamningur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

	Án vsk.	
Fast gjald	127.610,00	kr/ári
1. verðþrep	1,104	kr/kWh
2. verðþrep	1,433	kr/kWh
3. verðþrep	2,065	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

ALMENNIR SKILMÁLAR RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.
b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki. Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.
b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna

b) ef mögulegt er. Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á orku. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli. Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar.
Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir. Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	127.610,00	kr/ári
Vetrargjald orku	2,889	kr/kWh
Sumargjald orku	1,869	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2. Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	Án vsk
63 A einfasa:	75.400,00 kr
63 A þrífasa:	82.900,00 kr
100 A þrífasa:	130.900,00 kr
200 A þrífasa:	262.000,00 kr
315 A þrífasa:	412.000,00 kr
400 A þrífasa:	524.000,00 kr
630 A þrífasa:	825.000,00 kr
710 A þrífasa:	930.000,00 kr
1200 A þrífasa:	1.571.000,00 kr

1.3. Staðsetning. Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða þann áætlaða viðbótarkostnað sem af því hlýst, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.4. Aukakostnaður. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annara aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann áætlaða kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.5. Spennistöð. Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.6. Breyting á heimtaug. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

1.7. Bráðabirgðaheimtaugar. Grunngjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	Án vsk
63 A einfasa:	11.700,00 kr
63 A þrífasa:	16.500,00 kr
100 A þrífasa:	18.000,00 kr

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

1.8. Frávik. Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðaráætlun eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

2.1. Tengigjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h., skal vera:
Fyrir hverja heimtaug: ..... 140.000,00 kr/án vsk

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir áætlaðan kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

2.2. Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúsahverfi.

3.1. Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi skal vera sem hér segir:
Fyrir hverja heimtaug: ..... 170.000,00 kr/án vsk
Tengigjaldið miðast við u.þ.b. 7 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt áætluðum kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

3.2. Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa álóðum.

3.3. Eftirlit. Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

3.4. Fjöldi. Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaðaráætlun.

3.5. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3523.48. Rafmagnsveiturnar leggja til mælakassa til uppsetningar á útvegg húss, en viðkomandi rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

3.6. Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

3.7. Uppbygging. Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, geta rafmagnsveiturnar

krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur ennfremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1. Tengigjöld fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:
Fyrir hús allt að 600 rúmmetrum/20 mm pípa; lágmarksgjald: 75.400,00 kr/án vsk
Hver mælagrind umfram eina:..... 16.400,00 kr/án vsk

4.2. Rúmmál. Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa. Lágmarksgjald miðast við 20 mm heimæð. Ef um stærri heimæð er að ræða, reiknast viðbótarkostnaður samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

4.3. Takmörkun. Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

4.4. Mælagrind. Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.

4.5. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, er heimilt að lækka eða fella niður heimæðargjald að fengnu samþykki rafmagnsveitustjóra. Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

5.1. Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, ofl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr 170.000,00 (án vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafli 1.7).

5.2. Endurtenging. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.

5.3. Aukaheimtaug. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hinsvegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

5.4. Aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1995, sem er 199,1 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld er gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 528, 21. desember 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1995.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 197 29. mars 1995

REGLUGERÐ

um útgáfu Stofnlánadeildar landbúnaðarins á innlausnarbréfum, 1. flokki 1995.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt, á grundvelli laga nr. 45/1971 og lánsfjárlaga fyrir árið 1995 nr. 149/1994, að gefa út verðtryggð skuldabréf, innlausnarbréf 1. flokk 1995, að heildarfjárhæð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar. Fjárhæðir innlausnarbréfanna skulu vera 1.000.000, 500.000, 100.000 og 50.000 krónur. Bréfin verða samkvæmt því merkt A, B, C eða D, eftir verðgildi og tölusett í númeraröð. Lánstími innlausnarbréfanna er 15 ár. Vextir þeirra skulu vera 5% fastir ársvextir.

2. gr.

Innlausnarbréfin skal Stofnlánadeildin nota til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán vegna fjárfestinga á jörðum þeirra vegna framkvæmda þar eða jarðakaupa, véla-, bústofns- eða fóðurkaupa, allt á árunum 1984-1994, að báðum árum meðtöldum. Stofnlánadeildin afhendir innlausnarbréfin gegn veðskuldabréfum þeirra bænda sem eru lánshæfir samkvæmt nánari reglum hennar um þau lausaskuldalán, m.a. varðandi rekstrarlegar forsendur lántaka, veðmat og veðhæfi veðtrygginga og önnur skilyrði fyrir lánshæfi. Stofnlánadeildin ákveður lánstíma, vaxtakjör og aðra skilmála þessara lausaskuldalána í samræmi við kjör og skilmála innlausnarbréfanna og samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1971.

3. gr.

Innlausnarbréfin skulu ætíð vera skráð á nafn. Framsal til nýs eiganda skal skráð með nafni hans, kennitölu, heimilisfangi og framsalsdegi, ásamt undirritun framseljanda. Bréf verður ekki innleyst nema af réttum eiganda þess.

4. gr.

Fjárhæð innlausnarbréfanna er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, auglýsta af Seðlabanka Íslands skv. lögum nr. 25/1987, 21. gr., með síðari breytingum. Grunnvísitala þessa flokks bréfa er neysluverðsvísitala maímánaðar 1995. Greiða skal verðbætur á vexti og höfuðstól bréfanna samkvæmt breytingum á vísitölunni frá útgáfudegi þeirra til gjalddaga.

5. gr.

Lánstími innlausnarbréfanna er 15 ár hið lengsta, en ræðst að öðru leyti af útdrætti. Vextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi til gjalddaga. Höfuðstóll, vextir og verðbætur greiðast eftirá í einu lagi.

6. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins innleysir bréfin samkvæmt útdrætti og endurgreiðir útdregin bréf að fullu á gjalddögum, sem eru 1. júní ár hvert, í fyrsta sinn 1. júní 1996. Í hverjum útdrætti skal draga út þann fjölda bréfa sem nemur samtals 1/15 hluta af heildarfjárhæð þessa flokks innlausnarbréfa með vöxtum og verðbótum sem þeim hluta fylgja. Óútdregin innlausnarbréf þessa flokks greiðast síðast á lokagjalddaga, þann 1. júní 2010. Númer útdreginna bréfa skulu birt í Löbirtingablaði tveimur mánuðum fyrir gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur innlausnarbréfanna bera ekki vexti eða verðbætur.

7. gr.

Útdrátt annast Stofnlánadeild landbúnaðarins hlutlaust undir eftirliti lögbókanda.

8. gr.

Til tryggingar innlausnarbréfum þessum er ábyrgð ríkissjóðs, samkvæmt 11. gr. laga nr. 45/1971 og lögum nr. 149/1994.

9. gr.

Allar kröfur samkvæmt innlausnarbréfunum fyrnast á 10 árum frá gjalddaga þeirra.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45/1971 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. mars 1995.

F. h. r.
Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 – 1995

Nr. 198 402 3. apríl 1995

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum á Skötufirði og innanverðu Ísafjarðardjúpi.

1. gr.

Frá og með 5. apríl 1995 eru allar rækjuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum í Ísafjarðardjúpi:

1. Innan línu, sem dregin er frá Ögurhólmum um austasta hluta Æðeyjar, yfir á Snæfjallaströnd.
2. Á Skötufirði innan línu, sem dregin er milli Skarðseyrar og Hvítaness.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 3. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 30, nr. 198. Útgáfudagur 4. apríl 1995.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1995

4. apríl 1995 403 Nr. 199

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestingar í hótel- og gistirými á árinu 1993.

Aðilar sem rétt eiga á endurgreiðslu.

1. gr.

Rétt til endurgreiðslu hafa skattskyldir aðilar, sem stunda útleigu á hótel- og gistirými og annarri gistiþjónustu eða leigja út slíkan rekstur, og fjárfestu í þeirri starfsemi á árinu 1993.

Virðisaukaskattur sem endurgreiðslan tekur til.

2. gr.

Endurgreiðsla til aðila skv. 1. gr. skal að hámarki nema 17% af eignfærðri nýfjárfestingu, sem bar virðisaukaskatt á árinu 1993, í fasteignum og búnaði í gistirými. Með eignfærðri nýfjárfestingu er átt við fyrnanlegar eignir sbr. 32. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, með síðari breytingum. Endurgreiðslan tekur ekki til virðisaukaskatts af fasteignum og búnaði sem hefur verið keyptur eða yfirtekinn af öðrum aðila í gistihúsarekstri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal endurgreiðsluhlutfall aðila sem teljast vera í blandaðri starfsemi, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt, með síðari breytingum, nema 6,8%.

Skilyrði til endurgreiðslu.

3. gr.

Endurgreiðsla er háð skilyrði um að skattskyldir aðilar skv. 1. gr. hafi með höndum rekstur gistiþjónustu á eftirfarandi uppgjörstímabilum:

1. Öll uppgjörstímabil ársins 1994 og fyrstu tvö uppgjörstímabil ársins 1995 vegna endurgreiðslu á árinu 1995.
2. Öll uppgjörstímabil ársins 1995 og fyrsta uppgjörstímabil ársins 1996 vegna endurgreiðslu á árinu 1996.

Gutenberg

Útreikningur endurgreiðslu.

4. gr.

Fjárhæð endurgreiðslu skal ákvörðuð þannig að reiknuð er út heildarfjárhæð virðisaukaskatts í fjárfestingu skv. 2. gr. Sé heildarfjárhæð hærri en 10 m.kr. lækkar hlutfall endurgreiðslu skv. 2. gr. samsvarandi þannig að heildarendurgreiðsla verði 10 m.kr.

Endurgreiðslufjárhæð hvers og eins aðila skal deilt í tvær jafnar fjárhæðir sem greiddar verða út í samræmi við 3. mgr. 6. gr. og önnur ákvæði reglugerðar þessarar.

Skil á endurgreiðslubeiðni.

5. gr.

Aðilar sem um ræðir í 1. gr. skulu senda ríkisskattstjóra beiðni um endurgreiðslu virðisaukaskatts, sbr. 2. gr., ásamt ársreikningi og afriti af leyfisbréfi til gististaðarekstrar. Beiðnin ásamt fylgigögnum skal berast ríkisskattstjóra fyrir 1. maí 1995. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests verða eigi afgreiddar nema aðili færi gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilfelli hvað telja skuli gildar ástæður í þessu sambandi. Þó verða endurgreiðslubeiðnir eigi afgreiddar ef þær berast 14 dögum eftir lok skilafrests eða síðar.

Endurgreiðslubeiðni skv. 1. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Afgreiðsla endurgreiðslubeiðna.

6. gr.

Ríkisskattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og leiðrétta hana ef hún er í ósamræmi við reglugerð þessa eða önnur fyrirmæli skattyfirvalda. Hann getur krafið aðila um framlagningu frekari gagna ef nauðsynlegt þykir. Ríkisskattstjóri skal hafa lokið afgreiðslu allra endurgreiðslubeiðna fyrir 15. júní 1995.

Fyrri endurgreiðsla vegna beiðna sem samþykktar hafa verið skal fara fram 1. nóvember 1995 en síðari endurgreiðsla 1. apríl 1996. Áður en endurgreiðslur fara fram skal ríkisskattstjóri kanna hvort skilyrði 3. gr. eru uppfyllt.

Innheimtumaður ríkissjóðs annast endurgreiðslu.

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

Komi í ljós að endurgreiðsla skv. reglugerð þessari hafi verið of há skal ríkisskattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Um álag og dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer skv. 27. og 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Færslur í bókhald og ársreikning.

7. gr.

Sá sem fær endurgreiðslu skv. ákvæðum reglugerðar þessarar skal færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

Að öðru leyti gildir eftir því sem við getur átt reglugerð nr. 50/1993, um bókhald og tekjuskráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

Kærumeðferð.

8. gr.

Ákvarðnir ríkisskattstjóra á grundvelli reglugerðar þessarar eru kæranlegar til fjármálaráðuneytis. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun ríkisskattstjóra.

Fjármálaráðuneyti skal afgreiða kærur sem því berast, sbr. 8. gr., fyrir 10. október 1995. Taki ráðuneytið kærur á ákvörðun ríkisskattstjóra, sbr. 1. mgr. 6. gr., að einhverju eða öllu leyti til greina, skal ríkisskattstjóri sjá um endurútreikning og lokaafgreiðslu endurgreiðslubeiðna.

Viðurlagaákvæði.

9. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti skv. ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, sbr. 9. gr. laga nr. 40/1995, um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 4. apríl 1995.

F. h. r.
Snorri Olsen.

Jón Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1995

Nr. 200 406 22. mars 1995

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hornafjarðarbæ 1995.

1. gr.

Hornafjarðarbæ er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) fyrir árið 1995.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hvert sorpílát sem tilheyrir íbúð eða fyrirtæki í bæjarfélaginu og skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Heimilt er að fella niður sorphreinsigjald hjá þeim aðilum sem sjálfir annast alla hreinsun sorpsins. Innheimta skal sorpeyðingargjald sem miðast við áætlaðan fjöld sorpíláta að mati bæjarráðs Hornafjarðar.

4. gr.

Gjald fyrir árið 1995 er sem hér greinir:

Sorphreinisgjald	kr.	5.000
Sorpeyðingargjald	kr.	2.000
Samtals sorphirðugjald	kr.	7.000

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Gutenberg

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Selfossi.

1. gr.

Bæjarstjórn Selfoss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 4.500 á íbúð.
Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.

B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur 1	kr.	5.600
Flokkur 2	kr.	11.300
Flokkur 3	kr.	16.900
Flokkur 4	kr.	33.800
Flokkur 5	kr.	56.300
Flokkur 6	kr.	84.400
Flokkur 7	kr.	112.500
Flokkur 8	kr.	140.600
Flokkur 9	kr.	168.750
Flokkur 10	kr.	196.900

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka.

Gjalddagi er 1. apríl ár hvert. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Selfoss, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 168/1994 fyrir sorphirðu á Selfossi.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Borgarbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðu- og sorpeyðingargjald.

2. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið grunngjald vegna soprhirðu kr. 5.300, árgjald sem grundvallast á að vikulega sé einn sorppoki hirtur og urðaður frá hverju heimili.

Gjald þetta sé innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum og stofnunum, öðrum en heimilum, sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins. Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs miðað við áætlaðan úrgang frá hverju fyrirtæki.

Flokkunin er sem hér segir:

A	kr.	5.300	urðað magn áætlað að	12 m^3	á ári
B	kr.	13.250	urðað magn áætlað að	12 - 48 m^3	á ári
C	kr.	31.800	urðað magn áætlað að	48 - 96 m^3	á ári
D	kr.	42.400	urðað magn áætlað að	96 m^3 og meira	á ári

Gjaldendum skal veittur 14 daga frestur til að gera athugasemdir við álagningu.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem magn úrgangs fellur til tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Gjalddagi sorpeyðingargjalds er 1. nóvember. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Borgarbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 22. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhvammsland, tengingar við Reykjanesbraut.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. mars 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Fífuhvammslandi, vegna tenginga við Reykjanesbraut.

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri tengibraut frá Reykjanesbraut í austur inn í Fífuhvammsland (norðan skeiðvallar Gusts) að Lindarvegi. Ennfremur gerir breytingin ráð fyrir tengingu frá fyrirhuguðum áningarstað austan Reykjanesbrautar (við Bæjarlindina) inn á Reykjanesbraut.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs.

Umhverfisráðuneytið, 27. mars 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Magnús Jóhannesson.

27. mars 1995 Nr. 204

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Ísafjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Ísafjarðar 1989-2009, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að opið grænt svæði innst í Tungudal, sem er að hluta til utan skipulagskortsins, breytist í opið svæði til sérstakra nota og verður skíðasvæði með lyftum, bílastæðum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 27. mars 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

fyrir sjóð skv. 12. gr. laga nr. 80/1966 um kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

1. gr.

Sjóðurinn starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 80/1966, sbr. 2. gr. laga nr. 17/1995 og eftir ákvæðum reglugerðar þessarar.

Iðnaðarráðherra skipar stjórn sjóðsins til tveggja ára í senn. Stjórn sjóðsins skal skipuð einum fulltrúa Kísiliðjunnar hf., einum fulltrúa Skútustaðahrepps, einum fulltrúa Húsavíkurbæjar, einum fulltrúa samgönguráðherra, einum fulltrúa umhverfisráðherra og einum fulltrúa iðnaðarráðherra sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar.

2. gr.

Stjórnin tekur ákvarðanir um málefni sjóðsins. Hver stjórnarmaður fer með eitt atkvæði. Til ákvörðunar þarf meirihluta atkvæða. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns stjórnar sjóðsins.

Stjórnin fer með vörslu fjármuna sjóðsins og skulu þeir ávaxtaðir á sem hagkvæmastan hátt hjá innlánsstofnun eða í verðbréfum útgefnum af ríkinu eða lánastofnunum.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að kosta undirbúning aðgerða til þess að efla atvinnulíf í þeim sveitarfélögum sem nú eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Kísiliðjunnar hf.

Sjóðurinn skal einbeita sér að nýsköpun í atvinnulífi. Til að ná fram markmiðum sjóðsins er stjórninni heimilt:

a. að veita lán til ákveðinna verkefna, annaðhvort sjóðurinn einn eða í samvinnu við aðra,
b. að veita styrki, m.a. til tækniaðstoðar, rannsókna, vöruþróunar og markaðsathugana,
c. að kaupa hluti í nýjum og starfandi félögum, enda verði stefnt að því að selja hlutina strax og aðstæður leyfa og hagkvæmt þykir.

4. gr.

Frá og með 1. maí 1995 til og með 14. maí 1995 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðausturlandi, innan 9 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að vestan markast svæðið af 18°V og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítingum (viðmiðunarpunktur).

Gutenberg

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 237 21. apríl 1995

REGLUGERÐ

um friðun Stöðvarfjarðar vegna eldisrannsókna Hafrannsóknastofnunarinnar.

1. gr.

Frá og með 1. maí 1995 til og með 30. apríl 1996 eru allar veiðar á Stöðvarfirði bannaðar innan línu, sem dregin er frá Landatanga norðan fjarðarins í Rastarhæl sunnan fjarðarins.

Þrátt fyrir 1. mgr. er Hafrannsóknastofnuninni heimilt að stunda eða láta stunda veiðar á Stöðavarfirði í rannsóknaskyni.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1995

11. apríl 1995 479 Nr. 238

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Afnot af heitu vatni.

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

I. Heitt vatn.

Selfossveitur bs. selja afnot af heitu vatni á veitusvæðum Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Selfoss á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Á veitusvæði Hitaveitu Eyra:

HE.1	Heitt vatn um rennslismæli	55,12	kr/m^3

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss:

HS.1	Heitt vatn um rennslismæli	40,85	kr/m^3
HS.2	Heitt vatn um vatnsskammtara	11.203,50	kr/mín.l./ár

Minnsta magn vatns um vatnsskammtara sé:

Fyrir íbúðar- verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 0,8 mín.l./100 m^3

Fyrir iðnaðarhúsnæði: 0,5 mín.l./100 m^3

H.2 Heitt vatn til almenningssundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar; 01.05 - 30.09:	20,45	kr/m^3
Vetur; 01.10 - 30.04:	24,51	kr/m^3

Ef vatnsmælir bilar, er Selfossveitum bs. heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. Fast gjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina skal innheimta fast gjald, fyrir hvern mæli/vatnsskammtara. Fastagjaldið skal innheimt mánaðarlega ásamt gjaldi fyrir afnot af heita vatninu. Fastagjaldið er eftirfarandi:

Á veitusvæði Hitaveitu Eyra

Fyrir mæla allt að 3/4"	6.817,00	kr/ár
Fyrir mæla frá 1" að 2"	13.617,00	kr/ár

Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss

Fyrir mæla allt að 3/4"	5.365,50	kr/ár
Fyrir mæla frá 1" að 2"	7.542,15	kr/ár

Gutenberg

III. Ýmis ákvæði.

Hitaveitugjöld skv. I. og II. verða krafin mánaðarlega samkvæmt áætlun. Við gerð áætlunar um vatnsnotkun skal stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Á hverju ári skal lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar gera upp við sérhvern notanda. Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við dreifikerfi hitaveitu.

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxta þar um.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

IV. Heimæðargjald.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými (heildarrúmmál bygginga) á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Heimæðargjald, miðað við tiltekið rúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 rúmmetrum (m^3)	64.448,00	kr.
hver m^3 yfir 400 að 2000 m^3	55,13	kr/m^3
Fyrir 2000 m^3	151.473,00	kr.
hver m^3 þar yfir	45,68	kr/m^3

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimæðargjaldið skal vera greitt áður en tenging fer fram.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta. Aukagjaldið er eftirfarandi:

Gjald fyrir aukamæli	12.516,00	kr/mæli

V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun 450,00 kr.

Gjald fyrir enduropnun húsveitu	1.365,00	kr.
Aukaálestur	546,00	kr.
Skiptigjald, úr vatnsskammtara í mæli	2.047,50	kr.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna reikninga fyrir afnot af vatni eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 59 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Selfossveitna bs. Afnot af heitu vatni nr. 389 frá 30. október 1992, ásamt síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

AUGLÝSING

um viðauka við úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995.

Menntamálaráðherra hefur hinn 11. apríl 1995 staðfest viðauka við úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1994-1995, sbr. fylgiskjal. Viðaukinn við úthlutunarreglurnar var samþykktur á fundi stjórnar sjóðsins fimmtudaginn 30. mars 1995, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Viðaukinn við úthlutunarreglurnar öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. apríl 1995.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Stefánsson.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI VIÐ ÚTHLUTUNARREGLUR LÍN FYRIR NÁMSÁRIÐ 1994-1995.

Stjórn LÍN hefur samþykkt eftirfarandi viðauka við úthlutunarreglur LÍN fyrir námsárið 1994-1995 vegna verkfalls Hins íslenska kennarafélags og Kennarasambands Íslands.

1. **Vormisseri framlengt.** Ef skóli framlengir vormisseri 1995 vegna verkfalls kennara skal fullt tillit tekið til þess við útreikning lána, jafnvel þó svo samanlagður námstími á námsárinu fari við það fram yfir níu og hálfan mánuð. Námsframvinda er í þessum tilfellum metin á sama hátt og á öðrum misserum.
2. **Ófullnægjandi einingaskil vegna verkfalls.** Geti námsmaður sannanlega ekki lokið 75% árangri á vormisseri 1995 vegna áhrifa verkfalls á skipulag skóla eða vegna þess að hann sannanlega geti ekki nýtt sér að fullu þær ráðstafanir sem boðnar eru af hálfu skóla til að ljúka námsárinu, skal heimilt að veita 75% lán á vormisseri. Sækja skal sérstaklega um slíka undanþágu til LÍN áður en próftímabil hefst í viðkomandi skóla. Jafnframt þarf að berast staðfesting skóla á þeim atriðum sem fram koma í umsókninni.
3. **Námsmaður hverfur frá námi vegna verkfalls.** Heimilt er að veita námsmönnum, sem sótt höfðu um á tilskildum tíma lán frá LÍN vegna vormisseris 1995, en hættu námi vegna verkfalls kennara, lán fram til 28. febrúar 1995. Til að eiga rétt á slíku láni þarf námsmaður að sýna fram á með vottorðum frá skóla að hann hafi stundað nám sitt með eðlilegum hætti áður en verkfall skall á og að hann hafi sagt sig úr skóla fyrir 12. apríl 1995. Lánið er afgreitt með eftirfarandi hætti:
   a) Hafi námsmaður fengið lán á haustmisseri 1994 vegna náms á sömu námsbraut, skal lánið vegna haustmisseris reiknað til 28. febrúar 1995. Lán á tímabilinu frá lokum haustmisseris til 28. febrúar er þá veitt í hlutfalli við námsárangur á haustmisseri.
   b) Hafi námsmaður ekki fengið lán á haustmisseri 1994 vegna náms á sömu námsbraut, fær hann 75% lán fyrir tímabilið frá upphafi vormisseris 1995 til 28. febrúar 1995. Slíkt lán skal teljast sem aðstoð í heilt misseri.

REGLUGERÐ

um frádrátt frá skattskyldum tekjum manna vegna fjárfestingar í atvinnurekstri.

1. gr.

Frá tekjum manna skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:

a) Fé það sem varið er til aukningar á fjárfestingu á árinu í innlendum atvinnurekstri samkvæmt lögum nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum og ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, að fullnægðum þeim skilyrðum sem þar greinir.

b) Fé það sem varið hefur verið til hlutafjáraukningar í hlutafélagi eða til hlutafjárkaupa við stofnun hlutafélags, þ.m.t. kaup á hlutabréfum við fyrstu endursölu í fyrirtæki sem breytt hefur verið í hlutafélag, og heimilt er að flytja á milli ára, sbr. 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis I í 23. gr. laga nr. 111/1992, að fullnægðum þeim skilyrðum sem greinir í þeim lögum og lögum nr. 9/1984.

2. gr.

Fjárhæð umfram frádráttarmörk skv. 1. mgr. ákvæðis til bráðbirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur breytingu í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

3. gr.

Frádráttur vegna hlutabréfakaupa miðast við kaup á hlutabréfum í innlendum hlutafélögum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. og er háður því skilyrði að maður eigi viðkomandi hlutabréf í a.m.k. þrjú ár. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Skal hann framreiknaður samkvæmt ákvæðum 26. gr. frá því ári þegar hann var dreginn frá tekjum til söluárs. Ekki skal þó beita ákvæðum 2. og 3. málsl. um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir önnur hlutabréf í innlendu félagi staðfestu af ríkisskattstjóra í stað hinn seldu innan 30 daga frá söludegi þeirra og kaupverð keyptra hlutabréfa nemur a.m.k. sömu fjárhæð og hinna seldu. Sé kaupverðið lægra skulu ákvæði 2. og 3. málsl. eiga við um mismuninn.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í ákvæði til bráðabirgða I í 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1995 vegna tekna ársins 1994.

Fjármálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

REGLUR

fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.

Skilgreining.

1. gr.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, sem lýtur stjórn sem kjörin er samkvæmt 4. gr. og nefnist kirkjugarðsstjórn.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma lúta yfirstjórn prófasta og biskups.

Helstu verkefni kirkjugarðsstjórnar.

2. gr.

Kirkjugarðsstjórn hefur m.a. á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sér um framkvæmd grafartöku og árlegt viðhald legstaða og annast greiðslu kostnaðar af prestþjónustu vegna útfara og aðra lögboðna starfsemi.

Um nánari útfærslu á lögboðnum verkefnum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fer eftir fyrirmælum í lögum og þeim reglugerðum sem settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að reka útfaraþjónustu og skal sú starfssemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar og verkefnum sem henni er heimilt að takast á hendur samkvæmt lögum.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að fela sérstakri framkvæmdastjórn að annast þau verkefni sem tilgreind eru í reglum þessum. Um skipan framkvæmdastjórnar fer samkvæmt 8. gr.

Kapella, líkhús og aðstaða starfsmanna.

3. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal kosta og annast rekstur kapellu og líkhúss við þá kirkjugarða, sem þörf er á. Heimilt er og að koma upp húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmenn kirkjugarðanna.

Skipan kirkjugarðsstjórnar.

4. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal skipuð með eftirfarandi hætti:

A. Einn fulltrúi og einn til vara skal kosinn af hverri sóknarnefnd úr hópi aðal- og varamanna í nefndinni og skal kosningin vera til fjögurra ára í senn.

B. Einn fulltrúi og einn til vara skal kosinn til jafn langs tíma af hverjum utanþjóðkirkjusöfnuði, sem hefur a.m.k. 1.500 gjaldskylda meðlimi. Fulltrúum kirkjudeilda sem hafa færri en 1.500 gjaldskylda meðlimi skal boðið til samráðsfundar einu sinni á ári.

C. Bálfararfélag Íslands kýs, ef því er að skipta, einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn og einn til vara til fjögurra ára.

D. Prófastar í Reykjavíkurprófastsumdæmum sitja fundi hvor sitt árið og er hinn þá varamaður. Þeir hafa atkvæðisrétt, þegar tala fundarmanna er jöfn.

Ráðning forstjóra, verkefni hans og kjör.

5. gr.

Kirkjugarðsstjórn ræður forstjóra, sem sér um daglegan rekstur kirkjugarðanna, annast ráðningu lausráðins starfsfólks og sér um framkvæmdir í samráði við framkvæmdastjórn, samkvæmt erindisbréfi sem kirkjugarðsstjórn setur.

Kirkjugarðsstjórn semur um ráðningarkjör og önnur starfskjör við forstjóra.

Tilkynningar um fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, fundarboð o.fl.

6. gr.

Sóknarnefndum, utanþjóðkirkjusöfnuðum og Bálfararfélagi Íslands, ef því er að skipta, ber að tilkynna skriflega til forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fyrir hönd kirkjugarðsstjórnar, hverjir verði aðal- og varamenn í kirkjugarðsstjórn strax og kosning þeirra hefur farið fram. Í tilkynningu skal greina nafn viðkomandi, heimilisfang og símanúmer, svo og hvert eigi að beina fundarboði, sé það ekki til heimilis viðkomandi.

Boðun á fundi í kirkjugarðsstjórn telst réttilega send og fram komin, sé hún send með sannanlegum hætti og nægilegum fyrirvara, til þess staðar, sem tilkynntur hefur verið fyrir hvern aðalmann samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Ef aðalmaður forfallast eftir að hann hefur fengið fundarboð, ábyrgist hann að varamaður verði boðaður í sinn stað.

Sjái aðalmaður fram á forföll af sinni hálfu, t.d. vegna fjarvista eða veikinda getur hann tilkynnt það fyrirfram til forstjóra að hann geti ekki sótt fundi í kirkjugarðsstjórn tiltekið tímabil og óskað þess að fundarboði verði beint til varamanns síns. Ber þá kirkjugarðsstjórn ábyrgð á boðun varamanns.

Fundir kirkjugarðsstjórnar.

7. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur fundi, svo oft sem þurfa þykir.

Halda skal fund í kirkjugarðsstjórn óski helmingur eða fleiri fulltrúar eftir því skriflega við formann.

Aðalfund kirkjugarðsstjórnar skal halda eigi síðar en í maímánuði ár hvert og skulu þar teknir fyrir eftirtaldir dagskrárliðir:

1. Skýrsla formanns um starfsemina á næstliðnu ári.
2. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma skýrðir og lagðir fram til samþykktar.
3. Skýrsla um starfsemi útfararþjónustu.
4. Endurskoðaðir reikningar um tekjur og gjöld og um efnahag útfararþjónustu skýrðir og lagðir fram til samþykktar.
5. Kosning í framkvæmdastjórn útfararþjónustu, ef við á.
6. Ákvörðun á þóknun fyrir setu í framkvæmdastjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og fyrir setu í framkvæmdastjórn útfararþjónustu.
7. Kosning formanns og varaformanns kirkjugarðsstjórnar, þegar við á, til fjögurra ára.
8. Kosning eins meðstjórnanda og tveggja til vara í framkvæmdastjórn þegar við á.
9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og útfararþjónustu.
10. Ákvörðun um framlag í Kirkjubyggingasjóð.
11. Önnur mál, löglega fram borin.

Endurskoðaðir reikningar samkvæmt 2. og 4. tl. skulu sendir fundarmönnum með aðalfundarboði.

Boða skal aðalfund með 10 daga fyrirvara, en aðra fundi með minnst viku fyrirvara.

Framkvæmdastjórn.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal á aðalfundi kjósa úr sínum hópi einn mann í framkvæmdastjórn og tvo til vara. Kosningin er til fjögurra ára. Framkvæmdastjórn annast þau verkefni, í umboði og á ábyrgð kirkjugarðsstjórnar, sem henni eru fengin með reglum þessum.

Formaður kirkjugarðsstjórnar og varaformaður skulu eiga sæti í framkvæmdastjórn, án sérstakrar kosningar og skal formaður jafnframt vera formaður framkvæmdastjórnar.

Kirkjugarðsstjórn ákveður þóknun til þeirra, sem sitja í framkvæmdastjórn.

Helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

9. gr.

Framkvæmdastjórn fer í umboði kirkjugarðsstjórnar með stjórn og umsjón með öllum rekstri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Hún gerir í lok hvers árs áætlun um tekjur og gjöld kirkjugarðanna fyrir næsta ár.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því, að saminn sé reikningur um tekjur og gjöld næstliðins árs og efnahagsreikningur, sem lagður skal fyrir aðalfund.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

Kjósa skal skoðunarmenn reikninga úr hópi stjórnarmanna í kirkjugarðsstjórn og skal þeim heimill allur aðgangur að bókhaldi og fylgiskjölum.

Framkvæmdastjórn skal, í umboði kirkjugarðsstjórnar, annast um að endurskoðaðir reikningar séu sendir Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár. Jafnframt skal sveitarstjórnum þeim sem standa að Reykjavíkurprófastsdæmum sendir ársreikningar.

10. gr.

Framkvæmdastjórn ræður fasta starfsmenn í samráði við forstjóra og setur þeim erindisbréf, eða semur fyrir þá starfslýsingu.

Ef ágreiningur verður í framkvæmdastjórn um ráðningu í stjórnunarstöðu, skal skjóta máli til kirkjugarðsstjórnar til endanlegrar úrlausnar. Um ráðningu annarra fastra starfsmanna skal meiri hluti framkvæmdastjórnar ráða.

Fundir framkvæmdastjórnar.

11. gr.

Framkvæmdastjórn heldur fundi mánaðarlega eða oftar ef þurfa þykir.

Halda skal fundi í framkvæmdastjórn ef formaður ákveður, eða ef tveir aðrir framkvæmdastjórnarmenn eða forstjóri krefjast þess.

Formaður boðar til fundar í framkvæmdastjórn, eða forstjóri í umboði hans, og skal boða fund með a.m.k. sólarhringsfyrirvara.

Forstjóri situr fundi framkvæmdastjórnar og undirbýr þá.

Útfararþjónusta.

12. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal heimilt að setja á stofn og annast rekstur á útfararþjónustu í því formi sem lög leyfa, enda fáist til þess leyfi dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hafa skal rekstur útfararþjónustu og fjárhag henni tengdan algerlega aðskilinn frá starfsemi, sem telst til lögboðinna verkefna kirkjugarðsstjórnar.

Reglur um starfsemi útfararþjónustu.

13. gr.

Kirkjugarðsstjórn skal samhliða ákvörðun um rekstur útfararþjónustu setja slíkri starfsemi reglur um framkvæmdastjórn, starfsfólk, verkefni, markmið um arðsemi rekstrar, reikningsskil o.fl. og skulu þær reglur bornar upp til samþykktar á fundi í kirkjugarðsstjórn.

Reikningsskil fyrir útfararþjónustu.

14. gr.

Gera skal sérstakan ársreikning um rekstur og efnahag útfararþjónustu og skal sá reikningur endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda.

Reikningurinn skal að lokinni endurskoðun sendur Ríkisendurskoðun fyrir 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

Lagagrundvöllur - gildistaka.

15. gr.

Reglur þessar sem samdar eru af kirkjugarðsstjórn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma á grundvelli 51. gr. laga 36/1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 242 12. apríl 1995

AUGLÝSING

um friðun æðarvarps og sellátra í Dalasýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Dalasýslu, á sama hátt og gert var árlega á manntalsþingum í hverjum hreppi frá fornu fari.

Jafnframt er friðlýst lögnum, sellátrum og varplöndum öllum með skírskotan til 15. gr. tilskipunar um veiði við Ísland frá 20. júní 1849.

Skrá um friðlýst æðarvörp og frekari upplýsingar um ofangreind málefni eru fyrir hendi á skrifstofu embættisins.

Sýslumaðurinn í Búðardal, 12. apríl 1995.

Ólafur Stefán Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sameiningu úthlutunarnefnda atvinnuleysisbóta, nr. 150/1995.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að úthlutunarnefnd nr. 4:
Félag bókagerðarmanna,
Félag hárgreiðslu- og hárskerasveina,
Félag starfsfólks í veitingahúsum.

b. Félag framreiðslumanna, sem var í úthlutunarnefnd nr. 4, færist í úthlutunarnefnd nr. 8.

c. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að úthlutunarnefnd nr. 6:
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir,
Félag garðyrkjumanna,
Félag leiðsögumanna,
Múrarafélag Reykjavíkur,
Málarafélag Reykjavíkur
Félag járniðnaðarmanna,
Bíliðnafélagið,
Félag blikksmiða,
Sveinafélag pípulagningarmanna,
Trésmiðafélag Reykjavíkur.

d. Eftirtalin félög skulu eiga aðild að nýrri úthlutunarnefnd, nr. 6a:
Blaðamannafélag Íslands,
Stéttarfélag verkfræðinga,
Tæknifræðingafélag Íslands,
Verkstjórasamband Íslands,
Félag tæknimanna hjá Landsvirkjun, sem var í úthlutunarnefnd nr. 5 og
Félag tækniteiknara sem var í úthlutunarnefnd nr. 7.

e. Sérstök úthlutunarnefnd, nr. 24a, verður á Seyðisfirði fyrir Verkamannafélagið Fram og Verkakvennafélagið Brynju og breytist úthlutunarnefnd nr. 24 í samræmi við það.

f. Sérstök úthlutunarnefnd, nr. 26a, verður fyrir Breiðdalsvík, Djúpavog og Höfn vegna Verkalýðsfélags Breiðdælinga, Verkalýðs- og sjómannafélags Djúpavogs og Verkalýðsfélagsins Jökuls og breytist úthlutunarnefnd nr. 26 í samræmi við það.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 1. mgr. 25. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sbr. a-lið 14. gr. laga nr. 127/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 12. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Anna G. Björnsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Bolungarvík 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Bolungarvík, sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 425/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 10.500 á ári frá 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996. Í gjaldinu er innifalin hóptrygging og hreinsun.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 6. gr. samþykktar nr. 435/1986 um hundahald í Bolungarvíkurkaupstað skal vera kr. 4.400 í fyrsta skipti, kr. 8.800 í annað skipti og kr. 13.200 í þriðja skipti frá 1. mars 1995 til 28. febrúar 1996.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 10. apríl 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 245 18. apríl 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna nr. 129 6. apríl 1992 með síðari breytingum.

1. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Happdrættið gefur árlega út 80.000 -áttatíuþúsund- hlutamiða. Af hverjum hlutamiða eru gefnar út tvær flokkaraðir, sem greinast að með bókstöfunum A og B. Sama verð gildir um hvora flokkaröð.

Hver hlutamiði gildir í flokkaröð og sjóðsröð, sem auðkennd er í vinningaskrá sem DAS 80%. Hver hlutamiði ber áprentað númer frá 1-80.000, auðkenni raðarinnar, A eða B, flokksnúmer frá 1-12, sjóðsraðarauðkenni, spilamerki sem eru hjarta, spaði, tígull eða lauf, verð miðans og skiptingu þess milli flokkaraðar eða sjóðsraðar, síðasta söludag, dráttardag hvorrar raðar og innlausnarfrest vinninga. Á miðann skal prenta eiginhandarundirskrift forstjóra happdrættisins og á honum skal vera undirskrift og eiginhandarstimpill söluumboðs.

Við útdrátt vinninga í flokkaröð sem fram fer mánaðarlega gilda hlutamiðanúmer en við útdrátt vinninga í sjóðsröð sem fram fer í ágúst, desember og apríl gilda auk hlutamiða-

númersins og bókstafsins þau sérstöku spilamerki sem prentuð eru á miðann, það er hjarta, spaði, tígull og lauf.

1. 5. og 9. flokkur, miði ber auðkennið hjarta.
2. 6. og 10. flokkur, miði ber auðkennið spaði.
3. 7. og 11. flokkur, miði ber auðkennið tígull.
4. 8. og 12. flokkur, miði ber auðkennið lauf.

Útdráttur vinninga skal fara fram sérstaklega fyrir hvora röð vinninga. Við útdrátt í flokkaröð skal draga úr öllum útgefnum númerum, 1-80.000, en við útdrátt vinninga í sjóðsröð, DAS 80%, skal einungis dregið úr þeim númerum sem seld eru í hverjum viðkomandi undanfarandi fjögurra flokka og skal fyrir útdrátt liggja fyrir skrá um þau númer sem seld eru í hverjum flokki, staðfest af yfirmanni happdrættisins. Skulu söluaðilar hafa skilað skrá yfir selda miða tímanlega áður en útdráttur fer fram.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Vinningar í flokkaröðum skulu vera a.m.k. 50.000 í tólf flokkum.

Heildarverðmæti þeirra miðað við smásöluverð skal nema a.m.k. 40% af heildarsöluverði miða í öllum tólf flokkunum.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Verð hlutamiða í hvorri flokkaröð skal vera kr. 7.200 ef keyptur er miði sem gildir í öllum tólf flokkum happdrættisins sem er frá 1. maí til 30. apríl.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 16 13. apríl 1973 um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. apríl 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

18. apríl 1995 Nr. 246

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Nónhæð, Arnarsmári 32.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 18. apríl 1995, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 á Nónhæð.

Breytt er landnotkun á lóðinni nr. 32 við Arnarsmára þannig að hún er auðkennd sem verslunarlóð (m.a. bensínsala) í stað lóðar með blandaða landnotkun, þ.e. opinber þjónusta og opið svæði til sérstakra nota.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 18. apríl 1995.

Össur Skarphéðinsson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 247 7. apríl 1995

REGLUGERÐ

um kennslu á framhaldsskólastigi í Hússtjórnarskólanum á Hallormsstað.

1. gr.

Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum og annast fræðslu í hússtjórnargreinum fyrir nemendur á framhaldsskólastigi. Er hér um að ræða nám á hússtjórnarbraut, sbr. námskrá handa framhaldsskólum, svo og annað nám í skyldum greinum sem menntamálaráðuneytið samþykkir.

2. gr.

Kennslan skal skipulögð í samræmi við námskrá fyrir framhaldsskóla og starfar skólinn í samvinnu við Menntaskólann á Egilsstöðum.

3. gr.

Skólanum er einnig heimilt að bjóða fram annars konar nám fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og í fullorðinsfræðslu, skv. ákvæðum 36. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum.

4. gr.

Skólanefnd skólans gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárþörf við undirbúning fjárlaga og skulu þær miðast við það námsframboð og kennslufyrirkomulag sem samþykkt hefur verið.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 7. apríl 1995.

Ólafur G. Einarsson.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um tilkynningarskyldu í flugi.

EFNISYFIRLIT.

1. Orðaskýringar.
2. Almenn ákvæði.
3. Flugslys.
4. Alvarleg flugatvik, óhöpp, skemmdir eða gallar.
5. Önnur atvik eða atburðir en flugslys, flugatvik, óhöpp, skemmdir eða gallar.
6. Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum.
7. Þegar framið er stórfellt lögbrot í loftfari eða flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig.
8. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegs varnings flugleiðis.
9. Refsiákvæði.
10. Gildistaka.

1. Orðaskýringar.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Alvarlegt flugatvik (Serious Incident): Atvik sem innifelur kringumstæður, sem benda til þess að legið hafi við slysi.

Alvarleg meiðsl (Serious injury): Meiðsl sem maður verður fyrir í slysi og

a) hafa í för með sér meira en 48 klst. sjúkrahússvist sem hefst innan 7 daga frá þeim degi er meiðslin áttu sér stað, eða
b) eru fólgin í beinbroti (þó eru undanskilin lokuð brot á fingrum, tám eða nefi), eða
c) eru fólgin í upprifnum sárum sem hafa í för með sér alvarlegar blæðingar eða skemmdir á taugum, vöðvum eða sinum, eða
d) eru fólgin í sköddun á innra líffæri, eða
e) eru fólgin í annars eða þriðja stigs bruna eða einhverjum bruna sem nær til meira en 5% af yfirborði líkamans, eða
f) eru fólgin í því að maður hafi orðið fyrir áhrifum sýkjandi efna eða skaðlegri geislun.

Fartími (Flight time): Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi.

Flugatvik (Incident): Atvik, annað en slys, er tengist rekstri loftfars og hefur eða getur haft áhrif á öryggi flugs.

Flugrekandi (Operator): Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfara.

Flugstjóri (Pilot in command): Flugmaður sem ber ábyrgð á ferðum og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

Flugumferðaratvik (Air traffic incident): Flugumferðaratvik er það, þegar liggur við árekstri loftfara eða upp koma alvarleg vandamál er rekja mætti til gallaðra vinnuaðferða eða til skorts á að staðfestum vinnuaðferðum sé beitt, svo og vegna bilana á flugöryggisbúnaði jarðstöðva. Flugumferðaratvik flokkast á eftirfarandi hátt:

1. Árekstrarhætta (near collision) - nánar skilgreind í þrjá flokka eftir því hversu alvarlegt atvikið er:
   a) raunveruleg hætta á árekstri,
   b) hugsanleg hætta á árekstri,
   c) ekki veruleg hætta á árekstri.
2. Vinnuaðferð (brot eða gallar á vinnuaðferðum).
3. Bilun eða galli á flugöryggisbúnaði jarðstöðva.

Flugumferðarþjónusta (Air traffic service): Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu, flugstjórnarþjónustu, flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnar þjónustu eða flugturnsþjónustu.

Flugumferðarþjónustudeild (Air traffic services unit): Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

Flugverji (Crew member): Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

Loftfar (Aircraft): Sérhvert það tæki, sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

Slys (Accident): Atvik tengt starfrækslu loftfars sem verður frá þeim tíma er einhver maður fer um borð í loftfarið, í því skyni að fljúga í því og þar til allir slíkir menn hafa farið frá borði, og þar sem:

a) einhver maður lætur lífið eða verður fyrir alvarlegum meiðslum, er:
   - stafa af veru hans um borð í loftfarinu, eða
   - verða vegna beinnar snertingar hans við loftfarið, eða einhverja hluti sem hafa losnað frá því, eða
   - stafa af því að einhver lendir í loftstraumi þotuhreyfils,

   nema meiðslin séu af eðlilegum orsökum, af eigin eða annarra manna völdum, eða þeir, sem meiðslin hljóta, eru laumufarþegar sem hafa falið sig utan þess rýmis sem venjulega er aðgengilegt farþegum og áhöfn, eða

b) loftfarið verður fyrir skemmd eða broti sem
   - veruleg áhrif hefur á styrkleika þess, afköst eða flugeiginleika, og
   - að jafnaði myndi hafa í för með sér þörf fyrir meiri háttar viðgerð eða skipti á þeim hluta sem fyrir skemmdum varð,

   nema hreyfilbilun eða skemmd á hreyfli þegar skemmdin takmarkast við hreyfilinn, hreyfilhlífar eða hreyfilbúnað, eða
   skemmdir sem takmarkast við loftskrúfur, vængenda, loftnet, hjólbarða, hemla, hlífar, smávægilegar beyglur eða smágöt á ytra borði loftfarsins, eða

c) loftfar er týnt eða ekki er unnt að komast að því.

Veðurstofa (Meteorological Authority): Embætti á vegum aðildarríkis Alþjóða-flugmálastofnunarinnar sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug.

2. Almenn ákvæði.

2.1 Skylt er að tilkynna um eftirfarandi atriði:

a) Slys, eins og þau eru skilgreind í þessari reglugerð.

b) Þegar loftfar verður fyrir óhappi eða skemmdum sem koma í ljós á flugi, eða þegar skemmdir eða gallar finnast við skoðun og viðhald og hafa áhrif á lofthæfi loftfars (sjá gr. 4).

c) Önnur atvik eða atburðir en flugslys, óhöpp, skemmdir eða gallar, er um getur í lið a) og b), þegar áhöfn, farþegar eða loftfar hafa verið í háska (sjá gr. 5).

d) Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum (sjá gr. 6).

e) Stórfellt lögbrot framið um borð í loftfari eða ef flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig (sjá gr. 7).

f) Slys og óhöpp við flutning hættulegs varnings flugleiðis (sjá gr. 8).

g) Alvarleg flugatvik (sjá gr. 4 og viðbæti).

3. Flugslys.

3.1 Með flugslysi er átt við slys, eins og þau eru skilgreind í reglugerð þessari, önnur en slys í tengslum við hættulegan varning.

3.2 Flugslys skal tilkynna flugumferðarþjónustudeild eða loftferðaeftirliti þegar í stað.

3.3 Flugstjóra loftfars ber að fullnægja tilkynningarskyldu. Ef honum er það ekki unnt hvílir tilkynningarskyldan á eiganda eða umráðanda (notanda) loftfars.

4. Alvarleg flugatvik, óhöpp, skemmdir og gallar.

4.1 Hér er átt við:

a) Atvik sem innifela kringumstæður, sem benda til þess að legið hafi við slysi (Sjá Viðbæti).

b) Þess konar óhöpp, sem loftfar verður fyrir, eða skemmdir og galla á eða í því eða búnaði þess, sem hafa áhrif á flughæfi loftfarsins, án þess að um flugslys sé að ræða, og eiga sér stað eða verða uppvís frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði, og

c) Þess konar skemmdir eða galla sem ekki eru taldir venjulegir en skipta verulegu máli fyrir lofthæfi loftfars eða búnað þess og koma í ljós við viðhald og/eða skoðun eða gerast á jörðu vegna árekstrar, veðurfars, eldsvoða eða af öðrum orsökum.

4.2 Tilkynna ber óhöpp, skemmdir eða galla ef þau hefðu getað valdið alvarlegri hættu á slysi eða ef þau benda til þess að meiri háttar galli sé á loftfari.

4.3 Tilkynna ber loftferðaeftirliti um ofangreind atriði eins fljótt og unnt er, þó ekki síðar en 72 klst. eftir að atvikið átti sér stað.

4.4 Tilkynningarskylda hvílir á flugstjóra eða eiganda/umráðanda (notanda) loftfars.

5. Önnur atvik eða atburðir en flugslys, flugatvik, óhöpp og skemmdir eða gallar.

5.1 Hér er átt við flugumferðaratvik og önnur eða annars konar atvik eða atburði en um getur í gr. 3 og 4, þar sem loftfar eða fólk um borð hefur verið í greinilegum háska, og eiga sér stað eða verða uppvís frá þeirri stundu að menn fara um borð í loftfar í því skyni að fljúga þar til allir eru komnir frá borði og

a) hætta verður á árekstri milli loftfara í lofti, eða

b) komið hafa upp skyndileg veikindi eða önnur forföll flugverja eftir að flug er hafið svo að hann getur ekki rækt starf sitt sem skyldi, eða

c) orðið hafa mistök hjá flugumferðarþjónustu eða þjónustu veðurstofu, eða
d) orðið hefur bilun eða komið hefur fram galli á fjarskiptatækjum og öðrum hjálpartækjum flugs á jörðu niðri, svo og ef flugkort reynast röng eða ekki fullnægjandi, eða
e) loftfar hefur verið ranglega hlaðið.

5.2 Tilkynna ber atvik og atburði, sem gerast innan íslenskrar lofthelgi, þar sem alvarleg hætta á flugslysi hefur vofað yfir eða eitthvað hefur að hendi borið sem til þess bendir að meiri háttar annmarki sé á búnaði flugvalla, flugvitum eða hjálpartækjum flugs á jörðu niðri eða rekstri þeirra. Ef atvikið eða atburðurinn verður innan lögsögu annars ríkis skal einnig tilkynna það flugmálayfirvöldum þess ríkis þar sem þess er krafist.

5.2.1 Tilkynna skal samkvæmt gr. 5.1 a), þegar unnt er, hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild með fjarskiptum þegar í stað.

5.2.2 Tilkynna skal samkvæmt gr. 5.1 b), c), d) og e) á sama hátt og mælt er fyrir um í gr. 4.3.

5.3 Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

6. Frávik í neyðartilvikum frá reglum, fyrirmælum eða bönnum.

6.1 Tilkynna skal hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild þegar þurft hefur við stjórn loftfars að bregða út af reglum, fyrirmælum eða bönnum eða brjóta í bága við þau í neyðartilvikum vegna öryggis loftfars eða manna um borð.

6.2 Ofangreind atvik skal tilkynna með fjarskiptum þegar í stað ef unnt er, annars svo fljótt sem verða má.

6.3 Tilkynningarskyldan hvílir á flugstjóra loftfarsins.

7. Þegar framið er stórfellt lögbrot í loftfari eða flugstjóri þarf að þröngva mönnum með valdi til hlýðni við sig.

7.1 Flugstjóri loftfars skal tilkynna hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild svo fljótt sem verða má og, ef unnt er, fyrir lendingu:
a) þegar einhver um borð í loftfari hefur verið tekinn í gæslu, og
b) þegar einhver hefur framið eða gert sig líklegan til eða hótað að fremja verknað sem ógnaði öryggi, góðri hegðan eða reglu um borð, og
c) þegar framið hefur verið stórfellt lögbrot í loftfari og þann, er verknaðinn framdi, á að afhenda lögreglu eða öðrum hlutaðeigandi yfirvöldum.

Tilkynningarskylda flugstjóra til Flugmálastjórnar í þessum tilvikum leysir ekki undan og kemur ekki í stað tilkynningarskyldu til annarra yfirvalda.

8. Tilkynningar um slys og óhöpp við flutning hættulegs varnings flugleiðis.

8.1 Flugrekendur skulu án tafar tilkynna Flugmálastjórn um öll slys eða óhöpp sem stafa af hættulegum varningi eftir að hann hefur verið afhentur til flutnings flugleiðis. Tilkynna skal í samræmi við ákvæði „Reglugerðar um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis", eins og hún er á hverjum tíma.

9. Refsiákvæði.

9.1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964.

10. Gildistaka.

10.1 Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 30., 44., 46., 47. og 50., sbr. 186. gr. laga nr. 34 21. maí 1964 um loftferðir og tekur til íslenskra loftfara og erlendra loftfara sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 360/1990 um sama efni.

Samgönguráðuneytið, 4. apríl 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Viðauki
Listi yfir dæmigerð „alvarleg flugatvik".

Flugatvikin sem talin eru upp hér, eru dæmigerð atvik, sem eru líkleg til þess að verða „alvarleg flugatvik". Þessi listi er ekki tæmandi og þjónar aðeins til leiðbeininga, við að skilgreina hvað sé alvarlegt flugatvik.

- Nærri árekstur, þar sem sveigja varð frá, eða þegar rétt hefði verið að sveigja frá, til þess að forðast árekstur eða óöruggar aðstæður.
- Naumlega forðað, að flogið væri undir fullri stjórn í jörðina (CFIT).
- Hætt við flugtak á lokaðri eða upptekinni flugbraut, og naumlega komist hjá árekstri við hindranir, í flugtak af slíkri braut.
- Lending eða reynt að lenda á lokaðri eða upptekinni flugbraut.
- Alvarleg frávik í að ná tilætluðum afköstum í flugtaki eða í frumklifri.
- Sérhver eldur og reykur í farþegarými, í vörurými, eða eldur í hreyfli, jafnvel þótt slíkur eldur sé slökktur með slökkviefni.
- Sérhvert tilvik, þar sem nauðsynlegt var að flugáhöfn gripi til súrefnis í neyð.
- Brot á burðarvirki loftfarsins eða sundrun hreyfils, sem er ekki flokkað sem flugslys.
- Margföld bilun eins eða fleiri kerfa loftfarsins, sem hefur alvarleg áhrif á starfrækslu þess.
- Sérhvert tilvik varðandi vanhæfni flugliða á flugi.
- Sérhvert tilvik, þar sem eldsneytismagn á flugi mundi krefjast þess að flugmaðurinn lýsti yfir neyðarástandi.
- Atvik í flugtaki og í lendingu, svo sem ef lent of stutt, loftfarið rennur út af endanum eða rennur út af hlið flugbrautar.
- Kerfisbilanir, veðurfyrirbrigði, starfræksla utan viðurkenndra afkastamarka og önnur atvik, sem gætu hafa valdið erfiðleikum við stjórn loftfarsins.
- Bilun meira en eins kerfis í kerfaheild, sem krafist er fyrir stjórnun flugsins og flugleiðsögu.

GJALDSKRÁ

yfir þjónusturannsóknir sem Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði annast.

1. gr.

Gjald Tilraunastöðvarinnar fyrir útselda ráðgjöf og sérfræðiþjónustu er sem hér segir:

Gjaldskrárnúmer			Verð
11	Sérfræðingur	kr/klst	3.080
12	Aðstoðarmaður	kr/klst	2.514

2. gr.

Gjald fyrir rannsóknir á innsendum sýnum sem stofnunin annast í dagvinnutíma er sem hér segir:

2.1 Krufningar:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2100	Nautgripir	
	21001 Fullorðnir	8.000
	21002 Ungneyti	5.000
	21003 Kálfar	2.500
	21004 Fóstur/nýfæddir	1.200
2101	Hross	
	21011 Fullorðin	10.000
	21012 Trippi	8.000
	21013 Folöld	3.000
	21014 Fóstur/nýfædd	1.500
2102	Svín	
	21021 Fullorðin	5.000
	21022 Sláturssvín	3.000
	21023 Unggrísir (<8 vikna)	1.500
	21024 Fóstur/nýfædd	750
2103	Sauðfé	
	21031 Fullorðið	4.000
	21032 Lömb (>2 mán.)	2.500
	21033 Unglömb	1.500
	21034 Fóstur/nýfædd	750
2106	Hundar	4.000
2107	Kettir	3.500
2108	Refir	
	21081 Fullorðnir	2.500
	21082 Hvolpar	1.500
2109	Minkar	
	21091 Fullorðnir	1.500
	21092 Hvolpar	750
2110	Hænsni	1.500
2111	Önnur smádýr	1.500

Í gjaldskrá fyrir krufningu er innifalin förgun á hræinu.

2.2 Líffæri:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2200	Stórsæ skoðun:	
22001	Einstök dýr	1.500
22002	Einstök líffæri	500

2.3 Vefjaskoðun:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2300	Standard litun á einstakt dýr (2-4 sýni)	4.235
2301	Standard litun á einstakt líffæri	2.200
2302	Ónæmislitun á einstakt sýni	3.045

2.4 Sýklaræktun:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2400	Almenn ræktun (ae + anae)	
24001	Einstök líffæri	2.000
24002	Einstök dýr	3.000
2401	Salmonella, forræktun og forgreining	2.340
2402	Salmonella, biogreining (API 20E)	2.650
2403	Salmonella, serumgreining á stofni	1.880
2404	Treponemaræktun	2.340
2405	Campylobacter ræktun og greining	2.340
2406	Svepparæktun	2.340
2407	Næmispróf	1.590
2408	Fúkkalyfjaathugun á agaræti (allt að 2 sýni)	3.420
2409	Typugreining á hreinrækt	1.710

2.5 Blóðvatnsrannsókn:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2500	Almennt gjald	1.200
2501	Plasmacytosis grunngjald (< 24 sýni)	1.200
2502	> 24 sýni hvert sýni	25
2503	Cogginspróf hvert sýni	1.600

2.6 Blóðmeinafræði:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2600	Grunngjald	1.200
2610	Gjald fyrir einstakar mælingar:	
26100	Kalsium kr/sýni	50
26101	Magnesium kr/sýni	50
26102	ASAT/ALAT kr/sýni (<=5 sýni)	120
26103	Fosfat kr/sýni (<=5 sýni)	120
26104	CK kr/sýni (<=5 sýni)	120
26105	GGT kr/sýni (<=5 sýni)	170
26106	Gluthationperoxidase kr/sýni	200
26107	Urea, gluhósi kr/sýni	150
26108	Kreatínín kr/sýni (<=10 sýni)	100
26109	Bílirúbin kr/sýni (<=10 sýni)	130

	26110 Haemoglobin	kr/sýni (<=10 sýni)	70
	26111 Haematocrit	kr/sýni	70
2620	Mismunandi flokkar:		
	26200 Steinefnaprófíll (Ca, Mg, fosfat)	1. sýni	1.420
	26201 Steinefnaprófíll (Ca, Mg, fosfat	kr/sýni, 2.-10. sýni	220
	26202 Vöðvaenzým (ASAT, CK)	1. sýni	1.760
	26203 Vöðvaensým (ASAT, CK)	kr/sýni, 2.-3. sýni	560
	26204 Lifrarstatus (ASAT, ALAT), GGT, bílirúbin	1. sýni	1.620
	26205 Lifrarstatus (ASAT, ALAT), GGT, bílirúbin,	kr/sýni, 2.-3. sýni	420
	26206 Nýrnastatus (Urea, Kreatínín)	1. sýni	1.420
	26207 Nýrnastatus (Urea, Kreatínín)	kr/sýni, 2.-3. sýni	220
	26208 Selenstatus (Glutperox)	1. sýni	1.400
	26209 Selenstatus (Glutperox)	kr/sýni, 2.-5. sýni	200
	26210 Blóðstatus (Hemtókritt, hemóglóbín, prótín)	1. sýni	1300
	26211 Blóðstatus (Hemtókritt, hemóglóbín, prótín).	kr/sýni, 2.-10. sýni	100
	26212 Súrdoða/fóðrunarvandamál	kr/sýni, <=10 sýni	3.500

- Hér er átt við bæi sem eiga við súrdoða- og fóðrunarvandamál að etja. Boðið er upp á greiningu á 10 sýnum úr kúm þar sem greint er Ca, Mg, fosfat, urea, prótín og glutaraldehýð.

2.7 Sníkjudýra- og meindýrarannsóknir:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2700	Ormaeggja- og einfrumungaleit í saursýnum úr mönnum og dýrum með formalínethylaxetat botnfellingu:	
	27001 Fyrsta sýni úr sjúklingi	3.000
	27002 Fleiri sýni úr sama sjúklingi innan hálfs mánaðar hvert sýni	1.500
2701	Ziehl Neelsen litun saursýna í framhaldi af formalín-ethyl-acetat botnfellingu	3.200
2702	Ormaeggja- og einfrumungatalning í saursýnum með saltfleytiaðferð:	
	27021 Almennt gjald (1. sýni)	1.600
	27022 Næstu 5 sýni	1.070
	27023 > 5 sýni	540
	27024 Rannsókn á „blönduðu sýni" þar sem allt að 10 sýni eru send inn og þeim síðan blandað saman í jöfnum hlutföllum fyrir rannsókn	3.200
2703	Leit að lungnaormalifrum í saursýnum með Baermann-botnfellingu:	
	27031 Almennt gjald (1. sýni)	1.600
	27032 Næstu 5 sýni	1.070
	27033 > 5 sýni	540
	27034 Rannsókn á „blönduðu sýni" þar sem allt að 10 sýni eru send inn og þeim síðan blandað saman í jöfnum hlutföllum fyrir rannsókn	3.200
2704	Húðskrap soðið í lút í leit að kláðamaurum:	
	27041 Almennt gjald (1. sýni)	1.600
	27042 Næstu 5 sýni	1.070
	27043 > 5 sýni	540
2705	Meindýra- og sníkjudýragreining	1.000

2.8 Ýmsar rannsóknir:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2800	Hormónamælingar (bioessay í rottum)	
	28001 Framkvæmd og útreikningar	12.600
	28002 Rottur ..... hvert stk.	220
2801	Prófun á eiturvirkni lyfja (toxisity test í músum)	2.340
2802	„Sterility" prófun á lyfjum/bóluefnum	4.080

2.9 Önnur þjónusta:

Gjaldskrárnúmer		Verð
2900	Framleiðsla mótefna í kanínum ..... per kanína	32.200
2901	Brennsla á hræjum sem ekki eru send til krufningar ..... per kíló	100

2.10 Þjónusturannsóknir Rannsóknadeildar fisksjúkdóma:

Gjaldskrárnúmer		Verð
21001	Sérfræðingur	3.694
21002	Aðstoðarmaður	2.758
21003	Máttaka líffærasýna	47
21004	Sýnataka	106
21005	Undirbún. v/bakt.ræktunar	236
21006	Undirbún. v/veiruræktunar	189
21007	Undirbún. v/M.cerebralis	590
21008	Undirbún. v/vefjaskoðunar	1.770
21009	Bakteríuræktun, nýrnaveiki	236
21010	Bakteríuræktun, kýlaveiki	177
21011	Bakteríuræktun, rauðmunnav.	177
21012	Bakteríuræktun, sjúkdómsgr. A.	590
21013	Bakteríuræktun, sjúkdómsgr. B.	1.770
21014	Svepparannsókn	590
21015	Nýrnaveiki ELISA A	1.180
21016	Nýrnaveiki ELISA B	590
21017	Nýrnaveiki IF	590
21018	Veirurannsókn A líffæri	944
21019	Veirurannsókn B líffæri	1.416
21020	Veirurannsókn A klakfiskur	1.180
21021	Veirurannsókn B klakfiskur	1.770
21022	Veirurannsókn v/sjúkdómsgr.	4.720
21023	Smásjárskoðun vefjasýnis	1.003
21024	Smásjárskoðun M. cerebralis	295
21025	Bakteríugreining pr/stofn	2.360
21026	Lyfjanæmispróf pr/stofn	590
21027	Veirugreining pr/stofn	2.950
21028	Bakteríuranns. á bóluefni	2.360
21029	Agarskál m. æti	47
21030	Vottorð	1.180

3. gr.

Við rannsókn samkvæmt 2. gr. lið 1-5 á hjarðvandamálum eða við rannsókn á fleiru en einu sýni frá sama eiganda skal taka fullt gjald fyrir fyrsta sýnið og síðan hálft gjald fyrir öll sýni umfram það. Hið sama gildir um rannsóknir á nýfæddum dýrum og fóstrum.

4. gr.

Ef senda þarf sýni erlendis til rannsóknar skal taka gjald fyrir frágang á sýni kr. 300 fyrir fyrsta sýni og síðan kr. 100 á sýni. Auk þess greiðir verkbeiðandi sendingarkostnað og reikning frá hinum erlenda rannsóknaraðila.

Gjaldskrárnúmer		Verð
4000	Frágangur á fyrsta sýni til rannsóknar erlendis	300
4001	Frágangur vegna sýna umfram það fyrsta	100

5. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir rannsóknir samkvæmt 3. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutíma.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 3. gr. skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda sbr. ákvæði 1. gr. og annan kostnað hverju sinni.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald vegna ferðakostnaðar miðað við útlagðan kostnað (fargjöld) og/eða akstur samkvæmt taxta ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir verksamningi eða gera föst verktilboð vegna sérfræðiráðgjafar og þjónusturannsókna og skal þá stuðst við taxta sbr. 1., 2. og 3. gr. gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfudag. Stofnuninni er heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

10. gr.

Gjaldskrá þessi skal breytast 1. nóvember og 1. maí ár hvert í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er sett:

a) Samkvæmt lögum nr. 67 frá 11. maí um Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum,

b) Samkvæmt lögum nr. 50 frá 6. maí 1986 um Rannsóknardeild fisksjúkdóma,

og öðlast gildi 1. maí 1995.

Menntamálaráðuneytið, 19. apríl 1995.

F. h. r.

Guðríður Sigurðardóttir.

Stefán Baldursson.

GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

Rafmagn.

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

I. Raforkugjöld.

Selfossveitur bs. selja rafmagn á orkuveitusvæðum Rafveitu Eyrarbakka, Rafveitu Selfoss og Rafveitu Stokkseyrar á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1	Almenn notkun	6,11	kr/kWh
A.2	Vinnuvélar, vinnuljós, o.þ.h.	9,98	kr/kWh
A.3	Utanhússlýsing	29.956,50	kr/kW/ár
A.4	Sumarhús	4,12	kr/kWh
B.1	Iðnaður; rafvélar o.þ.h.		
	- orkugjald	2,15	kr/kWh
	- aflgjald	9.471,00	kr/kW/ár
C.1	Rofin hitun; roftími 1 x 60 mín.		
	- á tímabilinu frá 1. maí - 30. september	2,10	kr/kWh
	- á tímabilinu frá 1. október - 30. apríl	4,40	kr/kWh
C.2	Rofin hitun; roftími 2 x 90 mín.	3,48	kr/kWh
	niðurgreiðsla (af Selfossveitum)	1,38	kr/kWh
C.3	Næturhitun; roftími allt að 12 klst.	2,10	kr/kWh
D.1	Hitun í iðnaði		
	- næturtaxti 20:00 - 08:00	2,10	kr/kWh
	- dagtaxti 08:00 - 20:00	6,83	kr/kWh
D.2	Húshitun; niðurgreidd	3,48	kr/kWh
	niðurgreiðsla	2,08	kr/kWh

Auk ofangreindra orku- og/eða aflgjalda greiðir notandi fast gjald samkvæmt töflu hér á eftir.

II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Aflgjaldsmæling (B.1)

Gjaldskrártaxti B.1 tekur til allrar notkunar viðkomandi húsveitu og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1 veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald skal ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur skal fara fram í lok hvers mánaðar.

Lámarksaflgjald er miðað við 15 kW. Heimilt er að veita notanda með lægra meðalgildi en 15 kW að kaupa rafmagn skv. B.1 enda greiði hann þá lámarksaflgjaldið.

2. Hitun.

Minnsta árgjald skal vera sem svarar til 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a. að aflnotkun (álag) sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunar.
b. að raftaugar nærliggjandi dreifikerfis og rafspennir þoli álagið.
um ráðstöfun hluta tekna vegna sölu fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarstarfs.

1. gr.

Verja skal 20% af andvirði allra seldra fyrirtækja og hlutabréfa í eigu A- og B-hluta stofnana ríkisins til rannsókna- og þróunarstarfs sbr. þó 2. gr. Miða skal við innborgað söluverðmæti næsta árs á undan.

2. gr.

Þó að fjárhæð skv. 1. gr. nái ekki 100 m.kr. skal fjárframlag til rannsókna- og þróunarstarfs samkvæmt þessum reglum nema a.m.k. 100 m.kr. árlega.

Ef innborgað söluandvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa fer á einu ári umfram 500 m.kr. komi 20% af umframfjárhæðinni til útborgunar næstu tvö ár á eftir. Viðbótarútborgunin verði hins vegar takmörkuð við það að samanlögð framlög fari ekki umfram 20% af heildarsöluandvirði frá 1992 að telja.

3. gr.

Af fjárhæð sem er til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum hverju sinni skal 85% renna til Rannsóknaráðs Íslands og 15% til annarra verkefna samkvæmt ákvörðun fjármálaráðherra. Rannsóknaráð skal árlega gera grein fyrir þeim verkefnum sem styrkt eru með fjárframlögum samkvæmt þessum reglum.

4. gr.

Reglur þessar sem eru settar á grundvelli liðar 5.3 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1995 skulu gilda á meðan slíkt ákvæði er í fjárlögum hvers árs.

Reglur þessar koma í stað reglna nr. 157/1995 um ráðstöfun tekna vegna sölu ríkisfyrirtækja til rannsókna- og þróunarstarfs og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 26. apríl 1995.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1994.

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

	Skýringar	*1994*	*1993*
Eignir			
Veltufjármunir:			
Bankainnstæða		1.544.387	537.247
Veltufjármunir samtals		1.544.387	537.247
Langtímakröfur:			
Spariskírteini ríkissjóðs		60.190.120	58.028.880
Langtímakröfur samtals		60.190.120	58.028.880
Eignir alls		61.734.507	58.566.127
Skuldir og eigið fé			
Skammtímaskuldir:			
Óhafnar styrkveitingar		590.000	1.045.000
Skammtímaskuldir samtals		590.000	1.045.000
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll 1. janúar 1993		57.521.127	55.658.705
Endurmat	1	2.111.614	1.852.536
Tekjur umfram gjöld		1.511.766	9.886
Samtals		61.144.507	57.521.127
Skuldir og eigið fé alls		61.734.507	58.566.127

Rekstrarreikningur árið 1994.

	Skýringar	*1994*	*1993*
Gjöld			
Styrkveitingar	2	4.520.000	4.240.000
- Leiðréttir styrkir frá fyrra ári		0	0
Ýmis kostnaður		184.906	139.310
Vaxtakostnaður á hlaupar		544	0
Gjöld samtals		4.705.450	4.379.310
Fjármagnstekjur og (-gjöld)			
Vextir af bankainnstæðum		15.670	75.285
Ágóði af sölu forsetamyntar 1994		2.700.000	0
Vextir og verðbætur spariskírteina		2.161.240	5.868.720
Tekjur v/sölu spariskírteina		3.221.920	234.560
Vextir af ríkisvíxlum		0	63.167
Niðurfelldir ósóttir styrkir		230.000	0

Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga.....	1	(2.111.614)	(1.852.536)
Fjármagnstekjur, nettó		6.217.216	4.389.196
Tekjur umfram gjöld		1.511.766	9.886

Skýringar með ársreikningi 1994.

Reikningsskilaaðferðir

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu byggingakostnaðar innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 2.111.614 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum.
   Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun	195,6
Meðalvísitala	197,3
Vísitala í árslok	199,1

2. Á árinu 1994 voru veittir 18 styrkir alls að fjárhæð 4.520.000 krónur.
   Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs	kr.	1.130.000
Þjóðminjasafn Íslands	-	1.130.000
Djúpavogshreppur	-	200.000
Vesturgata 3 hf., Hlaðvarpinn	-	200.000
Framkvæmdan. um endurn. garðsins Skrúðs	-	200.000
Byggðasafn Skagfirðinga, Glaumbæ	-	100.000
Mývatnssafn	-	100.000
Lúðubankinn hf.	-	200.000
Félag áhugamanna um minjasafn	-	100.000
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftfellinga	-	100.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	-	150.000
Fríður Ólafsdóttir	-	100.000
Safnastofnun Austurlands	-	100.000
Hið ísl. bókmenntafélag	-	200.000
Sögufélag	-	100.000
Átaksverkefni í atvinnumálum í V-Rangárv.	-	150.000
Fuglaverndarfélag Íslands	-	60.000
Lifandi myndir hf.	-	200.000

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1994 og efnahagsreikningi 31. desember 1994 ásamt skýringum 1-2.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1994 og efnahag 31. desember 1994.

Ríkisendurskoðun, 25. apríl 1995.

Sigurður Þórðarson.

Áritun endurskoðenda

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 18. apríl 1995.

Hulda Valtýsdóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Ásgerður Bjarnadóttir.**
Björg Einarsdóttir. **Björn Teitsson.**

Sveinbjörn Hafliðason.

Nr. 270 24. apríl 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 144/1994 um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar.

1. gr.

Eftirtaldir samhæfðir Evrópustaðlar um rafföng, sem notaðir eru á sprengihættustöðum með eða án tiltekinnar varnartilhögunar, bætast við viðauka I. Rafföng, sem þannig eru notuð, skulu vera í samræmi við þessa staðla.

Evrópustaðlar

Númer	Titill	Útgáfa	Dagsetning
EN 50019	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum:		
	Aukið öryggi "e".	4. breyting	Október 1989
		5. breyting	Ágúst 1990

EN 50020	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Sjálftrygg útfærsla "i". 3., 4. og 5. breyting		Maí 1990
EN 50033	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Hjálmluktir til notkunar í námum, þar sem eldfimt gas getur myndast.	2	Mars 1991
EN 50039	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Rafkerfi í sjálftryggri útfærslu "i".	1	Mars 1980
EN 50050	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Handverkfæri til rafsviðssprautunar.	1	Janúar 1986
EN 50053 (1. hluti)	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Handbyssur með hámarksorku 0,24 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á málningu.	1	Febrúar 1987(*)
EN 50053 (2. hluti)	Rafföng til notkunar á sprengihættustöðum: Handbyssur með hámarksorku 5 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á dufti.	1	Júní 1987(*)
EN 50053 (3. hluti)	Rafföng sem notuð eru á sprengihættustöðum: Handbyssur með hámarksorku 0,24 mJ eða 5 mJ og fylgihlutir þeirra til rafsviðssprautunar á ull.	1	Júní 1987(*)

(*) Hér er einungis átt við þær greinar sem fjalla um smíði tækja sem eru tilgreind í stöðlunum EN 50053, 1. 2. og 3. hluta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins nr. 60/1979 og með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í X. kafla II. viðauka. Hún byggir á tilskipun ráðsins 82/130/EBE frá 15. febrúar 1982 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum í námum þar sem eldfimt gas getur myndast, tilskipun ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng til notkunar á sprengihættustöðum og tilskipun ráðsins 79/196/EBE frá 6. febrúar 1979 um samræmingu laga aðildarríkja EES um rafföng með tiltekna varnartilhögun til notkunar á sprengihættustöðum, með þeim breytingum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 31/94 frá 15. desember 1994 og nr. 5/95 frá 27. janúar 1995 og með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytið, 24. apríl 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Sveinn Þorgrímsson.

REGLUGERÐ

um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga.

1. gr.

Undir yfirstjórn barnaverndarstofu skal starfrækja meðferðarstöð fyrir unglinga, sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Stöðin þjónar fyrst og fremst unglingum á aldrinum 12-16 ára en heimilt er að víkja frá þeim aldursmörkum í sérstökum tilvikum.

2. gr.

Meðferðarstöðin skal veita eftirfarandi þjónustu:

a) Skammtímavistun í neyðar- og bráðatilvikum. Með því er átt við vistun vegna óupplýstra afbrota eða stjórnleysis sökum ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu og aðra bráðnauðsynlega vistun á meðan úrræði í máli unglings eru undirbúin á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna. Hámarksvistunartími skal vera 14 dagar.

b) Sérhæfða meðferð, þ.m.t. vímuefnameðferð, með vistun í allt að fjóra mánuði. Gert er ráð fyrir að samhliða meðferðarstarfi fari fram greining á vanda unglingsins og að jafnframt sé gerð áætlun um frekari ráðstafanir í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáraðila.

c) Eftirmeðferð að aflokinni vistun. Sérstaka áherslu skal leggja á vinnu með fjölskyldum unglinganna, þannig að hjálparúrræði í nánasta umhverfi unglingsins séu virkjuð sem mest.

Í meðferðarstöðinni skal vera sérstök aðstaða vegna vistunar og meðferðar unglinga sem eru vistaðir gegn eigin vilja.

3. gr.

Meðferðarstöðin hefur aðsetur á höfðuborgarsvæðinu, en þjónar öllu landinu.

Óheimilt er að vista ungling nema samkvæmt ósk barnaverndarnefndar þar sem hann er dvalfastur, sbr. 8. gr. laga um vernd barna og ungmenna og með samþykki forsjáraðila, ef við á. Þó getur lögregla vistað ungling skv. a-lið 2. gr., enda geri hún jafnframt án undandráttar ráðstafanir til að afla samþykkis þessara aðila fyrir vistun. Meðferðarstöðin skal tilkynna barnaverndarstofu um allar vistanir skv. a-lið 2. gr. Barnaverndarnefndir skulu senda umsóknir um vistun skv. b-lið 2. gr. til barnaverndarstofu sem tekur ákvörðun um vistun.

Vistun lýkur þegar hámarksvistunartíma er náð, eða fyrr ef forstöðumaður Meðferðarstöðvarinnar eða barnaverndarnefnd telja að vistunar sé ekki lengur þörf.

Meðferðarstöðin skal að lokinni vistun senda hlutaðeigandi barnaverndarnefnd svo og barnaverndarstofu skýrslu um dvöl unglingsins og hagi hans, ásamt tillögum um áframhaldandi aðstoð og meðferð ef þörf er á því.

4. gr.

Félagsmálaráðherra ræður forstöðumann meðferðarstöðvarinnar að fenginni tillögu barnaverndarstofu. Forstöðumaður fer með faglega og fjárhagslega stjórn stöðvarinnar. Hann ákveður, með samþykki barnaverndarstofu, deildaskiptingu innan stöðvarinnar.

Forstöðumaður skal annað hvort vera sálfræðingur eða hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstæðu námi með viðbótarmenntun og reynslu af meðferðarstarfi. Hann skal enn fremur að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum.

5. gr.

Forstöðumaður ræður deildarstjóra meðferðarstöðvarinnar í samráði við barnaverndarstofu og með samþykki félagsmálaráðuneytisins. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk, þ.m.t. sálfræðinga, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga.

6. gr.

Unglingar, sem vistaðir eru á meðferðarstöðinni, skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu þeirra sem dvelja á stöðinni. Barnaverndarstofa setur vinnureglur um tengsl stöðvarinnar og þess skóla sem þjónar henni. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og skulu endurskoðaðar reglulega.

7. gr.

Meðferðarstöðin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við barnaverndarstofu og barnaverndarnefndir sveitarfélaga og samráð við úrlausn mála svo sem frekast er kostur.

8. gr.

Rekstrarkostnaður meðferðarstöðvarinnar greiðist úr ríkssjóði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 553/1994.

Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

28. apríl 1995 Nr. 272

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um holræsagjöld í Kópavogi nr. 347/1974, sbr. reglugerð nr. 70/1977.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Kópavogi, á lóð eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í, eða hefir tengt hús sitt holræsakerfi bæjarins, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,13% af álagningarstofni húsa og lóða eins og það er á hverjum tíma notað sem álagningarstofn fasteignaskatts. Upphæð holræsagjaldsins skal þó aldrei vera lægri en svarar kr. 13,50 á hvern rúmmetra í íbúðarhúsnæði og kr. 9,50 á hvern rúmmetra af öðru húsnæði. Á sama hátt skal upphæð holræsagjaldsins aldrei vera hærri en svarar kr. 17,00 á hvern rúmmetra af hvaða húsnæði sem er. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Lágmarksupphæð holræsagjalds fyrir hverja gjaldskylda fasteign skal aldrei vera lægri en kr. 1.850,00.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 28. apríl 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1995

9. maí 1995 557 Nr. 273

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.

1. gr.

5. tl. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 135, 6. mars 1995, breytist og orðist svo:

5.	Innfjarðaræjka	8.450
	þ.a. Eldey	400
	þ.a. Arnarfjörður	700
	þ.a. Ísafjarðardjúp	2.100
	þ.a. Húnaflói	2.300
	þ.a. Skagafjörður	700
	þ.a. Skjálfandaflói	800
	þ.a. Axarfjörður	1.450

2. mgr. 3. gr. orðist svo: Heildarafli við Eldey skv. 5. tl. miðast við tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla á vertíð sem hefst í maí 1995.

3. ml. 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí til og með 22. ágúst 1995.

5. ml. 3. mgr. 3. gr. falli niður.

Síðasti málsliður 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindu veiðisvæði innfjarðaræjku enda liggi fyrir umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. maí 1995

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 41, nr. 273. Útgáfudagur 12. maí 1995.

Gutenberg
B 39

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1995

Nr. 274 558 8. maí 1995

REGLUGERÐ

um fólksflutninga með hópferðabifreiðum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um fólksflutninga með hópferðabifreiðum á milli landa innan Evrópska efnahagssvæðis. Hún tekur til flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur hér á landi og stunda fyrrgreinda flutninga gegn gjaldi eða í eigin þágu með hópferðabifreiðum sem skráðar eru hér á landi og flytja fleiri en níu menn að ökumanni meðtöldum.

Reglugerðin tekur jafnframt til fólksflutninga flutningafyrirtækja á vegum innanlands í aðildarríki sem þau hafa ekki aðsetur í (gestaflutningar).

II. KAFLI
Leyfisskyldir farþegaflutningar milli landa.

2. gr.

Leyfi.

Leyfi þarf til reglubundinna flutninga, sérstakra reglubundinna flutninga sbr. þó 2. mgr. 4. gr., ferða fram og til baka án gistingar og óreglubundinna flutninga sem um getur í e-lið 8. gr. reglugerðar þessarar.

3. gr.

Reglubundnir flutningar.

Reglubundnir flutningar eru flutningar með farþega milli tiltekinna staða með tilteknu millibili eftir ákveðnum leiðum og farþegar teknir eða þeim skilað á fyrirfram ákveðnum viðkomustöðum. Afnot af reglubundnum flutningum eru öllum heimil, óháð því hvort nauðsynlegt geti verið að bóka far.

4. gr.

Sérstakir reglubundnir flutningar.

Sérstakir reglubundnir flutningar eru flutningar á tilteknum hópi farþega en aðrir farþegar útilokaðir, t.d. flutningar:

á starfsmönnum að og frá vinnustað;

á nemendum til og frá skóla;

á hermönnum og fjölskyldum þeirra frá upprunalandi þeirra til herbúðanna;

í landamæraborgum.

Ekki þarf leyfi til að stunda sérstaka reglubundna flutninga ef gerður er samningur um flutningana á milli skipuleggjandans og flutningafyrirtækisins.

Gutenberg

5. gr.

Ferðir fram og til baka án gistingar.

Ferðir fram og til baka án gistingar eru ferðir með farþega í fyrirfram skipulögðum hópi sem allur er fluttur í endurteknum ferðum frá einu og sama brottfararsvæði til sama ákvörðunarsvæðis og síðan til baka aftur. Með brottfararsvæði og ákvörðunarsvæði er átt við staðinn þar sem ferð hefst og hins vegar þar sem hún endar svo og staði innan 50 km radíuss.

Utan brottfarar- og ákvörðunarsvæðanna er heimilt að taka hópa eða skila þeim á allt að þremur mismunandi stöðum.

Brottfarar- og ákvörðunarsvæði og viðkomustaðir þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað geta verið á yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja.

6. gr.

Óreglubundnir flutningar.

Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla hvorki undir skilgreiningar á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka án gistingar. Flutningaþjónusta sem ekki fellur undir skilgreiningar í stafliðum a-d í 8. gr. er leyfisskyld.

III. KAFLI

Farþegaflutningar á milli landa sem eru háðir eftirlitsskjali.

7. gr.

Ferðir fram og til baka með gistingu.

Með ferðum fram og til baka með gistingu er auk flutninganna innifalin gisting á ákvörðunarstað með eða án máltíða, og eftir atvikum, meðan á ferðinni stendur fyrir minnst 80% farþeganna.

Fleiri en eitt flutningafyrirtæki geta verið í þjónustu fyrir sama verktaka og þurfa farþegarnir þá ekki að fara með sama flutningafyrirtækinu báðar leiðir.

Nöfn flutningafyrirtækja og skiptistaðir á leiðinni skulu tilkynnt til lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja.

8. gr.

Óreglubundnir flutningar.

Óreglubundnir flutningar eru flutningar sem falla hvorki undir skilgreiningar á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka án gistingar. Ekki þarf leyfi til óreglubundinna flutninga samkvæmt stafliðum a - d, en til þeirra teljast:

a) hringferðir, þ.e. sama ökutæki flytur einn eða fleiri fyrirfram skipulagða hópa sbr. 9. gr. og skilar þeim til baka á brottfararstað;
b) flutningaþjónusta sem starfrækt er fyrir farþega í fyrirfram skipulögðum hópi sem eru ekki fluttir til baka á brottfararstað í sömu ferð, ennfremur flutningaþjónusta með gistingu, sem getur náð til annarra þátta ferðaþjónustu;
c) flutningaþjónusta sem skipulögð er vegna einstakra atburða, svo sem ferðir á semínör, ráðstefnur og menningar- eða íþróttaviðburði sem ekki falla undir skilgreiningar í a- og b-lið;
d) flutningaþjónusta sem nefnd er í I. viðauka við þessa reglugerð;
e) flutningaþjónusta sem fellur ekki undir skilgreiningar a-d liða, þ.e. öll önnur þjónusta.

9. gr.

Fyrirfram skipulagður hópur.

Fyrirfram skipulagður hópur skv. 5. og 8. gr. er hópur sem samtök eða einstaklingur bera ábyrgð á og hefur tekið að sér að ganga frá samningum fyrir eða sjá um sameiginlega greiðslu fyrir flutningana eða tekið við öllum bókunum og greiðslu fyrir brottför. Hópur samanstendur af annað hvort minnst 12 mönnum eða þeim fjölda manna sem þarf til að fylla að minnsta kosti 40% af sætum ökutækisins að ökumanni undanskildum.

10. gr.

Eftirlitsskjal.

Flutningar samkvæmt 7. og 8. gr. fara fram með hliðsjón af eftirlitsskjali. Eftirlitsskjalið samanstendur af akstursskrá og hefti með þýðingum af akstursskránni. Flutningafyrirtækjum sem stunda óreglubundna flutninga og ferðir fram og tilbaka skulu fylla út akstursskrár fyrir hverja ferð. Aksturskrárheftin eru útgefin af samgönguráðuneytinu og eru til afhendingar þeim aðilum sem ætla að stunda flutninga samkvæmt 7. og 8. gr. reglugerðar þessarar og uppfylla skilyrði 11. gr.

IV. KAFLI
Aðgangur að starfsgrein.

11. gr.

Réttur til að veita flutningaþjónustu.

Öllum flutningafyrirtækjum sem stunda flutninga skv. 1. gr. er heimilt að starfrækja þá flutningaþjónustu á EES-svæðinu sem skilgreind er í 3. - 6. gr. án mismununar á grundvelli ríkisfangs eða hvar þau hafa staðfestu ef þau:

a) fá leyfi í staðfesturíkinu til að starfrækja reglubundna flutninga, ferðir fram og til baka eða óreglubundna flutninga með hópferðabifreiðum;
b) uppfylla skilyrðin sem kveðið er á um í reglum um aðgang að starfsgrein við farþega-flutninga í innanlands- og millilandaflutningum, sbr. II. - IV. viðauka við reglugerð þessa;
c) standast lagakröfur um öryggi á vegum.

12. gr.

Flutningar í eigin þágu.

Flutningar á vegum í eigin þágu er flutningastarfsemi sem felur í sér að fyrirtæki annast flutninga á starfsmönnum sínum eða að samtök, sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, sjái um flutninga á meðlimum sínum í félagslegum tilgangi enda falli flutningarnir utan við starfsemi og tilgang fyrirtækisins eða samtakanna.

Ökutækin skulu vera í eigu fyrirtækisins eða samtakanna, keypt með afborgunum eða tekin á leigu með langtímasamningi og starfsmaður fyrirtækisins eða samtakanna aki þeim.

Flutningar í eigin þágu eru undanþegnir hvers konar kerfi leyfisveitinga en eru bundnir tilteknu kerfi vottorða. Hins vegar eru flutningar á vegum í eigin þágu sem ekki falla undir 1. mgr. leyfisbundnir samkvæmt reglugerð þessari. Samgönguráðuneytið gefur út vottorð til flutninga í eigin þágu með hópbifreiðum á milli aðildarríkja EES.

V. KAFLI
Um leyfi o.fl.

13. gr.
Leyfisveitingar.

Sækja skal um leyfi til flutninga samkvæmt II. kafla reglugerðar þessarar til lögbærra yfirvalda í aðildarríki EES þar sem brottfararstaðurinn er. Í reglubundnum flutningum merkir brottfararstaðurinn einhverja endastöðina.

Umsóknir skulu vera í samræmi við fyrirmynd sem lögbært yfirvald afhendir. Umsækjendur um leyfi skulu leggja fram allar upplýsingar sem þeir telja máli skipta eða sem yfirvald æskir.

Leyfi eru gefin út eftir samræmdri fyrirmynd og veitir handhafa eða handhöfum rétt til að stunda reglubundna flutninga og ferðir fram og til baka án gistingar á yfirráðasvæðum allra aðildarríkja sem leiðir liggja um. Í leyfi skal eftirfarandi koma fram:

a) tegund flutninga;
b) flutningaleið, þar sem brottfarar- og ákvörðunarstaður er sérstaklega tekinn fram;
c) gildistími leyfis;
d) þegar um reglubundna flutninga er að ræða, viðkomustaðir og tímaáætlun.

14. gr.
Nýting leyfis.

Leyfi er gefið út á nafn flutningafyrirtækisins. Óheimilt er að framselja leyfið til þriðja aðila. Þó getur flutningafyrirtæki, með samþykki þess yfirvalds sem leyfið veitti, fengið undirverktaka til að sjá um þjónustuna. Ef svo ber undir skal nafn hins síðarnefnda og hlutverk hans sem undirverktaka koma fram í leyfinu. Undirverktakinn verður að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. gr.

Ef í hlut eiga fyrirtæki sem hafa bundist samtökum um að stunda reglubundna flutninga eða ferðir fram og til baka án gistingar skal leyfið gefið út á nöfn allra fyrirtækjanna. Það skal afhent fyrirtækinu sem stjórnar starfseminni og hin fyrirtækin fá afrit. Nöfn allra rekstraraðila skulu standa í leyfinu.

15. gr.
Gildistími leyfis.

Gildistími leyfis er allt að fimm ár fyrir reglubundna flutninga en tvö ár fyrir ferðir fram og tilbaka án gistingar. Gildistími má vera skemmri, annað hvort að ósk umsækjanda eða með sameiginlegu samþykki þar til bærra yfirvalda á yfirráðasvæði aðildarríkjanna þar sem farþegar eru teknir eða þeim skilað.

Leyfi til reglubundinna flutninga fellur niður í lok gildistímans eða þremur mánuðum eftir að yfirvald sem veitir leyfið fær tilkynningu frá leyfishafa um að hann hyggist fella niður flutningaþjónustuna. Í tilkynningunni skulu ástæður þessa koma fram.

Ef þörfin fyrir flutninga er ekki lengur fyrir hendi styttist fresturinn samkvæmt 1. mgr. í einn mánuð.

Leyfi fyrir ferðum fram og til baka án gistingar fellur niður þann dag sem leyfishafi tilgreinir í tilkynningu sinni til viðkomandi yfirvalds.

Leyfishafi skal með mánaðarfyrirvara og fullnægjandi auglýsingum tilkynna notendum viðkomandi flutningaþjónustu að hún falli niður.

16. gr.

Skyldur flutningafyrirtækja.

Flutningafyrirtæki í reglubundnum flutningum er skuldbundið til að tryggja, nema óviðráðanleg atvik komi til, flutningaþjónustu sem fullnægir settum reglum um órofna þjónustu, reglubundnar ferðir og nægilegt framboð.

Ennfremur skal flutningafyrirtækið sýna leiðir, viðkomustaði, tímaáætlun, fargjöld og flutningsskilmála að svo miklu leyti sem ekki er bundið í lögum og á þann hátt að tryggt sé að slíkar upplýsingar séu aðgengilegar öllum notendum.

17. gr.

Eftirlit á vegum og í fyrirtækjum.

Leyfin eða eftirlitsskjölin skulu geymd í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður fer fram á það.

Flutningafyrirtæki sem hafa hópferðabifreiðar í flutningum milli landa skulu heimila hvers konar eftirlitsskoðanir til þess að tryggja að reksturinn fari fram eins og vera ber, einkum að því er varðar akstur og hvíldartíma ökumanna. Eftirlitsmenn hafa umboð til að:

a) kanna bókhald og önnur skjöl er varða rekstur flutningafyrirtækisins;
b) taka afrit af eða útdrætti úr bókhaldi og öðrum skjölum á staðnum;
c) fá aðgang að öllu húsnæði, landsvæði og ökutækjum flutningafyrirtækisins;
d) krefjast upplýsinga um alla þætti bókhalds, skjala og gagnagrunna.

18. gr.

Farseðlar.

Farþegar sem nota reglubundna þjónustu eða ferðir fram og til baka, að undanskildum sérstökum reglubundnum flutningum, skulu hafa farseðil undir höndum alla ferðina, annað hvort farseðil fyrir hvern einstakan eða hópfarseðil þar sem koma fram eftirfarandi upplýsingar um:

a) brottfarar- og ákvörðunarstað og ef við á, ferðina til baka;
b) gildistíma farseðils;
c) verð ferðarinnar og, ef farþegar hafa greitt fyrir gistingu, heildarverð ferðarinnar að gistingu meðtalinni og upplýsingar um gististað.

VI. KAFLI
Gestaflutningar.

19. gr.

Réttur til að veita flutningaþjónustu.

Flutningafyrirtækjum sem hafa aðsetur hér á landi og hafa leyfi til að stunda fólksflutninga á vegum á milli landa skv. II. kafla reglugerðar þessarar er heimilt með þeim skilyrðum sem reglugerð þessi mælir fyrir um að stunda tímabundið gestaflutninga með farþega gegn gjaldi í öðru aðildarríki (gistiríki) án þess að þurfa að hafa skráða skrifstofu eða aðra stofnun í því ríki.

20. gr.

Heimild til gestaflutninga er bundin við hópferðir, en með hópferðum er átt við þjónustu þar sem sama ökutæki er notað til að flytja sama hóp farþega alla ferðina.

Gestaflutningar í formi sérstakra reglubundinna flutninga, þ.e. flutninga á starfsmönnum til og frá vinnustað og nemendum til og frá skóla eru heimilir flutningafyrirtækjum með skráða skrifstofu eða annars konar skrifstofu á landamærasvæði aðliggjandi ríkis, svo

framarlega sem brottfarar- og ákvörðunarstaðirnir eru á landamærasvæði gistiríkisins og heildarvegalengdin í beinni sjónlínu í hvora átt er ekki lengri en 50 km.

Eftir 1. janúar 1996 eru allir óreglubundnir flutningar heimilir, en til óreglubundinna flutninga teljast aðrir flutningar en þeir sem hvorki falla undir skilgreininguna á reglubundnum flutningum né ferðum fram og til baka.

21. gr.

Framkvæmd gestaflutninga.

Við framkvæmd gestaflutninga skal farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum gistiríkisins, nema reglur EES kveði á um annað:

a) fargjöld og skilmála sem gilda í flutningasamningum;
b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál má fara yfir þau mörk sem gilda í aðildarríkinu þar sem flutningafyrirtækið hefur staðfestu en má aldrei fara yfir mörkin sem sett eru í samræmisvottorðinu;
c) kröfur er varða flutninga á sérstökum hópum farþega, þ.e. skólabörnum, börnum og fólki með skerta hreyfigetu;
d) akstur- og hvíldartíma; sbr. reglugerð um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins nr. 136/1995;
e) virðisaukaskatt á flutningastarfsemi.

Tæknistaðlar um gerð og búnað ökutækja sem notuð eru í gestaflutningum skulu vera hinir sömu og tæknistaðlar fyrir ökutæki í millilandaflutningum.

22. gr.

Leyfi til gestaflutninga.

Samgönguráðuneytið gefur út leyfi til gestaflutninga til flutningafyrirtækja sem um það sækja og uppfylla skilyrði þessarar reglugerðar og viðauka með henni.

Samgönguráðuneytið getur afturkallað leyfi skv. 1. mgr., tímabundið eða endanlega, ef um alvarleg eða endurtekin brot er að ræða.

Leyfi til gestaflutninga eða staðfest afrit af því skal vera í ökutækinu og ber að framvísa því er viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

23. gr.

Eftirlitsskjal.

Gestaflutningar skulu starfræktir með hliðsjón af eftirlitsskjali sem skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því er viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess. Eftirlitsskjalið samanstendur af akstursskrá og þýðingum á henni. Aksturskrárnar fást afhentar í heftum sem vottuð eru af samgönguráðuneytinu. Útfylltar akstursskrár skulu afhentar samgönguráðuneytinu á þriggja mánaða fresti frá afhendingu.

Í flutningum samkvæmt 2. mgr. 20. gr. gildir samningurinn milli þess sem skipuleggur flutningana og flutningafyrirtækisins, eða staðfest afrit af honum, sem eftirlitsskjal. Þó ber að sýna akstursskrána þannig að hún sýni mánaðarlegt yfirlit.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.
24. gr.
Leyfisgjöld.

Gjald fyrir útgáfu leyfa samkvæmt reglugerð þessari er kr. 5.000 og tekur breytingum samkvæmt 18. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum nr. 53/1987 með síðari breytingum og lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum, staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI I

Flutningar sem um getur í d-lið 8. gr.

i) hópferðir, þ.e. sama ökutæki flytur hóp sömu farþega alla ferðina og skilar honum aftur á brottfararstað;
ii) ferðir með farþega frá brottfararstað til ákvörðunarstaðar en án farþega til baka á brottfararstað ökutækisins.
iii) ferðir án farþega frá einu aðildarríki til yfirráðasvæðis annars þar sem farþegar eru teknir, ef farþegarnir:
   - mynda hóp samkvæmt flutningssamningum sem gerðir eru áður en þeir koma inn í landið þar sem þeir eru teknir, eða
   - hafa áður verið fluttir af sama flutningafyrirtæki, samkvæmt skilyrðum liðar (ii), til landsins þar sem þeir eru teknir og fluttir úr landi aftur, eða
   - eru boðnir til annars aðildarríkis og flutningskostnaður er greiddur af þeim sem býður. Slíkir farþegar eiga að vera einsleitur hópur sem ekki var myndaður einungis með viðkomandi ferð í huga.

Viðauki II.
Óflekkað mannorð.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla dæmd.

Viðauki III.

Fullnægjandi fjárhagsstaða.

a. Fullnægjandi fjárhagsstaða felur í sér að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að koma fótum undir fyrirtækið og örugga stjórnun þess.

b. Til þess að meta fjárhagsstöðu skal samgönguráðuneytið taka mið af:
ársreikningum fyrirtækisins eða skattframtali;
tiltækum sjóðum, þar með talið bankainnstæðu;
láns- og yfirdráttarheimildum;
öllum eignum, þar með talið eignum sem hægt er að veðsetja fyrir fyrirtækið;
kostnaði, þar með talið kostnaði vegna kaups eða fyrstu greiðslu af ökutæki og húsnæði eða öðrum búnaði ásamt hreinu veltufé.

c. Fyrirtækið verður að hafa eigið fé og sjóði umfram skuldir sem eru að minnsta kosti kr. 500.000 á hvert ökutæki.

d. Með a, b- og c- lið í huga er samgönguráðuneyti heimilt að taka gilda staðfestingu löggilts endurskoðanda, banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar til sönnunar á fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.

Viðauki IV.

Starfshæfni.

1. Löggjöf:

Undirstöðuatriði einkamálaréttar og löggjafar á sviði verslunar, félagsmála og skattamála með sérstakri áherslu á:

* almenna samninga
* flutningssamninga, með sérstakri skírskotun til ábyrgðar flutningsaðila (eðli og mörk)
* verslunarfélög
* höfuðbækur
* reglugerðir um vinnu og félagslegt öryggi
* skattakerfi

2. Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis:

* greiðsluaðferðir og fjármögnun
* kostnaðaráætlun
* verðlagning og flutningsskilmálar
* viðskiptareikningar
* tryggingar
* vörureikningar
* flutningsumboð
* stjórnunaraðferðir við fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum á vegum
* markaðssetning

3. Aðgangur að markaði:

* ákvæði um aðgang og iðkun starfsgreinarinnar.
* flutningsskjöl.

4. Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings:

* þyngd og mál ökutækis
* val ökutækis
* gerðarviðurkenning og skráning
* meginreglur um viðhald ökutækis
* flutningur á hættulegum vörum
* flutningur á matvælum
* gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald ökutækja
* hleðsla og afhleðsla ökutækis

5. Öryggi á vegum:

* lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða umferð
* umferðaröryggi
* forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum

Auk tölulíða 1-5 þurfa flutningsaðilar sem ætla sér að starfa að millilandaflutningum að kunna skil á:

* ákvæðum um farþegaflutninga á landi milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsríkja sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og alþjóðasamþykkta
* venjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri
* helstu umferðarreglugerðir í aðildarríkjunum

Nr. 275 5. maí 1995

AUGLÝSING

um friðlýsingu æðarvarps og sellátra í Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Barðastrandarsýslu, umdæmis sýslumannsins á Patreksfirði.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Barðastrandarsýslu.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði, 5. maí 1995.

Þórólfur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um vöruflutninga á vegum innan Evrópska efnahagssvæðisins.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vöruflutninga á landi gegn gjaldi á milli landa Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og innanlands í aðildarríkjum EES með flutningabifreið eða vagnlest skráðum á Íslandi með leyfilegan hámarksþunga meira en 6 tonn.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

Millilandaflutningar eru akstur ökutækis frá einu aðildarríki til annars, með eða án umflutninga um eitt eða fleiri aðildarríki eða eitt eða fleiri þriðju lönd. Akstur ökutækis frá aðildarríki til þriðja lands og öfugt, með eða án umflutninga um eitt eða fleiri aðildarríki eða eitt eða fleiri þriðju lönd. Akstur ökutækis milli þriðju landa, í umflutningi um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja. Akstur án farms í tengslum við slíka flutninga.

Gestaflutningar eru tímabundnir innanlandsflutningar á vegum gegn gjaldi í öðru aðildarríki.

Ökutæki er vélknúið ökutæki sem skráð er hér á landi eða samtengd ökutæki þar sem að minnsta kosti vélknúna ökutækið er skráð hér á landi og er eingöngu notað til vöruflutninga.

2. gr.

Leyfi samgönguráðuneytis þarf til að hafa með höndum vöruflutninga gegn gjaldi, sem reglugerð þessi gildir um. Undanþegnir eru flutningar sem taldir eru upp í viðauka I.

II. KAFLI
Aðgangur að starfsgrein.

3. gr.

Umsækjendur um leyfi til vöruflutninga á vegum skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði til að öðlast leyfi samkvæmt reglugerð þessari:

hafa óflekkað mannorð;

hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu;

fullnægja skilyrðum um starfshæfni.

Um skilyrði þessi vísast til II. - IV. viðauka með reglugerð þessari.

III. KAFLI
Millilandaflutningar.

4. gr.

Til að stunda vöruflutninga með flutningabifreiðum á milli landa EES þarf sérstakt leyfi. Leyfi þetta er gefið út af samgönguráðuneytinu til handa fyrirtæki sem starfrækir vöruflutninga á vegum gegn gjaldi, hefur staðfesturétt hér á landi og starfsréttindi til að stunda vöruflutninga milli landa í samræmi við II. kafla þessarar reglugerðar.

5. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfi á nafn fyrirtækisins og afhendir því frumrit leyfisins og jafnmörg staðfest afrit og ökutækin sem umsækjandi hefur til umráða í þessum tilgangi hvort sem hann hefur fullan eignarrétt yfir þeim eða með öðrum hætti, t. d. með kaupleigu- eða leigusamningum.

Staðfest afrit skal geymt í ökutækinu og ber að framvísa því ef viðurkenndur eftirlitsmaður krefst þess.

6. gr.

Leyfi eru gefin út til fimm ára og eru endurnýjanleg. Óheimilt er að framselja leyfi til þriðja aðila.

Þegar sótt er um leyfi, í síðasta lagi fimm árum eftir að leyfi var gefið út og á minnst fimm ára fresti eftir það, skal samgönguráðuneytið kanna hvort vöruflutningafyrirtækið muni fullnægja eða fullnægi enn skilyrðunum sem kveðið er á um í 3. og 4. gr. reglugerðar þessarar.

7. gr.

Ef skilyrðum til að öðlast leyfi er ekki fullnægt skal ráðuneytið hafna umsókn um útgáfu eða endurnýjun leyfis og færa rök fyrir þeirri ákvörðun.

Ráðuneytið afturkallar leyfi ef leyfishafi uppfyllir ekki lengur skilyrði 3. og 4. gr. eða hefur gefið rangar upplýsingar er varða gögn sem krafist var við útgáfu leyfis.

Ef alvarleg eða minni háttar endurtekin brot á reglum um flutninga eiga sér stað getur ráðuneytið meðal annars afturkallað tímabundið eða endanlega staðfestu afritin af leyfinu sem það hefur gefið út.

Viðurlögin eru ákveðin með hliðsjón af því hversu alvarlegt brot leyfishafi hefur framið og hve mörg staðfest afrit hann á.

IV. KAFLI
Gestaflutningar.

8. gr.

Öllum farmflytjendum sem stunda flutninga á vegum gegn gjaldi og hafa leyfi samkvæmt 4. gr. er heimilt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir í reglugerð þessari að stunda tímabundið innanlandsflutninga á vegum gegn gjaldi í öðru aðildarríki EES, þótt þeir hafi þar ekki skráða skrifstofu eða aðra staðfestu þar.

9. gr.

Öllum fyrirtækjum sem hafa heimild til að stunda flutninga á vegum fyrir eigin reikning skal vera frjálst að stunda gestaflutninga fyrir eigin reikning eins og skilgreint er í 4. tl. I. viðauka með reglugerð þessari.

10. gr.

Gestaflutningar eru stundaðir innan ramma þess kvóta sem settur er á gestaflutninga innan EES á tímabilinu frá 1. janúar 1994 til 30. júní 1998.

Samgönguráðuneytið hefur heimild til þess að úthluta leyfum til gestaflutninga sem hér segir: á árinu 1995 13 leyfi; á árinu 1996 17 leyfi; á árinu 1997 23 leyfi og frá 1. janúar 1998 til 30. júní 1998 15 leyfi. Kvótakerfið fellur úr gildi 1. júlí 1998.

Hvert leyfi gildir í tvo mánuði fyrir eitt ökutæki í einu.

11. gr.

Ráðuneytið gefur út gestaflutningaleyfi til farmflytjenda sem sækja um þau og hafa staðfestu hér á landi. Leyfið skal gefið út á nafn farmflytjanda og er ekki framseljanlegt.

Skylt er að geyma leyfið í ökutækinu og því fylgir skráningarhefti yfir alla innlenda gestaflutninga sem eiga sér stað samkvæmt leyfinu. Framvísa skal leyfinu og skráningarheftinu hvenær sem viðurkenndir eftirlitsmenn krefjast þess.

12. gr.

Farmflytjandi sem ekki er búsettur í aðildarríkinu skal hafa full umráð yfir ökutækinu, annað hvort sem eigandi eða á annan hátt, t.d. á grundvelli afborgunarskilmála, leigusamnings eða kaupleigusamnings.

13. gr.

Flutningastarfsemi sem stunduð er samkvæmt gestaflutningaleyfi skal skráð í hefti með skráningarblöðum og skal þeim skilað ásamt leyfinu til samgönguráðuneytis innan átta daga frá því leyfið rennur út.

14. gr.

Við framkvæmd gestaflutninga skal farið að lögum og stjórnsýslufyrirmælum gistiríkisins þ.e. þess ríkis sem flutningarnir fara fram í um eftirfarandi atriði, nema reglur bandalagsins eins og þær eru aðlagaðar vegna EES - samningsins kveði á um annað:

a) gjaldskrár og skilmála um flutningasamninga;
b) þyngd og mál ökutækja; þyngd og mál getur í vissum tilvikum farið yfir þau mörk sem gilda í staðfesturíki fyrirtækis en má aldrei vera yfir þeim tæknilegu stöðlum sem eru ákveðnir í samræmisvottorðinu;
c) kröfur varðandi flutninga á tilteknum flokkum af vörum, einkum á hættulegum vörum, matvælum sem eru viðkvæm fyrir skemmdum og dýrum á fæti;
d) aksturs- og hvíldartíma;
e) virðisauka- eða veltuskatt á flutningaþjónustu.

15. gr.

Ef veruleg röskun verður á innlenda flutningamarkaðnum á tilteknu landsvæði eða ástandið versnar, vegna gestaflutninga, getur samgönguráðuneytið vísað málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA svo að samþykkja megi verndarráðstafanir og skal ráðuneytið láta Eftirlitsstofnuninni í té nauðsynlegar upplýsingar og tilkynna henni um ráðstafanir sem það hyggst grípa til vegna flutningafyrirtækja sem hafa aðsetur í landinu.

Alvarleg röskun á tilteknu landsvæði á innlendum markaði merkir að á markaðnum séu vandamál sem einskorðast við hann og í þeim mæli að þar sé mikið og að því er virðist viðvarandi framboð umfram eftirspurn sem ógnar fjárhagslegum stöðugleika og lífslíkum margra flutningafyrirtækja.

V. KAFLI

Leyfisgjöld o.fl.

16. gr.

Gjald fyrir útgáfu leyfa samkvæmt 4. og 10. gr. er kr. 5.000 og breytist miðað við vísitölu vöru og þjónustu samkvæmt 18. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum.

17. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um vöruflutninga á landi nr. 47/1994 með síðari breytingum og lög um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 8. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

VIÐAUKI I

Flutningar sem eru undanþegnir bandalagsleyfi sem og öðrum flutningaleyfum.

1. Opinber póstþjónusta.
2. Flutningur ökutækja sem hafa laskast eða eru óökufær.
3. Vöruflutningar með ökutækjum með 6 tonna leyfilega hámarksþyngd með hleðslu, að eftirvögnum meðtöldum, eða með 3,5 tonna leyfilega hámarkshleðslu, að meðtalinni hleðslu eftirvagna.
4. Vöruflutningar með vélknúnum ökutækjum, svo framarlega sem eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
   a) vörurnar sem fluttar eru verða að vera eign fyrirtækisins eða hafa verið seldar, keyptar, leigðar út eða teknar á leigu, framleiddar, unnið úr þeim eða með þær, af fyrirtækinu eða þær verið í viðgerð þar;
   b) tilgangur flutninganna á að vera sá að flytja vörur til eða frá fyrirtækinu eða færa þær til annaðhvort innan fyrirtækisins eða utan til eigin þarfa;
   c) vélknúnum ökutækjum sem notuð eru til slíkra flutninga skal ekið af starfsmönnum fyrirtækisins;
   d) ökutæki sem flytja vörur skulu vera eign fyrirtækisins eða keypt með afborgunum eða tekin á leigu af fyrirtækinu, í síðastnefnda tilvikinu með þeim fyrirvara að skilyrði tilskipunar ráðsins 84/647/ESB frá 19. desember 1984 um notkun ökutækja sem leigð eru án ökumanna til vöruflutninga á vegum séu uppfyllt.
   Þetta ákvæði gildir ekki um notkun annars ökutækis í stað þess sem notað er venjulega en sem er um stundarsakir í óökufæru ástandi.

e) flutningarnir skulu einungis vera aukastarfsemi fyrir starfsemi fyrirtækisins í heild.

5. Flutningur lyfja, búnaðar og tækja og annarra nauðsynja til neyðarhjálpar, einkum þegar verða náttúruhamfarir.

VIÐAUKI II

Óflekkað mannorð.

Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti, nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar. Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér, nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé 4 mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla dæmd.

VIÐAUKI III

Fullnægjandi fjárhagsstaða.

a. Fullnægjandi fjárhagsstaða felur í sér að hafa aðgang að nægilegu fjármagni til að koma fótum undir fyrirtækið og örugga stjórnun þess.

b. Til þess að meta fjárhagsstöðu skal lögbært yfirvald taka mið af: Ársreikningum fyrirtækisins eða skattframtali; tiltækum sjóðum, þar með talið bankainnstæðu, láns- og yfirdráttarheimildum; öllum eignum, þar með talið eignum sem hægt er að veðsetja fyrir fyrirtækið; kostnaði, þar með talið kostnaði vegna kaups eða fyrstu greiðslu af ökutæki, húsnæði eða öðrum búnaði ásamt hreinu veltufé.

c. Fyrirtækið verður að hafa eigið fé og sjóði umfram skuldir sem eru að minnsta kosti kr. 500.000 á hvert ökutæki.
Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu frá fyrstu málsgrein þegar um er að ræða flutningafyrirtæki sem eingöngu stunda starfsemi sína á innanlandsmarkaði.

d. Með a-, b- og c- lið í huga er lögbæru yfirvaldi heimilt að taka gilda staðfestingu eða staðhæfingu banka eða annarrar viðurkenndrar stofnunar til sönnunar á fjárhagsstöðu. Heimilt er að veita slíka staðfestingu eða staðhæfingu í formi bankaábyrgðar eða annarrar samsvarandi tryggingar.

e. b-, c- og d- liðir gilda aðeins fyrir fyrirtæki sem frá 1. janúar 1990 hafa leyfi samkvæmt landslögum til þess að stunda flutningastarfsemi á vegum.

VIÐAUKI IV

Starfshæfni.

1. Löggjöf:

Undirstöðuatriði einkamálaréttar og löggjafar á sviði verslunar, félagsmála og skattamála með sérstakri áherslu á:

* almenna samninga
* flutningssamninga, með sérstakri skírskotun til ábyrgðar flutningsaðila (eðli og mörk)
* verslunarfélög

* höfuðbækur
* reglugerðir um vinnu og félagslegt öryggi
* skattakerfi

2. Viðskipta- og fjárhagsstjórnun fyrirtækis:
* greiðsluaðferðir og fjármögnun
* kostnaðaráætlun
* verðlagning og flutningsskilmálar
* viðskiptareikningar
* tryggingar
* vörureikningar
* flutningsumboð
* stjórnunaraðferðir við fyrirtæki sem sérhæfir sig í flutningum á vegum
* markaðssetning

3. Aðgangur að markaði:
* ákvæði um aðgang og iðkun starfsgreinarinnar.
* flutningsskjöl.

4. Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings:
* þyngd og mál ökutækis
* val ökutækis
* gerðarviðurkenning og skráning
* meginreglur um viðhald ökutækis
* flutningur á hættulegum vörum
* flutningur á matvælum
* gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald ökutækja
* hleðsla og afhleðsla ökutækis

5. Öryggi á vegum:
* lög og stjórnsýslufyrirmæli er varða umferð
* umferðaröryggi
* forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum

Greinar sem flutningsaðilar sem ætla sér að starfa að millilandaflutningum þurfa að kunna skil á:
* greinar skv. tölul. 1 - 5
* ákvæði um vöruflutninga á landi milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsríkja sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og alþjóðasamþykkta
* venjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri
* helstu umferðarreglugerðir í aðildarríkjunum

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1995

15. maí 1995 573 Nr. 277

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 73, 3. febrúar 1995, um notkun seiðaskilju og bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Frá og með 16. maí 1995 er felld úr gildi 2. gr. reglugerðar nr. 73/1995.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. maí 1995

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 43, nr. 277. Útgáfudagur 15. maí 1995.

B 40
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1995

Nr. 278 574 4. maí 1995

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald á Hólum í Hjaltadal.

I. Hundahald.

1. gr.

Til að fyrirbyggja sem best hugsanlegt smit frá hundum á búpening Bændaskólans á Hólum er hundahald óheimilt á Hólum í Hjaltadal með þeim takmörkunum sem um getur í samþykkt þessari. Svæðið sem um er að ræða afmarkast af skógræktargirðingu og beitarhólfi meðfram Víðnesá, beitarhólfum, túnum sem tilheyra Hólum að Hofi sem og svæðinu umhverfis Hólalax að brúnni yfir Hjaltadalsá og að girðingu fyrir sunnan Hólalax. Gestkomandi fólki á Hólum er heimilt að hafa með sér hund enda hlíti þeir öllum ákvæðum samþykktar þessarar og dvelji eigi lengur með hund á staðnum en vikutíma án leyfis.

2. gr.

Sveitarstjórn Hólahrepps er heimilt að veita lögráða íbúum á Hólum (18 ára og eldri) undanþágu frá banni til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b) Með umsókn um leyfi fyrir að halda hund skal fylgja skriflegt samþykki íbúðareiganda eða löglegs umboðsmanns hans. Leyfi er auk þess háð skriflegu samþykki annarra íbúa úr öllum íbúðum í viðkomandi húsi, ef um er að ræða fjölbýlis-, tvíbýlis- eða raðhús.

c) Leyfisgjald er ákveðið af sveitarstjórn Hólahrepps og er staðfest af umhverfisráðherra í sérstakri gjaldskrá sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda hvað hundahaldsgjald varðar og skal greitt til sveitarsjóðs Hólahrepps. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir fjárhunda, björgunarhunda og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds og síðan árlega fyrirfram fyrir 1. maí ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga, fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d) Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við veitingu leyfis og greiðslu árlegs leyfisgjalds. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.

e) Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Hundeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flyst í burtu.

Gutenberg

f) Umráðamaður skal gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna eða búfénaður. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss á Hólum í fylgd aðila sem hefur fullt vald á honum.
Hundeiganda eða umráðamanni er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn, jafnóðum og hann fellur til.
Undantekningar frá því að hafa hunda í taumi á Hólum hafa einungis eigendur eða umráðamenn minkahunda, smalahunda og björgunarhunda þegar þeir eru að störfum með hunda sína. Sveitarstjórn getur í samráði við landeiganda afmarkað útivistarsvæði þar sem hundeigendum er frjálst að sleppa hundum sínum lausum, en þó undir eftirliti.

g) Eigi má fara með hunda inn á leikvelli og önnur leiksvæði barna, gripahús eða aðra þá staði sem um ræðir í III. - V. og VII. - XV. kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, en þeir eru m.a. eftirfarandi:
1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslur og förgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir og dagvistunarheimili barna.
8. Íþrótta- og baðstaðir.
9. Samkomuhús.
10. Kirkjugarðar og kirkja.

h) Ákvæði stafliðs g) gildir ekki fyrir hunda við björgunarstörf né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

i) Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur á staðnum en einn mánuð án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til sveitarstjórnar Hólahrepps sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi. Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá því það var veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiri háttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið. Skal hundeigandi þá þegar afhenda hann eftirlitsmanni hreppsins til ráðstöfunar eða losa sig við hundinn með öðrum hætti.

Sveitarstjórn Hólahrepps getur afturkallað öll leyfi til hundahalds á Hólum telji hún þess þörf af heilbrigðisástæðum eða öðrum brýnum ástæðum.

5. gr.

Sveitarstjórn Hólahrepps er heimilt að ráða starfsmenn til að annast eftirlit með hundahaldi á Hólastað.

6. gr.

Hunda sem ganga eftirlitslausir á Hólum skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og heimilt er að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda ef þeirra er vitjað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en afhending fer fram. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

II. Kattahald.

7. gr.

Kattahald er óheimilt á Hólum, sbr. svæðið sem kveðið er á um í 1. gr.

8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita tímabundna undanþágu til að hafa kött til að halda niðri músagangi, en þó skal þess gætt að hann valdi ekki truflunum á fuglalífi á staðnum.

III. Þvingunarúrræði og gildistaka.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hólahrepps og staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi við birtingu.

IV. Umþóttunartími.

Þeir íbúar Hólastaðar sem hafa ketti 1. maí 1995 geta sótt um leyfi til að hafa viðkomandi ketti meðan þeir lifa. Sækja verður um leyfi fyrir hunda sem eru á staðnum innan þriggja mánaða frá birtingu samþykktar þessarar.

Umhverfisráðuneytið, 4. maí 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 279 5. maí 1995

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna samsettra flutninga.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í I. kafla um flutninga á landi í XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII-viðauka og bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1107/70 frá 4. júní 1970 um aðstoð vegna flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 11 í XIII. viðauka).
   Ásamt breytingum:
   1. 172B Lög um aðildarskilmála og aðlögun að sáttmálanum.
   2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1473/75 frá 20. maí 1975.
   3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1658/82 frá 10. júní 1982.
   4. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 110/89 frá 27. apríl 1989.
   5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3578/92 frá 7. desember 1992.

2. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4060/89 frá 21. desember 1989 um afnám eftirlits á landamærum aðildarríkjanna vegna flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 12 í XIII. viðauka).
   Ásamt breytingum:
   1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3356/91 frá 7. nóvember 1991.

3. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3912/92 frá 17. desember 1992 um eftirlit innan bandalagsins á sviði flutninga á vegum og skipgengum vatnaleiðum með samgöngutækjum sem eru skráð eða tekin í notkun í þriðja landi. (Kemur sem nýr liður í viðaukann: nr. 12.a. í XIII. viðauka).
4. Tilskipun ráðsins nr. 92/106/EBE frá 7. desember 1992 um setningu sameiginlegra reglna fyrir tilteknar tegundir samsettra vöruflutninga milli aðildarríkja. (Kemur í stað 13. liðar XIII. viðauka).
5. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4058/89 frá 21. desember 1989 um ákvörðun flutningsgjalda í vöruflutningum á vegum milli aðildarríkja. (Nr. 27 í XIII. viðauka).
6. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3572/90 frá 4. desember 1990 um breytingu vegna sameiningar Þýskalands, á tilteknum tilskipunum, ákvörðunum og reglugerðum er varða flutninga á vegum, járnbrautum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 36 í XIII. viðauka.)
7. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1191/69 frá 26. júní 1969 um aðgerðir aðildarríkjanna vegna skyldna sem felast í hugtakinu opinber þjónusta í flutningum á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum. (Nr. 4 í XIII. viðauka). Ásamt síðari breytingum.
8. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 11/60 um afnám mismununar á flutningsgjöldum og skilmálum í tengslum við framkvæmd 3. mgr. 79. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu (Nr. 6 í XIII. viðauka).
   Ásamt breytingum:
   1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3626/84 frá 19. desember 1984.

2. gr.

Framangreindar gerðir eru birtar í C-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um samsetta flutninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu nr. 33/1995, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

ALÞINGISMENN

kosnir í apríl 1995.

Samkvæmt tilkynningu landskjörstjórnar voru eftirtalin kjörin alþingismenn (aðalmenn og varamenn) við alþingiskosningar 8. apríl 1995.

Skammstafanir: A = Alþýðuflokkur, Jafnaðarmannaflokkur Íslands, B = Framsóknarflokkur, D = Sjálfstæðisflokkur, G = Alþýðubandalag og óháðir, J = Þjóðvaki, hreyfing fólksins, V = Samtök um kvennalista.

A. Þingmenn kjördæma.

Reykjavíkurkjördæmi:

1. Davíð Oddsson (D)
2. Friðrik Sophusson (D)
3. Björn Bjarnason (D)
4. Geir H. Haarde (D)
5. Sólveig Pétursdóttir (D)
6. Lára Margrét Ragnarsdóttir (D)
7. Finnur Ingólfsson (B)
8. Svavar Gestsson (G)
9. Jón Baldvin Hannibalsson (A)
10. Guðmundur Hallvarðsson (D)
11. Ólafur Örn Haraldsson (B)
12. Bryndís Hlöðversdóttir (G)
13. Jóhanna Sigurðardóttir (J)
14. Kristín Ástgeirsdóttir (V)
15. Össur Skarphéðinsson (A)
16. Pétur H. Blöndal (D)
17. Ögmundur Jónasson (G)
18. Ásta R. Jóhannesdóttir (J)
19. Guðný Guðbjörnsdóttir (V)

Reykjaneskjördæmi:

1. Ólafur G. Einarsson (D)
2. Árni M. Mathiesen (D)
3. Sigríður Anna Þórðardóttir (D)
4. Siv Friðleifsdóttir (B)
5. Rannveig Guðmundsdóttir (A)
6. Árni Ragnar Árnason (D)
7. Hjálmar Árnason (B)
8. Ólafur Ragnar Grímsson (G)
9. Guðmundur Árni Stefánsson (A)
10. Kristján Pálsson (D)
11. Ágúst Einarsson (J)
12. Kristín Halldórsdóttir (V)

Vesturlandskjördæmi:	1. Ingibjörg Pálmadóttir (B) 2. Sturla Böðvarsson (D) 3. Magnús Stefánsson (B) 4. Guðjón Guðmundsson (D) 5. Gísli S. Einarsson (A)
Vestfjarðakjördæmi:	1. Einar K. Guðfinnsson (D) 2. Gunnlaugur M. Sigmundsson (B) 3. Einar Oddur Kristjánsson (D) 4. Sighvatur Björgvinsson (A) 5. Kristinn H. Gunnarsson (G)
Norðurlandskjördæmi vestra:	1. Páll Pétursson (B) 2. Hjálmar Jónsson (D) 3. Stefán Guðmundsson (B) 4. Ragnar Arnalds (G) 5. Vilhjálmur Egilsson (D)
Norðurlandskjördæmi eystra:	1. Guðmundur Bjarnason (B) 2. Halldór Blöndal (D) 3. Valgerður Sverrisdóttir (B) 4. Steingrímur J. Sigfússon (G) 5. Tómas Ingi Olrich (D) 6. Svanfríður Inga Jónasdóttir (J)
Austurlandskjördæmi:	1. Halldór Ásgrímsson (B) 2. Jón Kristjánsson (B) 3. Egill Jónsson (D) 4. Hjörleifur Guttormsson (G) 5. Arnbjörg Sveinsdóttir (D)
Suðurlandskjördæmi:	1. Þorsteinn Pálsson (D) 2. Guðni Ágústsson (B) 3. Árni Johnsen (D) 4. Ísólfur Gylfi Pálmason (B) 5. Margrét Frímannsdóttir (G) 6. Lúðvík Bergvinsson (A)

B. Varaþingmenn.

Varamenn þingmanna Reykjavíkurkjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Guðrún Helgadóttir Guðrún Sigurjónsdóttir Svanhildur Kaaber

Endurprentað blað.

Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:	Ásta B. Þorsteinsdóttir Magnús Árni Magnússon
Fyrir Framsóknarflokk:	Arnþrúður Karlsdóttir Vigdís Hauksdóttir
Fyrir Samtök um kvennalista:	Þórunn Sveinbjarnardóttir María Jóhanna Lárusdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Katrín Fjeldsted Magnús L. Sveinsson Ari Edwald Ásta Möller Kristján Guðmundsson Hanna Birna Kristjánsdóttir Helgi Árnason Ellen Ingvadóttir
Fyrir Þjóðvaka, hreyfingu fólksins:	Mörður Árnason Guðrún Árnadóttir

Varamenn þingmanna Reykjaneskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Sigríður Jóhannesdóttir
Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:	Petrína Baldursdóttir Hrafnkell Óskarsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Drífa Jóna Sigfúsdóttir Unnur Stefánsdóttir
Fyrir Samtök um kvennalista:	Bryndís Guðmundsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Viktor Borgar Kjartansson Stefán Þorvaldur Tómasson Sigurrós Þorgrímsdóttir Ævar Guðmundsson Sigurveig Sæmundsdóttir
Fyrir Þjóðvaka, hreyfingu fólksins:	Lilja Á. Guðmundsdóttir

Varamenn þingmanna Vesturlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:	Sveinn Þór Elinbergsson

Fyrir Framsóknarflokk:	Þorvaldur T. Jónsson Sigrún Ólafsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Guðlaugur Þór Þórðarson Þrúður Kristjánsdóttir

Varamenn þingmanna Vestfjarðakjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Lilja Rafney Magnúsdóttir
Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:	Ægir E. Hafberg
Fyrir Framsóknarflokk:	Ólafur Þ. Þórðarson
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Ólafur Hannibalsson Guðjón Arnar Kristjánsson

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis vestra:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Sigurður Hlöðvesson
Fyrir Framsóknarflokk:	Elín R. Líndal Magnús B. Jónsson
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Sigfús Levi Jónsson Þóra Sverrisdóttir

Varamenn þingmanna Norðurlandskjördæmis eystra:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Árni Steinar Jóhannsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Jóhannes Geir Sigurgeirsson Ingunn St. Svavarsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Svanhildur Árnadóttir Jón Helgi Björnsson
Fyrir Þjóðvaka, hreyfingu fólksins:	Vilhjálmur Ingi Árnason

Varamenn þingmanna Austurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Þuríður Backman

Endurprentað blað.

Fyrir Framsóknarflokk:	Jónas Hallgrímsson Kristjana Bergsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Kristinn Pétursson Sigurður Eymundsson

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag og óháða:	Ragnar Óskarsson
Fyrir Alþýðuflokk, Jafnaðarmannaflokk Íslands:	Hrafn Jökulsson
Fyrir Framsóknarflokk:	Ólafía Ingólfsdóttir Elín Einarsdóttir
Fyrir Sjálfstæðisflokk:	Drífa Hjartardóttir Arnar Sigurmundsson

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. maí 1995.

Nr. 281 5. maí 1995

REGLUGERÐ

um ferðaskrifstofur.

I. KAFLI
Ferðaskrifstofuleyfi.

1. gr.
Ferðaskrifstofa.

Með ferðaskrifstofu er átt við skilgreiningu þá sem fram kemur í ákvæðum 9. gr. laga um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum.

2. gr.
Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu.

Hver sá, sem vill reka ferðaskrifstofu, skal sækja um leyfi til ráðuneytisins. Leita skal umsagnar Ferðamálaráðs um allar slíkar umsóknir. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skiptast í tvo flokka eftir umfangi reksturs með eftirfarandi hætti:

Flokkur A: Gildir um hvers konar ferðaskrifstofurekstur þar sem fyrirtæki, félag eða einstaklingur tekur að sér að veita í atvinnuskyni alla almenna þjónustu við ferðamenn, þ. á m. miðlun ferða, gistingar og frístundaiðju og selur almenna farseðla.

Flokkur B: Gildir um ferðaskipuleggjendur. Ferðaskipuleggjandi er fyrirtæki, félag eða einstaklingur sem skipuleggur ferðir hópa eða einstaklinga og býður öðrum til umboðssölu. Einnig fyrirtæki sem annast móttöku hópa eða einstaklinga og skipuleggur fyrir þá dvöl og frístundaiðju eða fundi og ráðstefnur og þjónustu tengda þeim, en annast að öðru leyti hvorki almenna farmiðasölu né umboðssölu.

Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu skal veita í fyrsta sinn til tveggja ára en síðan til fimm ára í senn. Ferðaskrifstofuleyfi sem í gildi voru 30. maí 1994 halda gildi sínu í fimm ár frá þeim tíma, enda sé skilyrðum laga um skipulag ferðamála um að öðlast slíkt leyfi fullnægt.

Leyfisgjald til reksturs ferðaskrifstofu er kr. 5.000.

3. gr.

Skilyrði leyfis og eftirlit með þjónustu ferðaskrifstofa.

Um skilyrði til að öðlast leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fer eftir ákvæðum 12. gr. laga um skipulag ferðamála.

Þessum skilyrðum verður leyfishafi einnig að fullnægja eftir að leyfi er fengið og getur samgönguráðuneytið krafist endurskoðaðra ársreikninga og annarra upplýsinga frá ferðaskrifstofu til að ganga úr skugga um það.

II. KAFLI
Tryggingar ferðaskrifstofa.

4. gr.

Tryggingarskylda.

Ferðaskrifstofa, eða samtök slíkra fyrirtækja, skal setja tryggingu fyrir endurgreiðslu fjár sem greitt hefur verið og fyrir greiðslu kostnaðar við heimflutning neytandans ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar viðkomandi ferðaskrifstofu kemur.

Trygging getur verið fólgin í ábyrgð viðskiptabanka eða sparisjóðs, handveði í seljanlegum verðbréfum eða í öðrum tryggingum sem ráðuneytið metur gildar.

5. gr.

Tryggingarfjárhæð.

Samgönguráðuneytið ákveður upphæð tryggingar ferðaskrifstofa. Tryggingarfjárhæðir skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir leyfi samkvæmt flokki A er tryggingarfjárhæðin kr. 10.000.000. Þó er heimilt að lækka hana niður í kr. 5.000.000 þegar ferðaskrifstofa hefur lagt fram sönnur á að hún hafi aðrar sambærilegar tryggingar.
2. Fyrir leyfi samkvæmt flokki B er tryggingarfjárhæðin kr. 1.000.000.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða hærri tryggingarfjárhæð ef, að mati ráðuneytisins, áætlaður kostnaður við heimflutning farþega og fyrirframgreiðslu ferðakostnaðar er meiri en nemur fjárhæð tryggingar.

Umsækjendur um leyfi til reksturs ferðaskrifstofa skulu láta fylgja umsókn upplýsingar um fjárhagsstöðu og áætlun um umfang starfsemi sinnar á yfirstandandi ári.

6. gr.

Eftirlit með tryggingum ferðaskrifstofa.

Leyfishafar skulu fyrir 1. maí ár hvert senda samgönguráðuneytinu endurskoðað ársuppgjör, auk upplýsinga um þau umsvif sem fyrirhuguð eru á starfsárinu. Samgönguráðuneytið tekur ákvörðun á grundvelli þeirra upplýsinga hvort tryggingarfjárhæð skuli breytt.

Ráðuneytið getur heimilað að mat á tryggingarfjárhæð fari fram hjá löggiltum endurskoðanda sem ráðuneytið og umsækjandi eða leyfishafi samþykkja og skulu þá upplýsingar lagðar fyrir viðkomandi endurskoðanda.

Ef leyfishafi hefur ekki sinnt ákvörðun samgönguráðuneytisins um hækkun tryggingarfjárhæðar innan þriggja mánaða frá því honum var tilkynnt ákvörðun um hækkun tryggingarfjárhæðar fellur leyfi til reksturs ferðaskrifstofunnar niður.

Samgönguráðuneytinu er heimilt, ef ástæða er til að ætla að rekstur ferðaskrifstofu gangi erfiðlega, að fara fram á að skilað verði til ráðuneytisins endurskoðuðu uppgjöri innan þriggja mánaða frá því beiðnin barst viðkomandi ferðaskrifstofu.

Samgönguráðuneytið ákveður hvort greiða skuli af tryggingarfé. Eigi er heimilt að fella úr gildi tryggingu eða skerða tryggingarfé nema leyfi ráðuneytisins komi til. Leyfi til reksturs ferðaskrifstofu fellur niður ef grípa þarf til tryggingar.

III. KAFLI

Brottfall leyfis o.fl.

7. gr.

Brottfall leyfis til reksturs ferðaskrifstofu.

Um brottfall leyfis til reksturs ferðaskrifstofu fer eftir ákvæðum 2. mgr. 14. gr., 15. og 16. gr. laga um skipulag ferðamála og ákvæðum 6. gr. þessarar reglugerðar.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum.

Tryggingar ferðaskrifstofa skulu vera óbreyttar þar til ákvörðun hefur verið tekin um tryggingarfjárhæð ferðaskrifstofunnar á grundvelli 5. gr. reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um skipulag ferðamála nr. 117/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Ferðaskrifstofu ríkisins, eftirlit með gistihúsum og umboðsmenn erlendra ferðaskrifstofa nr. 30/1936, reglugerð um almennar ferðaskrifstofur nr. 266/1978, auglýsing um tryggingarfé ferðaskrifstofa nr. 23/1990 og auglýsing um ferðaskrifstofur nr. 328/1990.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Nr. 282 2. maí 1995

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur verið ákveðið að biðskylda skuli vera á eftirtöldum stöðum gagnvart þar til greindum götum og vegum í Vestmannaeyjum:

Biðskylda á vegi frá Hringskersgarði á gatnamótum við Skansveg gagnvart Skansvegi.
Biðskylda á vegi austan Flakkarans á gatnamótum við Skansveg gagnvart Skansvegi.
Biðskylda á Skansvegi á gatnamótum við Eldfellsveg gagnvart Eldfellsvegi.
Biðskylda á vegafleggjurum á Hitaveitusvæði á tveimur gatnamótum við Eldfellsveg gagnvart Eldfellsvegi.
Biðskylda á vegi að Sorpeyðingarstöð á gatnamótum við Eldfellsveg gagnvart Eldfellsvegi.
Biðskylda á Eldfellsvegi á gatnamótum við Fellaveg gagnvart Fellavegi.
Biðskylda á vegi frá Eldfelli á gatnamótum við Fellavegi gagnvart Fellavegi.
Biðskylda á vegi frá Helgafellsgryfju á gatnamótum við Fellaveg gagnvart Fellavegi.
Biðskylda á vegi frá Haugasvæði á gatnamótum við Fellaveg gagnvart Fellavegi.
Biðskylda á Fellavegi á gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á vegi frá flugturni á gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á vegi frá flugvelli vestan flugturns á gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á vegafleggjurum að Dölum á tveimur gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á vegi frá Helgafellsvelli á gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á vegi frá Helgafelli á gatnamótum við Fellaveg gagnvart Fellavegi.
Biðskylda á Hátúni á gatnamótum við Dalaveg gagnvart Dalavegi.
Biðskylda á Ofanleitisvegi á gatnamótum við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Ofanleitisvegi á tveimur gatnamótum við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Eystri Norðurgarði við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Brekkuhúsum við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á veg að Þorlaugargerði og Suðurgarði við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Steinsstöðum við Höfðaveg gagnvart Höfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að fjárhúsum í landi Draumbæjar á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á vegi að Lyngfelli á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Sæfelli hf. á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Breiðabakka á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á Kinnarvegi á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á afleggjara að Víkinni á gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á útsýnisvegum við Brimurð á tveimur gatnamótum við Stórhöfðaveg gagnvart Stórhöfðavegi.
Biðskylda á vegi að bílastæði Golfklúbbs Vestmannaeyja á gatnamótum við Hamarsveg gagnvart Hamarsvegi.
Biðskylda á öðrum botnlanga í Hátúni, gatnamót gagnvart Hátúni.
Biðskylda á efsta botnlangann á Illugagötu við gatnamót á Illugagötu og Hátúni gagnvart Illugagötu og Hátúni.
Biðskylda á Strembugötu við Bröttugötu, gagnvart Bröttugötu.
Biðskylda á veg við Löngulág (frá bílastæðum) við Strembugötu, gagnvart Strembugötu.
Biðskylda á syðsta botnlangann í Hrauntúni, gagnvart Hrauntúni.
Biðskylda á þriðja botnlanga við Áshamar, gagnvart Áshamri.
Biðskylda á Brekkugötu við Illugagötu, keyrt að Íþróttamiðstöð, gagnvart Íþróttamiðstöð.

Biðskylda á Bessastíg austan við Vallargötu, gagnvart Vallargötu.
Biðskylda á Norðursund bæði við Græðisbraut og Heiðarveg, gagnvart Græðisbraut og Heiðarvegi.
Biðskylda á Tangagötu við Skildingaveg, gagnvart Skildingavegi.
Biðskylda á Skólavegi við Tangagötu, gagnvart Tangagötu.
Biðskylda á Bárustíg við Tangagötu og Ægisgötu, gagnvart Tangagötu, Ægisgötu.
Biðskylda á Sjómannasund við Ægisgötu, gagnvart Ægisgötu.
Biðskylda á Sjómannsund við Strandveg, gagnvart Strandvegi.
Biðskylda á Formannabraut við Ægisgötu, gagnvart Ægisgötu.
Biðskylda á Brimhólabraut við Kirkjuveg, gagnvart Kirkjuvegi.
Biðskylda á veg frá Skipalyftu á gatnamótum við Eiðisveg, gagnvart Eiðisvegi.

Í stað biðskyldu skal koma stöðvunarskylda á Formannabraut á gatnamótum við Strandveg gagnvart Strandvegi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Vestmannaeyjum sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 2. maí 1995.

Georg Kr. Lárusson.

Nr. 283 11. maí 1995

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Vestmannaeyjar nr. 320 18. júlí 1979.

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Almennur hámarkshraði ökutækja er 50 km á klukkustund í þéttbýli. Um hámarkshraða og hraðatakmarkanir í og utan þéttbýlis vísast að öðru leyti til 37. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Ökumenn skulu þó ávallt gæta fyrirmæla umferðarlaga um minni ökuhraða og sérstaka varúð, svo sem þegar skyggni, umferð, ástand vegar eða aðrar sérstakar ástæður gefa tilfefni til.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 11. maí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Birgi Einarson apótekara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður um Birgi Einarson apótekara. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja pianóleikara til framhaldsnáms.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 3.000.000, þrjár milljónir króna. Það má aldrei skerða að raungildi. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

4. gr.

Styrkir skulu veittir úr sjóðnum eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti, í fyrsta skipti 1998.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu einn aðalmanna og einn varamanna vera afkomendur Birgis Einarson og er aðalmaðurinn formaður sjóðsins. Aðrir stjórnarmenn skulu vera úr hópi pianóleikara og kennara í pianóleik. Stofnandi sjóðsins og ekkja Birgis, frú Anna Einarson, tilnefnir fyrstu aðal- og varastjórn sjóðsins, en stjórnarmenn skulu síðan hver um sig tilnefna eftirmenn sína.

Formaður sjóðstjórnar ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar hans endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórnin kveður til.

7. gr.

Fundargerðir sjóðstjórnar og allar ákvarðanir hennar skulu skráðar í sérstakar bækur, sem varðveittar skulu eftir reglum um varðveislu opinberra skjala.

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur breytt þessari skipulagsskrá með einróma samþykki nema ákvæði 2. gr.

Með sömu skilmálum er heimilt að leggja sjóðinn niður og skulu eignir hans þá renna til pianódeildar Listaháskóla Íslands eða sambærilegrar stofnunar, sem komið hefur í hennar stað.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á þessari skipulagsskrá samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Endurprentað blað.

Skiplagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. maí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 285 5. maí 1995

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Hauks Snorrasonar ritstjóra.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Hauks Snorrasonar ritstjóra. Hann var stofnaður af vinum og vandamönnum Hauks Snorrasonar og fleiri aðilum 1961 og hlaut skipulagsskrá hans staðfestingu forseta Íslands 10. mars 1961.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að veita íslenskum blaðamönnum styrki til námsferða og styrkja útgáfu rita varðandi sögu blaðamennsku og Blaðamannafélags Íslands.

3. gr.

Sjóðurinn veitir viðtöku hvers konar gjöfum og framlögum er einstaklingar, fyrirtæki og félög vilja leggja fram. Einnig getur stjórn sjóðsins aflað honum tekna.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins var 1961 gkr. 70.000. Höfuðstóll sjóðsins sem ekki má skerða er nú kr. 446.000. Sjóðsstjórnin skal ávaxta fé sjóðsins þannig, eftir því sem unnt reynist, að rýrnun verðgildis peninga hafi ekki áhrif á eignir hans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn kosnir til þriggja ára. Blaðamannafélag Íslands kýs þrjá og skal einn þeirra vera formaður sjóðsstjórnar. Afkomendur Hauks Snorrasonar velja einn mann í sjóðsstjórnina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum Blaðamannafélags Íslands.

7. gr.

Til breytinga á skipulagsskrá þessari þarf einróma samþykki stjórnar sjóðsins. Slík breyting á skipulagsskránni skal einnig hljóta samþykki dómsmálaráðherra.

8. gr.

Ákveði stjórn sjóðsins einróma að leggja sjóðinn niður skal eignum hans ráðstafað á þann hátt er að mati stjórnar þjónar best tilgangi hans.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 10. mars 1961 og birt í B-deild Stjórnartíðinda, nr. 36/1961.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. maí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 286

REIKNINGUR

Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1994.

Rekstrarreikningur 1994.

Tekjur:	*Sameiginl. reikningur*	*Unninn botnf.*	*Óunninn botnf.*	*Bið-reikningar*	*Samtals*
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	4.647.422	252.509	90.635	1.237.374	6.227.940
Vaxtatekjur af skuldabréfi	0	0	0	1.631.916	1.631.916
Gengismunur	834.429	10.808	903	0	846.140
Ýmsar tekjur	4.693.895	0	0	0	4.693.895
Innborgun vegna Bíldudals	18.215.000	0	0	0	18.215.000
	28.390.746	263.317	91.538	2.869.290	31.614.891
Gjöld:					
Stjórnarlaun	871.535	0	0	0	871.535
Launatengd gjöld	58.273	0	0	0	58.273
Ýmis kostnaður	400.824	0	0	0	400.824
Vaxtagjöld	0	252.509	90.635	0	343.144
Gengismunur	4.134	10.808	903	4.528	20.373
Greitt út vegna verðjöfnunar	28.709	0	0	7.655.231	7.683.940
Framlag skv. l. nr. 88/1994	225.000.000	0	0	0	225.000.000
	226.363.475	263.317	91.538	7.659.759	234.378.089
Mismunur:	(197.972.729)	0	0	(4.790.469)	(202.763.198)

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

Eignir:					
Bankainnstæður, gengistryggðar	19.534.596	0	0	19.028.550	38.563.146
Bankainnstæður, aðrar	135.950	0	0	0	135.950
Skuldabréf	0	0	0	4.263.568	4.263.568
	19.670.546	0	0	23.292.118	42.962.664
Skuldir:	0	0	0	0	0
Eigið fé:					
Frá fyrra ári	217.643.275	0	0	28.082.587	245.725.862
Mismunur á rekstrarreikningi	(197.972.729)	0	0	(4.790.469)	(202.763.198)
	19.670.546	0	0	23.292.118	42.962.664

Skýringar með ársreikningi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1994.

Reikningsskilaaðferðir:

1. Gengisbundnar fjárhæðir eru færðar við kaupgengi SDR hinn 31. desember 1994.
2. Innstæður á verðjöfnunarreikningum eru færðar með áföllnum vöxtum í árslok 1994.
3. Vextir á innstæður á verðjöfnunarreikningum eru reiknaðir frá 21. desember 1993 til 20. desember 1994 sem og vextir á bankainnstæður.

Önnur atriði:

4. Í 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, en „... séu bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda sem inneign myndaði."
5. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir m.a.: „Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðu hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins." Þessar innstæður eru færðar í þeirri deild sjóðsins sem kölluð er Biðreikningar.
6. Ýmsar tekjur á óskiptum reikningi eru samkvæmt síðustu málsgrein 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en þar segir: „Verði framleiðandi gjaldþrota eða sé félagi slitið án þess að ákvæði 1. mgr. eigi við skal innstæða á verðjöfnunarreikningi þess renna inn á óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs."

Deildir fyrir botnfiskafurðir:

7. Hreyfingar á innstæðum deilda fyrir botnfiskafurðir greinast þannig:

Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir:	
Staða í ársbyrjun 1994	4.070.652
Vextir af innstæðureikningum	90.635
Gengismunur	(903)
Útborgað skv. lögum nr. 88/1994	(2.676.906)
Útborgað skv. lögum nr. 29/1992	(1.483.478)
Staða í árslok 1994	0

Deild fyrir unnar botnfiskafurðir:

Staða í ársbyrjun 1994	9.017.223
Vextir af innstæðureikningum	252.509
Gengismunur	10.808
Útborgað skv. lögum nr. 88/1994	(4.016.396)
Útborgað skv. lögum nr. 29/1992	(5.264.144)
Staða í árslok 1994	0

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins höfum við endurskoðað. Endurskoðað var í samræmi við viðurkenndar venjur og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sjóðsins í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 7. mars 1995.

Löggiltir endurskoðendur hf.

Stefán Svavarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun endurskoðenda

Áritun formanns f.h. stjórnar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins.

Með vísan til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins ársreikning sjóðsins réttan.

Reykjavík, 7. apríl 1995.

Árni Kolbeinsson, formaður.

Áritun sjávarútvegsráðherra.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og stjórnarformanns f.h. stjórnar er ársreikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1994 hér með staðfestur.

Reykjavík, 7. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr., að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september - 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a) Samkvæmt magnhemli ..... kr. 1.221,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b) Samkvæmt vatnsmæli ..... kr. 61,40
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið c:

c) Til annars en húshitunar ..... kr. 30,50
samkvæmt vatnsmæli pr. m^3.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meiru kranavatni til heimilisnota, en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur $^{1}/_{30}$ af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðargjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitunni skal reiknað heimæðargjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu: $H = 41.922 + 45.70 \times V$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Þegar lögn heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Af viðbyggingum og nýbyggingum á lóð þar sem ekki þarf nýja heimæð er gjaldið gjaldkræft þegar byggingarleyfi er veitt.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 415, 20. október 1993 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 12. maí 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 288 11. maí 1995

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

Gildissvið.

1. gr.

Eftir ákvæðum reglugerðar þessarar geta erlend fyrirtæki fengið endurgreiddan þann virðisaukaskatt sem þau hafa greitt hér á landi vegna kaupa á vörum og þjónustu til atvinnustarfsemi sinnar.

Það telst erlent fyrirtæki í skilningi þessarar reglugerðar þegar aðili hefur hvorki búsetu né starfsstöð hér á landi.

Skilyrði fyrir endurgreiðslu.

2. gr.

Skilyrði endurgreiðslu skv. 1. gr. eru:

1. Að virðisaukaskattur sem umsókn tekur til varði atvinnustarfsemi sem aðili rekur erlendis.
2. Að starfsemi hins erlenda fyrirtækis væri skráningarskyld samkvæmt lögum um virðisaukaskatt ef hún væri rekin hér á landi.
3. Að um sé að ræða virðisaukaskatt sem skráður aðili hér á landi gæti talið til innskatts eftir ákvæðum 15. og 16. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

Endurgreiðslubeiðni o. fl.

3. gr.

Sækja skal um endurgreiðslu á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Í umsókn skal umsækjandi skýra notkun þeirra aðfanga sem umsókn tekur til og lýsa því yfir að hafa ekki stundað skráningarskylda starfsemi hér á landi á því tímabili sem umsókn tekur til.

4. gr.

Hvert endurgreiðslutímabil samkvæmt reglugerð þessari er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Endurgreiðslutímabil getur þó tekið til heils almanaksárs, sbr. 3. mgr.

Fjárhæð virðisaukaskatts sem sótt er um endurgreiðslu á hverju sinni skal nema a.m.k. 20.000 kr.

Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt að fjárhæð 4.000 kr. eða meira ef umsókn varðar heilt almanaksár eða eftirstöðvar almanaksárs. Slík umsókn skal afgreidd með síðasta endurgreiðslutímabili hvers árs.

5. gr.

Umsókn vegna almennra endurgreiðslustímabila skal hafa borist 15. dag næsta mánaðar eftir að viðkomandi tímabili lýkur. Umsókn skal þó hafa borist í síðasta lagi sex mánuðum eftir lok þess almanaksárs sem umsóknin tekur til.

Með umsókn skal fylgja frumrit sölureikninga eða greiðsluskjala úr tolli þar sem kemur fram sá virðisaukaskattur sem umsækjandi hefur greitt. Þessi skjöl skulu endursend umsækjanda að lokinni afgreiðslu.

Auk gagna skv. 2. mgr. skal fylgja umsókn vottorð frá þar til bærum yfirvöldum í heimalandi umsækjanda þar sem fram kemur hvers konar atvinnurekstur hann hefur með höndum. Vottorð af þessu tagi gildir í tvö ár frá útgáfudegi og þarf ekki að senda nýtt vottorð við síðari umsókn innan gildistíma þess. Skattstjóri getur framlengt gildistíma vottorðs um tvö ár í senn, þyki staðfest að forsendur séu óbreyttar frá því vottorðið var gefið út.

Afgreiðsla á umsóknum.

6. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík afgreiðir beiðnir um endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari. Skattstjóri skal rannsaka endurgreiðslubeiðni og getur hann í því sambandi krafið umsækjanda og þá sem selt hafa umsækjanda vörur þær og þjónustu sem umsókn varðar nánari skýringa á viðskiptunum. Skattstjóri skal tilkynna ríkisféhirði um samþykki sitt til endurgreiðslu. Ríkisféhirðir annast endurgreiðslu.

Umsóknir sem berast innan skilafrests og með réttum fylgigögnum skulu afgreiddar einum mánuði og fimm dögum eftir lok endurgreiðslutímabils. Endurgreiðslubeiðnir sem berast eftir lok skilafrests skulu afgreiddar með beiðnum næsta endurgreiðslutímabils.

Umsækjandi getur óskað eftir að fá endurgreiðslu hér á landi eða í heimalandi sínu. Ef umsækjandi óskar eftir að greiðsla fari fram í heimalandi hans, skal hann greiða allan kostnað sem af því hlýst.

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Heimilt er erlendum aðila að fela umboðsmanni sínum hér á landi að sækja um og taka við endurgreiðslu, enda leggi umboðsmaðurinn fram skriflegt umboð þar um.

8. gr.

Fjárhæðir þær sem um ræðir í 2. og 3. mgr. 4. gr. taka árlega sömu hlutfallslegu breytingu og byggingarvísitala sú er öðlast gildi 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 42/1987. Grunnfjárhæðir þessar miðast við vísitölu 1. mars 1995, þ.e. 200,0 stig.

9. gr.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt reglugerð þessari hafi verið of há, vegna framlagningar rangra gagna eða annarra atriða er varða umsækjanda, skal hann sæta álagi samkvæmt 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

Um dráttarvexti vegna of hárrar endurgreiðslu fer skv. 28. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og reiknast frá þeim tíma er ofgreiðsla átti sér stað.

11. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, varðar við 40. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi. Endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar er heimil vegna viðskipta frá 1. mars 1995, enda sé sótt um endurgreiðslu innan tímamarka skv. 1. mgr. 5. gr. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.

Fjármálaráðuneytið, 11. maí 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Bragi Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um umferðarmerki og notkun þeirra.

I. UMFERÐARMERKI.

1. gr.

Umferðarmerki skiptast í þessa flokka:

A. Viðvörunarmerki.
B. Bannmerki.
C. Boðmerki.
D. Upplýsingamerki.
E. Þjónustumerki.
F. Vegvísa.
G. Akreinamerki.
H. Bráðabirgðamerki.
J. Undirmerki.
K. Önnur merki.

A. Viðvörunarmerki.

2. gr.

Viðvörunarmerkjum er ætlað að vekja athygli vegfarenda á því að vegur sé hættulegur eða á einhverri sérstakri hættu á vegi.

Viðvörunarmerki skal vera jafnhliða þríhyrningur með rauðum jaðri og gulum miðfleti. Eitt af hornum þríhyrningsins skal snúa upp, nema á merki A06.11, þar skal eitt hornið snúa niður. Á gula fletinum skal vera svartlituð táknmynd þeirrar hættu sem framundan er.

Stærð viðvörunarmerkja skal vera sem hér segir:

a. Venjuleg gerð: Lengd hliðarlínu 700 mm. Breidd jaðars 70 mm.

b. Stærri gerð: Lengd hliðarlínu 900 mm. Öll mál venjulegrar gerðar skal margfalda með stuðlinum 1,286.

3. gr.

Viðvörunarmerki eru þessi:

A01.11 Hættuleg beygja til hægri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka hægri beygju sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er stutt.

A01.12 Hættuleg beygja til vinstri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan einstaka vinstri beygju sem er hættuleg vegna legu vegarins eða þar sem vegsýn er stutt.

A01.21 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til hægri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki J02.11.

A01.22 Hættulegar beygjur, sú fyrsta til vinstri.

Merki þetta ber að nota fyrir framan vegarkafla þar sem tvær eða fleiri hættulegar beygjur eru, hvor eða hver nálægt annarri. Ef beygjur eru fleiri en tvær skal tilgreina lengd hins hættulega vegarkafla á undirmerki J02.11.

A05.11 Hættuleg vegamót.

Merki þetta má nota þar sem nauðsynlegt þykir áður en komið er að vegamótum þar sem umferð frá hægri hefur forgang, enda sé vegsýn slæm eða aðrar ástæður mæli sérstaklega með notkun merkisins. Ekki skal nota merkið í þéttbýli nema sérstakar ástæður mæli með því.

A06.11 Biðskylda.

Merki þetta ber að nota við vegamót þar sem ökumönnum ber að veita umferð á vegi sem ekið er inn á eða yfir forgang.

Ef ástæða þykir til að vara sérstaklega við að framundan sé biðeða stöðvunarskylda, má setja merkið upp áður en komið er að vegamótum. Þá er notað undirmerki til að tilgreina fjarlægð, J01.11 fyrir biðskyldu en J42.11 fyrir stöðvunarskyldu.

A07.11 Hættuleg vegamót þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegum, enda sé merkið A06.11 eða B19.11 við hliðarveginn.

A07.21 Hættuleg vegamót til hægri þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi til hægri, enda sé merkið A06.11 eða B19.11 við hliðarveginn.

A07.22 Hættuleg vegamót til vinstri þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi til vinstri, enda sé merkið A06.11 eða B19.11 við hliðarveginn.

A07.31 Hættuleg vegamót til hægri þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi til hægri, enda sé merkið A06.11 eða B19.11 við hliðarveginn.

A07.32 Hættuleg vegamót til vinstri þar sem umferð á vegi hefur forgang.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegamótum þar sem umferð á vegi sem merkið er við hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi til vinstri, enda sé merkið A06.11 eða B19.11 við hliðarveginn.

A10.11 Hringakstur.

Merki þetta má nota þegar torg með hringakstri er framundan og sérstakar ástæður valda því að viðvörunar er þörf.

A11.11 Börn.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að ökumenn sýni sérstaka aðgæslu í grennd við skóla, leikvelli eða aðra slíka staði þar sem vænta má ferða barna. Merkið ber einnig að nota þar sem ekið er inn á leikgötu.

A11.21 Umferð gangandi.

Merki þetta má nota til að vara við því að framundan sé svæði þar sem búast má við umferð gangandi vegfarenda, einkum utan þéttbýlis, enda sé vegsýn takmörkuð eða umferð að jafnaði hröð.

A11.22 Gangbraut framundan.

Merki þetta má nota til að vara við því að gangbraut sé framundan, enda sé vegsýn takmörkuð eða umferð að jafnaði hröð. Æskilegt er að undirmerki J01.11 sé notað með þessu merki.

A11.31 Reiðmenn.

Merki þetta má nota til að vara við því að reiðvegur þveri veg og þar sem sérstök ástæða er til að vara við umferð reiðmanna.

A11.41 Hjólreiðamenn.

Merki þetta ber að nota þar sem mikil umferð hjólreiðamanna fer þvert á veg eða þar sem hjólreiðamenn þurfa að nota hluta akbrautar við þröngar aðstæður.

A14.11 Vegur mjókkar.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega.

A14.21 Vegur mjókkar frá hægri.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega á þann hátt sem merkið sýnir.

A14.22 Vegur mjókkar frá vinstri.

Merki þetta ber að nota þar sem nauðsynlegt þykir að benda á að vegur mjókki verulega á þann hátt sem merkið sýnir.

A17.11 Vegavinna.

Merki þetta ber að nota þegar nauðsynlegt þykir að benda á stað þar sem unnið er að framkvæmdum á vegi.

A18.xx Brött brekka niður á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan halla. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið A18.10.

A19.xx Brött brekka upp á við.

Merki þetta ber að nota, ef nauðsynlegt þykir, áður en komið er að brattri brekku og aðstæður að öðru leyti fela í sér hættu. Hallinn skal tilgreindur í hundraðshlutum. Tveir síðustu stafir í númeri tákna tilgreindan halla. Þannig hefur merkið sem hér er sýnt númerið A19.10.

A20.11 Ósléttur vegur.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegarkafla þar sem miklar ójöfnur eru á yfirborði akbrautar.

A20.21 Hraðahindrun með öldu.

Merki þetta ber að nota þar sem sett hefur verið alda á veg til að draga úr hraða umferðar.

A21.11 Grjóthrun, snjóflóð, frá hægri.

Merki þetta má nota til að vekja athygli á grjóthrunshættu, grjóti sem fallið hefur á akbraut eða hættu á snjóflóði, frá hægri.

A21.12 Grjóthrun, snjóflóð, frá vinstri.

Merki þetta má nota til að vekja athygli á grjóthrunshættu, grjóti sem fallið hefur á akbraut eða hættu á snjóflóði, frá vinstri.

A22.11 Steinkast.

Merki þetta má nota áður en komið er að vegarkafla þar sem hætta er af steinkasti. Merkið má einnig nota, ef þurfa þykir, þar sem malarvegur tekur við af vegi með bundnu slitlagi.



A23.11 Umferðarljós.

Merki þetta má nota þar sem æskilegt þykir áður en komið er að stað þar sem umferð er stjórnað með umferðarljósum.

A24.11 Lágflug.

Merki þetta má nota til að vekja athygli á að loftfar sem hefur sig til flugs eða lendir á flugvelli nálægt vegi kunni að fljúga lágt yfir hann.

A25.11 Tvístefnuakstur.

Merki þetta ber að nota þegar æskilegt þykir að vekja athygli á tvístefnuakstri, t.d. á vegarkafla sem kemur í beinu framhaldi af einstefnuakstursvegi.

A26.11 Jarðgöng.

Merki þetta má nota til að vekja athygli á jarðgöngum sem eru framundan.

A27.11 Sleipur vegur.

Merki þetta má nota til að vara við vegarkafla þar sem hætta getur verið á að vegur sé mjög sleipur eða háll. Merkið skal þó ekki nota þar sem hálka er nema sérstakar ástæður mæli með því.

A28.11 Há slitlagsbrún.

d) Gjald fyrir lokun og enduropnun ..... kr. 1.499,10

e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mælabotns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:
   1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra en eða jafnt og 55°C.
   2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
   3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða kr. 750,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (Utanmál)	Heimæðargjald		
Allt að 300 m^3	101.422		
300- 2.000 m^3	101.422 kr.	f. 300 m^3	og 93 kr/m^3 þar yfir
2.000- 6.000 m^3	259.855 kr.	f. 2.000 m^3	og 74 kr/m^3 þar yfir
6.000-10.000 m^3	555.895 kr.	f. 6.000 m^3	og 60 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10.000 m^3	797.112 kr.	f. 10.000 m^3	og 52 kr/m^3 þar yfir

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10.366 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. september 1991 186,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 435, 20. september 1991.

Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 – 1995

23. maí 1995 669 Nr. 291

REGLUGERÐ

um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

1. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Villt dýr: allir fuglar og spendýr, önnur en selir, hvalir, gæludýr og bústofn. Dýr, sem er handsamað og haft í haldi, telst villt.

Veiðar: að handsama eða drepa villt dýr. Þegar um er að ræða fuglaveiðar er einnig átt við eggjatöku.

Tjón af völdum villtra dýra: fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins.

2. gr.

Allir sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, sbr. lög nr. 64/1994, skulu afla sér veiðikorts. Veiðikort þarf ekki til eggjatöku.

Embætti veiðistjóra annast útgáfu veiðikorta.

3. gr.

Veiðikort veitir handhafa þess rétt til að stunda veiðar á villtum dýrum á Íslandi og í íslenskri efnahagslögsögu.

4. gr.

Gefa skal út þrenns konar veiðikort; almennt veiðikort, hlunnindakort fyrir þá sem eingöngu ætla að nýta hlunnindi sem þeir hafa rétt á að nýta (sbr. 18. gr. laga nr. 64/1994) eða til að verjast tjóni af völdum villtra dýra, og almennt veiði- og hlunnindakort, enda eigi korthafi rétt á almennu veiðikorti samkvæmt ákvæðum 9. og 11 gr. þessarar reglugerðar.

Einungis handhafar veiðikorta mega stunda skotveiðar, enda hafi þeir skotvopnaleyfi hér á landi.

Veiðikort skal veiðimaður bera á sér á veiðum, ásamt fullnægjandi persónuskilríkjum. Landeigandi sem veitir heimild til veiða á sínu landi skal ganga úr skugga um að veiðimaður hafi gilt veiðikort.

5. gr.

Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda sem nýta vilja hlunnindi býlanna eða verjast tjóni af völdum villtra dýra geta einir sótt um hlunnindakort eða almennt veiði- og hlunnindakort. Hvert hlunnindakort skal gefið út á nafn eins ábúenda lögbýlis eða rétthafa hlunninda og er hann handhafi kortsins. Ef hlunnindum lögbýla hefur verið skipt formlega skal hver rétthafi hlunninda sækja um hlunnindakort.

Hlunnindakort gilda fyrir eiganda eða ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunninda og verjast tjóni af völdum villtra dýra. Handhafi hlunnindakorts er ábyrgur fyrir framkvæmd veiðanna og að sjá um að útfylla veiðiskýrslu.

Sé hlunnindaréttur í eigu sveitarfélags, hlutafélags eða félagasamtaka þarf hver sá sem nýtir hlunnindi að hafa hlunnindakort og skila veiðiskýrslu.

Þegar hlunnindaréttur er í eigu sveitarfélags er veiðistjóra heimilt með sérstökum samningi að fela sveitarstjórn útgáfu hlunnindakorta sbr. 4. gr. til þeirra sem hlunnindin nýta, innheimtu gjalda fyrir hlunnindakort skv. 6. gr. og skil á veiðiskýrslum skv. 7. og 8. grein.

Við útgáfu hlunnindakorts skal ávallt liggja fyrir staðfesting á rétti umsækjanda til hlunnindanýtingar og skal eigandi afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslumanns á rétti sínum.

Gjald fyrir hlunnindakort og almennt veiði- og hlunnindakort skal vera hið sama og fyrir almennt veiðikort og um endurnýjun þess gilda sömu reglur.

6. gr.

Veiðikort gildir að jafnaði í eitt ár í senn frá 1. apríl ár hvert.

Árlegt gjald fyrir veiðikort skal vera fimmtánhundruð krónur. Gjald þetta skal taka breytingum í samræmi við framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands eins og hún er 1. janúar ár hvert, sbr. lög nr. 5/1984.

Gjald fyrir veiðikort skal renna í sjóð sem notaður skal til að greiða fyrir umsýslu á veiðikortum, rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra. Umhverfisráðherra ákveður hvernig sjóðnum skuli varið.

7. gr.

Veiðistjóraembættið leggur til eyðublöð fyrir veiðiskýrslu og umsókn um veiðikort sem send skulu í upphafi hvers árs til allra handhafa veiðikorta í landinu.

Í umsókn um veiðikort skal skrá nafn handhafa, kennitölu hans, heimilisfang og tegundir dýra sem handhafi óskar eftir að fá heimild til að veiða.

Sá sem óskar eftir að fá veiðikort sitt endurnýjað útfyllir og skrifar undir umsókn þess efnis, fyllir út veiðiskýrslu og sendir hvort tveggja til veiðistjóraembættisins. Þar er veiðiskýrslan skilin frá umsókninni og veiðimanni sent nýtt kort gegn póstkröfu.

Veiðistjóraembætti skal óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman nafn korthafa og veiðiskýrslu hans.

Í veiðikorti skal koma fram nafn handhafa, kennitala hans, heimilisfang og þær tegundir dýra sem kortið veitir heimild til að veiða.

8. gr.

Veiðimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði. Veiðiár telst vera frá 1. janúar til 31. desember.

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti.

Handahafa veiðikorta ber að skila veiðiskýrslu þótt ekki sé óskað endurnýjunar á veiðikorti.

9. gr.

Rétt til að fá veiðikort öðlast menn sem hafa náð fullnægjandi árangri á hæfnisprófi fyrir verðandi veiðimenn sem umhverfisráðuneytið lætur halda árlega eða oftar í samvinnu við veiðistjóra.

Á hæfnisprófi (veiðiprófi) skal m.a. könnuð þekking manna á undirstöðuatriðum í stofnvistfræði, náttúruvernd, dýravernd, greiningu fugla og spendýra, hlunnindanýtingu, veiðisiðfræði, þekkingu manna á meðferð veiðitækja, sem og í lögum og reglum um ofangreind atriði. Umhverfisráðuneytið lætur útbúa námsefni fyrir hæfnispróf í samvinnu við veiðistjóra.

Umhverfisráðuneytið gengst fyrir námsskeiðum eða felur öðrum framkvæmd og umsjón hæfnisprófa og námskeiða. Heimilt er að fella þessa fræðslu inn í námskeið fyrir umsækjendur um byssuleyfi með samvinnu við lögregluyfirvöld.

Líði 10 ár án þess að veiðikort sé endurnýjað þarf umsækjandi að gangast undir hæfnispróf að nýju og ná þar fullnægjandi árangri áður en nýtt veiðikort er gefið út.

10. gr.

Erlendir ríkisborgarar, sem ekki hafa lögheimili hér á landi, geta fengið veiðikort sem gildir skemur en eitt ár og stundað veiðar á eignarlöndum að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

i. Viðkomandi hafi sambærileg réttindi til veiða í sínu heimalandi og krafist er hér að mati veiðistjóra, svo sem veiðikort eða heimild til veiða.
ii. Viðkomandi hafi fullnægjandi þekkingu á þeim reglum sem gilda hér á landi um veiðar á villtum dýrum.

Þeir sem sækja um veiðikort samkvæmt 1. mgr. skulu sýna fram á að þeir uppfylli skilyrði laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda nr. 46/1977 með áorðnum breytingum og reglugerða settum samkvæmt þeim áður en þeir fá veiðikort afhent.

Fylgi útgáfu veiðikorta skv. þessari grein aukin vinna fyrir veiðistjóra er honum heimilt að taka gjald fyrir hana sem nemur kr. 3.500 á klukkustund.

Veiðistjóri getur telji hann ástæðu til sett sem skilyrði að handhafi veiðikorts skv. þessari grein sé í fylgd manns sem hefur gilt veiðikort og lögheimili hér á landi.

Fyrir brottför af landinu skal handhafi veiðikorts samkvæmt 1. mgr. skila veiðiskýrslu, óháð því hver veiði hans var.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna- og veiðileyfis. Virða skal það refsingu til þyngingar ef um sjaldgæfar eða fágætar fuglategundir er að ræða, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1994.

Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Hið sama gildir um hlutdeild í brotum.

Gera má upptækt til ríkissjóðs: Ólöglegt veiðifang, veiðitæki og annan búnað sem notaður hefur verið við framkvæmd brots, svo og hagnað af ólöglegri veiði og sölu framangreindra verðmæta. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu þótt annar sé eigandi veiðitækis eða annars sem upptaka er heimil á en sá sem sekur hefur reynst um brot á ákvæðum reglugerðarinnar. Að öðru leyti skal fara um eignaupptöku samkvæmt ákvæðum 69. gr. laga nr. 19/1940.

12. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu rekin að hætti opinberra mála.

13. gr.

Reglugerðin tekur gildi þegar við birtingu hennar og um leið falla úr gildi eldri reglugerðir sem fjalla um veiðikort og settar eru á grundvelli laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Ákvæði til bráðabirgða: Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994 eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 1. apríl 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. greinar reglugerðarinnar.

Umhverfisráðuneytið, 23. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 292 24. maí 1995

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Viðskiptaráðuneytið vekur athygli á því að á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara hefur verið ákveðið að eftirfarandi flutningsjöfnunargjald sé tekið af neðangreindum olíuvörum frá og með 1. júní 1995 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,85 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,70 kr. á kg
flugvélabensín	3,00 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs.

Viðskiptaráðuneytið, 24. maí 1995.

Jón Ögmundur Þormóðsson

Atli Freyr Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1995

15. maí 1995 673 Nr. 293

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 408/1994,
um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar.**

1. gr.

1. málsl. 1. mgr. 3. gr. orðast svo: Óheimilt er að setja leikföng á markað hér á landi, hvort sem þau eru seld eða gefin, ef hætta er á að þau geti stofnað öryggi eða heilsu notenda og annarra í voða þegar þau eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er miðað við eðlilega hegðun barna.

2. gr.

Við 1. mgr. 4. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé leikfang merkt með CE-merki skal litið svo á að það uppfylli kröfur reglugerðar þessarar.

3. gr.

2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Tilnefndur aðili skal hafa hlotið faggildingu í samræmi við viðeigandi staðla í staðlaröðinni ÍST EN 450XX. Í viðauka VII með reglugerð þessari eru talin upp nánari skilyrði sem tilnefndur aðili verður að uppfylla.

4. gr.

Á eftir 5. málsl. 1. mgr. 7. gr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Ábyrgðaraðila er skylt að upplýsa kaupanda leikfangs um mikilvægi þess að varðveita slíkar leiðbeiningar ef þær eru ekki festar við leikfangið.

5. gr.

3. mgr. 14. gr. orðast svo:

Ef rökstuddur grunur leikur á að leikföng eða eftirlíkingar uppfylli ekki settar öryggisreglur getur Löggildingarstofan takmarkað sölu þeirra eða sett tímabundið bann við sölu þeirra á meðan rannsókn fer fram í málinu.

6. gr.

1. máls. 2. mgr. 15. gr. orðast svo: Löggildingarstofunni ber að tilkynna ábyrgðaraðila um rökstudda ákvörðun sína svo fljótt sem unnt er ásamt upplýsingum um áfrýjunarleiðir og áfrýjunarfresti.

Gutenberg

7. gr.

Við upptalningu staðla í viðauka III bætist:
ÍST EN71-5, Leikföng. Öryggiskrafa. 5. hluti: Efnafræðileikföng (sett), önnur en tilraunasett.

8. gr.

Nýr liður, f-liður, bætist við 2. kafla viðauka IV, svohljóðandi: skal gefa út vottorð um CE-gerðarviðurkenningu.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 100/1992, um vog, mál og faggildingu, sbr. lög nr. 52/1995, um breytingu á þeim, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 15. maí 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Finnur Sveinbjörnsson.

Nr. 294 15. maí 1995

REGLUGERÐ

um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Rétt til þess að starfa sem heilbrigðisfulltrúi hér á landi og kalla sig heilbrigðisfulltrúa hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi umhverfisráðherra.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. má aðeins veita þeim sem hefur menntun á sviði heilbrigðis- og umhverfiseftirlits, sem umhverfisráðuneytið metur gilda. Áður en leyfi er veitt skal leita álits Hollustuverndar ríkisins um hæfni umsækjenda.

3. gr.

Menntun heilbrigðisfulltrúa skal vera:

a) Háskólapróf í heilbrigðis- og umhverfiseftirliti.

b) Háskólapróf í skyldum greinum, auk sérnáms og/eða starfsreynslu.

Starfsreynsla skal vera 12 mánuðir. Heimilt er að skipta starfsþjálfunartímabili þannig að hluti þess sé unninn hjá Hollustuvernd ríkisins. Að öðru leyti fer starfsþjálfun fram hjá heilbrigðiseftirliti á svæði þar sem starfa a.m.k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi.

Heimilt er að viðurkenna skipulegt sérnám (bóklegt og/eða verklegt) við erlendar stofnanir. Hið sama gildir um innlend námskeið tengd heilbrigðiseftirliti. Skal hver mánuður í slíku sérnámi jafngilda tveggja mánaða starfsreynslu hjá heilbrigðiseftirliti hérlendis.

c) Önnur sambærileg menntun.

4. gr.

Heilbrigðisfulltúi starfar að heilbrigðis- og umhverfiseftirliti í umboði heilbrigðisnefnda samkvæmt ákvæðum laga og reglna, sem nefndunum hefur verið falið að annast framkvæmd á. Heilbrigðisfulltrúi starfar ennfremur fyrir svæðisnefnd í samræmi við 26. gr. laga nr. 81/1988 með síðari breytingum.

Heilbrigðisfulltrúi er háður faglegu eftirliti landlæknis í starfi sínu.

5. gr.

Óheimilt er að ráða til starfa sem heilbrigðisfulltrúa aðra en þá sem hafa leyfi samkvæmt reglugerð þessari.

6. gr.

Heilbrigðisfulltrúa ber að viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar varðandi starfið.

7. gr.

Heilbrigðisfulltrúa er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda heilbrigðisfulltrúa helst þótt hann láti af störfum.

8. gr.

Um refsingu vegna brota heilbrigðisfulltrúa í starfi, sviftingu starfsleyfis og endurveitingu gilda ákvæði læknalaga nr. 53/1988. Með mál út af brotum gegn reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 26. gr. 4. tl. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. breytingu nr. 54/1994, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hvað snertir hlutverk landlæknis, öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1983, með breytingu nr. 765/1983.

Umhverfisráðuneytið, 15. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

23. maí 1995 Nr. 295

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Ólafsfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

a.	Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr.	396,44
b.	Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.....	kr.	642,36
c.	Vatnsgjald pr. rúmm.	kr.	29,68

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabili, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)

1.	Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli	kr.	76.870,00
2.	a. Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli	kr.	76.870,00
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 300	kr.	70,00
3.	a. Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli.....	kr.	191.610,00
	b. Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000	kr.	60,00
4.	Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er	kr.	14.925,00

B) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 1.548,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. júní 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 378, 21. október 1992.

Iðnaðarráðuneytið, 23. maí 1995.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

19. maí 1995 Nr. 296

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Stígamót, ráðgjafar- og fræðslumiðstöð um kynferðislegt ofbeldi.

Stígamót er sjálfseignarstofnun, með heimili og varnarþing í Reykjavík.
Um Stígamót gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

Stofnendur og stofnfé.

1. gr.

Stígamót eru stofnuð þann 8. mars 1990. Að stofnuninni stóðu eftirtalin samtök: Barnahópur Kvennaathvarfs, Ráðgjafarhópur um nauðgunarmál, KFUK í Reykjavík, Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, Vinnuhópur gegn sifjaspellum, Sjálfstæðiskvennafélagið Hvöt, Kvenréttindafélag Íslands, Kvennaráðgjöfin, Fóstrufélag Íslands, Þroskaþjálfafélag Íslands, Kvenfélagasamband Íslands, Hið íslenska kennarafélag, LFK, Starfsmannafélag ríkisstofnana, Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga.

2. gr.

Stofnfé Stígamóta var:

Framlag ríkissjóðs	kr.	1.000.000
Þar af skal óskerðanlegt stofnfé vera	kr.	500.000

Markmið.

3. gr.

Markmið Stígamóta eru:

að gert verði átak til fræðslu um kynferðislegt ofbeldi, sem er nauðsynlegur þáttur í varnaraðgerðum.

að tekið verði á málum sem snerta kynferðislegt ofbeldi af mannúð og skilningi.

að opinberir aðilar taki mark á reynslu þeirra, sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi og þeirra kvennahópa er unnið hafa með þau mál og leggi til grundvallar við ákvarðanir um úrbætur í meðferð mála.

að tillögum skýrslu nauðgunarmálanefndarinnar um neyðarmóttöku fyrir konur, sem hefur verið nauðgað, verði hrundið í framkvæmd tafarlaust.

að meðferð á málefnum barna, sem beitt eru kynferðislegu ofbeldi verði tekin til gagngerrar endurskoðunar.

4. gr.

Til þess að ná ofangreindum markmiðum er Stígamótum útvegað húsnæði fyrir starfsemina og ráðið starfsfólk til þess að sinna ráðgjafar- og fræðslustarfi.

Tekjur og gjöld.

5. gr.

Tekjur Stígamóta eru sem hér segir:

a) Styrkir frá opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum.
b) Eigin fjáröflun stofnunarinnar.
c) Önnur fjárframlög.

6. gr.

Gjöld Stígamóta eru sem hér segir:

a) Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum skv. 3. og 4. gr.
b) Almennur rekstrarkostnaður stofnunarinnar.
c) Önnur útgjöld.

7. gr.

Árlega skal gera reikning yfir rekstur og efnahag stofnunarinnar. Reikningsárið er almanaksárið. Ársreikningur skal yfirfarinn af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Fé Stígamóta skal ávaxta með tryggum og arðbærum hætti.

Framkvæmdahópur.

9. gr.

Framkvæmdahópur Stígamóta skal skipaður fimm fulltrúum og skal hver þeirra skipaður til tveggja ára í senn. Skal einn fulltrúi vera frá Kvennaathvarfi, einn frá Kvennaráðgjöf, tveir frá leiðbeinendum sjálfshjálparhópa og einn úr hópi starfskvenna Stígamóta.

Framkvæmdahópur skal að jafnaði koma saman hálfsmánaðarlega. Aukafundi má halda, sé ástæða til. Halda skal gerðarbók.

10. gr.

Meginhlutverk framkvæmdahóps er:

a) Fjárvarsla og fjárhagsleg ábyrgð á Stígamótum.
b) Ráðning starfsfólks.
c) Stefnumörkun Stígamóta.

11. gr.

Endurskoðaður ársreikningur skal lagður fyrir framkvæmdahóp og skal hann sjá um að ársreikningurinn berist Ríkisendurskoðun með tilskildum hætti ár hvert.

Skipulagsskrá.

12. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari þurfa að hljóta einróma samþykki framkvæmdahóps Stígamóta.

13. gr.

Verði Stígamót lögð niður, skal eignum þeirra ráðstafað með tilliti til markmiða þeirra.

14. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Þannig samþykkt á fundi framkvæmdahóps Stígamóta þann 27. apríl 1995.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

SKIPULAGSSKRÁ

Málræktarsjóðs.

Nafn.

1. gr.

Með skipulagsskrá þessari er stofnaður sjóður sem ber heitið *Málræktarsjóður*.

2. gr.

Málræktarsjóður hefur sérstakan fjárhag og er sjálfstæður skattaðili með heimilisfang og varnarþing í Reykjavík.

Stofnendur og stofnfé.

3. gr.

Íslensk málnefnd er stofnandi Málræktarsjóðs. Einstaklingar, samtök, fyrirtæki eða stofnanir, sem lögðu honum til fjármuni í einhverri mynd fyrir árslok 1992, teljast einnig stofnendur.

4. gr.

Við stofnun sjóðsins höfðu verið lagðar fram 5.380.000 kr. og höfuðstóll sjóðsins 31. desember 1994 er 20.558.255 kr.

Stjórn sjóðsins mun beita sér fyrir því að safna til sjóðsins fé frá öðrum aðilum en ríkinu allt að 50 milljónum kr. samtals á verðlagi ársins 1991. Menntamálaráðherra mun beita sér fyrir því að íslenska ríkið leggi fram af sinni hálfu samsvarandi upphæð á móti framlögum frá öðrum aðilum og telst það framlag stofnfé.

Markmið.

5. gr.

Meginmarkmið Málræktarsjóðs er að beita sér fyrir og styðja hvers konar starfsemi til eflingar íslenskri tungu og varðveislu hennar samkvæmt nánari ákvæðum þessarar skipulagsskrár.

6. gr.

Markmiðum sínum hyggst Málræktarsjóður einkum ná með því að sinna þessum verkefnum:

a) að styrkja fjárhagslega nýyrða- og íðorðastarf í landinu,
b) að styrkja fjárhagslega starf orðanefnda sem vinna að þýðingum á tæknimáli eða sérhæfðu máli,
c) að styrkja fjárhagslega útgáfu handbóka og leiðbeininga um málnotkun,
d) að styrkja fjárhagslega útgáfu kennsluefnis í íslensku,
e) að styrkja fjárhagslega útgáfu orðabóka,
f) að veita einstaklingum, samtökum og stofnunum viðurkenningu fyrir málvöndun og málrækt,
g) að styrkja með fjárframlögum hvers konar framtak sem verða má til þess að markmiðum Málræktarsjóðs verði náð.

Tekjur og gjöld.

7. gr.

Tekjur Málræktarsjóðs eru sem hér segir:

a) Ávöxtunartekjur stofnfjár.
b) Fjárframlög og gjafir eftir 1992, önnur en framlög íslenska ríkisins skv. 2. mgr. 4. gr.
c) Aðrar tekjur.

8. gr.

Gjöld Málræktarsjóðs eru sem hér segir:

a) Útgjöld og kostnaður við að sinna verkefnum sjóðsins samkvæmt 5. og 6. gr. hér á undan.
b) Almennur rekstrarkostnaður sjóðsins.
c) Önnur útgjöld.

9. gr.

Gæta skal hagsýni í hvívetna við meðferð eigna og fjármuna Málræktarsjóðs. Fé sjóðsins skal ætíð ávaxtað með tryggum og arðbærum hætti.

10. gr.

Höfuðstóll Málræktarsjóðs er stofnfé hans með síðari viðbótum samkvæmt ákvörðun stjórnar, verðbættur í lok hvers reikningsárs. Þennan höfuðstól má ekki skerða. Til útgjalda samkvæmt 8. gr. skal einungis nota tekjur sjóðsins, samkvæmt 7. gr hér á undan, en heimilt er stjórn Málræktarsjóðs að leggja árlega allt að fjórðungi teknanna við höfuðstólinn. Rétt er stjórn sjóðsins að setja sér reglur um úthlutun fjár til verkefna sjóðsins og um veitingu viðurkenninga, og séu þær reglur kynntar almenningi.

Fulltrúaráð.

11. gr.

Stofna skal fulltrúaráð Málræktarsjóðs. Í fulltrúaráði eiga sæti:

a) þeir menn sem sæti eiga í Íslenskri málnefnd samkvæmt 6. gr. laga nr. 2/1990,
b) fulltrúar samtaka, fyrirtækja eða stofnana sem teljast stofnendur Málræktarsjóðs samkvæmt 3. gr. hér á undan.

Hver stofnandi á einn mann í fulltrúaráði nema Íslensk málnefnd, sbr. a-lið.

12. gr.

Fulltrúaráði er fengið það hlutverk með skipulagsskrá þessari að stjórna Málræktarsjóði með sjóðstjórn samkvæmt þeim reglum um verkaskiptingu sem felast í skipulagsskránni. Meginhlutverk fulltrúaráðs er að tilnefna tvo menn í stjórn Málræktarsjóðs og tvo til vara og ályktа í meginatriðum um stefnu og starfshætti Málræktarsjóðs til leiðsagnar fyrir sjóðstjórn.

13. gr.

Formaður og varaformaður Íslenskrar málnefndar eru formaður og varaformaður fulltrúaráðs.

14. gr.

Fulltrúaráð skal koma saman a.m.k. einu sinni á ári, í júnímánuði, og nefnist sá fundur aðalfundur Málræktarsjóðs. Aukafundi má halda ef ástæða er til. Á fulltrúaráðsfundum gilda almenn fundarsköp, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum allra mála. Halda skal gerðabók.

15. gr.

Viðfangsefni aðalfundar og dagskrá hans skal vera sem hér segir:

a) Lögð er fram skýrsla sjóðstjórnar um starfsemi Málræktarsjóðs fyrir liðið starfsár.
b) Afgreiddir eru endurskoðaðir ársreikningar Málræktarsjóðs fyrir liðið starfsár.
c) Tilnefndir eru tveir menn í sjóðstjórn og tveir til vara samkvæmt 12. gr. hér á undan.
d) Skipaður er löggiltur endurskoðandi fyrir næsta reikningsár.
e) Gerðar eru almennar leiðbeinandi ályktanir um starfsemi Málræktarsjóðs.
f) Önnur mál.

16. gr.

Fari svo, af einhverjum ástæðum, að fulltrúaráð tilnefni ekki menn í sjóðstjórn má menntamálaráðherra skipa í stjórnina í samræmi við ákvæði 12. gr. hér á undan.

Stjórn.

17. gr.

Í stjórn Málræktarsjóðs eiga sæti fimm menn og tveir til vara. Stjórn Íslenskrar málnefndar tilnefnir þrjá sjóðstjórnarmenn úr sínum hópi. Tveir stjórnarmenn og tveir varamenn eru tilnefndir af fulltrúaráði Málræktarsjóðs (sbr. 12. gr.).

Stjórn Íslenskrar málnefndar ákveður hver skuli vera formaður sjóðstjórnar.

18. gr.

Stjórnin er skipuð til fjögurra ára í senn.

19. gr.

Sjóðstjórn heldur fundi þegar þurfa þykir, eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Afl atkvæða ræður úrslitum allra mála. Rita skal fundargerðir stjórnarfunda.

20. gr.

Sjóðstjórn stýrir daglegum rekstri Málræktarsjóðs og ræður öllum málefnum hans til lykta með þeim takmörkunum sem greindar eru í skipulagsskrá þessari. Sjóðstjórn ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum Málræktarsjóðs, eins og þeim er lýst í 5. og 6. gr. hér á undan, verði náð að svo miklu leyti sem kostur er.

21. gr.

Sjóðstjórn má ráða framkvæmdastjóra Málræktarsjóðs, sem verði gjaldkeri sjóðsins, hafi prókúruumboð og sjái um bókhald og fjárreiður sjóðsins.

22. gr.

Sjóðstjórn skal gæta almennra lagaákvæða um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, sbr. lög nr. 19/1988.

23. gr.

Sjóðstjórn semur árlega skýrslu um starfsemi Málræktarsjóðs og leggur hana fyrir aðalfund fulltrúaráðs. Jafnframt leggur hún endurskoðaða ársreikninga Málræktarsjóðs fyrir aðalfund fulltrúaráðs, sem afgreiðir þá. Reikningsárið er almanaksárið.

24. gr.

Komi til þess, af einhverjum ástæðum, að engin stjórn verði starfhæf í Málræktarsjóði, má menntamálaráðherra skipa sjóðnum nýja stjórn.

Skipulagsskrá.

25. gr.

Skipulagsskrá þessa semur Íslensk málnefnd með samþykki menntamálaráðherra, og skal síðan leitað staðfestingar dómsmálaráðuneytis á henni. Á staðfestingardegi skal Málræktarsjóður taka til starfa.

26. gr.

Ekki má breyta skipulagsskrá þessari nema 3/4 hlutar fulltrúaráðs gjaldi breytingunni jákvæði sitt. Leita skal umsagnar menntamálaráðherra um breytinguna, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur hlotið staðfestingu dómsmálaráðuneytis.

27. gr.

Sjóður þessi verður ekki lagður niður nema stjórnin sé einhuga um það og að fenginni umsögn menntamálaráðherra. Verði engin önnur stofnun sett á fót með sama hlutverk eða svipað, skal menntamálaráðuneytið taka við öllum eigum hennar til varðveislu og ráðstöfunar.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár sjóðsins sem staðfest var 7. mars 1991 og breytt var með samþykki fulltrúaráðsins 23. júní 1994. Jafnframt fellur fyrri skipulagsskrá úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. maí 1995.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Jón Thors.

Nr. 298

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1994.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	**Kr.**
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	2.619.434
Innheimtuþóknun önnur	2.251.358
Endurkrafinn innheimtukostnaður	7.781.184
Vextir	130.957.399
	143.609.375

Rekstrargjöld:

Laun og launatengd gjöld	26.949.483
Húsnæðiskostnaður	1.297.629
Annar rekstrarkostnaður	33.952.407
Vextir og verðbætur	642.888
	62.842.407
Tekjur umfram gjöld	80.766.968

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

Eignir:

Sjóður	4.055.955
Bankainnstæður	9.602.350
Skuldabréfaeign	319.749
Ógreidd innheimtuþóknun	1.770.037
Óinnheimtar kröfur	5.077.564.907
Sveitarfélög	2.037.585
Kröfur á fyrirtæki	35.675.810
Fyrirfram greiddur kostnaður	1.545.601
	5.132.571.994

Skuldir og eigið fé:

Ógreiddur kostnaður	76.666
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	8.844.267
Tryggingastofnun ríkisins	105.064.494
Sveitarfélög	2.037.585
Erlendar innheimtur	610.755
Félagsmálaráðuneytið	4.819.733
	121.453.500
Framlag Jöfnunarsjóðs	2.704.022.277
Dráttarvextir óinnheimtir	1.490.695.653
Lögtakskostnaður óinnheimtur	38.148.162
Annað eigið fé	778.252.402
	5.132.571.994

Reykjavík, 14. febrúar 1995.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

Sigurgeir Sigurðsson. **Húnbogi Þorsteinsson.**

Sigurjón Pétursson. **Árni Guðjónsson.**

REGLUGERÐ

um rannsóknarprófessora.

1. gr.

Menntamálaráðherra er heimilt, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, eða með öðrum hætti, í samráði við háskóla og rannsóknarstofnanir, að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora er hafi að aðalstarfi rannsóknir á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Rannsóknarráð Íslands ásamt hlutaðeigandi mennta- og rannsóknarstofnun geta gert tillögu til menntamálaráðherra um stofnun slíkrar stöðu. Menntamálaráðherra er heimilt að auglýsa stöðu rannsóknarprófessors lausa til umsóknar.

2. gr.

Rannsóknarprófessor starfar tímabundið við háskóla eða rannsóknarstofnun og skal vinna að rannsóknum á skilgreindum sviðum sem ákveðin eru þegar staðan er stofnuð. Staðan felur í sér fullt starf og sá sem henni gegnir sinnir ekki öðru launuðu meginstarfi.

3. gr.

Eftir því sem ákveðið er í fjárlögum skal menntamálaráðherra veita fé til launa rannsóknarprófessors og auk þess til rekstrarkostnaðar rannsóknanna sem svarar til allt að tveimur þriðju hlutum árslauna rannsóknarprófessorsins. Stofnun sem rannsóknarprófessor starfar við lætur í té aðstöðu, búnað og þjónustu samkvæmt samningi. Rannsóknarprófessor er heimilt að taka að sér að leiðbeina nemenda í rannsóknartengdu framhaldsnámi samkvæmt sérstökum samningi þar um.

4. gr.

Í stöðu rannsóknarprófssors skal aðeins ráða einstakling, íslenskan eða erlendan, sem metinn hefur verið hæfur til að gegna stöðu prófessors og aflað hefur sér viðurkenningar á alþjóða vettvangi fyrir rannsóknarstörf eða lagt hefur fram markverðan skerf til rannsókna á sviði íslenskra fræða.

5. gr.

Með vísun til 2. mgr. 22. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, skipar menntamálaráðherra nefnd til að meta hæfi þeirra sem til álita koma í stöður rannsóknarprófessora. Í nefndinni eiga sæti rektor viðkomandi háskóla eða forstöðumaður viðkomandi rannsóknarstofnunar, formaður Rannsóknarráðs Íslands og einn fulltrúi sem menntamálaráðherra skipar. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna. Nefndin skal leita faglegs álits viðurkenndra sérfræðinga á viðkomandi fræðasviðum teljist þess þörf.

6. gr.

Rannsóknarprófessor er að jafnaði ráðinn til fimm ára. Heimilt er að framlengja ráðningu um tvö ár en samanlagður ráðningartími skal ekki vera lengri en sjö ár. Að loknum fimm árum skal liggja fyrir mat á framvindu verkefna og á grundvelli þess skal tekin ákvörðun um framhald ráðningar. Í þessu mati skal tekið mið af stöðu verkefna, framvindu, árangri sem náðst hefur og hvort upprunalegar áherslur eigi enn við.

7. gr.

Sá sem gegnir stöðu rannsóknarprófessors skal njóta sömu réttinda og þeir sem gegna stöðu prófessors við viðkomandi háskóla eða sérfræðings við rannsóknarstofnun, eftir því sem við á, enda sé slíkt í samræmi við lög, reglugerðir og kjarasamninga starfsmanna við hlutaðeigandi stofnun. Rannsóknarprófessor skal halda opinbera fyrirlestra um rannsóknir sínar á meðan á ráðningartíma stendur.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem byggir á ákvæðum 22. gr. laga nr. 61/1994, um Rannsóknarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 9. maí 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

Nr. 300 16. maí 1995

REGLUR

um breytingu á reglum um réttindi til að stjórna vinnuvélum nr. 198/1983.

7. gr. orðist svo:

Þegar nemandi hefur lokið námi og verklegri þjálfun skv. reglum þessum skal senda Vinnueftirliti ríksins umsókn um próftöku.

Umsókn skal fylgja:

1. Umsögn um þátttöku á námskeiði og próf skv. 3. gr.
2. Vottorð kennara um að lokið sé verklegri kennslu.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist vottorðs læknis um að umsækjandi fullnægi kröfum sem gerðar eru um sjón og heyrn og andlega og líkamlega hreysti. Þegar framangreind gögn liggja fyrir sér Vinnueftirlit ríkisins um að prófa umsækjanda.

8. gr. orðist svo:

Standist umsækjandi próf skv. 7. gr. gefur Vinnueftirlitið út skírteini því til staðfestingar. Í skírteini skal koma fram:

1. Númer þess.
2. Nafn og kennitala.
3. Útgáfudagur.
4. Hvenær skírteinið var fyrst gefið út.
5. Gildistími.
6. Tæki sem réttindi ná til.

Stjórnandi vinnuvélar skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður óskar þess.

Skírteinið gildir þar til handhafi þess verður 70 ára en þá getur hann endurnýjað það í 3 ár í senn. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð samkvæmt 7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu þeir, sem hafa réttindi til að stjórna krana í flokkum A, B, D eða P, leggja fram vottorð læknis á 10 ára fresti um að heilsa þeirra uppfylli öryggiskröfur, sbr. ákvæði 7. gr.

Réttindaflokkar eru skilgreindir í viðauka I.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríksins samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu.

Félagsmálaráðuneytið, 16. maí 1995.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I
Skilgreining á réttindaflokkum í vinnuvélaskírteini.

A Staðbundnir kranar, byggingarkranar.
B Farandkranar stærri en 18 tm.
C Brúkranar.
D Kranar minni en 18 tm.
E Gröfur þyngri en 4.000 kg.
F Hjólaskóflur.
G Jarðýtur.
H Vegheflar.
I Dráttarvélar og minni jarðvinnuvélar.
J Lyftarar með allt að 10 t lyftigetu.
K Lyftarar með meiri en 10 t lyftigetu.
L Valtarar.
M Malbikunarvélar.
P Hleðslukranar minni en 18 tm.

REGLUGERÐ

um eftirlit með sáðvöru.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Í reglugerð þessari er kveðið á um skilyrði fyrir framleiðslu, innflutningi og sölu sáðvöru af þeim tegundum sem eru taldar upp í 1. viðauka með reglugerð þessari og notuð eru sem sáðvara.

2. gr.

Skilgreiningar.

Merking orða er í reglugerð þessari sem hér segir:

Sáðvara: Allt nytjajurtafræ sem er ætlað til garðræktar, túnræktar, grasflatagerðar, grænfóðurræktar, kornræktar, landgræðslu, iðnaðar eða til frekari fræræktar og er undir opinberu gæðaeftirliti.

Sáðkorn: Sáðvara eftirtalinna korntegunda: Hafrar (*Avena sativa*), bygg (*Hordeum vulgare*), rúgur (*Secale cereale*), hveiti (*Triticum aestivum*), rúghveiti (*X Triticosecale*).

Stofn: Viðurkenndur hópur plantna innan plöntutegundar sem er mælanlega frábrugðinn öðrum hópum sömu tegundar og sem heldur sérkennum sínum við fjölgun með fræjum. Skrá yfir viðurkennda stofna á alþjóðamarkaði er gefin út af OECD.

Framleiðslueining: Tiltekið magn sáðvöru af sama stofni og sem er áþekkt hvað uppruna og gæði varðar. Framleiðslueiningarnar eru gæðaprófaðar sem ein heild: hvað varðar smágerðar frætegundir (þar sem fræin eru minni en hveitifræ) eins og flest grasfræ o.fl., má þyngdin ekki fara meira en 5% yfir 10 tonn og hvað varðar stórgerðar frætegundir (þar sem fræin eru jafnstór eða stærri en hveitifræ), eins og bygg, hafrar, rúgur, ertur, flækjur, baunir o. fl., má þyngdin ekki fara meira en 5% yfir 25 tonn. Allar framleiðslueiningar skulu merktar með eigin númeri.

Rekstrareining: Með rekstrareiningu er átt við allt land sem nýtt er til ræktunar sáðvöru. Rekstrareining getur náð yfir fleiri en eitt jarðar- og notkunarnúmer og leiguland.

Ræktunarjörð fyrir grundvallarfræ (í sáðkorni eingöngu): Með ræktunarjörð fyrir grundvallarfræ er átt við jarðir sem eru sérstaklega viðurkenndar af aðfangaeftirlitinu til að rækta grundvallarfræ í sáðkorni.

Plöntuskoðun: Opinbert eftirlit með ræktunarsvæðum meðan á vaxtartímabilum stendur.

Samanburðarræktun: Ræktun á stofnum á vegum aðfangaeftirlitsins til að kanna, á vaxtartímanum, hreinleika og einsleitni stofna og smitsjúkdóma sem berast með fræjum.

Leiguhreinsun: Þurrkun, hreinsun, bæsun eða önnur meðhöndlun sáðkorns í atvinnuskyni.

Eftirlit rannsóknastofu: Gæðaprófanir með framleiðslueiningum fullhreinsaðra sáðvara sem fram fer á vegum aðfangaeftirlitsins.

Framleiðsla: Ræktun, hreinsun, pökkun, merking o.s.frv.

Sala: Sala í verslun, á markaði, uppboði eða sölutilboð í fjölmiðlum, gegnum áskrift, verðlista eða á annan viðurkenndan hátt.

Sölutímabil: Tímabilið frá 1. október til 30. september ári eftir ræktun.

Flokkur: Sáðvara sem er flokkuð eftir skilgreindum kröfum með tilliti til fjölgunar og gæða. Í þessari reglugerð er sáðvörum skipt í flokka F, P, B og C, auk D í sáðkorni, St í garðyrkjufræi og L fyrir landgræðslufræ. Í undantekningartilvikum og í tengslum við innflutning má einnig nota EB-flokkinn, „sölufræ". Sáðvara sem er viðurkennd samkvæmt einhverjum þessara flokka telst flokkað.

Ættliður: Ræktunarár sáðvöru í viðkomandi flokki. Ættliðarmerkingin er táknuð í þessari reglugerð með tölu (fjölda ræktunarára) aftan við flokksmerkinguna.

Kynbótafræ (flokkur F): Sáðvara sem stofneigandi eða umboðsmaður hans notar til viðhalds á stofni eða til ræktunar á grundvallarfræi eða stofnfræi.

Grundvallarfræ (flokkur P): Sáðvara sem er notuð til framleiðslu á stofnfræi og er á ábyrgð stofneiganda og uppfyllir kröfur sem gerðar eru til grundvallarfræs.

Stofnfræ (flokkur B): Sáðvara sem notuð er til frekari fræframleiðslu og er undir opinberu eftirliti. Stofnfræ er ræktað frá grundvallarfræi sem stofneigandi eða umboðsmaður hans leggur til, eða frá kynbótafræi sem fullnægir kröfunum sem eru gerðar til grundvallarfræs og er ræktað með samþykki stofneiganda. Stofnfræ verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins stofnfræ.

Vottað fræ - (flokkur C): Sáðvara sem:

a. sáð er til með grundvallarfræi ef stofneigandi krefst þess eða er ræktað frá stofnfræi eða vottuðu fræi af fyrsta ættlið (C1) og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað fræ;
b. ætlað er til sölu sem sáðvara til almennra neytenda eða til framleiðslu á vottuðu fræi af öðrum ættlið (C2), stöðluðu garðyrkjufræi (St) eða sáðkorni í flokki D.

Vottað sáðkorn - 1. ættliður af byggi, höfrum og hveiti (flokkur C1): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða með grundvallarfræi og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn - 1. ættliður.

Vottað sáðkorn - 2. ættliður af byggi, höfrum og hveiti (flokkur C2): Sáðkorn sem sáð er til með vottuðu sáðkorni af 1. ættlið, með stofnfræi eða grundvallarfræi og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn - 2. ættliður.

Vottað sáðkorn af 2. ættlið er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Vottað sáðkorn af rúgi (C): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða grundvallarfræi og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokksins vottað sáðkorn. Vottað sáðkorn af rúgi er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Sáðkorn af byggi, höfrum og hveiti (flokkur D): Sáðkorn sem sáð er til með vottuðu sáðkorni af 1. ættlið, með stofnfræi eða grundvallarfræi og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokks D. Sáðkorn af flokki D er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Sáðkorn af rúgi (flokkur D): Sáðkorn sem sáð er til með stofnfræi eða grundvallarfræi og uppfyllir gæðakröfurnar sem eru gerðar til flokks D. Sáðkorn af flokki D er ekki hægt að nota til frekari ræktunar á sáðkorni sem sætir opinberu eftirliti.

Staðlað fræ (flokkur St): Garðyrkjufræ sem er einkum ræktað með plöntuframleiðslu í huga. Staðlað fræ verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins staðlað fræ.

Landgræðslufræ (flokkur L): Fræ sem er safnað eða ræktað á Íslandi og er ætlað til landgræðslu. Landgræðslufræ verður að uppfylla gæðakröfur sem eru gerðar til flokksins landgræðlsufræ.

Sérpakkningar (gildir ekki um garðyrkjufræ eða sáðkorn):

a. A-pakkning:
Pakkning með fræblöndum sem ekki eru ætlaðar til landbúnaðarnota, til dæmis sáðvara í grasflatir, að nettóþyngd í mesta lagi 2 kg.

b. B-pakkning:
Pakkning með vottuðu fræi af hreinum tegundum eða fræblöndum, að nettóþyngd í mesta lagi 10 kg.

c. C-pakkning:
Pakkning með stofnfræi eða grundvallarfræi að nettóþyngd í mesta lagi 50 kg.

d. D-pakkning:
Pakkning með vottuðu fræi af hreinum tegundum eða fræblöndum, að nettóþyngd í mesta lagi 25 kg.

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með.

Smápakkningar (gildir eingöngu um garðyrkjufræ):

Pakkningar með vottuðu garðyrkjufræi eða stöðluðu garðyrkjufræi sem mega ekki hafa meiri nettóþyngd en hér greinir:

Tegundir	Hámarksþyngd nettó
Ertur, baunir, flækjur og tegundir með samsvarandi fræstærð	5 kg
Laukar, blaðlaukar, rófur, kál, spánskur pipar (paprika), síkoría, vatnsmelónur, agúrkur, gulrætur, salat, tómatar, hreðkur, spínat og tegundir með tilsvarandi fræstærð	500 g
Aðrar tegundir	100 g

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með.

Skammtapakkningar (gildir eingöngu um garðyrkjufræ):

Pakkningar með flokkuðu garðyrkjufræi sem mega ekki hafa meiri nettóþyngd en hér greinir:

Tegundir	Hámarksþyngd nettó
Stórgert fræ eins og ertur, baunir, flækjur o.fl.	100 g
Aðrar tegundir	30 g

Þyngdarmörkin sem eru gefin upp gilda um hreint fræ. Þyngd kornaðra varnarefna, húðunarefna eða annarra fastra aukefna er ekki reiknuð með. Óheimilt er að selja bæsaðar sáðvörur í skammtapakkningum.

3. gr.

Sáðvörulisti.

Sáðvöru má einungis rækta undir opinberu eftirliti og viðurkenna til sölu á Íslandi ef hún er af stofni sem er tilgreindur á sáðvörulista. Þó er hægt að viðurkenna garðyrkjufræ sem er ætlað til útflutnings til lands á EES-svæðinu, enda sé leyfilegt að nota umræddan stofn í innflutningslandinu.

4. gr.

Sáðvöruverslanir.

Einungis sáðvöruverslunum sem aðfangaeftirlitið viðurkennir skv. 7. viðauka er heimilt að flytja inn, flytja út, kaupa, hreinsa, blanda, pakka og selja sáðvöru. Ákvæði þetta gildir þó ekki um verslanir (smásöluverslanir) sem einvörðungu kaupa og selja áfram sáðvöru sem er í tilbúnum pakkningum frá viðurkenndri sáðvöruverslun.

5. gr.

Söluskilyrði.

Einungis er heimilt að selja sáðvöru sem uppfyllir kröfur þessarar reglugerðar. Sáðvara af þeim tegundum sem eru tilgreindar í 1. viðauka um viðurkenndar tegundir má selja samkvæmt þeim gæðakröfum og flokkum sem tilgreindir eru í 2. viðauka. Heimilt er að selja fræ af tegundinni *Poa annua* sem sáðvöru til neytenda að því tilskildu að það sé ósvikið miðað við tegund og merkt í samræmi við EES-reglur um sölufræ.

1. mgr. greinarinnar gildir ekki um:

a. Sáðvöru sem er seld til lands utan EES-svæðisins;
b. Sáðvöru sem er seld í vísindalegum tilgangi eða með kynbætur í huga;
c. Kynbótafræ sem eru seld til fjölgunar á ábyrgð stofneigenda;
d. Garðyrkjufræ sem eru ræktuð á Íslandi og seld sem sáðvara til viðurkenndrar sáðvöruverslunar fyrir hreinsun.

II. KAFLI
Eftirlit með ræktuninni.

6. gr.

Samningur.

Einungis má stunda frærækt undir opinberu eftirliti hafi skriflegur samningur verið gerður á milli viðurkenndrar sáðvöruverslunar og framleiðanda (8. viðauki). Hvað varðar garðyrkjufræ er einungis heimilt að stunda fræræktun sem er undir opinberu eftirliti á stofnum sem eru viðurkenndir fyrir slíka ræktun, sbr. 3. gr. Heimilt er að viðurkenna garðyrkjufræ sem er ætlað til útflutnings ef stofninn er viðurkenndur í innflutningslandinu. Ræktunin skal fara fram í samræmi við settar ræktunarreglur, sbr. 8. viðauka.

7. gr.

Tilkynning um ræktun.

Viðurkenndar sáðvöruverslanir skulu senda skriflega tilkynningu til aðfangaeftirlitsins um svæði þar sem plöntuskoðun á að fara fram og um framleiðslueiningar sem á að nota við samanburðarræktun (8. viðauki).

8. gr.

Plöntuskoðun og samanburðarræktun.

Aðfangaeftirlitið sér til þess að á vaxtartímabilum fari fram skoðun á fræökrum sem hafa verið tilkynntir til plöntuskoðunar og setur upp samanburðarræktun úr þeim framleiðslu-

einingum sem eru notaðar við ræktunina til að fylgjast með því að einingarnar uppfylli skilyrði fyrir viðurkenningu (8. viðauki). Sérmenntað starfsfólk skal annast skoðunina.

Aðfangaeftirlitið getur eftir því sem með þarf haft eftirlit með plöntustofnum af grundvallarfræi og stofnfræi.

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir	Dæmi um lyf og lyfjaform, er selja má án lyfseðils	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Clotrimazolum	Lyfjaform til staðbundinnar meðferðar á sveppasýkingum í skeið.	**CANESTEN,** skeiðarkrem 10 mg/g **CANESTEN,** skeiðarstílar 100 mg **CANESTEN,** skeiðarstílar 500 mg	Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun við skráningu lyfsins.
Lidocainum í blöndu með Prilocainum	Forðaplástur til útvortis notkunar. Styrkleiki Lidocainum 25 mg/stk. og styrkleiki Prilocainum 25 mg/stk. Mest 2 stk. handa einstaklingi.	**EMLA,** lyfjaplástur.	Texti fylgiseðils samkvæmt ákvörðun við skráningu lyfsins.
Prilocainum í blöndu með Lidocainum.	Sjá Lidocainum.		
Paracetamolum	Lyf í afmældum skömmtum; einstakur skammtur mest 500 mg. Munnlausnartöflur 80 mg eða 160 mg; Allt að 30 stk. handa einstaklingi.	PARATABS, munnlausnartöflur.	**Munnlausnartöflur 80 mg:** Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni og ekki ef um lifrasjúkdóma er að ræða. Mestu skammtar á dag handa börnum: *4-5 ára:* 2-3 töflur 3-4 sinnum. *5-8 ára:* 3-4 töflur 3-4 sinnum. *8-12 ára:* 4-5 töflur 3-4 sinnum. Látið töfluna leysast í munni og kyngið síðan. **Munnlausnartöflur 160 mg:** Verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Má ekki gefa börnum lengur en 2 daga í senn án samráðs við lækni og ekki ef um lifrarsjúkdóma er að ræða. Mestu skammtar á dag handa börnum: *4-5 ára:* 1 tafla 3-4 sinnum. *5-8 ára:* 1-2 töflur 3-4 sinnum. *8-12 ára:* 2-3 töflur 3-4 sinnum. Látið töfluna leysast í munni og kyngið síðan.

Xylometa-zolinum, klóríð	Nefdropar mest 1 mg/ml. Mest 10 ml handa einstaklingi.	**OTRIVIN,** nefdropar 0,5 mg/ml **OTRIVIN,** nefdropar 1 mg/ml.	Samkvæmt ákvörðun við skáningu lyfsins.
	Nefúðalyf í afmældum úðaskammti. Einstakur skammtur mest 140 míkróg. Mest 10 ml handa einstaklingi.	**NEXÓL,** nefúðalyf með skammtaúðara 0,5 mg/ml **NEXÓL,** nefúðalyf með skammtaúðara 1 mg/ml. **OTRIVIN,** nefúðalyf með skammtaúðara 0,5 mg/ml. **OTRIVIN,** nefúðalyf með skammtaúðara 1 mg/ml	Samkvæmt ákvörðun við skráningu lyfsins. Samkvæmt ákvörðun við skráningu lyfsins.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. júlí 1995.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Nr. 313 22. maí 1995

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 418/1994 um merkingu lyfja og fylgiseðla með lyfjum, sem ætluð eru mönnum og dýrum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á lista yfir efni, sem skert geta hæfni manna til aksturs bifreiða og/eða stjórnunar annarra véla, í viðauka 3:

a) á eftir orðinu Flurazepamum INN kemur: **Gabapentinum INN**

b) á eftir orðinu Zolpidemum INN kemur: **Zopiclonum INN**

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

SAMÞYKKT

um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi.

1. gr.

Hundahald í Skaftárhreppi sæti eftirfarandi takmörkunum:

a) Skylt er að skrá alla hunda í Skaftárhreppi, þar með talda smalahunda á lögbýlum.

b) Eigandi er ábyrgur fyrir hverju því tjóni sem hundur hans kann að valda.

c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa nema smalahunda, minkahunda, dýrhunda og sporhunda, þegar þeir eru í störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Alla aðra hunda skal hafa í taumi úti við í fylgd með manni er hefur fullt vald yfir þeim.
Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þótt í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
Þeir sem þurfa aðstoð leiðsöguhunda (blindrahunda) skal þó heimill aðgangur að opinberum byggingum og vinnustöðum öðrum en þeim sem framleiða, framreiða eða selja matvöru.

d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna eða verði mönnum til óþæginda.
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.

e) Til að standa straum af kostnaði er leiðir af skráningu, hreinsun og eftirliti með hundum í hreppnum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald fyrir hvern einstakan hund til hreppsjóðs.
Upphæð gjaldsins skal ákveðin í gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.
Eindagi eftirlitsgjaldsins er 1. júlí ár hvert.

f) Sé hundeigandi undir 16 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans samkvæmt samþykkt þessari og áriti sérstaka yfirlýsingu þess efnis.

2. gr.

Fyrir minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu.

Ef um ítrekað brot er að ræða eða meiriháttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Skaftárhreppi.

Skal hann gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu, sem síðar ákveður hvað gert skuli við hundinn.

3. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, skulu teknir úr umferð.

Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Skaftárhreppi sem og aðkomuhunda.

Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitjar ekki hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og þeim lógað þegar í stað.

Lögreglustjóri og heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari og skulu þessir aðilar tilkynna hreppsnefnd án tafar um allar kærur sem þeim berast vegna meintra brota á samþykktinni.

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytið, 29. maí 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 315 29. maí 1995

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Skaftárhreppi árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995 um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi, skal vera kr. 1.800 á árinu 1995.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 29. maí 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 316 22. maí 1995

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 190/1991.

1. gr.

Reglugerð nr. 190/1991, um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, nr. 421/1988, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík.

1. gr.

Hestamannafélaginu Fáki í Reykjavík er heimilt að reka veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar, er fram fara á vegum félagsins.

2. gr.

Veðmálastarfsemin fer fram þannig að veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðin má nema allt að kr. 5.000 og greiðist veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

4. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

a. 60% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið um á þann hest, sem vinnur.
b. Afganginum (40%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umbóta á skeiðvelli félagsins og til reiðvega Reykjavíkinga. Tillagið til reiðvega má aldrei vera minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

5. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar greiddir út þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

6. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað, og kemur af þeim eða öðrum ástæðum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

7. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

8. gr.

Vinningar greiðast í heilum tugum króna, þannig að vinningur hækki eða lækki í heilan tug samkvæmt almennum reglum. Ekki er ábyrgst að innskot fáist að fullu aftur.

9. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar, t.d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi hans er dæmdur úr leik o. s. frv.

10. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir að mótinu lýkur, og því aðeins að þeir séu með læsilegum tölum.

11. gr.

Óheimilt er að leyfa unglingum innan 16 ára að veðja.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 23 30. janúar 1945, öðlast þegar gildi og gildir til 5 ára.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 318 24. maí 1995

REGLUGERÐ

um greiðslu uppbótar á atvinnuleysisbætur.

1. gr.

Á árunum 1995 og 1996 skal Atvinnuleysistryggingasjóður greiða uppbót á atvinnuleysisbætur samkvæmt því sem segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Uppbótin reiknast þannig að fundið er meðaltal dagpeninga á mánuði á tímabilunum 1. febrúar til 30. apríl og 1. september til 30. nóvember, hvors árs fyrir sig. Barnadagpeningar reiknast ekki með. Sú upphæð, sem þannig fæst, er dregin frá kr. 80.000.- miðað við fullar bætur allan viðmiðunartímann. Viðmiðunarupphæðin lækkar í hlutfalli við bótahlutfall og fjölda bótadaga á tímabilinu. Uppbótin verður helmingur þannig fenginnar niðurstöðu.

Uppbót greiðist aðeins þeim sem við lok viðmiðunartímabils hafa notið bóta í 87 bótadaga eða lengur á síðustu 12 mánuðum.

Uppbótin greiðist í júní og desember.

3. gr.

Atvinnuleysistryggingasjóður leggur úthlutunarnefndum atvinnuleysisbóta til skrá um uppbót fyrir hvern bótadag samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í II. ákvæði til bráðabirgða, laga nr. 45/1995, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

REGLUGERÐ

um neysluvatn.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um vatn sem ætlað er til neyslu. Hún gildir um átappað vatn, sem sérreglur ná ekki til.

Ákvæði reglugerðarinnar gilda ekki um neysluvatn úr vatnsbólum í einkaeign og sem eingöngu er til eigin heimilisnota eða um vatn sem notað er til lækninga og er viðurkennt sem slíkt.

Gæði neysluvatns og eftirlit með því skal jafnframt uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla og annarra sértækari reglna sem til þess ná.

2. gr.

Í reglugerð þessari merkir:

Grunnvatn: rennandi vatn neðanjarðar í samfelldu lagi, sem fyllir að jafnaði allt samtengt holrúm í jörðinni með rennslisstefnu nærri láréttu.

Neysluvatn: vatn, í upphaflegu ástandi eða eftir meðhöndlun, sem notað er til drykkjar, við matargerð og í matvælafyrirtækjum. Hitaveituvatn telst ekki neysluvatn.

Vatnasvið: aðrennslissvæði straumvatns, stöðuvatna, grunnvatnsstrauma eða vatnsbóla.

Vatnsból: náttúrulega uppsprettu eða mannvirki, þar sem vatn er tekið.

Vatnsveita: mannvirki til að veita vatni frá vatnsbóli til notenda.

Vatnsverndarsvæði: afmarkað svæði á vatnasviði vatnsbóla þar sem vatnsvernd hefur verið komið á.

Vatnsverndun: ákvörðun um varðveislu vatnsgæða og viðhald þeirra, svo og aðgerðir sem hindra spillingu vatns.

Yfirborðsvatn: vatn af yfirborði jarðar, sem nota má til neyslu ef það uppfyllir ákveðnar gæðakröfur.

II. KAFLI
Leyfisveitingar og almenn ákvæði.

3. gr.

Afla skal starfsleyfis opinbers eftirlitsaðila áður en vatnsból eða vatnsveitur og tilheyrandi búnaður er tekinn í notkun og við eigendaskipti, samanber einnig 3. gr. reglugerðar nr. 522/1994. Skal það gert að undangenginni ákvörðun um vatnsvernd í samræmi við III. kafla og rannsókn á gæðum vatnsins í samræmi við ákvæði 16. greinar. Kostnaður við rannsóknir greiðist af þeim aðila sem sækir um starfsleyfi. Samráð skal haft við eftirlitsaðila um breytingar á eldri vatnsbólum eða vatnsveitum, eða ef breytingar verða á starfsemi þeirra, sem gætu haft áhrif á gæði neysluvatnsins.

4. gr.

Enginn, sem ætla má að haldinn sé sjúkdómi sem borist getur með vatni, má gegna störfum við vatnsveitu ef varasamt getur talist með tilliti til sýkingarhættu. Ef ástæða er

til að ætla að um slíka sýkingarhættu geti verið að ræða skal viðkomandi starfsmaður gangast undir læknisrannsókn á kostnað vatnsveitunnar og eigi annast slík störf á meðan rannsókn fer fram.

5. gr.

Gæði neysluvatns skulu vera í samræmi við þær kröfur sem getið er um í viðauka 1 þessarar reglugerðar. Fyrir þá efnisþætti, sem ekki er fjallað um þar, skal stuðst við leiðbeiningar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um gæði neysluvatns.

Þegar nýta á yfirborðsvatn til neyslu, skal það uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í reglugerð þessari og leiðbeiningum um gæði yfirborðsvatns, sem Hollustuvernd ríkisins gefur út. Leiðbeiningar stofnunarinnar ná einnig til mæliaðferða og tíðni sýnatöku og greininga á yfirborðsvatni og skulu vera í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

6. gr.

Neysluvatn, sem ætlað er til sölu í neytendaumbúðum, skal leitt í leiðslu frá vatnsbóli til átöppunarhúsnæðis eða tekið til átöppunar úr veitukerfi.

7. gr.

Í sérstökum tilvikum og þegar alvarlegt ástand getur skapast, er Hollustuvernd ríkisins heimilt, án fyrirvara, að setja tímabundið strangari ákvæði en þau sem birt eru í viðaukum þessarar reglugerðar og leiðbeiningum um yfirborðsvatn.

III. KAFLI
Vatnsvernd.

8. gr.

Gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að vatnsból, vötn og grunnvatn spillist. Sama gildir um aðra staði, s.s. ár eða læki, þar sem vatn er tekið til neyslu.

Skylt er að tilkynna eftirlitsaðila tafarlaust ef vitað er um mengun á vatni í vatnsbólum eða dreifikerfi.

9. gr.

Umhverfis hvert vatnsból skal ákvarða verndarsvæði, sbr. viðauka 4, þar sem ríkja skulu takmarkanir viðvíkjandi umferð, landnýtingu og meðferð og geymslu hættulegra efna, sem spillt geta neysluvatni. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd ákvarðar stærð, lögun og fjölda verndarsvæða með tilliti til land- og jarðfræðilegra aðstæðna á vatnasviði vatnsbólsins.

10. gr.

Til að fyrirbyggja mengun neysluvatns skal við staðarval og byggingu geyma fyrir eldsneyti og aðrar olíur og vegna spilliefna meðal annars fara að reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, samanber einnig mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum. Eldri geyma skal fjarlægja eða endurnýja í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 35/1994.

Heimilt er að banna olíu- og efnaflutninga í nágrenni vatnsbóla þar sem hætta er á að slíkt geti spillt vatninu. Verði ekki hjá slíkum flutningum komist skulu þeir fara fram á þeim tíma sólarhrings þegar umferð er minnst og þá með fullu samþykki eftirlitsaðila. Í slíkum tilvikum skal liggja fyrir björgunaráætlun við mengunaróhöppum.

11. gr.

Vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum eða hverskonar starfsemi sem ætla má að geti spillt vatninu. Þess skal gætt að slík mannvirki eða starfsemi séu þannig staðsett að grunnvatnsborð halli ætíð frá vatnsbóli. Sama gildir um straumstefnu yfirborðsvatns, sem skal renna frá vatnsbóli.

Vatnsból skulu yfirbyggð, afgirt og þannig frá þeim gengið að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau. Gripahús, þar með talin loðdýrabú, alifuglabú, svínabú og áburðargeymslur, mega aldrei standa nær vatnsbóli en 100 metra og ætíð svo að land halli frá vatnsbóli og að ekki sé hætta á mengun grunnvatns. Heimilt er að banna eða takmarka umferð húsdýra á verndarsvæðum vatnsbóla og krefjast gripheldra girðinga ef nauðsyn krefur.

12. gr.

Leiðslur, dælur, geymar og annað sem notað er við vatnsveitu skal þannig gert og viðhaldið að vatn spillist ekki. Eftirlitsaðila er heimilt að banna notkun slíks búnaðar ef ætla má að notkun hans geti valdið heilsutjóni.

13. gr.

Heilbrigðisnefndum sveitarfélaga er heimilt að gera tillögur að reglum til verndar ónýttum vatnsbólum og grunnvatnssvæðum ef brýna nauðsyn ber til og að undangenginni rannsókn á viðkomandi vatnasvæði. Slíkar reglur skal setja sem heilbrigðissamþykktir, sbr. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

IV. KAFLI
Eftirlit og rannsóknir.

14. gr.

Eftirlit með ákvæðum þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við 4. gr. og IV. kafla reglugerðar nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

Eftirlitsaðili getur gert kröfur um allar ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að tryggja að neysluvatn uppfylli skilyrði sem tilgreind eru í viðauka 1. Ef þörf krefur getur eftirlitsaðili látið framkvæma tíðari rannsóknir en kveðið er á um í reglugerð þessari.

Leyfi eftirlitsaðila þarf fyrir efnum sem ætluð eru til íblöndunar í neysluvatn.

15. gr.

Eftirlit skal haft með gæðum neysluvatns, þ.m.t. vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, vatnsveitum, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfum og öðru sem áhrif kann að hafa á gæði neysluvatns.

Við greiningu sýna skal hafa greiningaraðferðir í viðauka 3 til hliðsjónar. Ef aðrar aðferðir eru notaðar skal leita samþykkis Hollustuverndar ríkisins.

16. gr.

Sýni til rannsókna skulu tekin úr vatnsbólum og einnig dreifikerfum, þar sem það er tiltækt notendum, og skal tíðni og greining fara eftir ákvæðum viðauka 2. Áður en nýtt vatnsból er tekið í notkun skal fara fram reglubundið eftirlit (C3) og greining samkvæmt því eins og fram kemur í viðauka 2, töflu 1.

17. gr.

Meðferð vatnssýna skal vera þannig að ekki verði marktæk breyting á niðurstöðum mælinga og gefur Hollustuvernd ríkisins út leiðbeiningar um þetta.

V. KAFLI
Undanþágur.

18. gr.

Eftirlitsaðila er heimilt, með samþykki Hollustuverndar ríkisins, að veita tímabundnar undanþágur frá ákvæðum þessarar reglugerðar vegna aðstæðna sem skapast vegna jarðmyndana á vatnasviði vatnsins, óvenjulegs veðurfars eða annarra aðstæðna. Slíkar undanþágur skulu þó aldrei eiga við um eiturefna- eða örverufræðilega þætti né aðra þætti sem á einhvern hátt gætu valdið hættu á heilsutjóni.

19. gr.

Í neyðartilvikum er heimilt að veita tímabundið leyfi til þess að rannsóknaþættir fari að einhverju leyti yfir þau hámarksgildi sem kveðið er á um í viðauka 1. Skilyrði fyrir slíkum leyfum er að ekki sé talin hætta á heilsutjóni og ekki sé unnt að viðhalda neysluvatnsbirgðum með öðrum hætti. Það sama gildir ef þær aðstæður skapast að nota þarf yfirborðsvatn sem ekki uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til þess samkvæmt 2. mgr. 5. greinar.

VI. KAFLI
Gildistaka og viðurlög.

20. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum og lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, sbr. og ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í XX. viðauka II. kafla, 3. tl., tilskipun 75/440/EBE um kröfur varðandi gæði yfirborðsvatns í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar, með síðari breytingum, 5. tl., tilskipun 79/869/EBE um mælingaraðferðir og tíðni sýnatöku og greiningar á yfirborðsvatni í aðildarríkjunum sem nýtt er til drykkjar, með síðari breytingum og 7. tl., tilskipun 80/778/EBE um gæði neysluvatns, með síðari breytingum. Einnig með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XX. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi grein 137.2 og III. kafli heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990, að undanskildum ákvæðum 2. gr. reglugerðar nr. 194/1993 um breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

Ákvæði til bráðabirgða

Við gildistöku reglugerðar þessarar skal endurskoða starfsleyfi sem veitt hafa verið á grundvelli ákvæða 29. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990. Endurskoðun starfsleyfa skal byggð á ákvæðum 3. gr. þessarar reglugerðar og skulu þau aðeins veitt að undangenginni rannsókn á gæðum vatnsins.

Umhverfisráðuneytið, 30. maí 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Viðauki 1
Rannsóknaþættir.

Tafla. Leyfileg hámarksgildi ýmissa rannsóknaþátta.

		Leyfilegur hámarks-styrkur (LHS)	Athugasemdir
A. Örverufræðilegir þættir.			
Heildarfjöldi gerla	37°C	50/ml(1)	- Ef fjöldi örvera er >50/ml telst vatnið gallað og skal rannsaka það nánar. Ef fjöldinn er >100/ml telst vatnið ónothæft til neyslu. Fyrir átappað neysluvatn skal heildarfjöldi ekki fara yfir 20/ml.
	22°C	100/ml(1)	-Ef fjöldi örvera er >100/ml telst vatnið gallað og skal rannsaka það nánar. Ef fjöldinn er >500/ml telst vatnið ónothæft til neyslu. Fyrir átappað neysluvatn skal fjöldi ekki fara yfir 100/ml innan 12 klst. frá átöppun.
Fjöldi kólígerla(2)		<1/100 ml	
Saurkólígerlar		<1/100 ml	
Saurkokkar		<1/100 ml	
Súlfítafoxandi klostrídíur		≤1/20 ml	
- Neysluvatn má ekki innihalda sóttkveikjur. Ef nauðsyn ber til að auka örverufræðilega greiningu neysluvatns ætti einnig að rannsaka sýni með tilliti til sjúkdómsvalda eins og: - salmónella; - sjúkdómsvaldandi klasakokka; - saurbakteríuveira; - iðraveira. - Vatnið má ekki innihalda sníkjudýr, þörunga eða aðrar lífverur eins og smásæ dýr.			
B. Eðlis- og efnafræðilegir þættir.			
Litur	mg/l Pt/Co kvarði	20	
Grugg	NTU	<5	
Lykt	Þynningartala	2 við 12°C 3 við 25°C	- Tengist bragðprófunum.
Bragð	Þynningartala	2 við 12°C 3 við 25°C	- Tengist lyktarprófunum.

(1) Ef um er að ræða sótthreinsað vatn skulu samsvarandi gildi vera mun lægri á þeim stað er það kemur út úr hreinsunarstöðinni.

(2) 95% sýna skulu uppfylla þessar kröfur, að því tilskildu að sýnafjöldi sé nægilegur.

		Leyfilegur hámarks-styrkur (LHS)	Athugasemdir
Hitastig	°C	25	
Sýrustig	pH eining	6,5-9,5	- Vatnið skal ekki vera tærandi.
Leiðni	$\mu S\ cm^{-1}$ (20°C)	400	- Samræmist steinefnainnihaldi vatnsins. - Sambærilegt gildi í einingunni ohm/cm: 2500.
Klóríð	mg/l Cl^-		- Óæskileg áhrif kunna að koma fram fari styrkur klóríðs yfir 200 mg/l.
Súlföt	mg/l SO_4^{2-}	200	
Kalsíum	mg/l Ca	100	
Magníum	mg/l Mg	50	
Natríum	mg/l Na	150	
Kalíum	mg/l K	12	
Ál	mg/l Al	0,2	
Þurrar leifar	mg/l eftir þurrkun við 180°C	1500	
Uppleyst súrefni	% O_2 mettun		- Mettunargildi >75%, að grunnvatni undanskildu.
Óbundið koldíoxíð	mg/l CO_2		- Vatnið skal ekki vera tærandi.

C. Óæskileg efni.

Nítröt	mg/l NO_3^-	25	
Nítrít	mg/l NO_2^-	0,1	
Ammóníum	mg/l NH_4^+	0,5	
Kjeldahl-köfnunarefni	mg/l N	1	- Að undanskildu N í NO_2 og NO_3
Súrefnisnotkun ($KMnO_4$)	mg/l O_2	5	- Mælt við hitun í súrum miðli.
Brennisteinsvetni			- Á ekki að greinast við skynmat.
Jarðolíur (Uppleystar eða þeyttar eftir útdrátt með léttum alkönum);	mg/l	0,01	
Fenól C_6H_5OH	mg/l	0,0005	- Að undanskildum náttúrulegum (fenóltala) fenólum sem ekki hvarfast við klór.
Bór	mg/l B	0,3	
Yfirborðsvirk efni	mg/l	0,2	
Járn	mg/l Fe	0,2	
Mangan	mg/l Mn	0,05	
Kopar	mg/l Cu	1(3)	- Styrkur yfir 3 mg/l getur haft áhrif á bragð og lit og valdið tæringu.
Sink	mg/l Zn	3(3)	- Styrkur yfir 5 mg/l getur haft áhrif á bragð, útlit og útfellingu efna.
Fosfór	mg/l P_2O_5	5	
Flúoríð	mg/l F		
	8-12°C	1,5	
	25-30°C	0,7	
Fastar svifagnir	Engar		
Klórleifar	mg/l Cl_2	1,0	- Reiknað sem virkur klór.
Baríum	mg/l Ba	0,7	
Silfur	mg/l Ag	0,01	- Ef silfur er notað í sérstökum tilfellum á við vinnslu vatnsins má heimila LHS sem nemur 0,08 mg/l.

(3) Við úttak dælu- og/eða vinnslustöðva.

		Leyfilegur hámarks-styrkur (LHS)	Athugasemdir
D. Eiturefni.			
Arsen	mg/l As	0,01	
Kadmíum	mg/l Cd	0,003	
Blásýrusalt	mg/l CN	0,05	
Króm	mg/l Cr	0,05	
Kvikasilfur	mg/l Hg	0,001	
Nikkel	mg/l Ni	0,02	
Blý	mg/l Pb	0,01(4)	- Í rennandi vatni.
Antímon	mg/l Sb	0,005	
Selen	mg/l Se	0,01	
Varnarefni(5)	mg/l		
- fyrir hvert einstakt efni		0,0001	
- alls		0,0005	
Arómatísk fjölhringja kolvatnsefni(6)	mg/l	0,0002	

Viðauki 2
Fyrirkomulag og tíðni greininga.

Tafla 1. Fyrirkomulag greininga (rannsóknaþættir sem taka skal til athugunar við eftirlit).

	Stöðugt eftirlit			Eftirlit við sérstakar aðstæður eða ef slys ber að höndum
	(C1)	(C2)	(C3)	(C4)
A. Örverufræðilegir þættir	- fjöldi kólígerla eða heildarfjöldi gerla við 22° og 37° - saurkólígerlar	- fjöldi kólígerla - heildarfjöldi gerla við 22°og 37° - saurkólígerlar	Eftirlit skv. C2 ásamt viðbót fyrir óæskileg efni og einnig önnur efni í samræmi við ákvörðun Hollustuverndar ríkisins (gildir um liði A-D)(3)	Hollustuvernd skal í samvinnu við hlutaðeigandi eftirlitsaðila ákvarða rannsóknaþætti í samræmi við aðstæður hverju sinni (gildir um liði A-D)
B. Eðlis- og efnafræðilegir þættir	- lykt - bragð - leiðni - klórleifar(1)	- lykt - bragð - leiðni - klórleifar(1) - pH - hitastig(2) - grugg (tærleiki) - súrefnisnotkun		

(4) Ef um er að ræða blýpípur skal innihald blýs ekki vera meira en 50 µg/l í sýni sem tekið er eftir rennsli. Ef sýnið er tekið annaðhvort beint eða eftir rennsli og blýinnihaldið fer yfir 100 µg/l oft eða í umtalsverðu magni verður að grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr hættu á að neytandinn verði fyrir áhrifum af völdum blýs.

(5) Með varnarefnum er átt við illgresiseyði, sveppalyf, PCB, PCT og skordýraeitur s.s. þrávirk lífræn klórsambönd, lífræn fosfórsambönd og karbamöt.

(6) Viðmiðunarefni: Flúoranþen/bensó 3, 4; Flúoranþen/bensó 11, 12; pýren/bensó 1, 12 og perýlen/indenó (1, 2, 3-cd) pýren.

(1) Eða önnur sótthreinsiefni og aðeins ef um sótthreinsun er að ræða.

(2) Að undanskildu pökkuðu vatni.

(3) Ákvörðun Hollustuverndar skal taka mið af þeim þáttum sem gætu haft áhrif á gæði neysluvatns og einnig skal taka mið af því að fullnægjandi upplýsinga verði aflað um samsetningu vatnsins í samræmi við rannsóknaþætti í viðauka 1.

C. Óæskileg efni
- nítröt
- nítrít
- ammóníak

D. Eiturefni

Tafla 2. Lágmarkstíðni greininga.(1)

Íbúafjöldi	Greining C1 Fjöldi sýna á ári	Greining C2 Fjöldi sýna á ári	Greining C3 Fjöldi sýna á ári	Greining C4 Fjöldi sýna á ári
0-1.000	(2)	(2)	(2)	Tíðni ákvörðuð eftir því sem aðstæður krefjast.
1.000-5.000	8	2	2	
5.000-10.000	12	4	2	
10.000-50.000	60	8	4	
50.000-100.000	120	12	4	
>100.000	180	18	6	

(1) (a) Átt er við samanlagðan fjölda sýna úr vatnsbólum og dreifikerfum.
(b) Ef um er að ræða vatn sem þarf að sótthreinsa skal tvöfalda tíðni örverugreininga.
(c) Ef greiningar eru mjög tíðar er ráðlegt að taka sýni með eins jöfnu millibili og kostur er.
(d) Ef niðurstöður greininga á undanförnum árum eru stöðugar og verulega betri en mörkin sem sett eru í viðauka 1 og ef ekkert hefur komið í ljós sem gæti spillt gæðum vatnsins, má minnka lágmarkstíðni greininga um þrjá fjórðu (3/4), en án þess að það brjóti í bága við ákvæði b-liðar.

(2) Tíðni ræðst af ákvörðun hlutaðeigandi eftirlitsaðila. Þó skal hafa eftirlit með vatni sem ætlað er til notkunar við framleiðslu matvæla að minnsta kosti einu sinni á ári.

Viðauki 3
Greiningaraðferðir.

A. Örverufræðilegir þættir.

Kólígerlar og saurkólígerlar	Forræktun í mörgum tilraunaglösum. Frekari ræktun úr jákvæðum tilraunaglösum á „staðfestingaræti". Talning samkvæmt LS-töflum (líklegasti fjöldi)
	eða
frekari ræktun	Himnusíun og ræktun á viðeigandi æti eins og tergitol mjólkursykruagar, endóagar, m-fl-agar 0,4% teepol-seyði, og greining líklegra kólonía.
	Ræktunarhitastig fyrir heildarfjölda kólígerla: 37°C
	Ræktunarhitastig fyrir saurkólígerla: 44°C
Saurkokkar	Natríumasíð-aðferð (Litsky). Talning samkvæmt LS-töflum (líklegasti fjöldi).
	Himnusíun og ræktun á viðeigandi æti.
Súlfítafoxandi klostrídíur	Talning gróa eftir að sýni er hitað í 80°C með:
	- sáningu í ræktunaræti með glúkósa, súlfíti og járni þar sem kóloníur með svartri útfellingu eru taldar;
	- himnusíun; útfelling á þeirri hlið síunnar sem snýr að ræktunaræti með glúkósa, súlfíti og járni; yfirhelling með agar; svartar kóloníur taldar;
	- dreifing í tilraunaglös með fljótandi DRCM-æti („Differential reinforced clostridial medium"). Frekari ræktun úr tilraunaglösum með svartri útfellingu í ræktunaræti úr „litmus"-meðhöndlaðri mjólk; talning samkvæmt LS-töflum (líklegasta fjölda).
Heildarlíftala	Ræktun á viðeigandi næringaræti.

B. Eðlis- og efnafræðilegir þættir.

Litur	Ljósmæliaðferð með platín-kóbalt mælieiningu.
Grugg	Ljósmæliaðferð með kísli og formasíni - Secchi-skífa.
Lykt	Röð þynninga, prófun við 12°C eða 25°C
Bragð	Röð þynninga, prófun við 12°C eða 25°C
Hitastig	Hitamæling.
Sýrustig	Rafmæling.
Leiðni	Rafmæling.
Klóríð	Títrunarmæling - Aðferð Mohrs.
Súlföt	Fellingarmæling - „komplexmæling" - litrófsgreining.
Kísill	Gleypnilitrófsmæling.
Kalsíum	Frumeindagleypni - „komplexmæling".
Magníum	Frumeindagleypni.
Natríum	Frumeindagleypni.
Kalíum	Frumeindagleypni.
Ál	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Þurrar leifar	Þurrkun við 180° og vigtun.
Uppleyst súrefni	Aðferð Winklers - sérhæfðir rafskautsnemar.
Óbundið koldíoxíð	Títrun með sýru.

C. Óæskileg efni.

Nítröt	Gleypnilitrófsmæling - sérhæfðir rafskautsnemar.
Nítrít	Gleypnilitrófsmæling.
Ammóníum	Gleypnilitrófsmæling.
Köfnunarefni (Kjeldahl)	Oxun með títrun eða gleypnilitrófsmælingu.
Súrefnisnotkun ($KMnO_4$)	Tíu mínútna suða í $KMnO_4$ í súrum miðli
Brennisteinsvetni	Gleypnilitrófsmæling .
Jarðolíur	Innrauð gleypnilitrófsmæling.
Fenól (fenóltala)	Gleypnilitrófsmæling, paranítróanilín-aðferð og 4-amínó-antipýrín-aðferð.
Bór	Gleypnimæling frumeinda - gleypnilitrófsmæling.
Yfirborðsvirk efni	Gleypnilitrófsmæling með metýlenbláu.
Járn	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Mangan	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Kopar	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Sink	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Fosfór	Gleypnilitrófsmæling.
Flúoríð	Gleypnilitrófsmæling - sérhæfðir rafskautsnemar.
Fastar svifagnir	Síun gegnum himnu (0,45 µg) eða með skiljun í skilvindu (í a.m.k. 15 mínútur, meðalhröðun: 2 800 - 2 300 G), þurrkað við 105° og vigtað.
Klórleifar	Títrunarmæling - gleypnilitrófsmæling.
Baríum	Frumeindagleypni.
Silfur	Frumeindagleypni.

D. Eiturefni.

Arsen	Gleypnilitrófsmæling - frumeindagleypni.
Kadmíum	Frumeindagleypni.
Blásýrusalt	Gleypnilitrófsmæling.

Króm	Frumeindagleypni - gleypnilitrófsmæling.
Kvikasilfur	Frumeindagleypni.
Nikkel	Frumeindagleypni.
Blý	Frumeindagleypni.
Antímon	Gleypnilitrófsmæling.
Selen	Frumeindagleypni.
Varnarefni og ámóta vörur	Lofttegunda- eða vökva-litskiljun eftir útdrátt með viðeigandi leysiefnum og hreinsiaðferðum. Magnákvörðun.
Arómatísk fjölhringja kolvatnsefni	Mæling á styrkleika flúrljómunar á útfjólublåa sviðinu eftir útdrátt með hexani. Lofttegunda-litskiljun eða mæling á styrkleika flúrljómunar á útfjólublåa sviðinu eftir þunnlagslitskiljun. Samanburðarmæling við blöndu sex viðmiðunarefna af sama styrk(1).
Viðbótarprófanir.	
Salmónella	Himnusíun og ræktun í forræktunaræti.
	Sérhæfð ræktun og frekari ræktun á sérhæfðu greiningaræti.
Sjúkdómsvaldandi klasakokkar	Himnusíun og ræktun á sérhæfðu æti. Prófun á sjúkdómsvaldandi eiginleikum.
Saurbakteríuveirur	Guelinstækni.
Iðraveirur	Síun, sviflausnamyndun eða miðflóttaaflsskiljun og greining.
Frumdýr	Himnusíun. Smásjárskoðun. Prófun á sjúkdómsvaldandi eiginleikum.
Smásæ dýr (ormar / lirfur)	Þykking með himnusíun. Smásjárskoðun. Prófun á sjúkdómsvaldandi eiginleikum.

(1) Prófunarefni sem taka skal til athugunar: flúranþen, bensó-3,4, flúranþen, bensó-11,12, flúranþen, bensó-3,4, pýren, bensó-1,12 perýlen og indenó (1,2,3-cd) pýren.

Viðauki 4
Flokkun verndarsvæða.

I. flokkur. Brunnsvæði.

Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins og skal það vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Heilbrigðisnefnd getur, þar sem þörf krefur, krafist þess að svæðið skuli girt mannheldri girðingu, sem sé minnst 5 metra frá vatnsbóli.

II. flokkur. Grannsvæði.

Utan við brunnsvæðið skal ákvarða grannsvæði vatnsbólsins og við ákvörðun stærðar þess og lögunar, skal taka tillit til jarðvegsþekju svæðisins og grunnvatnsstrauma sem stefna að vatnsbólinu. Á þessu svæði er ekki heimilt að hafa birgðir af eftirtöldum efnum: olíu, bensíni eða skyldum efnum, vegsalti, eiturefnum til útrýmingar á skordýrum eða gróðri, áburði (tilbúnum eða af öðrum toga), né öðrum efnum sem mengað geta grunnvatn. Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og yfirleitt öll starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.

III. flokkur. Fjarsvæði.

Fjarsvæði er á vatnasvæði vatnsbólsins, en liggur utan þess lands sem telst til I. og II. flokks verndarsvæðanna. Þar sem vitað er um sprungur eða misgengi á þessu svæði, skal fyllstu varúðar gætt í meðferð efna, sem talin eru upp í II. flokki. Meiriháttar geymslur fyrir slík efni eru bannaðar á svæðinu. Heilbrigðisnefnd getur gefið út frekari fyrirmæli um takmörkun á umferð á þessu svæði, svo og um byggingu sumarhúsa og annarra mannvirkja þar.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Eyjafjarðarsveitar er skipuð 7 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Eyjafjarðarsveitar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Eyjafjarðarsveitar eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við

gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum bréflega í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi að jafnaði á þriggja vikna fresti, eða samkvæmt nánari ákvörðun hreppsnefndar.

Dagsetning funda skal ákveðin til eins árs í senn, frá byrjun kjörtímabils, svo og hvenær fundir skulu hefjast.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar eða sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins sbr. þó VI. kafla samþykktar þessarar.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 54. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir reglulegan fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. ákvæðum 1. og 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmaður, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, skal skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar.

Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn birgslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá heppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef einhver hreppsnefndarmaður óskar þess.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusettra liða.

Mál, sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í upphafi hvers fundar skal fundargerð síðasta fundar lögð fram og skulu hreppsnefndarmenn undirrita hana.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

44. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar.

Hreppsnefnd getur ákveðið að kjósa formenn einstakra nefnda, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

Hreppsnefnd getur ákveðið að setja einstökum nefndum erindisbréf, þar sem nánar er kveðið á um starfsemi þeirra, en sagt er fyrir í lögum.

49. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður taka sæti í nefndinni samkvæmt tölusettri röð varamanna við nefndarkjör. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður sæti í nefndinni nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

50. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

51. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

52. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

53. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

54. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd, til endanlegrar afgreiðslu.

55. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Kjörstjórn við alþingiskosningar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
   Undirkjörstjórnir: Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í hreppnum.
   Kjörstjórn við alþingiskosningar skal einnig sjá um sveitarstjórnarkosningar, sbr. heimild í 4. mgr. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd Akureyrar.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
3. *Búfjáreftirlitsmenn* skv. 9. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991. Um fjölda þeirra fer eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.
4. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálanefnd fer með stjórn og rekstur heimilisþjónustu, málefni leikskóla, framfærslumál og áfengisvarnir.
5. *Fjallskilastjórn.* Þrír aðalmenn skv. lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., sbr. samþykkt hreppsnefndar frá 22. ágúst 1991.
6. *Heilbrigðisnefnd Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og annar til vara (í samvinnu við Svalbarðsstrandarhrepp, Grýtubakkahrepp og Hálshrepp) skv. 6. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.

7. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 39. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995.
8. *Jafnréttisnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 28/1991.
9. *Skólanefnd grunnskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.
10. *Skólanefnd Tónlistarskóla Eyjafjarðar.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
11. *Svæðisbyggingarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
12. *Úttektarmaður.* Einn aðalmaður og tveir til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
13. *Aðalfundur Eyþings.* Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara.
14. *Atvinnumálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum.
15. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin hefur umsjón með bókasafni hreppsins skv. 7. gr. laga um almenningsbókasöfn nr. 50/1976.
16. *Héraðsnefnd Eyjafjarðar.* Tveir aðalfulltrúar og tveir til vara.
17. *Íþrótta- og tómstundanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í íþrótta- og tómstundamálum.
18. *Launanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í launamálum og vinnur að gerð kjarasamninga fyrir sveitarfélagið.
19. *Menningarmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í menningarmálum.
20. *Umferðarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. heimild í 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
21. *Umhverfisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í umhverfismálum.
22. *Öldrunarnefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraða nr. 82/1989.

56. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

57. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

58. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda sbr. 13. og 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

59. gr.

Sveitarstjóri ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum með fyrirvara um staðfestingu hreppsnefndar. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

60. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Heimilt er þó að ráða starfsmenn tímabundið til reynslu. Starfsmenn hreppsins hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

61. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

62. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í sveitarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyjafjarðarsveitar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1994.

Tekjur:

	1994 kr.	1993 þús. kr.
Ríkisframlag	1.922.000.000	1.616.000
Landsútsvar	0	621.740
Tekjur alls	1.922.000.000	2.237.740
Gjöld:		
Bundin framlög	795.478.181	812.559
Sérstök framlög	624.516.020	641.880
Jöfnunarframlög	716.509.562	892.124
Framlög alls	2.136.503.763	2.346.563
Rekstrarkostnaður:		
Laun og launatengd gjöld	3.796.174	3.618
Önnur rekstrargjöld	6.116.488	4.033
Rekstrarkostnaður alls	9.912.622	7.651
Gjöld alls	2.146.416.425	2.354.214
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna	(224.416.425)	(116.474)
Fjármunatekjur:		
Vaxtatekjur	21.036.554	31.722
Vaxtagjöld	0	(6)
Fjármunatekjur alls	21.036.554	31.716
Tekjur umfram gjöld	(203.379.871)	(84.758)

Efnahagsreikningur 31. desember 1994.

Eignir:

	1994 kr.	1993 þús. kr.
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	7.151.158	124.820
Viðskiptakröfur	0	11.071
Óendurgr. virðisaukaskattur	492.142	2.207
Veltufjármunir alls	7.643.300	138.098
Eignir alls	7.643.300	138.098

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:		
Viðskiptaskuldir	99.443.963	26.519
Skammtímaskuldir alls	99.443.963	26.519
Eiginfjárreikningur:		
Eigið fé 1. janúar	111.579.208	196.337
Rekstrarafkoma ársins	(203.379.871)	(84.758)
Eiginfjárreikningur alls	(91.800.663)	111.579
Skuldir og eigið fé alls	7.643.300	138.098

Sjóðstreymi fyrir árið 1994.

Framlag rekstrar:

	1994 kr.	1993 þús. kr.
Rekstrarafkoma ársins skv. rekstrarreikningi	(203.379.871)	(84.758)
	(203.379.871)	(84.758)
Breyting liða innan hreins veltufjár:		
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna.....	11.071.580	(9.929)
(Aukning) minnkun fyrirfr.gr. skatta	1.714.867	(2.178)
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	72.924.770	3.411
Aukning (minnkun) ógr. skatta	0	(7)
Breytingar á veltufjárreikningi	85.711.217	(8.703)
Lækkun á handbæru fé	(117.668.654)	(93.461)
Handbært fé í ársbyrjun	124.819.812	218.281
Handbært fé í árslok	7.151.158	124.820

Áritun ríkisendurskoðunar

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1994 hefur stofnunin endurskoðað.

Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum nr. 1-9. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1994, efnahag 31. desember 1994 og breytingu á handbæru fé á árinu 1994.

Ríkisendurskoðun, 3. maí 1995.

Sigurður Þórðarson.

Sveinn Arason.

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1994.

Reykjavík, 3. maí 1995.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

31. maí 1995 Nr. 322

AUGLÝSING

um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b- lið 1. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 9 27. febrúar 1995, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

Reykjavíkurkjördæmi	19 þingsæti
Reykjaneskjördæmi	12 þingsæti
Vesturlandskjördæmi	5 þingsæti
Vestfjarðakjördæmi	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi vestra	5 þingsæti
Norðurlandskjördæmi eystra	6 þingsæti
Austurlandskjördæmi	5 þingsæti
Suðurlandskjördæmi	6 þingsæti

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. 2. gr. laga nr. 9 27. febrúar 1995 um breytingu á þeim lögum.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis, nr. 126 27. febrúar 1995.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. maí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Fjarskiptaeftirlitsins nr. 129/1993 með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr töluliður er verður töluliður 2.2.1., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2.2. skal starfrækslugjald á hverju almanaksári fyrir smábáta vegna VHF rása vera kr. 2.000. Til smábáta teljast opnir vélbátar 6 metrar og lengri og fiskiskip með þilfari allt að 15 metrar að lengd, enda hafi þessi skip eingöngu VHF talstöðvar, en ekki millibylgju og/eða stuttbylgjustöðvar um borð og sigla á hafsvæði A1, sbr. 3. gr. rg. nr. 295/1994 um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. mars 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Stjórnartíðindi B 51, nr. 312–323. Útgáfudagur 9. júní 1995.

Endurprentað blað.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1995

15. júní 1995 797 Nr. 324

REGLUGERÐ

um Lýðveldissjóð.

1. gr.

Lýðveldissjóður er stofnaður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Hann er eign ríkisins. Starfstími sjóðsins er frá ársbyrjun 1995 til ársloka 1999.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt: að stuðla að rannsóknum á lífríki sjávar og að efla íslenska tungu.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipar tvær þriggja manna verkefnisstjórnir, aðra fyrir vistfræðirannsóknir sjávar og hina um eflingu íslenskrar tungu.

Verkefnisstjórnir skulu vinna verkefnaáætlanir hvor á sínu sviði og leggja fyrir stjórn sjóðsins.

4. gr.

Helmingi af tekjum sjóðsins á starfstíma hans skal verja til vistfræðirannsókna sjávar samkvæmt sérstakri rannsóknaráætlun og helmingi til að efla íslenska tungu samkvæmt nánari ákvörðunum sjóðsstjórnar.

Stjórn sjóðsins skal gera árlega fjárhagsáætlun, sem miðist við að greiðslur úr sjóðnum til verkefna og styrkja séu í samræmi við tekjur hans og senda hana forsætisráðuneyti.

Greiðslur úr sjóðnum fara fram samkvæmt skriflegri beiðni sjóðsstjórnar.

Rekstrarkostnaður sjóðsins skal ár hvert eigi nema hærri fjárhæð en 1,5% af tekjum hans.

5. gr.

Tilkynna skal 17. júní ár hvert um fjárveitingar úr sjóðnum.

6. gr.

Verkefnisstjórn vistfræðirannsókna skal, á þann hátt sem sjóðsstjórn telur fullnægjandi, leita eftir hugmyndum og tillögum stofnana og vísindamanna um styrki til rannsókna á vistfræði sjávar við Ísland. Þegar verkefnisstjórninni hafa borist umsóknir skal hún meta þær og gera tillögu um afgreiðslu þeirra til sjóðsstjórnar.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fela verkefnisstjórn vistfræðirannsókna sjávar að endurskoða verkefnaáætlun í heild eða að hluta.

B 55
Gutenberg

8. gr.

Sjóðsstjórn skiptir því fé sem til ráðstöfunar er til eflingar íslenskri tungu.

9. gr.

Verkefnisstjórn um eflingu íslenskrar tungu skal gera tillögu til sjóðsstjórnar um verkefnaáætlun innan þess ramma sem sjóðsstjórn ákveður.

10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að verja árlega 10% af tekjum sjóðsins til minni háttar verkefna:

a. á sviði vistfræðirannsókna sjávar,
b. til eflingar íslenskri tungu.

Stjórnin skal auglýsa í fjölmiðlum eftir umsóknum um styrki til slíkra verkefna.

11. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita árlega heiðursviðurkenningu einstaklingum, félögum eða stofnunum sem:

a. skarað hafa fram úr á sviði sjávarrannsókna eða eflt þekkingu landsmanna á lífríki sjávar,
b. hafa sýnt íslenskri tungu sérstaka ræktarsemi og þannig eflt með þjóðinni metnað til að varðveita og viðhalda móðurmálinu.

12. gr.

Þeir, sem fá fé úr Lýðveldissjóði, skulu eigi síðar en í febrúar ár hvert senda stjórn sjóðsins skýrslu um framvindu verkefna og ráðstöfun fjár undanfarið starfsár. Stjórn sjóðsins er heimilt að fresta greiðslum eða fella niður greiðslur til þeirra sem senda ekki fullnægjandi skýrslur samkvæmt þessari grein. Einnig er sjóðsstjórn heimilt að fresta eða fella niður greiðslur ef skilyrði fyrir styrkveitingum reynast ekki uppfyllt.

13. gr.

Stjórn sjóðsins skal fyrir lok hvers starfsárs gera skýrslu um starfsemi sjóðsins og senda hana forsætisráðherra og forseta Alþingis.

14. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja nánari reglur um fjárúthlutanir sem eru á hennar vegum.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 6. gr. laga um Lýðveldissjóð, nr. 125/1994, öðlast þegar gildi.

Forsætisráðuneytið, 15. júní 1995.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1995

2. júní 1995 799 Nr. 325

REGLUGERÐ

um girðingar með vegum.

1. gr.

Uppsetning girðinga.

Nú er vegur lagður gegnum tún, ræktunarland, engjar eða girt beitiland og skal þá veghaldari girða báðum megin vegarins eða leggja til ristarhlið ásamt grindarhliði ef hann telur það hentugra. Sama gildir, ef girðing er lögð umhverfis slík lönd, er vegur liggur um. Veghaldara er heimilt að girða með vegum sínum, þótt þess sé ekki krafist af landeiganda. Skal veghaldara þá skylt að setja hlið að minnsta kosti á einum stað á slíka girðingu.

Vegagerðinni er heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar. Skilyrði fyrir slíkri þátttöku er að viðkomandi sveitarfélag banni lausagöngu búfjár á því svæði sem friðað er. Kostnaður Vegagerðarinnar skal takmarkaður við lengd þeirra girðinga með vegum sem komist verður hjá að girða með þessum hætti.

Áður en girðingar samkvæmt þessari grein eru reistar skal haft samráð við viðkomandi sveitarstjórn.

2. gr.

Viðhald girðinga.

Landeigandi skal annast viðhald girðinga með vegum í landi sínu. Skal þess ávallt gætt að halda girðingum þannig við að þær hafi fullt vörslugildi og séu ekki hættulegar eða til óprýði. Viðhald girðinga skal að jafnaði fara fram að vori.

Sveitarstjórn hefur eftirlit með viðhaldi girðinga í sveitarfélaginu. Sé viðhaldi girðinga ábótavant eða girðing bersýnilega óþörf og til mikillar óprýði er sveitarstjórn heimilt að halda girðingunni við eða fjarlægja hana á kostnað landeiganda, sbr. þó 1. mgr. 3. gr.

Sveitarfélag annast viðhald girðinga sem reistar eru til að friða svæði sem vegur liggur um og girðingar með vegum þar með ónauðsynlegar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Greiðsla viðhaldskostnaðar.

Viðhaldskostnaður girðinga með stofnvegum og tengivegum greiðist að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Við uppgjör vegna kostnaðarþátttöku veghaldara skal við það miðað að viðhaldskostnaður nemi 4% af stofnkostnaði girðinga. Þó skal miða við að viðhaldskostnaður nemi allt að 7% af stofnkostnaði í erfiðu girðingalandi eða vegna snjóþyngsla og skal slíkt metið af fulltrúa Bændasamtaka Íslands og veghaldara. Stofnkostnaður girðinga skal ákveðinn árlega með sérstöku samkomulagi Bændasamtaka Íslands og Vegagerðarinnar. Þegar landeigandi hefur lokið árlegu viðhaldi girðinga með stofnvegum og tengivegum, skal hann tilkynna það til viðkomandi sveitarstjórnar sem sannreynir ásamt veghaldara að viðhald sé fullnægjandi áður en greiðsla á hlut veghaldara er innt af hendi, þ.e. 2% eða allt að 3,5% af stofnkostnaði girðinga samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar.

Veghaldari skal greiða allan viðhaldskostnað ef girðingin er reist eingöngu til þess að fría vegsvæði frá búfé, það er á afréttum og öðrum sameiginlegum sumarbeitilöndum búfjár, sbr. 3. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 með síðari breytingum.

Viðhaldskostnaður girðinga með safnvegum og landsvegum greiðist af landeiganda.

Viðhaldskostnaður girðinga skv. 2. mgr. 1. gr. greiðist að jöfnu af viðkomandi sveitarfélagi og veghaldara, nema um annað sé samið.

Þegar girðing verður fyrir skemmdum vegna snjóruðnings skal veghaldari greiða allan viðgerðarkostnað.

4. gr.

Gildistaka o.fl.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal farið með slík mál að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt vegalögum nr. 45/1994 með síðari breytingum og staðfestist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 2. júní 1995.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 326 2. júní 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 2. júní 1995, staðfest breytingar á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, frá 6. mars 1987 með síðari breytingum.

Breytingar eru eftirfarandi:

- Gatan Miðgarður færist til.
- Vallholtsvegur tengist Garðarsbraut og tenging Pálsgarðs við Garðarsbraut er tekin af.
- Ketilsbraut er tengd Stóragarði að norðan.
- Leið opnuð (um bílastæði) milli Pálsgarðs og Vallholtsvegar við Hvamm (Heimili aldraðra).
- Skálabrekka framlengd suður fyrir Hlíð.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari, þegar um er að ræða nauðsynleg lyf, sem ávísað hefur verið af lækni (tannlækni) og afgreitt er í lyfjabúð eða af öðrum aðila, sem hefur leyfi til lyfjasölu, samkvæmt lyfjalögum nr. 93/1994, og lög nr. 122/1994 um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994.

Ávísað magn á hverri lyfjaávísun (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun, nema þegar ávísað er á eftirfarandi lyf, en þá skal miða við mest 30 daga notkun:

	ATC-flokkur
a. Lyf við sársjúkdómi	A 02 B
b. Sveppalyf til inntöku	D 01 B
c. Geðdeyfðarlyf, tvíhringlaga afbrigði	N 06 AB
d. Sveppalyf	J 02

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að gefa út skírteini, sem heimilar að lyfjaávísunin sé miðuð við 100 daga notkun á einni lyfjaávísun fyrir ofangreind lyf fyrir þá sjúklinga, sem sýnt er fram á að nauðsynlega þurfi að nota lyfin að staðaldri.

Endurgreiðsla almannatrygginga á lyfjum miðast að hámarki við viðmiðunarverð, þar sem það á við, en annars við gildandi smásöluverð. Viðmiðunarverðið skal vera 5% hærra en smásölverð ódýrasta samsvarandi lyfs og skal það endurskoðað á þriggja mánaða fresti.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið gefur út viðmiðunarverðskrá yfir samsvarandi pakkningar samheitalyfja um leið og sérlyfjaskrá og viðauka hennar.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu fyrir sjúkratryggðan lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum sem honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „100“ eða „*“ í gildandi lyfjaskrám („100“ í sérlyfjaskrá „*“ í lyfjaverðskrá I og II, sbr. 10. gr. lyfjalaga nr. 93/1994). Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

	ATC-flokkur
a. Sykursýkilyf	A 10
b. Storkuþættir	B 02 BD
c. Cýpróterón	G 03 HA 01
d. Blóðsykurhækkandi lyf	H 04 A
e. Krabbameinslyf og lyf til ónæmishindrunar eða ónæmisörvunar	L
f. Flogaveikilyf	N 03
g. Lyf við Parkinsonsjúkdómi	N 04
h. Gláku-og ljósopsþrengjandi lyf	S 01 E

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan, lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum sem honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrám:

		ATC-flokkur
a.	Lyf gegn þarmabólgum	A 07 E
b.	Vítamín D og skyld lyf	A 11 CC
c.	Hjartasjúkdómalyf	C 01
d.	Kalsíumblokkarar	C 08
e.	Lyf með verkun á renínangíótensín kerfið	C 02 E
f.	Beta-blokkarar	C 07
g.	Psoriasislyf	D 05
h.	Barksterar	D 07
i.	Barksterar, óblönduð lyf	H 02 A
j.	Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils	H 03 A
k.	Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils	H 03 B
l.	Sérhæfð bólgueyðandi lyf	M 01 C
m.	Sterk geðlyf (neuroleptica)	N 05 A
n.	Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)	N 06 A
o.	Amínókínólínafbrigði	P 01 BA
p.	Astmalyf	R 03

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 12,5%, en þó aldrei meira en 1.500 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 5%, en þó aldrei meira en 400 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrám með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaávísun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af smásöluverði lyfsins. Af smásöluverði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 25%, en þó aldrei meira en 3.000 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaávísun. Af smásöluverði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 10%, en þó aldrei meira en 800 kr. Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað

sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E,O“ í lyfjaskrám og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau auðkennd með „O“ í lyfjaskrám:

a. Lyf, sem fáanleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrám), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokki A 12 BA, D 05 AA og S 01 XA, sem greiðast samkvæmt 4. gr.

b. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir:

A 06 A	Hægðalyf
A 11	Vítamín, nema lyf í flokki A 11 CC, sbr. 3. gr. staflið b.
B 04	Blóðfitulækkandi lyf
D 06	Sýklalyf
D 09	Umbúðir
D 10 A	Lyf til útvortis notkunar við bólum
D 11 AX	Ýmis lyf til útvortis notkunar
G 03 A	Hormónar, notaðir til getnaðarvarna
J 06 A	Ónæmissermi
J 07	Bóluefni
N 02 B	Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf
R 01 AA	Adrenvirk (nef)lyf
R 02	Hálslyf
R 05	Hósta- og kveflyf (nema lyf í flokki R 05 CB, slímþynnir og R 05 DA 04, kódein, en þau skal greiða skv. 4. gr.)

c. Lyf í eftirfarandi ATC-flokkum, þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 4. gr.

J 01 A	Tetracýklínsambönd
J 01 C	Beta-laktam sýklalyf, penicillín
J 01 D	Önnur beta-laktam sýklalyf
J 01 E	Súlfónamíðar og trímetóprím
J 01 F	Makrólíðar og linkósamíðar
J 01 M	Kínólónar
N 05 B	Róandi lyf (anxiolytica) (nema lyf í flokki N 05 BE, azaspíródekandíón afbrigði, en þau skal greiða skv. 4. gr.)
N 05 C	Svefnlyf (hypnotica og sedativa)
P	Sníklalyf (antiparasitica), skordýraeitur og skordýrafælur (nema lyf í flokki P 01 BC 01, kínín, en þau skal greiða skv. 4. gr. og lyf í flokki P 01 BA, amínókínólínafbrigði, en þau skal greiða skv. 3. gr.)

6. gr.

1. Í alveg sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka aukinn þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri og eru auðkennd „E“ í lyfjaskrám. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini, sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað eins og „B“-merktra lyfja, sbr. 3. gr.

2. Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri þó þau séu auðkennd „O“ í lyfjaskrám. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað skv. 4. gr.
   a. Alvarleg truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi, áunnin eða meðfædd. Morbus Addisonii, meðfætt adrenogenital syndrome, meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica), vöðvaslenufár (myasthenia gravis) eða aðrir sjaldgæfir sjúkdómar.
   b. Síendurteknar alvarlegar sýkingar.
3. Í sérstökum tilvikum þegar sjúklingur þarf nauðsynlega á því að halda að nota að staðaldri eða um lengri tíma fjölda lyfja samtímis, sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini, sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka.
4. Lyfjaávísanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem auðkennd eru með „B“ í lyfjaskrám og falla undir eftirfarandi lyfjaflokka: N 04 A, andkólínvirk lyf; N 05 A, sterk geðlyf (neuroleptica); N 06 A, geðdeyfðarlyf (antidepressiva). Í þeim tilfellum, sem smásöluverð þess lyfs, sem ávísað er, er hærra en viðmiðunarverð lyfs í sama lækningaflokki, greiðir sjúkratryggður þann aukakostnað sem til fellur. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt smásöluverð eða viðmiðunarverð, sbr. viðauka 1.
5. Þegar sjúkrahúsapótek, sem skv. 36. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 hafa leyfi til lyfjasölu, afgreiða til sjúkratryggðra lyf, sem eru með afgreiðslumerkingu „S“ í lyfjaskrám og lyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og eingöngu eru notuð á sjúkrahúsum, greiðir Tryggingastofnun ríkisins þau í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari. Í einstökum tilvikum getur heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið þó mælt með annari greiðslutilhögun. Lyfjanefnd ríkisins ákvarðar hvaða lyf sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 falla undir „S“ merkingu.
6. Leysiefni sem nauðsynlegt er með virku inndælingarlyfi (þurrefni eða þykkni) skal greitt á sama hátt og viðkomandi inndælingarlyf.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 4. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 7. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ákvörðun um greiðsluþátttöku í undanþágulyfjum á grundvelli umsóknar þar sem fram komi verð lyfsins, ástæða fyrir ósk læknis um notkun lyfsins og hvers vegna ekki er í viðkomandi tilfelli unnt að nota skráð lyf eða lyf framleitt sem forskriftarlyf læknis í apóteki.

8. gr.

Greiðslutilhögun sérlyfja í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari skal getið við skráningu sem unnin er af lyfjanefnd ríkisins, sbr. 4. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

9. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast gildi 1. ágúst 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 515/1992 með sama heiti ásamt áorðnum breytingum.

Heilbrigðis- og tryggingamálarráðuneytið, 1. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

REGLUGERÐ

um lyfjaauglýsingar.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Lyfjaauglýsing er samkvæmt reglugerð þessari hvers konar auglýsinga- eða kynningarstarfsemi skrifleg eða munnleg, myndir, afhending lyfjasýnishorna, lyfjakynningar og fundir, sem beint eða óbeint er kostað af handhafa markaðsleyfis, framleiðanda, umboðsmanni eða heildsala, í þeim tilgangi að stuðla að ávísun, sölu eða notkun lyfja, þ.m.t. náttúrulyfja.

Auglýsa má og kynna lausasölulyf fyrir almenningi, á íslensku, samkvæmt nánari reglum sbr. II. kafli.

Auglýsa má og kynna lyf, sem veitt hefur verið markaðsleyfi fyrir hér á landi, á íslensku, í tímaritum og blöðum þeirra heilbrigðisstétta sem ávísa eða annast dreifingu á lyfjum, þ.e. lækna, tannlækna, lyfjafræðinga, lyfjatækna og hjúkrunarfræðinga, svo og dýralækna, og nema í þessum greinum samkvæmt nánari reglum, sbr. III. kafli.

2. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar ná ekki til:

a) áletrana á merkimiðum og ytri umbúðum eða fylgiseðla með lyfjum,
b) bréfaskipta, sem nauðsynleg eru til að svara fyrirspurnum um tiltekið lyf, né þeirra gagna um lyfið sem kunna að fylgja og ekki eru auglýsing,
c) tilkynninga og bréfaskipta vegna breytinga á umbúðum, aðvarana um aukaverkanir, vöru- og verðlista, að því tilskildu að ekki sé fullyrt um kosti lyfsins.

3. gr.

Lyfjaauglýsing skal veita réttar og faglegar upplýsingar um lyf. Upplýsingar í auglýsingum skulu ætíð vera greinilegar og auðlesnar og í samræmi við samantekt á eiginleikum lyfs (Summary of Product Characteristics, SPC; Produktresume).

Auglýsing um lyf skal vera með þeim hætti að hvatt sé til skynsamlegrar notkunar lyfja með því að kynna þau á hlutlægan hátt og án þess að of mikið sé gert úr eiginleikum þeirra. Lyfjaauglýsing má ekki vera villandi.

4. gr.

Lyfjaauglýsing í sjónvarpi er bönnuð.

5. gr.

Handhafi markaðsleyfis, umboðsmaður hans eða fulltrúi skal halda skrár yfir allar auglýsingar og kynningar, þar sem fram kemur hvar, hvenær og fyrir hverja þær voru birtar eða haldnar. Skrána skal geyma í 2 ár og skal hún vera aðgengileg Lyfjaeftirliti ríkisins.

Handhafi markaðsleyfis, umboðsmaður hans eða fulltrúi, skal halda til haga vísindalegum gögnum um lyf sem hann setur á markað og annast upplýsingagjöf um þau.

II. Auglýsingar sem beint er til almennings.

6. gr.

Auglýsa má og kynna lausasölulyf, þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, fyrir almenning, sbr. þó 4. gr. Ekki má þó auglýsa lausasölulyf, sem Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í að greiða, séu þau afgreidd samkvæmt lyfseðli.

Í auglýsingu um lausasölulyf má ekki koma fyrir ábending um notkun þess við sjúkdómum svo sem berklum, kynsjúkdómum, öðrum smitsjúkdómum, krabbameini eða öðrum æxlissjúkdómum, langvarandi svefnleysi, sykursýki eða öðrum efnaskiptasjúkdómum.

Lyfjaauglýsing sem beint er til almennings skal sett fram á þann hátt að ljóst sé að um auglýsingu sé að ræða og að varan sem auglýst er sé lyf.

7. gr.

Lyfjaauglýsing sem beint er til almennings skal að minnsta kosti veita upplýsingar um eftirfarandi:

a) heiti lyfs, ásamt samheiti ef lyfið inniheldur aðeins eitt virkt efni,
b) heiti virkra innihaldsefna,
c) nauðsynlegar upplýsingar fyrir rétta notkun lyfsins, þ.m.t. um notkunarsvið, mikilvægar varúðarreglur, aðvaranir og skömmtun,
d) skýra, auðlæsilega hvatningu til að lesa vandlega leiðbeiningar á fylgiseðli eða ytri umbúðum lyfsins, eftir því sem við á.

8. gr.

Lyfjaauglýsing sem beint er til almennings má ekki fela í sér neitt sem:

a) gefur til kynna að óþarfi sé að leita til læknis eða gangast undir læknismeðferð/aðgerð,
b) er tilboð um sjúkdómsgreiningu og/eða lyfjakaup, með bréfaskiptum,
c) gefur til kynna að áhrifin af lyfinu séu tryggð eða að því fylgi engar aukaverkanir,
d) segir að áhrifin af lyfinu séu betri eða jafngóð og áhrifin af annarri meðferð eða öðru lyfi,
e) gefur til kynna að heilsa viðkomandi geti batnað við að taka lyfið,
f) gefur til kynna að heilsu viðkomandi geti hrakað ef lyfið er ekki tekið,
g) er eingöngu eða einkum beint til barna,
h) vísar til meðmæla vísindamanna, fagmanna úr röðum heilbrigðisstétta eða einstaklinga, sem eru hvorki vísindamenn né fagmenn, en geta verið öðrum hvatning til lyfjanotkunar t.d. í krafti almennrar viðurkenningar eða frægðar sinnar,
i) gefur til kynna að lyfið sé matvara, snyrtivara eða önnur neysluvara,
j) gefur til kynna að öryggi eða virkni lyfsins stafi af því að um náttúrulegt efni sé að ræða,
k) gæti, vegna þess hvernig því er lýst eða vegna ítarlegrar sjúkdómssögu, leitt til rangrar sjálfsgreiningar sjúkdóms,
l) vísar á ósæmilegan eða villandi hátt til fullyrðinga um bata,
m) sýnir á ósæmilegan, ógnvekjandi eða villandi hátt myndir af breytingum á líkama manna eða dýra sem stafa af sjúkdómi eða meiðslum eða af áhrifum lyfs á líkamann eða hluta hans,
n) gefur til kynna að veitt hafi verið markaðsleyfi fyrir lyfið.

9. gr.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið getur þrátt fyrir ákvæði 7. gr. heimilað í sérstökum tilvikum að lyfjaauglýsing, sem beint er til almennings, megi aðeins innihalda nafn lyfsins ef markmiðið með auglýsingunni er einungis að vekja athygli á nafninu.

10. gr.

Ekki má auglýsa lyfseðilsskyld lyf fyrir almenningi eða lyf sem innihalda efni sem eru samkvæmt alþjóðasamþykktum um ávana- og fíkniefni.

11. gr.

Óheimilt er að afhenda almenningi lyfjasýnishorn.

III. Auglýsingar sem beint er til heilbrigðisstétta og dýralækna.

12. gr.

Auglýsa má og kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir læknum, tannlæknum, lyfjafræðingum, lyfjatæknum og hjúkrunarfræðingum, svo og dýralæknum, og nemum í þessum greinum.

Auglýsingin skal vera með þeim hætti að ekki sé líklegt að hún komi almenningi fyrir sjónir.

13. gr.

Auglýsingin skal vera ítarleg og í samræmi við skráningarákvæði lyfsins, reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta.

Í auglýsingunni skulu a.m.k. vera upplýsingar um eftirtalin atriði:

a) heiti lyfs,
b) lyfjaform,
c) styrkleika lyfs,
d) heiti allra virkra efna, sem komi fram á áberandi hátt í auglýsingunni,
e) heiti handhafa markaðsleyfis og ef vill framleiðanda,
f) samþykktar ábendingar,
g) frábendingar,
h) aukaverkanir, varúð og milliverkanir,
i) stærð skammta,
j) pakkningarstærð(ir),
k) afgreiðslutilhögun (afgreiðsluflokkun),
l) verð (samþykkt hámarksverð),
m) greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

14. gr.

Í öllum lyfjaauglýsingum og kynningarritum skal, auk þeirra atriða sem talin eru í 13. gr., koma fram hvenær upplýsingarnar voru teknar saman eða síðast endurskoðaðar.

Heimilt er í auglýsingu að vísa til vísindarannsókna, sem birst hafa í viðurkenndum tímaritum eða bókum, sem viðbótarupplýsinga um skráða eiginleika lyfs. Öllum slíkum tilvísunum skulu fylgja nákvæmar upplýsingar um heimildir og skulu þær vera aðgengilegar þeim sem auglýsingunni er beint til.

Tilvísanir og gögn úr tímaritum, sem ekki hafa faglegan umsagnaraðila, teljast ekki vísindalegar heimildir né heldur eigin rannsóknaskýrslur fyrirtækja sem framleiða eða hafa markaðsleyfi fyrir lyfið.

Tilvitnanir, töflur og annað myndefni úr læknatímaritum eða öðrum vísindaritum, sem notað er í auglýsingu, skal í hvívetna samræmast fyrirmyndinni og gefa skal nákvæmar upplýsingar um heimildir.

15. gr.

Allar upplýsingar í skjölum um lyf, sem send eru í auglýsingaskyni til lækna, tannlækna, lyfjafræðinga, lyfjatækna og hjúkrunarfræðinga, svo og dýralækna, og nema í þessum greinum, skulu vera nákvæmar og þær nýjustu sem völ er á. Það skal vera unnt að sannreyna upplýsingarnar og þær skulu vera nægilega ítarlegar til að móttakandi geti sjálfur myndað sér skoðun á lækningagildi viðkomandi lyfs.

16. gr.

Óheimilt er að bjóða læknum, tannlæknum, lyfjafræðingum, lyfjatæknum, hjúkrunarfræðingum, svo og dýralæknum, og nemum í þessum greinum gjafir, fé eða fríðindi nema um óveruleg verðmæti sé að ræða og tilboðið tengist læknis- eða lyfjafræðistörfum.

Risna á sölukynningum verður ávallt að vera innan eðlilegra marka og má ekki vera höfuðmarkmið kynningarinnar. Risnan má ekki ná til annarra en þeirra starfsstétta sem getið er í 1. mgr.

17. gr.

Þeir sem heimild hafa til að ávísa eða afhenda lyf mega ekki fara fram á eða taka á móti framlögum sem eru bönnuð skv. 1. mgr. 16. gr. eða sem stríða gegn 2. mgr. 16. gr.

IV. Afhending lyfjasýnishorna.

18. gr.

Aðeins er heimilt að afhenda persónulega lækni, tannlækni eða dýralækni ókeypis lyfjasýnishorn, enda sé um að ræða nýskráð lyf, sem verið er að kynna, og ekki telst ávana- eða fíknilyf. Aðeins má afhenda ofangreindum aðilum sýnishorn af lyfi sem viðkomandi hefur heimild til að ávísa.

Um afhendingu lyfjasýnishorna gilda ennfremur eftirfarandi reglur:

a) aðeins má afhenda lyfjasýnishorn gegn skriflegri, dagsettri og undirritaðri beiðni viðkomandi læknis, tannlæknis eða dýralæknis,
b) aðeins má afhenda eitt sýnishorn af nýskráðu lyfi á ári. Sé lyfið skráð í nokkrum lyfjaformum og/eða styrkleikum má afhenda eitt sýnishorn hvers lyfjaforms og styrkleika,
c) lyfjasýnishorn skal vera minnsta skráð pakkning lyfsins,
d) lyfjasýnishorn skal merkt: „Ókeypis lyfjasýnishorn – ekki til sölu.“,
e) með lyfjasýnishorni skal alltaf fylgja skjal með upplýsingum um skráningarskilyrði lyfsins (t.d. texti Sérlyfjaskrár),
f) ekki má afhenda lyfjasýnishorn fyrir óskráð lyf,
g) ekki má afhenda lyfjasýnishorn af lyfi sem inniheldur efni, sem samkvæmt alþjóðasamþykktum telst ávana- og fíkniefni.

19. gr.

Lyfjafyrirtæki skal halda skrár yfir afhendingu lyfjasýnishorna. Skrárnar skulu geymdar í a.m.k. tvö ár og afhentar Lyfjaeftirliti ríkisins til skoðunar sé þess óskað.

V. Lyfjakynnar.

20. gr.

Lyfjakynnar skulu fá viðeigandi þjálfun hjá handhafa markaðsleyfis, sem þeir starfa hjá, umboðsmanni hans eða fulltrúa og hafa nægilega faglega þekkingu til að geta veitt eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um lyfið sem þeir kynna.

21. gr.

Í hverri heimsókn lyfjakynnis hjá aðilum, sem heimild hafa til að ávísa eða dreifa lyfjum, skal lyfjakynnir leggja fram skriflegar upplýsingar um skráningarskilyrði lyfsins sem kynnt er, þar sem fram koma upplýsingar um eiginleika lyfsins, leyfilegt hámarksverð og greiðsluþátttöku sjúkratrygginga í verði lyfsins.

VI. Eftirlit og viðurlög.

22. gr.

Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með lyfjaauglýsingum, sbr. 18. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

Lyfjaeftirlit ríkisins getur bannað birtingu tiltekinnar auglýsingar sem brýtur í bága við ákvæði reglugerðar þessarar. Það getur og krafist þess að auglýsandi birti leiðréttingar eða viðbótarskýringar með sama hætti og áður var auglýst.

Lyfjaeftirlit ríkisins leitar álits Lyfjanefndar ríkisins í ofangreindum tilvikum.

Telji Lyfjaeftirlit ríkisins að öðru leyti leika vafa á réttmæti lyfjaauglýsingar, svo sem að hún gefi rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar, sendir Lyfjaeftirlitið hana til umfjöllunar hjá Samkeppnisstofnun, sbr. VI. kafli samkeppnislaga nr. 8/1993.

23. gr.

Handhafi markaðsleyfis, umboðsmaður hans eða fulltrúi, skal tilnefna einn aðila innan fyrirtækisins sem er ábyrgur fyrir öllu upplýsingaefni sem notað er til kynningar á lyfjum sem það hefur markaðsleyfi fyrir.

Viðkomandi skal sjá til þess að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

24. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum skv. 43. gr. laga nr. 93/1994, sbr. 2. gr. laga nr. 55/1995.

Með mál vegna brota gegn ákvæðum reglugerðarinnar skal farið að hætti opinberra mála.

VII. Lagagrundvöllur – gildistaka.

25. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar eru í samræmi við tilskipun ráðs Evrópubandalagsins (92/28/EBE) um auglýsingu lyfja, sem ætluð eru mönnum, og tilskipun ráðs Evrópubandalagsins (89/552/EBE) um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um sjónvarpsrekstur.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

8. júní 1995 Nr. 329

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Hafnarfjarðar hefur verið ákveðið að einstefna verði á Öldugötu til norðurs frá Selvogsgötu að Öldugötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. júlí 1995.

Sýslumaðurinn í Hafnarfirði, 8. júní 1995.

Guðmundur Sophusson.

REGLUR

um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl.

I. Almenn ákvæði um verðtryggingu.

1. gr.

Sparifé og lánsfé í íslenskum krónum með vísitölutryggingu skal miðast við vísitölu neysluverðs eins og Hagstofa Íslands auglýsir hana mánaðarlega, sbr. ákvæði laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

2. gr.

Vísitölutrygging í íslenskum krónum miðað við gengisvísitölu, sem auglýst er með gildistöku frá og með 1. degi hvers mánaðar, er hin sama og skráð opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) Seðlabankans 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða Evrópureikningseiningu (ECU). Falli gengisskráning niður skal síðasta skráða opinbera viðmiðunargengi (kaupgengi) SDR eða ECU á ofangreindum viðmiðunardegi lagt til grundvallar. Seðlabankinn auglýsir gengisvísitölur, sem gilda í hverjum mánuði, í Lögbirtingablaðinu.

Innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum (IG reikningum) lúta hins vegar ákvæðum reglugerðar nr. 679/1994, sbr. auglýsingu Seðlabankans um upplýsingaskyldu vegna gjaldeyrisviðskipta og fjármagnshreyfinga milli landa frá 16. janúar 1995.

3. gr.

Um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár vísast að öðru leyti til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995, um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987.

II. Verðtryggðir innlánsreikningar í bönkum og sparisjóðum.

4. gr.

Innlánsstofnunum er því aðeins heimilt að taka á móti sparifé gegn verðtryggingu miðað við vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu að innstæða sé bundin í 12 mánuði eða lengur.

Innlánsstofnunum er þó heimilt að verðtryggja innlánsfé í eftirtöldum tilvikum:

1. Sé í samningsskilmálum kveðið á um að innstæða losni að afloknum upphaflega umsömdum binditíma í tiltekið tímabil, að hámarki 1 mánuð í senn, er heimilt að verðtryggja innstæðuna bindist hún á ný í 6 mánuði eða lengur.
2. Með samningi um reglulegan mánaðarlegan sparnað í minnst 12 mánuði, þar sem vísitölubinding nær til óhreyfðrar innstæðu í hverjum mánuði, en innstæða umfram það beri nafnvexti.
3. Á orlofsreikningum skv. ákvæðum laga um orlof, nr. 30 27. mars 1987.
4. Á skyldusparnaðarreikningum ungmenna hjá innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins skv. ákvæði IV til bráðabirgða í lögum nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins.

5. gr.

Fyrir innstæðu á reikningi skal gefa út stofnskírteini, viðtökuskírteini eða bók. Innlánsstofnun skráir fullt nafn og heimilisfang reikningseiganda skv. 48. gr. laga nr. 43/1993, ásamt kennitölu.

Verðbætur innstæðna á verðtryggðum innlánsreikningum eru reiknaðar á þann hátt sem segir í næstu þremur málsgreinum.

Verðbætur eru reiknaðar á tvennan hátt, þ.e. lægsta innstæða í almanaksmánuði tekur breytingum skv. vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu sé innstæða gengisbundin, en inn- og útborganir eru verðbættar innan mánaðarins með sérstökum verðbótum í formi vaxta, sem innlánsstofnanir auglýsa.

Fyrsta dag hvers mánaðar skal höfuðstóll, sem staðið hefur óhreyfður sl. mánuð, hafa tekið sömu hlutfallslegu breytingu og verður þá á vísitölu neysluverðs, eða gengisvísitölu, sé innstæða gengisbundin, hvort sem breytingin er til hækkunar eða lækkunar.

Innborgað fé ber sérstakar verðbætur frá innborgunardegi til næstu mánaðamóta, en þá leggjast þær við höfuðstólinn eftir vísitölu- eða gengisfærslu. Útborgað fé ber á sama hátt sérstakar verðbætur frá síðustu mánaðamótum að útborgunardegi, sem leggjast við höfuðstól um næstu mánaðamót. Sérstakar verðbætur innan úttektarmánaðar greiðast þó út með höfuðstól og áunnum vöxtum sé reikningur eyðilagður.

III. Verðtryggð útlán.

6. gr.

Lán með ákvæði um að höfuðstóll láns miðist að fullu við vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu skulu vera til tveggja ára hið minnsta. Frá og með 1. janúar 1996 skulu verðtryggð lán vera til þriggja ára hið minnsta.

Höfuðstóll láns breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölu neysluverðs eða gengisvísitölu frá grunnvísitölu eða grunngengi til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni eða genginu milli gjalddaga. Skal höfuðstóll lánsins breytast á hverjum gjalddaga, áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Grunnvísitala eða grunngengi skal vera vísitala sú, sem í gildi er þegar lán er veitt, nema samningur eða eðli máls leiði til annars.

Gjalddagar láns skulu allir vera á sama degi mánaðar, þannig að tímabilið milli gjalddaga teljist í heilum mánuðum. Leitast skal við að hafa gjalddaga á sama degi mánaðar og lán er veitt, þannig að tímabilið frá lánveitingu til fyrsta gjalddaga teljist einnig í heilum mánuðum. Sé gjalddagi láns á einhverjum öðrum degi mánaðar en lánveiting á sér stað, skal til leiðréttingar reikna dagvexti með sérstökum verðbótum, fyrir frávikið innan lánveitingarmánaðar (mest 29 dagar). Við útborgun láns greiðir lánþegi dagvextina, ef gjalddagi er síðar í mánuði en lánveiting, en lánveitandi greiðir, ef gjalddagi er fyrr.

Á kvittunum skal jafnan gera nákvæma grein fyrir útreikningi greiðslu og áföllnum verðbótum.

IV. Jöfnuður verðtryggðra eigna og skulda lánastofnana.

7. gr.

Í reglulegum skýrslum (mánaðarskýrslum), eða sérstökum mánaðarlegum skýrslum innlánsstofnana og annarra lánastofnana til Seðlabankans, skal koma fram hve miklar verðtryggðar eignir og skuldir eru svo unnt sé að reikna í hverjum mánuði hlutfallið milli mismunar verðtryggðra eigna og skulda annars vegar og eigin fjár hins vegar. Með eigin fé í þessu sambandi vísast til skilgreiningar í gildandi lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993 og lögum um aðrar lánastofnanir en banka og sparisjóði nr. 123/1993.

Með verðtryggðum eignum er hér átt við allar eignir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. þ.e.a.s. verðtryggð útlán, verðtryggð skuldabréf og verðtryggðar innstæður í öðrum bönkum, þ.m.t. bundnar innstæður í Seðlabanka, séu þær verðtryggðar. Ennfremur skal telja með verðtryggðum eignum vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á eignahlið.

Með verðtryggðum skuldum er hér átt við allar skuldir sem verðtrygging gildir um, sbr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. Með verðtryggðum skuldum telst því allt fé á sparireikningum þeim sem taldir eru í 4. gr. og útistandandi verðtryggð verðbréf, þar með talin víkjandi lán, sem hlutaðeigandi innlánsstofnun eða önnur lánastofnun hefur gefið út. Ennfremur skal telja með verðtryggðum skuldum bókfærðar lífeyrisskuldbindingar svo og vaxtaskiptasamninga sem fela í sér verðtryggingu á skuldahlið.

Séu verðtryggðar eignir skv. 2. mgr. meiri en verðtryggðar skuldir skv. 3. mgr. skal telja bókfært eigið fé umfram bókfært virði varanlegra rekstrarfjármuna með verðtryggðum skuldum, þó að hámarki að svo miklu leyti sem þeim mun nemur.

8. gr.

Innlánsstofnanir og aðrar lánastofnanir skulu stefna að því að koma á jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda eigi síðar en frá árslokum 1995. Sé mismunur verðtryggðra eigna og skulda stofnunar meiri en sem svarar 20% af eigin fé hennar og fer einhverju sinni hækkandi að meðaltali frá einum ársfjórðungi til annars skal hlutaðeigandi stofnun tafarlaust gera ráðstafanir sem miða að því að fyrir árslok 1995 verði umrætt hlutfall orðið lægra en 20%. Ráðstafanirnar skulu kynntar Seðlabankanum skriflega.

V. Gildistaka o.fl.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með tilvísun til ákvæða laga nr. 13 frá 6. mars 1995 um breytingu á vaxtalögum nr. 25/1987 og reglugerðar nr. 151/1995, öðlast gildi 30. júní 1995, og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing Seðlabankans um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár o.fl. frá 16. mars 1995.

Lágmarksbinditími til verðtryggingar sparifjár skv. 1. mgr. 4. gr. og 1. og 2. tl. 2. mgr. 4. gr. verður lengdur úr 12 mánuðum í 36 mánuði frá og með 1. janúar 1998. Stefnt er að því að verðtrygging innstæðna verði óheimil frá og með 1. janúar 2000.

Á útlánahlið verður lágmarkslánstími verðtryggðra skuldabréfa skv. 1. mgr. 6. gr. lengdur úr þremur árum í fimm ár frá og með 1. janúar 1998 og stefnt er að því að hann lengist úr fimm árum í sjö ár frá og með 1. janúar 2000.

Reykjavík, 6. júní 1995.

Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísl. Gunnarsson. **Eiríkur Guðnason.** **Steingrímur Hermannsson.**

Nr. 331 2. júní 1995

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Gnúpverjahrepps 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. júní 1995 staðfest aðalskipulag Gnúpverjahrepps 1993-2013.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki sveitarstjórnar Gnúpverjahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1995.

1. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum sbr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1995 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 2. gr. sömu laga sem hér segir:

	Kr.		Kr.		Kr.
1. flokkur	290.000	7. flokkur	425.000	15. flokkur	210.000
2. flokkur	250.000	8. flokkur	304.000	16. flokkur	150.000
3. flokkur	210.000	9. flokkur	250.000	17. flokkur	90.000
4. flokkur	170.000	10. flokkur	200.000	18. flokkur	75.000
5. flokkur	130.000	11. flokkur	150.000	19. flokkur	50.000
6. flokkur	90.000	12. flokkur	100.000	20. flokkur	30.000
		13. flokkur	50.000		
		14. flokkur	30.000		

2. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, eftir lyfjaveltu og/eða umfangi eftirlitsskyldrar starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

3. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu reiknings og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef eigi hefur verið greitt á eindaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Fylgiskjal 1

Flokkar lyfjaeftirlitsþega:

Flokkar 1 - 6	Apótek
Flokkar 7 - 14	Lyfjagerðir Lyfjaheildsölur Lyfjaumboðsfyrirtæki
Flokkar 15 - 20	Lyfjasölur lækna Lyfjasölur sveitarfélaga Lyfjasölur dýralækna Sjúkrahús með apótek Sjúkrahús, hjúkrunar- og dvalarheimili Aðrir lyfjaeftirlitsþegar

REGLUGERÐ

um Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Lífeðlisfræðistofnun Háskóla Íslands heyrir undir læknadeild skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands.

2. gr.

Hlutverk stofnunarinnar er:

a) Að annast rannsóknir í lífeðlisfræði.
b) Að leggja til aðstöðu til verklegrar kennslu í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands, eftir því sem kostur er og fé er veitt til.
c) Að sinna þeim verkefnum, sem henni kunna að vera falin til úrlausnar, enda komi greiðsla fyrir.
d) Að gangast fyrir ráðstefnum, námskeiðum og fyrirlestrum til kynningar á fræðilegum nýjungum og fást við hver önnur verkefni, er stuðlað geta að eflingu rannsókna og kennslu á sviði lífeðlisfræði í skólum landsins.
e) Að veita stúdentum þjálfun og reynslu í vísindalegum vinnubrögðum með því að gefa þeim kost á að vinna rannsóknarstörf á vegum stofnunarinnar, eftir því sem kostur er og fé er veitt til.
f) Að veita rannsóknaraðstöðu fyrir lausráðna kennara í lífeðlisfræði, eftir því sem kostur er og fé er veitt til.
g) Að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofnanir, er starfa á skyldum sviðum.
h) Að annast útgáfustarfsemi.

3. gr.

Starfslið stofnunarinnar er:

a) Prófessorar, dósentar, lektorar, fastráðnir stundakennarar og aðjúnktar í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands. Auk þeirra er heimilt, að fastir kennarar eða sérfræðingar í skyldum greinum starfi við stofnunina.
b) Gistiprófessorar, sérfræðingar, stundakennarar og styrkþegar, sem sinna tímabundnum verkefnum eða kennslu í lífeðlisfræði, eftir því sem aðstæður leyfa og stjórn stofnunarinnar heimilar.
c) Sérfræðingar, aðstoðarmenn og stúdentar, sem stjórn stofnunarinnar veitir starfsaðstöðu til rannsóknarverkefna, og aðrir starfsmenn.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er skipuð föstum kennurum í lífeðlisfræði sbr. 3. gr. lið a; einum úr hópi annarra starfsmanna sbr. 3. gr. lið c, skipuðum til tveggja ára í senn; svo og einum stúdent í lífeðlisfræði tilnefndum sameiginlega af stúdentafélögum þeirra stúdenta er stunda nám í lífeðlisfræði við þær deildir og námsbrautir er hafa fasta kennarastöðu í lífeðlisfræði, til eins árs. Stjórnin kýs sér formann úr hópi fastra kennara sbr. 3. gr. lið a til tveggja ára í senn, og er hann jafnframt forstöðumaður stofnunarinnar. Hann skal hafa umsjón með framkvæmd á ákvörðunum stjórnarinnar og hafa eftirlit með starfsemi stofnunarinnar. Ráða skal framkvæmdastjóra þegar heimild er til í fjárlögum, og setur stjórnin honum erindisbréf. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að skipta stofnuninni í deildir eftir því sem þörf er fyrir.

Verði stofnuninni skipt í deildir, skal fyrir hverri þeirra vera deildarstjóri sem hefur á höndum stjórn rannsókna og stendur fyrir daglegum rekstri undir yfirstjórn forstöðumanns stofnunarinnar og stjórnar hennar. Deildarstjóri skal valinn af stjórn stofnunarinnar úr hópi fastra starfsmanna sbr. 3. gr. lið a. Stjórnin fjallar um öll sameiginleg málefni stofnunarinnar; hefur umsjón með fjármálum hennar, semur rekstraráætlanir og tillögur um fjárveitingar til hennar og til einstakra deilda, er þeim hefur verið komið á, og semur ársskýrslu um starfsemina. Falli atkvæði jöfn innan stjórnar ræður atkvæði formanns. Stjórnin getur skotið málum til deildarráðs til samráðs eða úrskurðar. Verði þá ágreiningur, má skjóta honum til deildarfundar og háskólaráðs.

5. gr.

Stjórnarformaður, deildarstjórar og annað starfslið skulu fá greidda þóknun eftir gildandi reglum innan háskólans, eða eftir nánari ákvörðun. Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuaðstöðu.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar er greiddur af ríkisfé skv. því sem veitt er í fjárlögum.

Aðrar tekjur stofnunarinnar eru:

a) Styrkir til einstakra verkefna.
b) Greiðslur fyrir umbeðin verkefni.
c) Tekjur af útgáfustarfsemi.
d) Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Fjármál stofnunarinnar heyra endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3., 4. og 5. mgr. 2. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 98/1993, 65. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

2. júní 1995 Nr. 334

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, við Vesturlandsveg.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 10. maí 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin felst í því að umferðargöng undir Vesturlandsveg við Viðarhöfða færast u.þ.b. 1900 m til vesturs, auk þess sem gert er ráð fyrir aðrein frá Viðarhöfða inn á Vesturlandsveg til vesturs.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 335 9. júní 1995

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1995/1996.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1995 til 1. maí 1996.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með eftirfarandi takmörkunum:

A. Veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N
B. Til 1. desember 1995 eru veiðar bannaðar vestan 19°V, sunnan línu, sem dregin er um eftirfarandi punkta:
   1. 67°45'N - 19°00'V
   2. 67°45'N - 22°00'V
   3. 66°00'N - 27°00'V

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands, tilkynna staðsetningu skipsins hlutaðeigandi aðilum, samkvæmt leiðbeiningum ráðuneytisins þar að lútandi. Ennfremur um loðnuafla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Rangar upplýsingar um aflamagn varða sviptingu veiðileyfis.

7. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa í því skyni að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

8. gr.

Bannað er að veiða smáloðnu minni en 12 cm að lengd, sé hún verulegur hluti af loðnuafla fiskiskips. Lágmarksstærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðenda.

9. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smáloðnu í kasti, þá ber honum, áður en verulega hefur verið þrengt að loðnunni í nótinni að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 loðnur valdar af handahófi. Reynist fleiri en 50 loðnur vera undir 12 cm að lengd ber honum að sleppa loðnunni þegar í stað.

10. gr.

Nú kemur loðnuveiðiskip með loðnufarm blandaðan smáloðnu til hafnar og er þá kaupanda aflans skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smáloðnu í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 loðnum í hverju. Sé hlutur smáloðnu, sbr. 8. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal kaupandi aflans gera veiðieftirliti Fiskistofu aðvart.

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða

Á loðnuvertíðinni 1995/1996, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 536.000 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum sem gefin eru út á Evrópska efnahagssvæðinu.

1. gr.

Tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum, sem vísað er til í 68.a tölulið XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið skal gilda hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðaukanum, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans svo og þeirri aðlögun sem leiðir af ákvæðum 2.-4. gr reglugerðar þessarar.

Tilskipun ráðsins nr. 91/670/EBE, hér eftir nefnd tilskipunin, er birt sem viðauki við reglugerð þessa.

2. gr.

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í tilskipuninni hafa þau merkingu þá sem hér segir:

Aðildarríki: Sérhvert aðildarríki Evrópusambandsins eða Evrópska efnahagssvæðisins.

Framkvæmdastjórnin: Eftirlitsstofnun EFTA.

3. gr.

Flugmálastjórn Íslands er lögbært yfirvald á Íslandi þegar beita skal 3., 4. og 6. gr. tilskipunarinnar.

4. gr.

Skírteini sem gefin eru út í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð eru viðurkennd skírteini á Íslandi í samræmi við 2. gr. d í tilskipuninni.

Skírteini sem ekki falla undir 1. mgr. þessarar greinar hljóta viðurkenningu og málsmeðferð á Íslandi á grundvellli 1. tl. 3. gr. 4. og 6. gr. tilskipunarinnar.

Umsóknir um skírteini samkvæmt reglugerð þessari skulu sendar til Flugmálastjórnar Íslands, Reykjavíkurflugvelli, 150 Reykjavík, Ísland.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um loftferðir nr. 34/1964 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 24. maí 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um viðurkenningu notendabúnaðar á grundvelli sameiginlegra tæknilegra reglugerða á Evrópska efnahagssvæðinu nr. 589/1994.

1. gr.

Á eftir 2. tölulið í X. viðauka komi nýir töluliðir 3-5 sem orðist svo:

3) CTR 12: ONP, 2048 Kbit/s, óskipulegar (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 97/470/EBE) um kröfur sem gera skal við tengingu notendabúnaðar við óskipulegar leigulínur í almenna símakerfinu, sem vinna á 2048 Kbit/s hraða.
Samhæfði staðallinn er:
Tæknilegar kröfur varðandi opinn aðgang (ONP):
2048 Kbit/s stafrænar, óskipulegar leigulínur (D2048 U)
Tengikröfur fyrir notendabúnað
TBR 12 - Desember 1993 (að formála undanskildum).

4) CTR 6:DECT tenging (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/471/EBE) um almennar kröfur sem gera skal við tengingu notendabúnaðar, sem vinnur samkvæmt hinu stafræna, samevrópska, þráðlausa fjarskiptakerfi DECT á tíðnisviðinu 1880-1900 MHz.
Samhæfði staðallinn er:
DECT: Almennar kröfur um tengingu notendabúnaðar
TBR 6 - Desember 1993 (að formála undanskildum).

5) CTR 10: DECT talsímanotkun (ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB, nr. 94/472/EBE) um kröfur sem gera skal við notkun hins stafræna, samevrópska, þráðlausa fjarskiptakerfis DECT við talsímaþjónustu.
Samhæfði staðallinn er:
DECT: Almennar kröfur um tengingu notendabúnaðar - talsímanotkun.
TBR 10 - Desember 1993 (að formála undanskildum).

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fjarskipti nr. 73/1984 sbr. l. nr. 32/1993 með hliðsjón af ofangreindum ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 26. apríl 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 594/1993, sbr. reglugerð nr. 375/1994, um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Á eftir 2. gr. bætist við ný grein sem verður 2. gr. a og hljóðar svo, sbr. e-lið 2. gr. og b-lið 4. gr.:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/95 frá 28. apríl 1995 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIV. viðauka við EES-samninginn (um samkeppni), bókun I (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 70/95 frá 17. janúar 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2349/84 um beitingu 3. málsgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á 5. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og snerta beitingu 3. mgr. 53. gr. samningsins, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

Viðskiptaráðuneytið, 7. júní 1995.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 339 2. júní 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Húsavíkurkaupstaðar 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkurkaupstaðar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985-2005, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 11 við Garðarsbraut breytist úr svæði fyrir verslun og þjónustu í svæði fyrir opinbera þjónustu.

Bæjarstjórn Húsavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Borgartún 36.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 36 við Borgartún breytist úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1995 Nr. 341

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Bráðræðisholts í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 29. mars 1995 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Bráðræðisholts er síðast var breytt 19. október 1993.

Breytingin felst í því að heimilað er að byggja garðhýsi á lóðinni nr. 68 við Framnesveg.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

2. júní 1995 Nr. 342

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 2. júní 1995 staðfest aðalskipulag Akranesskaupstaðar 1992-2012. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Akraness, 1980-2000 er staðfest var 3. maí 1982, með síðari breytingum.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 343 2. júní 1995

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Stykkishólms hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 15. mars 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005 frá 22. apríl 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun norðan hesthúsasvæðis breytist úr iðnaðar- og athafnasvæði í opið svæði til sérstakra nota.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytið, 2. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 344 14. júní 1995

AUGLÝSING

um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1995.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 381/1994, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1995 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd kr. 5,86.
Fyrir hvert kílógramm umfram 1.000 kg skal greiða að auki kr. 3,80.
Þó skal aldrei greiða lægra gjald en kr. 2.993, né hærra gjald en kr. 18.915.
Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera kr. 1.185.

Fjármálaráðuneytið, 14. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990.

1. gr.

a) Á eftir 14. gr. komi ný grein, 14. gr. a, svohljóðandi:

Með leyfi lögreglustjóra er heimilt að víkja frá ákvæðum umferðarlaga um ökuskírteini og lágmarksaldur ökumanna við æfingar og keppnir á lokuðum svæðum utan vega. Undanþága þessi gildir þó ekki um þann sem sviptur hefur verið ökurétti.

Undanþága að því er varðar þann sem ekki hefur náð 18 ára aldri er háð skriflegu samþykki foreldra eða annars forsjármanns.

Allur akstur þar sem undanþága frá ákvæðum um ökuskírteini eða lágmarksaldur gildir skal fara fram samkvæmt keppnis- og öryggisreglum L.Í.A. og undir eftirliti og samkvæmt leiðbeiningum fulltrúa L.Í.A.

Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal vera:

a. Körtubílar með aflvél að slagrými
   - allt að 80 rúmsentimetrar ..... frá 10 ára aldri
   - allt að 100 rúmsentimetrar ..... frá 12 ára aldri
   - allt að 125 rúmsentimetrar ..... frá 14 ára aldri
   - rúmsentimetrar eða meira ..... frá 16 ára aldri

b. Körtubílar með fjórgengisaflvél að slagrými
   - allt að 250 rúmsentimetrar ..... frá 10 ára aldri

c. Tvíhjóla torfærutæki með aflvél að slagrými
   - allt að 80 rúmsentimetrar ..... frá 12 ára aldri
   - allt að 125 rúmsentimetrar ..... frá 14 ára aldri
   - 125 rúmsentimetrar eða meira ..... frá 15 ára aldri

d. Torfærutæki á beltum (vélsleðar) með aflvél að slagrými
   - allt að 440 rúmsentimetrar ..... frá 14 ára aldri

e. Óbreyttar fólksbifreiðir með aflvél að slagrými
   - allt að 1600 rúmsentimetrar (gerð „N" samkvæmt reglum F.I.A) . frá 15 ára aldri

2. gr.

Á eftir 19. gr. komi ný grein, 19. gr. a, með fyrirsögninni **„Akstur leiktækja"**, svohljóðandi:

Lögreglustjóra er heimilt að leyfa starfsemi þar sem akstur ungra barna fer fram. Starfsemin skal vera undir eftirliti og umsjón fullorðins starfsmanns sem leiðbeinir og gætir alls öryggis, þ. á m. að börnin hafi fulla stjórn á hlutaðeigandi ökutæki, einnig þótt starfsemin fari fram án gjaldtöku. Sérstakt eftirlit skal haft með slíkri starfsemi hvað varðar búnað ökutækja, almennt öryggi og vátryggingar. Ökutækin skulu ekki hraðgengari en nemur venjulegum gönguhraða.

Við þessar aðstæður mega börn frá 5 ára aldri aka rafbílum sem sérstaklega eru hannaðir fyrir börn. Skal sá akstur fara fram á sérstaklega gerðum svæðum. Með sama hætti mega börn sem náð hafa 10 ára aldri eða eru a.m.k. 140 sentimetrar á hæð aka öðrum gerðum vélknúinna leiktækja á sérstökum svæðum.

3. gr.

Fyrirsögn reglnanna verði: **Reglur um akstursíþróttir og aksturskeppni.**

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 44 7. maí 1993, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 346 9. júní 1995

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með breytingum skv. reglugerðum nr. 151/1993, 179/1993 og 86/1994.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr.:

1. Í stað orðsins „eitt ár" í öðrum málslið kemur: tvö ár.
2. Við málsgreinina bætist nýr málsliður svohljóðandi: Seljandi getur farið fram á framlengingu gildistíma vottorðsins um tvö ár í senn hjá Skattstjóranum í Reykjavík, þyki staðfest að forsendur séu óbreyttar frá því vottorðið var gefið út.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 12. gr. og 35. gr. laga nr. 50/1988, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 9. júní 1995.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Hermann Jónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1995

15. júní 1995 825 Nr. 347

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202, 18. apríl 1994 um humarveiðar.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan miðnet. Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkisins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júlí 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

15. júní 1995 Nr. 348

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir

aftan miðnet. Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkisins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júlí 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 349 20. júní 1995

REGLUGERÐ

um framkvæmd laga um grunnskóla nr. 66/1995.

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna koma nú þegar til framkvæmda:
1. gr. til og með 5. gr.
7. gr. til og með 9. gr.
11. gr. til og með 22. gr.
24. gr., fyrri mgr.
28. gr. til og með 37. gr.
39. gr.
44. gr. til og með 56. gr.

2. gr.

Eftirtaldar greinar laganna koma til framkvæmda 1. ágúst 1996:
6. gr.
10. gr.
24. gr., síðari mgr.
25. gr.
26. gr.
27. gr.
38. gr.
40. gr. til og með 43. gr.

3. gr.

Vikulegur kennslutími í grunnskólum skólaárið 1995-1996 fer eftir viðmiðunarstundaskrá er menntamálaráðuneytið gefur út.

Starfsdagafjöldi í grunnskólum skólaárið 1995-1996 fer eftir skóladagatali er menntamálaráðuneytið gefur út og gildandi kjarasamningum.

4. gr.

Fram til 1. ágúst 1996 fer um aðild ríkissjóðs að rekstri grunnskóla og fyrirkomulag sérfræðiþjónustu eftir ákvæðum laga nr. 49/1991.

5. gr.

Ákvæði 23. gr. laga nr. 66/1995 um ráðningar skólastjórnenda og kennara við grunnskóla koma til framkvæmda 1. júní 1996. Skulu viðkomandi sveitarstjórnir því annast ráðningar allra starfsmanna við grunnskóla er hefja störf 1. ágúst 1996 eða síðar.

Fram til þess tíma er ekki heimilt að ráða nýja skólastjórnendur eða nýja kennara sem ríkisstarfsmenn til lengri tíma en 31. júlí 1996. Um endurnýjun skammtíma ráðninga gildir hið sama uns kennari á rétt á ótímabundinni ráðningu, sbr. 5. tl. reglna um réttindi lausráðinna starfsmanna ríkisins, dags. 27. mars 1991.

6. gr.

Fræðsluskrifstofur er við gildistöku reglugerðar þessarar starfa sem ríkisstofnanir samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 49/1991 annast, eftir því sem við verður komið, þau störf er þeim voru falin samkvæmt þeim lögum fram til 1. ágúst 1996 en þá hætta þær störfum sem ríkisstofnanir.

7. gr.

Sérskólar og sérdeildir fyrir nemendur grunnskóla er ekki geta notið kennslu við hæfi í almennri bekkjardeild og starfa sem ríkisstofnanir við gildistöku reglugerðar þessarar skulu starfa áfram sem slíkar fram til 1. ágúst 1996 en þá taka sveitarstjórnir við rekstri þeirra.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 57. gr. laga nr. 66/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 20. júní 1995.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1995

Nr. 350 828 22. júní 1995

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda skv. 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum er nema 4.344 lestum af þorski og 506 lestum af ýsu miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til yfirstandandi fiskveiðiárs.

Aflaheimildir af þorski og ýsu skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. 11. gr. reglugerðar nr. 405/1994. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum í sömu tegundahlutföllum og fram kemur í 1. málslið þessarar mgr., til skipa sem hafa orðið fyrir skerðingu úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., þannig að skerðing umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Þó skal ekkert skip fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar yfirstandandi fiskveiðiár. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 1. maí sl. en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna eins og hún var hinn 1. maí sl. og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund að teknu tilliti til breytinga sem orðið hafa á heildaraflamarki innan fiskveiðiáranna. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992, eða úthlutunar til jöfnunar, skv. reglugerð nr. 414/1994. Við þannig útreiknað aflamark hvers skips á yfirstandandi fiskveiðiári skal í útreikningum þessum bæta aflamarki skv. reglugerð nr. 414/1994 eins og það hefði orðið miðað við aflahlutdeild einstakra skipa 1. maí 1995 í stað 27. maí 1994, úthlutað aflamark af innfjarðarrækju á yfirstandandi fiskveiðiári og að ekkert skip skerðist um meira en 8,4%.

Gutenberg

Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 405/1994. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1994/1995 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í l. nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 22. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

22. júní 1995 Nr. 351

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 467/1991 um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

1. gr.

10. tölul. 1. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Skipta má fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar, sbr. 22. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en kr. 6.513.000 vegna nýrra íbúðar og vegna notaðra íbúða allt að kr. 5.427.000, þó aldrei hærri fjárhæð en kr. 3.256.000 vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, þó aldrei meira en 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbygginga, miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1995, 203 stig. Hámarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega samkvæmt byggingarvísitölu í samræmi við breytingar á vísitölum og skal vera í heilum þúsundum króna.

3. gr.

14. gr. hljóði svo:

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 705.000 miðað við byggingarvísitölu 1. apríl 1995, 203 stig. Lágmarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.

4. gr.

1. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir með heimild í 1. gr. laga nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs, og hefur sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 2. gr.

5. gr.

3. mgr. 26. gr. hljóði svo:

Óski húsbyggjandi eða íbúðarkaupandi sem telst vera að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eftir því að skipta fasteignaveðbréfi fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar skal hann leggja fram staðfestingu skattyfirvalda þess efnis að hann hafi ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, með vísun til 27. gr. og 117. gr., öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1995.

Páll Pétursson.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1995

28. júní 1995 831 Nr. 352

REGLUGERÐ

um afnám banns við rækjuveiðum í Kolluál.

1. gr.

Frá og með 29. júní 1995 er felld úr gildi reglugerð nr. 218, 7. apríl 1995, um bann við rækjuveiðum í Kolluál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Stjórnartíðindi B 56, nr. 352. Útgáfudagur 29. júní 1995.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1995

Nr. 353 832 19. júní 1995

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Fljótsdalshrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Fljótsdalshrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Fljótsdalshrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Fljótsdalshrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

Gutenberg

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í fyrstu viku hvers mánaðar. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og stjórna svo og kosningar eða ráðningar annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda og stjórna á vegum hreppsins, ef eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd. Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.

3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Flutningsmaður tillögu má þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, stjórnar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins skv. ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til, samkvæmt 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að kjósa formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Enn fremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Kjörstjórn.* Tveir aðalmenn (hreppstjóri sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Sama kjörstjórn fer með framkvæmd sveitarstjórnarkosninga skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
1. *Áfengisvarnarnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.
2. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
3. *Félagsmálanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga í sameiginlega félagsmálanefnd Valla-, Skriðdals- og Fljótsdalshrepps.
4. *Riðunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.
5. *Skólanefnd grunnskóla.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla í sameiginlega skólanefnd Valla-, Skriðdals- og Fljótsdalshrepps. Skólanefndin fer jafnframt með hlutverk skólanefndar tónlistarskóla skv. lögum nr. 75/1985.
6. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
7. Tveir fulltrúar í *húsnefnd félagsheimilisins Végarðs.* Húsnefnd skipa fulltrúar Fljótsdalshrepps ásamt fulltrúa Kvenfélagsins Einingar og skal hún hafa umsjón með rekstri Végarðs.
8. Fulltrúaráð *Minjasafns Austurlands.* Einn fulltrúi og annar til vara skv. samþykktum Minjasafns Austurlands.
9. *Úttektarmenn* skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.

57. gr.

Hreppnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra skv. þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Fljótsdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júní 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um reglu Reikningsskilaráðs um birgðir.

1. Inngangur.

Samkvæmt ákvæðum laga[1] skal skrá birgðir við kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Engin nánari fyrirmæli er að finna í lögum um túlkun á þessari reglu. Af þeim sökum þykir Reikningsskilaráðinu við hæfi að gera grein fyrir því hvernig kostnaðarverð og dagverð skuli ákveðið og öðrum atriðum er varða birgðir. Miklu máli skiptir að skýr fyrirmæli liggi fyrir um framkvæmd þessarar reglu, enda eru birgðir oft afar þýðingarmikill liður í reikningsskilum fyrirtækja.

Í reglum þessum er að finna túlkun á ofangreindum fyrirmælum laga og þeirri meginreglu um skráningu eigna sem er að finna í greinargerð Reikningsskilaráðs um *Grundvöll reikningsskila, reglu nr. 1.* Þar segir að samkvæmt kostnaðarverðsreglu (reglu 4.1) skuli skrá eignir við upphaflegu kaupverði. Þar segir einnig að til upphaflegs kaupverðs teljist allur áfallinn kostnaður til þess að gera eign arðbæra. Með hliðsjón af varkárnisreglu (reglu 4.8) ber þó að færa eignir til lægra verðs þegar óvissa þykir vera um mat þeirra. Í reglum þeim sem hér fara á eftir verða þessar meginreglur reikningshalds útskýrðar með tilliti til birgða.

Við samningu þessara reglna var aðallega stuðst við erlendar reglur um sama efni, sem komið hafa frá Alþjóðlegu reikningsskilanefndinni[2], en einnig hefur verið höfð hliðsjón af reglum dönsku[3] og bandarísku[4] reikningsskilanefndanna. Þá hefur að auki verið höfð hliðsjón af framkvæmd þessara mála hér á landi í þeim tilvikum sem hún þykir vera sérstök.

Í meginefni reglnanna, sem fylgja hér á eftir, eru reglur um mat birgða settar fram með ***feitu og skásettu letri***. Þar á eftir fer umræða um einstaka liði eftir því sem tilefni er til. Líta ber á þá umræðu sem hluta af reglunum.

Reglur þessar taka til skráningar birgða hjá þeim sem skylt er að fara eftir bókhaldslögum. Reglurnar taka ekki til verkefna í vinnslu hjá verktakafyrirtækjum, enda er það sérstakt mál sem krefst sjálfstæðra reglna. Þær taka ekki heldur til birgðamats hjá fyrirtækjum í landbúnaðarframleiðslu.

2. Reglur um birgðir.

1. Við gerð reikningsskila fyrir verslunar- og framleiðslufyrirtæki skiptir miklu að birgðir séu rétt skráðar til að tryggja áreiðanlega frásögn af afkomu og efnahag. Það er megin-

---

[1] Sbr. 28. gr. laga nr. 145/1994, um bókhald, 26. og 27. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, og 74. gr. laga nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt.

[2] Staðall Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar (International Accounting Standards Committee) tók gildi 1. janúar 1995. Hann er númer 2 og kemur í staðinn fyrir staðal sem settur var 1975. Nýi staðallinn ber heitið *Inventories.*

[3] Staðall dönsku nefndarinnar (Regnskabsteknisk Udvalg) 1. júlí 1993. Hann er númer 8 og ber heitið *Varebeholdninger.*

[4] Staðall bandarísku nefndarinnar (Financial Accounting Standards Board) tók gildi í júní 1953. Hann var settur af forvera núverandi nefndar og er hluti (4. kafli) álitsgerðar númer 43, sem ber heitið *Restatement and Revision of Accounting Research Bulletins.*

markmið um skráningu birgða að rétt lotun fari fram þannig að gjöldum sé jafnað á móti tekjum. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim atriðum sem þykja skipta máli í þessu sambandi.

Skilgreining birgða.

2. Með birgðum er átt við þær eignir sem: a) fyrirtæki hefur til sölu í venjulegum rekstri, b) eru í vinnslu og ætlaðar til sölu síðar og c) eru ætlaðar til nota í tengslum við vöruframleiðslu eða sölu á þjónustu.

3. Samkvæmt skilgreiningu þessari taka birgðir til verslunarvöru sem keypt er til endursölu hjá heildsölu- og smásölufyrirtækjum. Birgðir taka einnig til hráefna, vöru í vinnslu og fullunninnar vöru hjá framleiðslufyrirtækjum. Að auki teljast til birgða ýmsar rekstrarvörur. Loks telst til birgða útlagður kostnaður verkefna hjá þjónustufyrirtækjum, enda hafa samsvarandi tekjur ekki verið færðar.

Meginregla um birgðamat.

4. Birgðir skal skrá við kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist.

5. Með kaupverði eða kostnaðarverði er átt við upphaflegt kaupverð birgða en ekki endurnýjunarverð þeirra. Dagverð táknar yfirleitt áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana. Nánari skilgreiningu á kostnaðarverði og dagverði er að finna hér á eftir.

Ákvörðun kostnaðarverðs birgða.

6. Kostnaðarverð birgða tekur til alls kostnaðar við kaup á birgðum eða áfallins kostnaðar við framleiðslu þeirra. Auk þess telst til kostnaðarverðs birgða allur kostnaður við að koma birgðum á núverandi stað og í það ástand sem þær eru í.

Aðkeyptar vörur.

7. Birgðir aðkeyptrar vöru, hráefni og vörur til endursölu skal telja til eignar með öllum áföllnum kostnaði. Til kaupverðs telst allur áfallinn kostnaður við að koma birgðum í það ástand sem þær eru í á reikningsskiladegi. Í þessu sambandi skiptir máli að líta til þess hvenær vörukaup og vörusala fer fram, en það hlýtur eðli máls samkvæmt að gerast samtímis; hafi einn aðili selt hlýtur annar að hafa keypt. Með vísan til tekjureglunnar (reglu 4.2) í greinargerð Reikningsskilaráðs um *Grundvöll reikningsskila* er ljóst að sala (og vörukaup) fer fram þegar seljandi hefur afhent kaupanda vöru. Þar segir einnig að sé afhending háð skilmálum í sölusamningi ráði þeir því hvenær sala (vörukaup) fer fram. Sá sem kaupir vöru með skilmálunum - fob[5] - skal skrá vörukaup þegar seljandi afhendir flutningsaðila vöru. Hafi kaupandi á hinn bóginn keypt vöru með skilmálunum - cif[6] - þá fara vörukaup fram þegar kaupandi fær vöruna afhenta.

---

[5] Skammstöfunin fob táknar *free-on-board*. Í sölusamningi er kveðið á um hvar afhending skuli fara fram. Til að mynda gæti staðið í samningi um vörukaup frá Frakklandi að vörukaup fari fram miðað við skilmálana fob-London. Það táknar að seljandi annast flutning til London en kaupandi eftir það. Í þessu tilviki fara því vörukaup fram við afhendingu vörunnar í London.

[6] Skammstöfunin cif táknar *cost-insurance-freight*. Þegar samið er um vörukaup með þessum skilmálum annast seljandi flutning vörunnar til kaupanda og vörukaup fara fram við þá afhendingu.

8. Hafi fyrirtæki keypt vöru samkvæmt 7. tölulið hér að framan, þá verður reikningsfjárhæðin sem greiða þarf seljanda að sjálfsögðu hluti af kaupverði vörunnar. Hafi afsláttur eða önnur lækkun fengist á reikningsfjárhæð skal hún dregin frá kaupverði. Að auki skal telja til kaupverðs birgða annan áfallinn kostnað sem vörunni tengist, svo sem ýmis opinber gjöld, flutnings- og geymslukostnað. Rétt þykir að ræða sérstaklega um hvern þessara kostnaðarþátta.

9. Ákvörðun kaupverðs vöru frá innlendum aðilum veldur yfirleitt engum sérstökum erfiðleikum. Um kaup á vöru frá útlöndum gegnir hins vegar öðru máli. Þá þarf að ákveða hvaða gengi skuli nota við skráningu vörukaupa. Í því sambandi koma tveir kostir til greina og teljast báðir til góðrar reikningsskilavenju. Annar er sá að miða skráninguna við það gengi sem gilti þegar vörukaupin fóru fram og hinn er að miða skráningu á kaupverði við greiðslugengi. Ef fyrri kosturinn er valinn færist sá gengismunur sem skýrist af gengisbreytingum frá kaupdegi til greiðsludags, til gjalda eða tekna, eftir því sem við á. Í þessu tilviki er litið svo á að í raun sé um tvenn viðskipti að ræða, vörukaup og kaup á gjaldeyri. Við skilyrði stöðugs verðlags og lítilla gengisbreytinga á þessi aðferð betur við, en sé um verulegar gengisbreytingar að ræða kemur einnig til greina að færa gengismuninn til hækkunar eða lækkunar á birgðamati[7].

10. Hafi vörukaup farið fram þarf að ákveða hvaða kostnaðarþættir, auk reikningsfjárhæðar frá seljanda, bætast við kaupverð birgða. Í því sambandi geta opinber gjöld, þ.e. tollar og vörugjöld, skipt verulegu máli. Meginreglan er sú að eignir skal skrá með öllum áföllnum kostnaði til að gera eign arðbæra, sbr. útfærslu á kostnaðarverðsreglu í *Grundvelli reikningsskila*. Sú spurning vaknar varðandi tolla og vörugjöld hvenær stofnað er til útgjalda vegna þessara liða. Til þess að fá vöru afhenta er skilyrði samkvæmt lögum að gengið sé frá greiðslu á opinberum gjöldum. Af því má ráða að um leið og vara er komin til landsins falli til sú skylda að greiða þessi opinberu gjöld; skuldbindingin verður því til við það tímamark. Engin greiðsluskylda hvílir á innlendum kaupanda vara til að greiða opinber gjöld af þeim vörum sem á reikningsskiladegi eru staðsettar í útlöndum. Þess vegna er eðlilegast að líta svo á að tolla- og vörugjöld skuli færa til hækkunar á kaupverði birgða þegar vörurnar eru komnar til landsins; nánar tiltekið stofnast til tollskuldar þegar innfluttar vörur koma inn fyrir tolllögsagnarumdæmi Íslands en það er 12 sjómílur frá strandlínu. Í framkvæmd þykir auðveldara að miða við að vörurnar séu komnar til landsins. Skráning tollskuldar skal miðast við það tollgengi sem gilti í þeim mánuði sem vörur voru fluttar inn.

11. Um flutningsgjöld og geymslugjöld gildir sú regla að þau teljast til kaupverðs birgða þegar flutningur hefur farið fram eða þjónusta hefur verið veitt. Vörur sem keyptar voru með skilmálunum fob-London og eru þar á reikningsskiladegi eru eingöngu skráðar við reikningsfjárhæð frá erlendum birgi. Hvorki flutningsgjöld né tollar teljast til kaupverðs vörunnar á reikningsskiladegi, enda hefur sá kostnaður ekki enn fallið á vöruna.

Framleiðsluvörur.

12. Hjá framleiðslufyrirtækjum telst kostnaðarverð framleiddrar vöru samanstanda af eftirfarandi kostnaðarþáttum: a) beinum efniskostnaði, b) beinum launakostnaði og c) óbeinum

---

[7] Sbr. 15. og 17. málsgr. í staðli Alþjóðlegu reikningsskilanefndarinnar nr. 21 sem ber heitið *The Effects of Changes in Foreign Exchange Rates* en hann fjallar um áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla.

framleiðslukostnaði, sem bæði getur verið fastur og breytilegur. Óheimilt er samkvæmt þessu að miða kostnaðarverð framleiddrar vöru eingöngu við beinan kostnað; hlutdeild í óbeinum framleiðslukostnaði verður að teljast með við birgðamat framleiddrar vöru. Fastur óbeinn framleiðslukostnaður er t.d. afskriftir fastafjármuna sem notaðir eru í framleiðslu, viðhald framleiðslueigna og kostnaður við framleiðslustjórnun. Breytilegur óbeinn framleiðslukostnaður er kostnaður sem breytist hlutfallslega miðað við framleiðslumagn; dæmi um slíkan kostnað er óbein efnisnotkun og óbein laun.

13. Venjulega miðast útskipting á föstum óbeinum framleiðslukostnaði við eðlilegt framleiðslumagn og er þá gjarnan litið til nokkurra ára. Hátti svo til á einu ári að framleiðslumagn sé mun lægra en framleiðsla á viðmiðunarári, þykir rétt að miða birgðamat við eðlilega framleiðslu fremur en framleiðslu ársins. Samkvæmt því er heimilt að gjaldfæra fastan kostnað vegna ónotaðrar afkastagetu. Á hinn bóginn þykir rétt að leiðrétta birgðamat ef fastur óbeinn framleiðslukostnaður er reiknaður of hár en það gerist þegar framleiðsla er til muna hærri en viðmiðunarframleiðslan sem skráning birgða tæki annars mið af. Breytilegur óbeinn framleiðslukostnaður ætti samkvæmt skilgreiningu alltaf að vera svipað hlutfall af framleiðsluverði birgða án tillits til framleiðslumagns.

14. Til framleiðslukostnaðarverðs telst allur beinn og óbeinn framleiðslukostnaður með þeirri undantekningu sem getið var um í 13. tölulið hér að framan. Að auki skal ekki telja til birgðamats þann kostnað sem til fellur vegna óvenjulegra áfalla við nýtingu á hráefni, mannafla eða annars óvenjulegs framleiðslukostnaðar. Þá telst sölu- og stjórnunarkostnaður hvers konar ekki til framleiðslukostnaðar og ekki heldur fjármagnskostnaður, nema í því undantekningartilviki að framleiðsla taki mjög langan tíma.

Kostnaður við þjónustuverkefni.

15. Kostnaður við þjónustuverkefni telst til birgða ef tekjur hafa ekki verið færðar af verkefninu. Kostnaður þessi tekur til beins launakostnaðar og hlutdeildar í óbeinum kostnaði sem til fellur við að veita þjónustuna. Hið sama á við hjá þjónustufyrirtækjum eins og framleiðslufyrirtækjum að sölu- og stjórnunarkostnaður færist ekki til eignar.

Aðferð við útreikning á kostnaðarverði.

16. Hjá mörgum verslunarfyrirtækjum miðast talning á vörubirgðum við söluverð fremur en kostnaðarverð. Þegar svo háttar til þarf að draga álagningu frá söluverði og einnig virðisaukaskatt, þegar svo ber undir, til þess að komast að kostnaðarverði. Til þess að nálgast kostnaðarverð sem mest er eðlilegast að fyrirtæki flokki vörubirgðir miðað við álagningu. Áður en venjuleg álagning er reiknuð út frá söluverði þarf að taka mið af hækkunum frá venjulegri álagningu eða verðlækkunum. Beiti fyrirtæki þeirri aðferð að miða við meðalálagningu á tilteknu reikningsskilatímabili og draga hana frá söluverði birgða á reikningsskiladegi verður að hafa í huga að sú aðferð á aðeins við þegar svo háttar til að samsetning birgða á reikningsskiladegi er svipuð og sölusamsetning á reikningsskilatímabilinu.

Kostnaðarverðsreglur.

17. Kostnaðarverð birgða skal miða við sérgreint kostnaðarverð þeirra þegar því verður við komið. Að öðrum kosti má annaðhvort miða skráningu birgða við reiknað flæði, sem gerir ráð fyrir að elstu vörur séu seldar eða notaðar fyrst (fifo-aðferð), eða aðferð sem miðast við meðalkostnaðarverð. Ekki er heimilt að miða skráningu birgða við þá forsendu um flæði birgða að nýjustu vörur séu seldar eða notaðar fyrst (lifo-aðferð).

18. Nákvæmasta leiðin til þess að ákvarða kaupverð eða kostnaðarverð birgða er að miða við sérgreint kostnaðarverð þeirra. Í framkvæmd er þó venjulega ekki unnt að beita þeirri aðferð, enda krefst hún þess að mjög nákvæmlega sé fylgst með vöruflæði. Sjálfsagt þykir þó að beita þessari aðferð sé þess nokkur kostur. Fyrirtæki sjá yfirleitt ekki ástæðu til þess að beita svo nákvæmri aðferð sem sérgreint kostnaðarverð er og af þeim sökum hafa komist í framkvæmd ýmsar aðferðir við að meta birgðir, sem byggjast á mismunandi forsendum um vöruflæði. Þessar aðferðir við ákvörðun kaupverðs eru m.a. eftirfarandi: a) fifo[8], b) vegið meðaltal og c) lifo[9]. Hér á landi hafa fyrri aðferðirnar tvær verið notaðar en lifo-aðferðin hefur líklegast ekki verið notuð. M.a. vegna þess þykir ekki rétt að heimila að þeirri aðferð sé beitt við birgðamat, enda verður að telja líklegt að raunverulegt vöruflæði hjá fyrirtækjum fari ekki fram eins og gert er ráð fyrir samkvæmt aðferðinni. Ennfremur skiptir máli í þessu sambandi að aðferðinni var beitt til lausnar á vandamáli sem skapast við skilyrði verðbólgu. Hér á landi hefur með sérstökum hætti verið tekið á því máli, svo sem grein verður gerð fyrir í 27. tölulið hér á eftir. Af þeim sökum er ekki þörf fyrir lifo-aðferðina hér á landi. Ástæða þykir til þess að skýra í stuttu máli hvernig fifo-aðferðinni er beitt sem og aðferðinni sem byggist á vegnu meðaltali kostnaðar.

19. Fifo-aðferðin byggist á þeirri forsendu að elstu vörur í eigu fyrirtækis séu seldar fyrst þannig að vörur í birgðum hljóti að vera nýjastar, þ.e. styst sé síðan þær voru keyptar eða framleiddar. Ekki skiptir máli um niðurstöður birgðamats og kostnaðarverðs seldra vara hvort fyrirtæki halda birgðabókhald eða telja birgðir. Kostur við þessa aðferð er sá að líklegast er að raunverulegt vöruflæði samsvari hinu reiknaða flæði, þ.e. á grundvelli fifo-aðferðarinnar.

20. Við birgðamat er einnig heimilt að miða við vegið meðaltalskostnaðarverð. Tvær aðferðir eru þar í boði. Önnur er sú að fyrirtæki beiti aðferðinni á viðskipti frá degi til dags, þ.e. reiknað er út nýtt meðaltalskostnaðarverð í hvert skipti sem nýjar vörur eru keyptar. Kostnaðarverð seldra vara miðast þá við hið nýja meðaltalskostnaðarverð þar til ný vörukaup fara fram. Hin aðferðin miðast við að reikna reglulega út meðaltalskostnaðarverð keyptra vara, t.d. einu sinni í mánuði. Það verð byggist á birgðamati frá fyrra tímabili og kaupverði nýrra vara á næsta tímabili á eftir. Kostnaðarverð seldra vara í þeim mánuði miðast síðan við þetta sama meðaltalskostnaðarverð.

Dagverð - markaðsverð birgða.

21. Dagverð birgða táknar yfirleitt áætlað söluverð að frádregnum beinum sölukostnaði og kostnaði við að fullgera birgðir, þegar svo stendur á. Nákvæmari útfærsla er þó sú að dagverð tákni þá fjárhæð sem er miðtalan af þremur stærðum, þ.e. hreinu söluvirði, hreinu söluvirði að frádreginni hæfilegri álagningu og endurkaupaverði sambærilegra birgða.

22. Við mat birgða ber að athuga hvort dagverð þeirra kunni að vera lægra en kaup- eða kostnaðarverð. Sé svo skal birgðamat miðast við dagverð eða markaðsverð. Áhöld geta verið um það hvernig dagverð er ákveðið og má því búast við að framkvæmd í þessu efni hafi verið nokkuð á reiki. Í því skyni að auðvelda mat á dagverði eru eftirfarandi reglur settar. Dagverð telst vera endurkaupaverð sambærilegra eigna á reikningsskiladegi, nema í

---

[8] Skammstöfunin fifo táknar *first-in, first-out.*

[9] Skammstöfunin lifo táknar *last-in, first-out.*

tveimur undantekningartilvikum. Í öðru tilvikinu skal miða við svokölluð efri mörk en það er áætlað söluverð varanna að frádregnum beinum sölukostnaði. Ef efri mörkin eru lægri en endurkaupaverðið er dagverð ákveðið jafnt og efri mörkin. Í hinu tilvikinu skal miða við lægri mörk fremur en endurkaupaverð þegar svo háttar til að lægri mörkin eru hærri en endurkaupaverð. Lægri mörkin eru skilgreind sem áætlað söluverð að frádregnum beinum sölukostnaði og hæfilegri álagningu. Sú álagning miðast við þann ágóða sem fyrirtækið ætlaði að hafa af vörunni eða sambærilegum vörum. Af þessu má ráða að miðtalan af þessum þremur stærðum, þ.e. endurkaupaverði, hreinu söluviröi og hreinu söluviröi að frádreginni hæfilegri álagningu, er valin sem fulltrúi dagverðs til samanburðar við kaup- eða kostnaðarverð, þegar reglunni „kostnaðarverð eða dagverð, hvort sem lægra reynist", er beitt. Reglu þessari er heimilt að beita á annaðhvort einstakar vörubirgðir eða einstaka vöruflokka.

3. Önnur atriði.

23. Birgðir skal sundurgreina í efnahagsreikningi eða skýringum á eftirfarandi hátt eða eftir því sem tilefni er til: a) hráefni og rekstrarvörur, b) vörur í vinnslu og c) fullunnar vörur. Í skýringum skal greina frá því að hve miklu leyti birgðir eru skráðar á dagverði fremur en kostnaðarverði. Ef birgðir í flutningi eru verulegar skal sérgreina þær í reikningsskilum.

24. Þýðingarmikið getur verið fyrir lesanda reikningsskila að fá upplýsingar um að hve miklu leyti birgðamat miðast við dagverð. Krafa er því gerð um það að upplýst sé í skýringum um beitingu dagverðs.

25. Önnur atriði sem máli skiptir fyrir lesendur að fá upplýsingar um í skýringum eru þessi: a) veðsetning birgða, b) helstu flokkar birgða, t.d. hráefni, rekstrarvörubirgðir, vörur í vinnslu og fullunnar vörur, og c) skipting vörubirgða í birgðir í vörugeymslum viðkomandi aðila og í geymslum annarra, t.d. vegna þess að þær eru í flutningi eða í tollvörugeymslum.

26. Loks væri það skýringaratriði að greina frá skuldbindingum um vörukaup fram í tímann, sérstaklega ef þær kynnu að hafa truflandi áhrif á fjármálaumsýslu fyrirtækis á næsta reikningsskilatímabili. Hafi slíkur bindandi samningur verið gerður og verð á vörunum hefur síðan lækkað er nauðsynlegt að færa það tjón sem af samningnum hefur hlotist og færa til skuldar í efnahagsreikningi.

4. Verðlagsbreytingar.

27. Ef tekið er tillit til almennra verðlagsbreytinga í reikningsskilum skal skrá birgðir á framreiknuðu kostnaðarverði eða reiknuðu kaupverði. Ef reikningsskil eru leiðrétt fyrir áhrifum almennra verðlagsbreytinga skal færa verðleiðréttingu á birgðir í liðnum kostnaðarverð seldra vara.

28. Um leið og endurbætur þær sem Reikningsskilanefnd FLE stóð fyrir um útreikning á áhrifum verðbólgu tóku gildi varð birgðamatsreglan í íslenskum reikningsskilum framreiknað kostnaðarverð eða dagverð, hvort sem lægra reynist. Samkvæmt þeirri aðferð skal færa kostnaðarverð birgða til verðlags á reikningsskiladegi eða á reiknuðu kostnaðarverði og er þá almennt við það miðað að það verð sé nánast á verðlagi í lok árs. Þegar þessari aðferð er beitt skiptir máli að kostnaðarverð seldra vara feli í sér leiðréttingu fyrir áhrifum verðlagsbreytinga og er miðað við að það kostnaðarverð sé á meðalverðlagi uppgjörstímabilsins. Hækkun á kostnaðarverði seldra vara og á birgðum á reikningsskiladegi skal síðan færa á endurmatsreikning. Þessi aðferð felur í sér að hin svonefnda verðbreytingarfærsla takmark-

ast við verðleiðréttingu á peningalegum liðum í efnahagsreikningi. Ef birgðir eru meðhöndlaðar sem peningalegur liður við útreikning á verðbreytingarfærslu er eigi að síður nauðsynlegt að leiðrétta kostnaðarverð seldra vara fyrir áhrifum þess hluta færslunnar sem á rætur sínar í birgðum.

5. Gildistaka.

29. Reglur þessar taka til reikningsskila sem samin eru fyrir tímabil sem hefjast 1. janúar 1995 eða síðar.

Reykjavík, 7. júní 1995.

Stefán Svavarsson.
Sigurður Þórðarsson.
Heimir Haraldsson.
Snorri Olsen.
Árni Ólafur Lárusson.

Nr. 355 19. júní 1995

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Hveragerði 1995.

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Hveragerði sbr. staflið c í 2. gr. samþykktar nr. 293/1988 um hundahald í umdæmi Hveragerðisbæjar, skal vera kr. 7.900 á árinu 1995.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið, þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. júní 1995.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald ásamt ábyrgðartryggingu.

2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 4. og 6. gr. samþykktar nr. 293/1988 skal vera kr. 4.000.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðis, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að gilda árið 1995.

Umhverfisráðuneytið, 19. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um Starfsmannaráð Póst- og símamálastofnunarinnar.

1. gr.

Hjá Póst- og símamálastofnun skal vera starfsmannaráð skipað á eftirfarandi hátt:

a) Framkvæmdastjórar aðalsviða Póst- og símamálastofnunar (fjarskiptasvið, fjármálasvið, samkeppnisstarfsemi í fjarskiptum, póstmálasvið og umsýslusvið) og umdæmisstjóri í Umdæmi I. Auk þess einn samkvæmt tilnefningu póst- og símamálastjóra.
b) Formaður Félags íslenskra símamanna og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
c) Formaður Póstmannafélags Íslands og einn fulltrúi tilnefndur af félaginu.
d) Formaður Félags háskólamenntaðra póst- og símamanna.
e) Fulltrúi tilnefndur af félögum innan stofnunarinnar í Alþýðusambandi Íslands.

2. gr.

Starfsmannaráð kýs sér formann til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stjórnenda Póst- og símamálstofnunar. Formenn Félags íslenskra símamanna og Póstmannafélags Íslands skulu gegna stöðu varaformanns til skiptis eitt ár í senn. Starfsmannaráð kýs sér ennfremur ritara og vararitara.

Falli atkvæðin jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum.

Starfsmannaráð skal halda fund minnst einu sinni í mánuði.

Starfsmannaráð getur ákveðið fasta fundardaga og haldið aukafundi eftir því sem þörf krefur, svo og ef a.m.k. þrír atkvæðisbærir ráðsmenn krefjast. Formaður boðar fundi með dagskrá og stjórnar þeim. Fundir eru ályktunarbærir, ef 8 ráðsmenn eru mættir, enda hafi allir verið boðaðir. Að jafnaði skal ekki afgreiða mál, er heyra undir einhvern fulltrúa stofnunarinnar í ráðinu, að honum fjarstöddum, né heldur mál er varða starfsfólk að fjarstöddum fulltrúum viðkomandi félags.

Halda skal gjörðabók, þar sem fundarefni og afgreiðsla mála er skráð. Ef ráðið er ekki sammála hafa einstakir ráðsmenn rétt á að fá bókuð stutt efnisleg sérálit. Afgreiðsla mála og sérálit skulu jafnan fylgja til þess aðila, sem fær málið til endanlegrar afgreiðslu. Allir fundarmenn skulu undirrita fundargerð.

3. gr.

Starfsmannaráð fjallar um þau mál, er varða launakjör og starfsaðstöðu starfsfólks, skipun, setningu og ráðningu í stöður, niðurlagningu á stöðum, frávikningu, menntunarkröfur og önnur skilyrði til starfa, nýjar stöðuveitingar, svo og önnur mál, er varða hagsmuni einstakra starfsmanna, starfshópa og stofnunarinnar, svo sem aðgerðir sem kunna að fela í sér almenna röskun á atvinnuöryggi og högum starfsfólks, hvort sem slík mál berast frá póst- og símamálastjóra eða einstakir ráðsmenn bera þau fram.

Við afgreiðslu á umsóknum um störf hjá stofnuninni, sem greitt er fyrir samkvæmt launaflokki 440 eða lægra, skal hafa þá vinnureglu að viðkomandi næsti yfirmaður stöðunnar (stöðvarstjóri, deildarstjóri o.s.frv.) og viðkomandi umdæmisstjóri eða framkvæmdastjóri afgreiða þær sameiginlega til póst- og símamálastjóra til staðfestingar. Verði ekki sam-

komulag milli viðkomandi yfirmanna um afgreiðslu umsóknar, skal henni vísað til starfsmannaráðs, sem afgreiðir hana samkvæmt reglum þar um.

Starfsmannaráð skal fjalla um tillögur og hugmyndir starfsmanna um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustað. Jafnframt skal kynna í ráðinu allar meiriháttar breytingar á skipulagi stofnunarinnar.

Skal að jafnaði kynna málin með dagskrá.

Póst- og símamálastjóri skal boða starfsmannaráð á fundi þá, sem hann heldur með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum sbr. 8. gr. laga um stjórn og starfrækslu póst- og símamála nr. 36/1977, sbr. lög nr. 34/1987.

Skal þar leggja fram, skýra og ræða rekstrar- og framkvæmdaáætlanir stofnunarinnar, svo og ársreikninga og fjárhagsstöðu, og annað er varðar meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar.

Leitast skal við að auka áhuga starfsfólksins á því að gefa ráðinu ábendingar um það sem betur mætti fara og gera tillögur til úrbóta og senda þær starfsmannaráði.

Skal ráðið auglýsa eftir slíkum ábendingum eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Póst- og símamálastjóri veitir starfsmönnum viðurkenningu fyrir slíkar tillögur, eftir ábendingu starfsmannaráðs.

4. gr.

Starfsmannaráð er ráðgefandi um þau mál, sem það tekur til meðferðar og gerir skriflegar tillögur eða umsögn um þau mál til póst- og símamálastjóra. Ráðið getur kallað starfsmenn Póst- og símamálastofnunar á sinn fund til að fá upplýsingar um mál. Ef um er að ræða mál, sem snerta störf umdæma sem ekki eiga fulltrúa í starfsmannaráði, skal leitað álits viðkomandi umdæmisstjóra.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal eftir því sem unnt er auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Til að tryggja að breytt fyrirkomulag innflutnings valdi ekki röskun á framboði á vörum sem falla undir tollkvóta er heimilt að haga úthlutun með svipuðum hætti og verið hefur í neðangreindum vörutegundum:

Tollflokkur	*Vara*
0601.2004	Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1m á hæð
0603.1003	Ættkvíslirnar Protea, Banksía, Leucadendron og Brunia
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum
0603.1009	Annars
0604.9109	Annað
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál
0704.9001	Hvítkál
0706.1000	Gulrætur og næpur

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1995 og gildir til 31. ágúst 1995. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 224/1994 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um innheimtu fóðurgjalda.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um innheimtu fóðurgjalda nr. 639 28. desember 1989 og rg. nr. 498/1992, 544/1993, 491/1994 og 677/1994 um breytingu á þeirri reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 – 1995

29. júní 1995 873 Nr. 369

REGLUGERÐ

um útgáfu á 2. flokki húsbréfa 1995 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið, á grundvelli laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993 með síðari breytingum, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 2. flokk húsbréfa 1995. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 2. flokki 1995, skal vera að hámarki 6.500 milljónir króna. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum A, B, C og D. Í undirflokki A skal hvert húsbréf vera að fjárhæð 5.000.000,00 kr., í undirflokki B 1.000.000,00 kr., í undirflokki C 100.000,00 kr. og í undirflokki D 10.000,00 kr. Vextir í 2. flokki 1995 eru 4.75 % á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokksins er vísitala júnímánaðar 1995.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. júní 1995 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. júní 1995.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þessa flokks að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. júní 1996. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. mars 1996. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum. Númer útdreginna húsbréfa skulu birt í Lögbirtingablaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. júní 2020. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29 júní 1995.

Páll Pétursson.

Elín Sigrún Jónsdóttir.

Nr. 370 30. júní 1995

REGLUGERÐ

um afnám reglugerðar um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

1. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð nr. 254 28. apríl 1995 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. júlí 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. júní 1995.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1995

28. júní 1995 875 Nr. 371

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 443/1991 fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar og gjaldskrá nr. 541/1991 fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.

1. gr.

Upphæð gjalda í 3. gr. gjaldskrár nr. 443/1991 breytist á þann veg að:

kr. 1.000 verði kr. 1.050
kr. 2.000 verði kr. 2.100
kr. 3.000 verði kr. 3.150
kr. 4.000 verði kr. 4.200

2. gr.

Upphæð gjalda í 4. gr. gjaldskrár nr. 443/1991 breytist á þann veg að:

kr. 10.000 verði kr. 10.500
kr. 20.000 verði kr. 21.000
kr. 40.000 verði kr. 42.000
kr. 60.000 verði kr. 63.000

3. gr.

Upphæð gjalda í 1. gr. gjaldskrár nr. 541/1991 breytist á þann veg að:

kr. 10.000 verði kr. 10.500
kr. 20.000 verði kr. 21.000

4. gr.

Upphæð gjalda í 2. gr. gjaldskrár nr. 541/1991 breytist á þann veg að:

kr. 1.000 verði kr. 1.050
kr. 2.000 verði kr. 2.100

Gutenberg

5. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem er samin og samþykkt af svæðisnefnd Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar og sveitarstjórnum á heilbrigðiseftirlitssvæði Eyjafjarðar, sbr. 7. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. áðurnefndra laga til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 – 1995

4. júlí 1995 877 Nr. 372

AUGLÝSING

um toll af vörum sem unnar eru úr landbúnaðarhráefnum.

1. gr.

Við innflutning á vörum, sem upprunnar eru á Evrópska efnahagssvæðinu í skilningi bókunar 4 við EES samninginn eða eru upprunnar í Evrópusambandinu í skilningi bókunar 3 við fríverslunarsamning Evrópusambandsins og Íslands og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, skal við tollafgreiðslu greiða magntoll í samræmi við auglýsingu þessa. Magntollurinn skal lagður á sem krónur á kíló og skal koma í stað tolltaxta í E-dálki tollskrár í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 87/1995.

Tollskrárnúmer	kr/kg	Tollskrárnúmer	kr/kg
0403.1011	61	1806.9025	56
0403.1012	61	1806.9026	51
0403.1021	61	1806.9028	139
0403.1022	61	1806.9029	50
0403.9011	53	1806.9039	50
0403.9012	53	1904.9001	52
0403.9021	53	1905.3011	20
0403.9022	53	1905.3019	19
1806.2003	129	1905.3021	38
1806.2004	47	1905.3029	23
1806.2005	129	1905.3030	13
1806.2006	47	1905.4000	19
1806.3101	54	1905.9011	47
1806.3109	54	1905.9019	6
1806.3202	50	1905.9020	5
1806.3203	47	1905.9040	43
1806.3209	22	1905.9051	99
1806.9011	22	1905.9059	68
1806.9022	19	1905.9090	55
1806.9023	51	2202.9001	42
1806.9024	47		

2. gr.

Um vöruflokkun, innheimtu, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningar og innheimtu tollsins gilda ákvæði laga nr. 55/1987, með síðari breytingum svo og ákvæði reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Gutenberg

3. gr.

Fjármálaráðherra getur veitt undanþágu frá greiðslu tolls samkvæmt 1. gr., enda innihaldi vara engin eða óverulegt magn af landbúnaðarhráefnum.

4. gr.

Auglýsing þess, sem sett er samkvæmt heimild í 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, tekur gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 256/1995, um verðjöfnunargjald á innflutt súkkulaði, brauð, kex, kökur o.fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði auglýsingar þessarar skulu taka til allra þeirra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

Nr. 372 21. júní 1995

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Bókakaupasjóð Háskólans á Akureyri.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Bókakaupasjóður Háskólans á Akureyri. Heimili hans og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru:
- Akureyrarbær, sem lagt hefur fram 500 þús. kr.
- Útgerðarfélag Akureyringa hf., sem lagt hefur fram 100 þús. kr.
- Landsbanki Íslands, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Sparisjóður Akureyrar, sem lagt hefur fram 50 þús. kr.
- Kaupfélag Eyfirðinga, sem lagt hefur fram 100 þús. kr.

Ofangreind fjárhæð, 800 þús. kr. hefur verið afhent Háskólanum á Akureyri til varðveislu og skal sjóðurinn vera í vörslu háskólans.

3. gr.

Stofnfé og tekjur sjóðsins eru:
1. Stofnframlag, sbr. 2. gr.
2. Gjafir, sem sjóðnum kunna að berast.
3. Vaxtatekjur og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.

Stofnfé sjóðsins og gjafir sem honum kunna að berast má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja Háskólann á Akureyri til kaupa á bókum, tímaritum, kennsluforritum og myndböndum fyrir bókasafn háskólans.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, sem eru: Rektor háskólans, einn fulltrúi fastráðinna kennara háskólans og einn tilnefndur af bæjarstjórn Akureyrar.

Stjórn sjóðsins skal skipuð til 2ja ára í senn.

6. gr.

Stjórnin skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

7. gr.

Vöxtum af höfuðstól má úthluta í styrki skv. 4. gr. þegar stjórn sjóðsins ákveður.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Um endurskoðun og birtingu reikninga fer sem um aðra sjóði Háskólans á Akureyri.

9. gr.

Komi til þess að gera þurfi breytingar á sjóðnum skal stjórn hans vera því samhljóða samþykk. Auk þess skal leitað samþykkis stofnenda hans.

10. gr.

Ef til þess kæmi að sjóðurinn verði lagður niður, skal höfuðstól hans og vöxtum varið til Bókasafns Háskólans á Akureyri.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sem kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn sem staðfest var 6. júní 1988, nr. 287/1988 og fellur sú skipulagsskrá jafnframt úr gildi.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. júní 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um tollverð og tollverðsákvörðun.

I. KAFLI
Orðskýringar.

1. gr.

Við ákvörðun tollverðs skv. reglugerð þessari skulu eftirfarandi orð og orðasambönd skilgreind svo:

a. „Tollverð innfluttrar vöru“: Verðmæti vöru til nota við álagningu tolls á innflutta vöru.
b. „Sams konar vörur“: Vörur sem eru eins í öllu tilliti, þ.m.t. að einkennum, gæðum og orðspori. Minni háttar útlitsmunur útilokar ekki vörur, sem að öðru leyti falla undir skilgreininguna, frá því að teljast vera sams konar.
c. „Svipaðar vörur“: Vörur sem ekki eru eins í öllu tilliti, en hafa þó svipuð einkenni og svipaða efnishluta og geta því þjónað sama tilgangi og komið hver í annarrar stað í viðskiptum. Gæði varanna, orðspor og hvort þær eiga sér vörumerki er meðal þeirra þátta sem athuga verður við ákvörðun á því hvort vörur séu svipaðar.
d. Orðasamböndin í b- og c-lið taka ekki til vara sem fela í sér eða gefa til kynna verkfræðivinnu, þróun, iðnverk, hönnun, áætlanir og uppdrætti sem ekkert tillit hefur verið tekið til við verðleiðréttingu skv. 4. tl. b-liðar 1. mgr. 3. gr. þar eð þeir þættir voru unnir hérlendis.
e. Vörur skal ekki telja „sams konar vörur“ eða „svipaðar vörur“ nema þær hafi verið framleiddar í sama landi og vara sú sem verið er að virða.
f. Við verðákvörðun skv. 15. gr. er heimilt að beita hugtökunum „sams konar vörur“ og „svipaðar vörur“ með eðlilegum sveigjanleika í því skyni að ná fram markmiðum greinarinnar.
g. „Vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar“: Vörur sem teljast til vöruflokka eða vörusviðs sem framleitt er í tilteknum iðnaði eða iðngrein, og tekur til sams konar eða svipaðra vara.
h. „Tegund ökutækis“: Nafn ökutækis, ákvarðað af framleiðanda.
i. „Undirtegund ökutækis“: Orð, bókstafir eða tölur sem eru fest utan á ökutæki eða fram koma í upplýsingum framleiðanda. Orð, bókstafir eða tölur sem eru hluti af tegundarheiti teljast ekki með undirtegundarheiti.

Við ákvörðun tollverðs skal því aðeins taka til greina vörur framleiddar af öðrum aðila að ekki séu fyrir hendi neinar sams konar eða svipaðar vörur framleiddar af sama aðila og vara sú sem verið er að virða.

II. KAFLI
Viðskiptaverð.

2. gr.

Í aðflutningsskýrslu skal innflytjandi tilgreina tollverð vöru og færa inn eftir því sem eyðublað fyrir aðflutningsskýrslur gefur tilefni til. Jafnframt skal innflytjandi afhenda tollstjóra frumrit eða samrit af vörureikningi yfir hina innfluttu vöru eða sendingu, þegar afhendingar aðflutningsskýrslu er krafist skv. 14. gr. tollalaga. Sbr. þó ákvæði reglugerða nr. 309/1992 og 228/1993.

Tollverð innfluttrar vöru er viðskiptaverðið, þ.e. það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hana með þeim leiðréttingum sem leiðir af ákvæðum 3. gr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. Kaupanda séu engar takmarkanir settar um ráðstöfun eða notkun vörunnar, aðrar en takmarkanir sem
   1. settar eru eða krafist verður með lögum eða af opinberum stjórnvöldum hér á landi,
   2. takmarka þau landfræðilegu mörk þar sem endurselja má vöruna eða
   3. hafa ekki veruleg áhrif á verðmæti vörunnar.
b. Salan eða verðið sé ekki háð einhverjum skilyrðum eða skilmálum sem ekki er hægt að ákvarða verð fyrir með tilliti til þeirra vara sem verið er að virða.
c. Enginn hluti ágóða af síðari sölu, ráðstöfun eða notkun vörunnar af hálfu kaupanda renni beint eða óbeint til seljanda, nema unnt sé að gera viðeigandi leiðréttingar í samræmi við ákvæði 3. gr.
d. Kaupandi og seljandi séu óháðir hvor öðrum eða séu þeir hvor öðrum háðir þá sé viðskiptaverðið nothæft í tollalegu tilliti samkvæmt nánari reglum settum samkvæmt 3. gr.
e. Tollstjóri hafi ekki dregið í efa sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum.

Þegar ekkert er greitt fyrir vöruna eða sýnt þykir að greiðsla sé einungis til málamynda, t.d. þegar um gjöf er að ræða, skal tollverð vörunnar ákvarðað samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðarinnar að viðbættum gjöldum skv. 3. gr.

3. gr.

Við ákvörðun tollverðs samkvæmt ákvæðum 2. gr. skal bæta eftirtöldu við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir hina innfluttu vöru:

a. Eftirtöldu að svo miklu leyti sem það er borið af kaupanda en er ekki innifalið í verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber fyrir vöruna:
   1. Umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum.
   2. Gámakostnaði sem í tollalegu tilliti tilheyrir vörunni.
   3. Pökkunarkostnaði, bæði fyrir vinnu og efni.
b. Viðeigandi hluta af verðmæti eftirtalinna vara og þjónustu, sem látið er beint eða óbeint í té af kaupanda án greiðslu eða á lækkuðu verði, til notkunar í sambandi við framleiðslu og sölu hinna innfluttu vara til útflutnings að svo miklu leyti sem slíkt verðmæti er ekki innifalið í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber:
   1. Efnivöru, hluta, parta o.þ.h. sem notað hefur verið í vöruna.
   2. Verkfæri, forma, móta o.þ.h. sem notað hefur verið við framleiðslu vörunnar.
   3. Efnivöru sem eyðst hefur við framleiðslu vörunnar.
   4. Verkfræðivinnu, þróunar, iðnlistar, hönnunar, áætlana og uppdrátta sem unnið hefur verið annars staðar en hér á landi og nauðsynlegt er til framleiðslu vörunnar.
c. Einkaréttar- og leyfisgjöldum, sem tengd eru vörum þeim sem verið er að virða og kaupandi verður beint eða óbeint að greiða, sem skilyrði fyrir sölu þeirra, að svo miklu leyti sem þessi einkaréttar- og leyfisgjöld eru ekki innifalin í því verði sem raunverulega er greitt eða greiða ber. Þetta tekur þó ekki til þess konar gjalda sem greidd eru fyrir framleiðslu á vörunni hér á landi.
d. Verðmæti sérhvers ágóðahlutar af síðari endursölu, ráðstöfun eða notum hinnar innfluttu vöru sem rennur beint eða óbeint til seljanda.

Eftirtalið skal innifalið í tollverði:

a. Flutningskostnaður hinnar innfluttu vöru til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
b. Gjöld fyrir fermingu, affermingu eða meðferð hinnar innfluttu vöru vegna flutnings þeirra til innflutningshafnar eða innflutningsstaðar.
c. Vátryggingarkostnaður.

Viðbætur við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber skal einungis ákvarða samkvæmt þessari grein á grundvelli hlutlægra og mælanlegra atriða.

Við ákvörðun tollverðs skal engu bætt við það verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber nema það sé unnt samkvæmt þessari grein, sbr. þó 3. mgr. 2. gr.

4. gr.

Þegar ákvarða skal hvort viðskiptaverð sé nothæft skv. 2. gr. á það ekki í sjálfu sér að valda því að viðskiptaverð sé talið ónothæft að kaupandi og seljandi eru hvor öðrum háðir í skilningi 6. gr. Í því tilviki skal kanna kringumstæður við söluna og samþykkja viðskiptaverðið ef tengslin hafa ekki haft áhrif á verðið. Hafi tollstjóri ástæðu til að ætla, vegna upplýsinga frá innflytjanda eða af öðrum ástæðum, að tengslin hafi haft áhrif á verðið skal hann koma athugasemdum sínum á framfæri við innflytjanda og skal honum gefið nægilegt færi til andsvara. Óski innflytjandi eftir skal honum gerð skrifleg grein fyrir athugasemdum.

5. gr.

Við sölu milli háðra aðila skal samþykkja viðskiptaverðið og virða vöruna í samræmi við ákvæði 2. gr., enda sýni innflytjandi fram á, sé þess krafist af tollstjóra, að verðið sé sambærilegt við eitthvert neðangreint verð sem fyrir kemur á sama eða svipuðum tíma:

a. Viðskiptaverð við sölu til óháðra kaupenda á sams konar eða svipuðum vörum til landsins.
b. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 13. gr.
c. Tollverð sams konar eða svipaðra vara eins og það er ákvarðað skv. 14. gr.

Þegar framangreindum könnunum er beitt skal taka tillit til mismunar sem sýnt er fram á varðandi viðskiptastig, magn, atriði talin upp í 3. gr. og kostnað sem seljandi verður fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru óháðir hvor öðrum, en seljandi verður ekki fyrir við sölu þar sem hann og kaupandi eru háðir hvor öðrum.

Kannanir sem um ræðir í þessari grein skal nota að frumkvæði innflytjanda og eingöngu til viðmiðunar. Annað verð í staðinn má ekki ákvarða samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Vegna ákvörðunar tollverðs skv. 2. gr. skal því aðeins telja aðila háða hvor öðrum að:

a. þeir séu yfirmenn eða stjórnendur fyrirtækja hvors annars,
b. þeir séu í lagalegum skilningi sameigendur fyrirtækis,
c. þeir séu vinnuveitandi og starfsmaður hans,
d. einhver aðili beint eða óbeint eigi, stjórni eða hafi umráð yfir 5 hundraðshlutum eða meira af atkvæðisrétti eða hlutabréfum hjá þeim báðum,
e. annar þeirra beint eða óbeint stjórni hinum,
f. þriðji aðili beint eða óbeint stjórni báðum,
g. báðir saman beint eða óbeint stjórni þriðja aðila, eða
h. þeir séu í sömu fjölskyldu.

Aðilar sem eru í viðskiptasambandi hvor við annan, þannig að annar er einka-umboðsmaður, einkadreifingaraðili eða sérleyfishafi hins aðilans í hvaða mynd sem er, skulu taldir vera háðir hvor öðrum í skilningi þessarar greinar.

III. KAFLI
Vefenging á viðskiptaverði.

7. gr.

Hafi tollstjóri réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi upplýsinga er fram koma í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum um viðskiptaverð vöru, skal hann krefja innflytjanda um nánari skýringar eða gögn til sönnunar því, að viðskiptaverðið sé réttilega tilgreint í gögnum þessum.

8. gr.

Dragi tollstjóri sannleiksgildi upplýsinga um viðskiptaverð vöru í efa þrátt fyrir að hafa fengið í hendur þau gögn og skýringar er fram koma í 7. gr. eða hafi þau ekki borist, verður viðskiptaverð vöru ekki lagt til grundvallar við ákvörðun tollverðs. Um ákvörðun tollverðs fer þá eftir IV. kafla reglugerðarinnar.

9. gr.

Um úrskurði og kærur, þ.m.t. kæruaðild, kæruleiðir og kærufresti, gilda ákvæði X. kafla tollalaga nr. 55/1987 með áorðnum breytingum.

IV. KAFLI
Tollverð vöru þegar viðskiptaverð verður ekki lagt til grundvallar.

10. gr.

Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru skv. 2. gr. skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.

Þegar ákvæðum þessarar greinar er beitt, skal við ákvörðun tollverðs nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á sama viðskiptastigi og í sem næst sama magni og varan sem verið er að virða. Finnist slík sala ekki, skal nota viðskiptaverð sams konar vara við sölu á öðru viðskiptastigi eða í öðru magni, leiðrétt þannig, að tekið sé tillit til þess mismunar er leiðir af viðskiptastiginu eða magninu, enda sé hægt að gera slíka leiðréttingu á grundvelli framkominna gagna sem leiði skýrt í ljós að hún er réttmæt og nákvæm, hvort sem hún leiðir til hækkunar eða lækkunar verðsins.

Þegar kostnaðarliðir og gjöld, sem um ræðir í 3. gr., eru innifalin í viðskiptaverði skal við leiðréttingu taka tillit til verulegs mismunar á þessum kostnaðarliðum og gjöldum milli hinnar innfluttu vöru og sams konar viðmiðunarvara sem rekja má til mismunandi vegalengda og flutningsmáta.

Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.

11. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru hvorki ákvarðað skv. 2. né 10. gr. skal það vera viðskiptaverð svipaðra vara sem seldar eru og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða.

Ákvæði 2.-4. mgr. 10. gr. skulu gilda eftir því sem við á þegar tollverð er ákveðið samkvæmt þessari grein.

12. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. ákvæðum 2., 10. eða 11. gr. skal ákvarða það skv. 13. gr. eða, þegar ekki er unnt að ákvarða tollverð samkvæmt þeirri grein, skv. 14. gr., en þó skal fyrr beitt ákvæðum 14. gr. en 13. gr. ef innflytjandi óskar þess.

13. gr.

Sé innflutt vara eða sams konar eða svipaðar vörur seldar hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverð hinnar innfluttu vöru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar við það einingarverð sem hún eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á í mesta heildarmagni, á sama eða svipuðum tíma og varan sem verið er að virða var flutt inn, til aðila sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, en þó að frádregnum eftirtöldum liðum:

a. Annað hvort þeim umboðslaunum sem venjulega eru greidd eða samþykkt er að greiða eða því sem venjulega er bætt við sem ágóðahlut og almenn útgjöld í tengslum við sölu hérlendis á innfluttum vörum í sama gæðaflokki eða sömu tegundar.
b. Venjulegum flutningskostnaði og vátryggingu og skyldum kostnaði sem leggst á vöru hérlendis.
c. Kostnaðarliðum og gjöldum sem getið er í 2. mgr. 3. gr., eftir því sem við á.
d. Tollum og öðrum gjöldum sem greiða ber hér á landi vegna innflutnings eða sölu vörunnar.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur til sölu á sama eða svipuðum tíma og varan sem virða á er flutt inn, skal miða tollverðið, að uppfylltum öðrum skilyrðum 1. mgr., við það einingarverð sem hin innflutta vara eða sams konar eða svipaðar innfluttar vörur eru seldar á hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, hið fyrsta eftir innflutning þeirrar vöru sem verið er að virða, en þó innan 90 daga frá innflutningi.

Séu hvorki hin innflutta vara né sams konar eða svipaðar innfluttar vörur seldar hérlendis í því ástandi sem þær voru fluttar inn, skal miða tollverðið, ef innflytjandi óskar þess, við það einingarverð sem hin innflutta vara eftir frekari aðvinnslu er seld á í mesta heildarmagni til aðila hérlendis sem óháðir eru þeim sem þeir kaupa vörurnar af, enda sé tekið tillit til virðisauka vegna aðvinnslunnar og frádráttarliða sem gert er ráð fyrir í 1. mgr.

14. gr.

Tollverð innfluttrar vöru skal byggja á reiknuðu verði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Reiknað verð skal mynda með samtölu eftirtalinna þátta:

a. Kostnaðarverðs eða verðmætis efnivara og tilbúnings eða annarrar aðvinnslu sem notuð er við framleiðslu hinnar innfluttu vöru.
b. Upphæðar vegna ágóðahlutar og almennra útgjalda er jafngildir því sem venjulega leggst á vörur í sama gæðaflokki eða sömu tegundar og sú sem verið er að virða og fellur í hlut framleiðenda í útflutningslandinu við útflutning hingað.
c. Kostnaðar eða verðmætis allra annarra útgjaldaliða sem nauðsynlegir eru til að verðið verði sambærilegt við tollverð skv. 2. og 3. gr., svo sem kostnaður skv. 2. mgr. 3. gr.

15. gr.

Verði tollverð innfluttrar vöru ekki ákvarðað skv. 2. gr. eða 10.-14. gr., skal ákvarða það með rökréttum hætti samkvæmt meginreglum og almennum ákvæðum samnings um framkvæmd VII. gr., Hins almenna samnings um tolla og viðskipti 1994 og á grundvelli fáanlegra upplýsinga hér á landi.

Eigi skal ákvarða tollverð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar á grundvelli eftirtalins:

a. Söluverðs hérlendis á vörum sem framleiddar eru hérlendis.
b. Fyrirkomulags sem gerir ráð fyrir að samþykkt sé í tollalegu tilliti hið hærra verð þegar tvenns konar verð kemur til greina.
c. Vöruverðs á heimamarkaði í útflutningslandinu.
d. Framleiðslukostnaðar, annars en reiknaðs verðs sem hefur verið ákvarðað fyrir sams konar eða svipaðar vörur í samræmi við ákvæði 14. gr.
e. Útflutningsverðs vörunnar til annars lands en Íslands.
f. Lágmarkstollverðs.
g. Verðs sem ákveðið er að geðþótta eða er tilbúið.

V. KAFLI
Sérákvæði vegna innflutnings ökutækja.

16. gr.

Ákvæði kafla þessa gilda um ákvörðun tollverðs innfluttra ökutækja sem flokkast undir vörulið nr. 8701-8706 og 8711 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum.

17. gr.

Við tollafgreiðslu ökutækis skal tollstjóri bera viðskiptaverð þess eins og það kemur fram í aðflutningsskýrslu eða fylgiskjölum saman við viðmiðunarverð ökutækja af sömu tegund, undirtegund og árgerð í því landi sem ökutækið var keypt.

Tollstjóri athugar hvort viðskiptaverð ökutækis sem um ræðir sé óeðlilega lágt miðað við ástand þess, innflutningsverð sams konar ökutækis sem flutt er eða hefur verið flutt til landsins á sama tíma eða markaðsverðs sambærilegra ökutækja erlendis.

18. gr.

Gefi eftirlit tollstjóra skv. 17. gr. réttmæta ástæðu til að draga í efa sannleiksgildi aðflutningsskýrslu eða fylgiskjala, skal um málsmeðferð fara eftir ákvæðum III. kafla.

19. gr.

Ríkistollstjóri skal safna saman upplýsingum frá hlutlausum aðilum erlendis frá um viðmiðunarverð ökutækja í þeim löndum sem helst má vænta innflutnings frá og sjá til þess að tollstjórar eigi greiðan aðgang að upplýsingum þessum.

20. gr.

Við ákvörðun tollverðs skv. 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10.-14. gr., skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr.

21. gr.

Við útreikning tollverðs skv. 20. gr. skal fyrst áætla líklegt FOB-verð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund með þeim hætti að af útsöluverði ökutækisins, skv. bifreiðaskrá ríkistollstjóra, er afreiknaður virðisaukaskattur, álagning seljanda sem skal áætluð 12%, vörugjald, svo og áætluð fjárhæð gjalda þeirra sem innifalin eru í tollverði skv. 2. mgr. 3. gr.

Þegar líklegt FOB-verð nýs ökutækis hefur verið fundið út skv. 1. mgr., skal það fyrnt vegna aldurs hins innflutta ökutækis, þannig:

a. Af ökutækjum að heildarþyngd 5 tonn eða meira og af grindum með hreyfli fyrir þessi ökutæki: 1,2% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði og 1% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.

b. Af öllum öðrum ökutækjum sem flokkast undir tollskrárnúmer upptalin í 16. gr.: 1,5% fyrir hvern byrjaðan mánuð í 12 mánuði, 1% fyrir næstu 24 mánuði og 0,5% fyrir hvern mánuð eftir það þar til náð hefur verið 90% fyrningu sem er hámarks fyrning.

Upphaf fyrningar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, skal vera sá mánuður er ökutækið var skráð fyrstu opinberri skráningu erlendis, en lok fyrningar skal vera komumánuður flutningsfars til landsins. Þó skal heimilt, ef dagsetning fyrstu skráningar ökutækis erlendis kemur ekki fram í skráningarskírteini þess og ekki er unnt að fá opinbera staðfestingu á fyrsta skráningardegi, að telja upphaf fyrningar frá 1. júlí þess árs sem er af framleiðanda yfirlýst árgerðarár.

Er verð ökutækis hefur verið afreiknað og fyrnt samkvæmt ákvæði þessu, skal bæta við verðið gjöldum þeim sem innifalin skulu í tollverði samkvæmt 2. mgr. 3. gr.

22. gr.

Sé verð ökutækis af sömu tegund og undirtegund og það ökutæki sem flutt er til landsins ekki að finna í skrá ríkistollstjóra, skal ákvarða líklegt útsöluverð nýs ökutækis af þeirri tegund sem flutt er inn, og tollverð reiknað út skv. ákvæði 21. gr.

23. gr.

Flytji maður búferlum til landsins eftir að hafa verið búsettur erlendis í a.m.k. eitt næstliðið ár og hafi með sér ökutæki sem hefur verið í hans eigu það ár eða lengur, skal heimilt að fyrna verð ökutækisins samkvæmt framlögðum vörureikningi fyrir hvern byrjaðan mánuð frá dagsetningu vörureiknings og til komumánaðar flutningsfars. Skal fyrningarhlutfall á mánuði ráðast af aldri ökutækisins, í samræmi við ákvæði b-liðar 2. mgr. 21. gr. Heimild þessi tekur þó ekki til ökutækja að heildarþyngd þrjú tonn eða meira.

24. gr.

Ríkistollstjóri getur gefið nánari fyrirmæli um framkvæmd mats á ökutækjum samkvæmt reglugerð þessari og látið útbúa eyðublöð um mats- og skoðunargerð ökutækja. Ríkistollstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli koma fram á þessum eyðublöðum.

VI. KAFLI
Refsing og önnur viðurlög.

25. gr.

Um refsingu og önnur viðurlög, upptöku eigna og málsmeðferð gilda ákvæði XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

26. gr.

Reynist nauðsynlegt við ákvörðun tollverðs innfluttrar vöru að fresta lokaákvörðun um það, skal eigi að síður heimila innflytjanda að leysa til sín vöruna úr tolli, enda setji hann, telji tollstjóri ástæðu til, fullnægjandi tryggingu vegna lögboðinna gjalda er greiða ber af vörunni.

27. gr.

Þegar tollverð er ákvarðað skv. 4.-5. eða 10.-14. gr. og í þeim tilvikum öðrum sem tollstjóri krefst skal innflytjandi fylla út tollverðsskýrslu sem sérstaklega er til þess gerð.

28. gr.

Innflytjandi á rétt á að fá skriflega skýringu á því frá tollstjóra, hvernig tollverð vöru, er hann flutti inn, var ákvarðað, enda sendi hann tollstjóra skriflega beiðni þar að lútandi.

29. gr.

Kostnaði, gjöldum og öðrum útgjöldum, sbr. 3. gr., sem til verður þegar sendar eru til landsins í einu sendingarnúmeri (farmskrárnúmeri) vörur sem flokkast í mismunandi tollskrárnúmer, skal jafnað hlutfallslega niður á einstakar vörur í sendingu miðað við verð þeirra á innkaupsstað, nema innflytjandi leggi fram sundurliðaðan reikning um slíkan kostnað, gjöld og önnur útgjöld vegna einstakra vörutegunda.

Ef vara er send lengra hérlendis en til fyrstu tollhafnar, er unnt hefði verið að afferma hana á, má draga frá flutningsgjaldsauka þann og sendingarkostnað sem sá framhaldsflutningur hefur haft í för með sér, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir kostnaðaraukanum. Þá er einnig heimilt að draga frá þann hluta flutningsgjalds sem greiddur er vegna slæmrar aðstöðu við affermingu eða vegna þess að far affermir á fleiri stöðum en einum, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir þeim kostnaðarauka.

30. gr.

Sé verð vara, sem flokka ber í mismunandi tollskrárnúmer samkvæmt tollskránni og greiða ber af mismunandi háan toll, tilgreint í einni fjárhæð skal greiða af öllum vörunum þann tollhundraðshluta sem hvílir á þeirri vöru sem ber hæstan toll, nema innflytjandi láti tollstjóra í té upplýsingar sem hann metur fullnægjandi og byggja má ákvörðun á um tollverð einstakra vara í sendingunni.

31. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 10. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. 4. gr. laga nr. 87/1995, svo og 148. gr. tollalaga, öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerðir nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun og reglugerð nr. 261/1991 um tollverð notaðra ökutækja, með áorðnum breytingum.

Fjármálaráðuneytið, 4. júlí 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu vegna kaupa á ökumælum.

1. gr.

Heimilt er, að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar, að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa eða nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar sem nota annan orkugjafa en bensín og eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

2. gr.

Endurgreiðsla ökumæla samkvæmt 1. gr. skal vera sem hér segir:

a. Þeir sem kaupa mæla frá 1. júlí 1995 til 31. ágúst 1995 fá endurgreiddan 1/4 hluta.
b. Þeir sem kaupa mæla frá 1. september 1995 til 31. október 1995 fá endurgreidda 2/4 hluta.
c. Þeir sem kaupa mæla frá 1. nóvember 1995 til 31. desember 1995 fá endurgreidda 3/4 hluta.

Endurgreiðsla skal að hámarki nema 7.500 kr. samkvæmt a-lið, 15.000 kr. samkvæmt b-lið og 22.500 kr. samkvæmt c-lið.

3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal fylgja afrit fullnægjandi reiknings frá verkstæði, sem ráðuneytið hefur viðurkennt til að setja ökumæla í bifreiðar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 62/1977, um ökumæla.

4. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beint til tollstjóra í því umdæmi sem skráður eigandi bifreiðar á lögheimili og annast hann endurgreiðsluna.

Einungis skráður eigandi bifreiðar á rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

5. gr.

Eigi skal endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningar á ökuritum er notaðir eru sem þungaskattsmælar. Undantekning þessi tekur til þeirra ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Eigendur ökutækja sem skylt er að nota ökurita samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 fá ekki endurgreiddan útlagðan kostnað vegna kaupa og ísetningu á öðrum ökumælum.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í ákvæði til bráðabirgða í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 3/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 59/1994, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1995.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Jón Guðmundsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1995

28. júní 1995 889 Nr. 375 a

SAMÞYKKT

um afgreiðslutíma verslana í Ólafsfirði.

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Ólafsfirði. Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir og bifreiðastöðvar.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Ólafsfirði skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu 23.30 til 07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturn eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn. Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 12.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsi, félagsheimili, á íþróttavelli, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða fólk sem komið er í verslun eða sölustað þegar lokað er.

B 63
Gutenberg

Endurprentað blað.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. er bæjarstjórn heimilt að láta greiða gjald í bæjarsjóð.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði sem bæjarstjórn og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaða þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarstjórn svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðarkaupstaðar hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 frá 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma sölustaða í Ólafsfirði nr. 276/1986.

Félagsmálaráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 376 21. júní 1995

REGLUGERÐ

um hættumat vegna snjóflóða og nýtingu hættusvæða.

1. gr.

Hættumat.

Meta skal hættu af snjóflóðum í þeim sveitarfélögum þar sem snjóflóð hafa fallið á byggð eða nærri henni eða hætta er talin á slíku.

Hættumatið skal ná til byggðra svæða og svæða sem skipulögð eru eða skipuleggja á fyrir byggð, mannvirki eða umferð og útivist fólks á vetrartíma.

Niðurstöður hættumats skal afmarka á kort í mælikvarða 1:5000 og aðalskipulagsuppdrátt viðkomandi byggðar. Hættumatinu skal fylgja greinargerð þar sem fram komi:

1. Reikningslegar forsendur og önnur þau gögn sem matið byggist á.
2. Þær sögulegu forsendur sem framangreindir útreikningar byggjast á.

3. Tölfræðileg líkindi þess að hættumatið sýni þá hámarksskriðlengd snjóflóða sem búast megi við á 100, 300, 500 og 1.000 ára fresti eða fyrirvarar varðandi líklegan endurkomutíma.

Megin niðurstöður ofangreindra atriða skal færa inn á hættumatskort.

Taka skal fullt tillit til hættumats við skipulagningu nýrra svæða og skal matið lagt fram sem fylgiskjal með skipulagstillögum.

Hættumat skal lagt til grundvallar við gerð neyðaráætlana.

Almannavarnir ríkisins annast gerð hættumats og neyðaráætlana.

2. gr.

Gagnasöfnun.

Áður en hættumat er gert skal safna saman eftirfarandi lágmarksgögnum um viðkomandi byggðarlag og nálæg svæði:

1. Gera skal kort í mælikvarða 1:5000 yfir svæði sem tilgreind eru í 2. mgr. 1. gr. sem sýni landslag upp á efstu fjallsbrúnir og inn á aðliggjandi snjósöfnunarsvæði.
2. Safna skal gögnum um snjóflóð á viðkomandi svæði og í námunda við það, með því að kanna ritaðar heimildir, tala við heimamenn og leita eftir merkjum um snjóflóð í landinu. Skrá skal sem nákvæmastar upplýsingar um allt er varðar snjóflóð og veðurfarslegar forsendur þeirra, og talið er skipta máli.
3. Kanna skal á vettvangi framburð flóða, sár í jarðvegi og gróðri, og ljósmynda snjóflóðafarvegi.

Niðurstöður gagna skulu dregnar á kort í mælikvarðanum 1:5000 þar sem fram komi bæði þekktir og líklegir snjóflóðafarvegir, mörk þeirra og skriðlengd.

Telja skal snjóflóð og skriðlengd þess þekkta þegar stuðst er við mælingar á snjóflóði eða þegar mörk snjóflóðs eru afdráttarlaust afmörkuð af þekktu kennileiti og staðfest af sjónarvotti eða annarri öruggri samtímaheimild.

Önnur mörk snjóflóða sem heimildir eru til um, skulu dregin á kort sem líkleg.

3. gr.

Snjóflóðasvæði.

Snjóflóðasvæði eru afmörkuð með svonefndri grunnlínu sem hér segir:

1. Dregnar eru útlínur þekktra snjóflóða samkvæmt skilgreiningu 3. mgr. 2. gr.
2. Dregnar eru útlínur líklegra snjóflóða samkvæmt skilgreiningu 4. mgr. 2. gr.
3. Afmarkaðir eru aðrir farvegir þar sem talið er að snjóflóð geti hlaupið fram.
4. Stærð snjóflóðafarvega skv. 1., 2. og 3. lið er metin á eftirfarandi hátt með reiknilíkönum sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins:
   a. Notuð eru þekkt snjóflóð til að finna reiknistuðla til notkunar í reiknilíkani, með því að aðlaga þá að mestu þekktri skriðlengd.
   b. Reiknistuðlar þekktra flóða eru færðir milli farvega með sambærileg skilyrði og þannig fundin skriðlengd í hverjum farvegi.
   c. Breidd snjóflóða er áætluð samkvæmt landslagi eða reiknuð.

Ef snjóflóðasaga byggðarlags er ófullnægjandi skal meta snjóflóðafarvegi, snjósöfnun þeirra og annað það sem getur haft áhrif á skriðlengd snjóflóða. Velja skal reiknistuðla fyrir þessa farvegi með hliðsjón af sambærilegum farvegum á öðrum snjóflóðasvæðum. Um þessa farvegi gilda að öðru leyti ákvæði þessarar greinar.

4. gr.

Reiknilíkön.

Við útreikninga skal nota reiknilíkön sem viðurkennd eru af Almannavörnum ríkisins hverju sinni.

Almannavarnir ríkisins skulu hafa samráð við Veðurstofu Íslands varðandi viðurkenningu á reiknilíkönum.

Rökstuddar reikningslegar forsendur skulu koma fram fyrir hvern farveg, svo og reiknaður hraði snjóflóðsins í einstökum viðmiðunarpunktum þess í ferlinum.

Komi fram munur á skriðlengdum snjóflóða sem ákvarðast skv. 3. gr., eftir því hvers konar reiknilíkan er notað, skal fylgja ítarlegur rökstuðningur fyrir þeim skriðlengdarmörkum sem notuð eru í hættumati.

5. gr.

Skilgreining hættusvæða.

Í hættumati eru skilgreind tvenns konar hættusvæði og skulu þau auðkennd með rauðum og gulum lit á hættumatskorti og skipulagsuppdrætti.

Hættusvæði afmarkast þannig:

1. Mörk rauðs svæðis fylgja grunnlínu snjóflóðs, sbr. 3. gr., en í tungu þess markast þau þó af línu þar sem ástreymisþrýstingur hornrétt á stefnu flóðs reiknast 10 kPa, og er þá miðað við að snjóflóðið hafi eðlismassann 350 kg/m^3.
2. Gult svæði tekur við af rauðu og skal aldrei vera mjórra en 50 m mælt hornrétt á grunnlínu. Í tungu flóðs skal draga mörkin neðan grunnlínu, í fjarlægð frá henni sem nemur hálfri vegalengd milli grunnlínu og neðri marka rauðs svæðis, hvort tveggja mælt lárétt. Nái breidd guls svæðis í tungu snjóflóðs, þannig ákveðin, ekki 50 m, gilda ákvæði um lágmarksbreidd.
   Aukist halli verulega í tungu snjóflóðs innan guls svæðis neðan grunnlínu, eins og það er skilgreint hér á undan, skulu áhrif þess sérstaklega metin við ákvörðun á neðri mörkum gula svæðisins.
3. Verði fjarlægð milli gulra svæða sem liggja samhliða niður hlíð minni en 100 m má líta á svæðið milli þeirra sem gult hættusvæði.

6. gr.

Rauð hættusvæði.

Á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum lit á hættumatskorti og skipulagsuppdrætti, gilda þessar reglur um nýtingu:

1. Nota má rauð hættusvæði undir skipulagða starfsemi sem fram fer utan þess árstíma sem hætta er á snjóflóðum. Einnig má vera starfsemi á skíðasvæðum sem liggja inni á rauðum hættusvæðum, sé stöðugt fylgst með snjóflóðahættu. Skylt er að hafa viðbúnað til að koma viðvörunum á framfæri til fólks innan skíðasvæða og til að vara fólk við þegar hætta er á snjóflóðum. Rýma skal hættusvæði meðan snjóflóðahætta vofir yfir. Einnig er skylt að hafa til staðar neyðaráætlun sem tekur til leitar og björgunar á fólki sem lendir í snjóflóðum á svæðinu. Skíðaskála eða aðrar byggingar sem nota á til gistingar eða samkomu fólks má ekki byggja á hættusvæðum.
2. Heimilt er að nota rauð hættusvæði undir ýmis veitumannvirki, sem eru starfrækt mannlaus, svo og samgöngumannvirki, enda séu tök á að loka fyrir umferð fólks

um hættusvæðið þegar snjóflóðhætta skapast. Slík mannvirkjagerð skal hlíta skilyrðum annarra laga og reglugerða sem um hana gilda, svo sem byggingarlaga og byggingarreglugerðar.

7. gr.

Gul hættusvæði.

Á hættusvæðum sem merkt eru með gulum lit á hættumatskorti og skipulagsuppdrætti, gilda þessar reglur um nýtingu:

1. Ekki má byggja mannvirki sem draga að sér fjölmenni á vetrartíma vegna viðskipta, skólahalds, samkomuhalds eða íþróttaiðkana annarra en vetraríþrótta.
2. Þegar vetraríþróttir eru stundaðar inni á gulum hættusvæðum gilda sömu ákvæði og í 1. tölul. 6. gr.
3. Heimilt er að byggja önnur mannvirki en getið er í 1. tölul. ef sýnt er fram á að þau standist 10 kPa áraun snjóflóðs þvert á stefnu flóðsins á þann flöt sem næst stendur upptökum þess. Er þá miðað við eðlismassa skv. 1. tölul. 5. gr. Þegar slík heimild er gefin í skipulagi skal kveðið nánar á um þau skilyrði sem mannvirki skuli fullnægja að öðru leyti, svo sem um aðgengi í vari fyrir snjóflóðum.

8. gr.

Rýming hættusvæða.

Þegar snjóflóðahætta skapast á hættusvæðum sem merkt eru með rauðum og gulum lit, skal tafarlaust koma viðvörun til þeirra sem þar eru, rýma svæðin og loka þeim fyrir allri umferð fólks, samkvæmt neyðaráætlunum Almannavarna ríkisins.

Heimilt er að rýma stærra svæði en skilgreint hættusvæði, sé ástæða til að mati lögreglustjóra.

9. gr.

Breyting á mörkum hættusvæða og varnarvirki.

Falli snjóflóð á svæði sem ekki var metið sem hættusvæði, skal það skoðað strax sem rautt hættusvæði. Jafnframt skal síðan endurmeta mörk hættusvæða í sveitarfélaginu, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Breyta má mörkum hættusvæða með því að gera varnarvirki sem hægja á snjóflóðum og stytta þannig skriðlengd þeirra, eða breyta stefnu. Einnig má breyta mörkum hættusvæða með því að byggja varnarvirki, sem eru nægilega öflug til að varna því að skrið hefjist á upptakasvæði flóðs.

Varnarvirki sem byggð eru ofan við upptakasvæði snjóflóða og ætlað er að breyta vætanlegri snjósöfnun á upptakasvæðinu, breyta ekki mörkum hættusvæðis.

Þegar mörk hættusvæða breytast vegna varnarvirkja skal merkja varið svæði á hættumatskorti og skipulagsuppdrætti með svartri skástrikun, en láta grunnlitina rautt og gult vera áfram á uppdrættinum og kortinu.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á viðhaldi varnarvirkja og að virkni þeirra rýrni ekki. Almannavarnir ríkisins geta breytt mörkum hættusvæða ef gildi varnarvirkja hefur rýrnað.

10. gr.

Nýting varinna hættusvæða.

Varin svæði má nýta fyrir byggð, að fengnu samþykki Almannavarna ríkisins.

Meta skal snjóflóðahættu fyrir varin svæði og gilda þá ákvæði 8. gr. um rýmingu þeirra, eftir því sem við á.

11. gr.

Ágreiningsefni.

Rísi ágreiningur vegna reglugerðar þessarar sker félagsmálaráðherra úr, að fenginni umsögn Almannavarna ríkisins og viðkomandi sveitarstjórnar.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í sveitarfélögum þar sem hættumat hefur farið fram, skal það endurskoðað á grundvelli þessarar reglugerðar svo fljótt sem við verður komið.

13. gr.

Gildistaka.

Ofangreindar reglur sem settar eru af Almannavörnum ríkisins skv. 3. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28, 4. júní 1985, sbr. lög nr. 50, 7. mars 1995, staðfestast hér með til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um hættumat vegna snjóflóða, nr. 347, 23. júní 1988.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

Nr. 377 27. júní 1995

SAMÞYKKT

um búfjárhald á Dalvík.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykkt þessi er sett til að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjárhaldi á Dalvík, koma í veg fyrir ágang búfjár á lóðir bæjarbúa og vernda gróður í landi kaupstaðarins. Samþykktin á einnig að tryggja að hús fyrir búpening, umhverfi þeirra og önnur aðstaða sé þrifaleg og í samræmi við kröfur opinberra yfirvalda.

2. gr.

Búfjárhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) er óheimilt í Dalvíkurkaupstað, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar.

Öll lausaganga búfjár í landi Dalvíkur utan lögbýla er óheimil.

3. gr.

Nefnd skipuð þrem fulltrúum, einum frá Dalvíkurkaupstað ásamt trúnaðarmönnum búfjáreigenda, sbr. 10. gr. samþykktarinnar, skal gera tillögu til bæjarráðs um hámarksfjölda búfjár í landi Dalvíkur.

4. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 2. gr. skal senda skriflega umsókn til bæjarins. Í umsókninni skal gera grein fyrir tegund og fjölda búfjárins, geymslu þess og öðru sem máli skiptir um öryggi þess og aðhald.

Telji bæjarráð að skilyrði fyrir leyfisveitingu séu fyrir hendi, veitir það leyfið. Leyfið má veita í tiltekinn tíma eða tiltaka ákveðinn frest til afturköllunar. Leyfið er háð gildandi samþykkt um búfjárhald á hverjum tíma og er gefið út á nafn og ekki framseljanlegt.

5. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið að búfjáreigendur skuli árlega greiða leyfisgjald fyrir búfé sitt. Við ákvörðun gjaldsins skal bæjarstjórn leita staðfestingar landbúnaðarráðuneytisins, sbr. 12. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

6. gr.

Byggingarfulltrúi skal halda skrá yfir lönd sem úthlutað er til beitar og slægna. Umsóknum um land til grasnytja fyrir búfé skal koma til byggingarfulltrúa sem úthlutar leyfum, eftir umsögn umhverfismálaráðs. Leyfin eru gefin út á nafn og eru óframseljanleg.

7. gr.

Enginn má halda búfé, nema hann hafi fyrir það hús sem samræmist kröfum opinberra yfirvalda. Sama gildir um allt umhverfi húsanna. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beitiland handa búfé sínu og fóður, svo og allri meðferð búfjárins.

8. gr.

Eigandi búfjár ber ábyrgð á að búfé valdi ekki tjóni eða óþrifum. Eigandi skal ganga þannig frá taði er frá skepnunum kemur, að ekki valdi óþægindum eða óþrifum.

9. gr.

Ef leyfishafi brýtur ákvæði í samþykkt þessari má afturkalla leyfið, enda hafi leyfishafi ekki sinnt áður veittri viðvörun.

Hvern þann búfénað sem sleppur úr vörslu skal taka hvar sem til hans næst og færa í örugga vörslu sem búfjáreftirlitsmaður (byggingafulltrúi) sér um. Eiganda skal tilkynnt um gripi sína og gert að sækja þá og greiða áfallinn kostnað, svo sem tjón og kostnað við handsömun. Hafi eigandi ekki hirt um að sækja gripi sína eða greiða áfallinn kostnað innan tíu daga, er heimilt að svipta viðkomandi leyfi til búfjárhalds á Dalvík. Við ítrekað brot á þessum reglum missir leyfishafi rétt til búfjárhalds og verður gripum jafnframt ráðstafað í samræmi við 11. gr. laga um búfjárhald nr. 46/1991.

II. KAFLI
Um búfjárhald.

10. gr.

Búfjáreigendafélög á Dalvík skulu tilnefna tvo trúnaðarmenn, sem í samvinnu við byggingafulltrúa og búfjáreftirlitsmann, sbr. 9. gr. laga nr. 46/1991, fylgjast með að leyfður fjöldi búfjár fari ekki yfir sett hámark og umsækjendur hafi hús, möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu, svo sem beitiland.

11. gr.

Nautgripi skal hafa á afgirtum túnum eða löndum og bera eigendur alla ábyrgð á að þeir sleppi ekki út af löndum þeirra.

12. gr.

Utanhúss skulu alifuglar og svín vera í stíum, búrum eða á vel afgirtum svæðum, en loðdýr skulu ætíð vera í búrum og bera eigendur alla ábyrgð á að þau sleppi ekki út.

13. gr.

Vörslu geita utanhúss skal hverju sinni hagað í samráði við umsjónarmann búfjárhalds, en það er ávallt á ábyrgð eiganda að gæta þess að þær sleppi ekki lausar.

III. KAFLI

Um byggingar gripahúsa og lönd til grasnytja.

14. gr.

Byggingar gripahúsa eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipulögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í bænum, á svæðum sem ætluð eru til annarra nota en búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarráð samþykkir það, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endurbyggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

15. gr.

Einstaklingar og félög hesta- og fjáreigenda, sem hafa lönd til grasnytja, skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, m.a. með áburðargjöf eftir þörfum og gæta þess að löndin verði aldrei ofbeitt. Byggingarfulltrúi og/eða umhverfismálaráð geta krafist úrbóta og gert tillögu til bæjarráðs um friðun lands ef ástæða þykir til.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

16. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46, 25. mars 1991, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárhald á Dalvík nr. 484/1981.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Langavatns í Skagahreppi.

1. Félagið heitir Veiðifélag Langavatns á Skaga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. Félagið nær til Langavatns og eru neðri mörk þess við ós Langavatnsár úr vatninu. Auk þess tekur félagið til Fjallabaksár.

3. Aðild að félaginu eiga allar jarðir sem land eiga að Langavatni og auk þess þær sem upprekstur eiga á afrétt sem liggur að vatninu. Þær jarðir sem land eiga að Langavatni eru Hof og Fjall.
Þær jarðir sem upprekstur eiga í afréttarland það sem liggur að Langavatni eru: Álfhóll, Ásbúðir, Bakki, Björg, Brandaskarð, Efri-Harrastaðir, Fjall, Hafnir, Hlíð, Hof, Hólmi, Hróarsstaðir, Hvammkot, Kálfshamar, Kelduland, Króksel, Krókur, Kurfur, Mánavík, Neðri-Harrastaðir, Ós, Saurar, Skeggjastaðir, Steinnýjarstaðir, Sviðningur, Syðri-Björg, Tjörn, Víkur, Örlygsstaðir I, Örlygsstaðir II.

4. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgegnd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur félagsins ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

5. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Þeir ganga úr stjórninni á víxl, þannig að formaður gengur úr eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár og hinn eftir þriggja ára setu. Helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða hann hafi verið í stjórn undanfarin þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurkoðandinn láti af störfum annað árið, og hinir hitt árið.

6. Stjórnin hefur með höndum allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum þess.
Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi stjórnar félagsins. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. Aðalfund félagsins skal halda í apríl ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á yfirstandandi ári. Þá skal stjórnin leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa gerðarbók, sem í eru færðar samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

9. Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

10. Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 27. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 379 28. júní 1995

REGLUGERÐ

um greiðslu vaxtabóta á árinu 1995.

1. gr.

Vaxtabætur.

Ríkissjóður skal greiða vaxtabætur til manna sem bera vaxtagjöld af lánum sem tekin eru til öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eftir því sem nánar er kveðið á um í þessari reglugerð.

2. gr.

Réttur til vaxtabóta.

Maður, sem skattskyldur er skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og ber vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið vegna kaupa, byggingar eða endurbóta sbr. 3. gr. á íbúðarhúsnæði til eigin nota, þar með talin kaup á eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, á rétt á vaxtabótum, enda geri hann grein fyrir lánum og vaxtagjöldum af þeim í sérstakri greinargerð með skattframtali í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota og stofnast við kaup eða þegar bygging þess hefst.

Réttur til vaxtabóta fellur niður þegar íbúðarhúsnæði telst ekki lengur til eigin nota sbr. 4. gr.

Verði íbúðarhúsnæði selt án þess að hafin sé bygging eða fest kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota á sama ári, fellur réttur til vaxtabóta niður frá þeim tíma sem sala átti sér stað.

3. gr.

Endurbætur.

Lán frá Byggingarsjóði ríkisins vegna verulegra endurbóta á íbúðarhúsnæði til eigin nota mynda rétt til vaxtabóta, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir endurbótunum á húsbyggingarskýrslu með skattframtali.

Til verulegra endurbóta skv. 1. mgr. teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir sbr. 12. gr. rg. nr. 467/1991, um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

4. gr.

Eigin not.

Réttur til vaxtabóta er bundinn við eignarhald á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum. Sérstakar tímabundnar aðstæður, svo sem nám, veikindi eða atvinnuþarfir sem valda því að eigandi íbúðarhúsnæðis getur ekki sjálfur nýtt það til íbúðar, leiða þó ekki til þess að hann missi rétt til vaxtabóta. Með tímabundnum aðstæðum er átt við að eigandi íbúðarhúsnæðis geri líklegt að hann muni innan ákveðins tíma taka húsnæðið aftur til eigin nota.

5. gr.

Ein íbúð.

Eigi maður fleiri en eina íbúð, þá á hann einungis rétt á vaxtabótum með einni, þeirri sem ætluð er til eigin nota. Maður getur þó átt rétt á vaxtabótum vegna lána sem tekin eru vegna húsnæðis í byggingu eða kaupa á eldra húsnæði sem unnið er að standsetningu á í beinu framhaldi af kaupunum og ætlað er til eigin nota, þrátt fyrir að hann eigi á sama tíma húsnæði til eigin nota og njóti vaxtabóta vegna lána sem tengjast öflun þess húsnæðis. Réttur til vaxtabóta með síðarnefnda húsnæðinu fellur niður þegar það telst ekki lengur til eigin nota sbr. 4. gr.

6. gr.

Lán til öflunar íbúðarhúsnæðis.

Vaxtagjöld af lánum sem sannanlega hafa verið tekin vegna öflunar íbúðarhúsnæðis eða endurbóta á því sbr. 3. gr. veita rétt til vaxtabóta. Með vaxtagjöldum er átt vaxtagjöld vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára.

Vaxtagjöld vegna lána, sem tekin eru til skemmri tíma en tveggja ára, er einungis heimilt að telja með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæði er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Lán sem tekin eru vegna greiðsluerfiðleika og eru sannanlega til greiðslu á lánum til öflunar íbúðarhúsnæðis mynda einnig rétt til vaxtabóta að uppfylltum framangreindum tímaskilyrðum.

7. gr.

Vaxtagjöld sem veita rétt til vaxtabóta.

Vaxtagjöld af lánum skv. 6. gr. teljast eftirfarandi:

1. Gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborganir og vexti. Til vaxta teljast gjaldfallin gengistöp á afborganir og vexti vegna lána í erlendum gjaldmiðli. Með vöxtum teljast einnig dráttarvextir ársins, en greiddir dráttarvextir vegna fyrri ára

teljast ekki með vaxtagjöldum ársins. Annar kostnaður vegna vanskila en dráttarvextir teljast ekki til vaxtagjalda.

2. Afföll af verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum skuldaviðurkenningum sem framteljandi hefur gefið út sjálfur og selt þriðja aðila og notað andvirðið til fjármögnunar íbúðar til eigin nota, enda sé kaupandi bréfanna nafngreindur. Afföll vegna sölu húsbréfa teljast til vaxtagjalda hjá þeim sem byggir íbúðarhúsnæði til eigin nota og hefur fengið bréfin gegn afhendingu fasteignaveðbréfa. Sama á við um afföll af húsbréfum sem húsbréfadeild kaupir af lántakanda greiðsluerfiðleikaláns. Afföllin reiknast hlutfallslega miðað við afborganir á lánstímanum. Afföll vegna sölu húsbréfa og annarra verðbréfa sem seljandi hefur fengið í hendur sem greiðslu á fasteign teljast ekki til vaxtagjalda.
3. Lántökukostnaður, árlegur eða tímabundinn fastakostnaður, þóknanir, stimpilgjöld og þinglýsingarkostnaður af lánum. Þinglýsingarkostnaður og stimpilgjöld af kaupsamningi eða afsali teljast ekki til vaxtagjalda.

Uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lánum sem yfirtekin eru við kaup á íbúð teljast hvorki til vaxtagjalda hjá seljanda né kaupanda, né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur sem greiddar eru umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

8. gr.

Fjárhæð vaxtagjalda til útreiknings vaxtabóta.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta, miðast við fjárhæð vaxtagjalda, sbr. 7. gr. hjá hverjum framteljanda en geta þó ekki orðið hærri en sem nemur 7% af skuldum sem stofnað hefur verið til vegna öflunar íbúðarhúsnæðis til eigin nota eins og þær eru í árslok. Þetta á þó ekki við hjá þeim sem:

1. Selja íbúðarhúsnæði á árinu án þess að afla sér annars íbúðarhúsnæðis fyrir árslok. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á söludegi.
2. Flytjast af landi brott á árinu. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda eins og þær voru á brottflutningsdegi.
3. Látast á árinu og láta ekki eftir sig maka. Skal þá miða við eftirstöðvar skulda á andlátsdegi.

Frá vaxtagjöldum samkvæmt framansögðu skal draga vaxtatekjur skv. 8. gr. laga nr. 75/1981.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta samkvæmt þessari grein geta þó ekki verið hærri en 411.209 kr. hjá einstaklingi, 539.830 kr. hjá einstæðu foreldri og 668.450 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hámark vaxtagjalda hjá mönnum, sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári, ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á árinu sbr. 70. gr. laga nr. 75/1981.

9. gr.

Ákvörðun vaxtabóta.

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, sbr. 8. gr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum skv. II. kafla laga nr. 75/1981 að teknu tilliti til frádráttar skv. 1. og 3. tölul. A-liðar, 1. tölul. B-liðar og 2., 3. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 75/1981 og frádráttar skv. 31. gr. laga nr. 75/1981. Hjá hjónum eða sambýlisfólki, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki eftir að vera samskattað, skal við útreikning miðað við samanlagðar tekjur beggja að teknu tilliti til frádráttar samkvæmt framansögðu. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur skerðast hlutfallslega fari eignir skv. 73. gr. laga nr. 75/1981 að

frádregnum skuldum skv. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 75/1981, fram úr 3.092.936 kr. hjá einstaklingi uns þær falla niður við 4.948.699 kr. eign og 5.127.077 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki uns þær falla niður við 8.203.323 kr. eign.

10. gr.

Fjárhæð vaxtabóta.

Hámark vaxtabóta fyrir hvern mann eru 140.903 kr., fyrir einstætt foreldri 181.212 kr. og 233.015 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs. Hámark vaxtabóta hjá þeim sem skattskyldir eru skv. 1. gr. laga nr. 75/1981, hluta úr ári ákvarðast í hlutfalli við dvalartíma á tekjuárinu. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann falla niður.

11. gr.

Skipting vaxtabóta milli hjóna og sambúðarfólks.

Skipta skal vaxtabótum til helminga milli hjóna. Sama gildir um sambúðarfólk sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 í lok tekjuárs, enda þótt það óski ekki samsköttunar. Verði skilyrði samsköttunar uppfyllt í árslok, skulu vaxtabætur ákvarðaðar allt árið eins og gildir um hjón.

Við slit á samvistum eða hjúskap þá ákvarðast vaxtabætur fyrir allt árið eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri eftir því sem við á, nema óskað sé samsköttunar fram að skilnaði eða sambúðarslitum. Ákvarðast þá vaxtabætur fram að þeim tíma eins og hjá hjónum, en frá þeim tíma og til ársloka eins og hjá einstaklingi eða einstæðu foreldri, eftir því sem við á.

Ef annað hjóna er með lögheimili erlendis reiknast vaxtabætur einungis hjá þeim maka sem hefur lögheimili hér á landi. Við útreikning skal þá miða við vaxtagjöld, tekjur, eignir og skuldir þess maka sem skattskyldur er hér á landi. Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtagjalda hjá hjónum og vaxtabætur geta ekki orðið hærri en helmingur hámarksvaxtabóta fyrir hjón.

Ef annað hjóna sem á rétt á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón sé að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

12. gr.

Greiðsla vaxtabóta.

Vaxtabætur greiðast út að lokinni álagningu opinberra gjalda.

Vaxtabætur greiðast rétthafa að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hafa verið dregin opinber gjöld til ríkissjóðs, opinber gjöld til sveitarfélaga og vangreidd meðlög til Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
2. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
3. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
4. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
5. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
6. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.
7. Vangreidd meðlög eftir kröfu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

13. gr.

Endurgreiðsla og viðurlög.

Komi í ljós að maður hefur fengið greiddar vaxtabætur án þess að eiga rétt á þeim skal honum gert að endurgreiða þær að viðbættu 15% álagi. Fella skal niður álagið ef maður færir rök fyrir því að honum verði eigi kennt um þá annmarka á framtali er leiddu til ákvörðunar skattstjóra.

14. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í C-lið 69. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Kemur hún til framkvæmda við ákvörðun vaxtabóta á árinu 1995 vegna vaxtagjalda á árinu 1994.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1995.

Friðrik Sophusson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Nr. 380 28. júní 1995

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 47,30.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1 mæli) er greitt fast mánaðargjald, sem fer eftir stærð sem hér segir:

a)	fyrir mæli allt að 3/4"	kr.	473,00
b)	fyrir mæli 1" - 2"	kr.	988,00
c)	fyrir mæli 3" og stærri	kr.	2.005,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.264,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

7. gr.

Stofngjald hitveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss:

(utanmál)	m^3	Stofngjald						
Allt að	400	38.200,00						
400 -	2.000	38.200,00	fyrir	400 m^3	+	31,00	kr/ m^3	þar yfir
2.000 -	6.000	87.800,00	"	2.000 m^3	+	26,50	"	" "
6.000 -	10.000	193.800,00	"	6.000 m^3	+	24,00	"	" "
Meira en	10.000	289.800,00	"	10.000 m^3	+	20,50	"	" "

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal greiða kr. 4.650,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma, í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með minnst 3ja daga fyrirvara.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notanda. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið. Innheimtugjald er kr. 995,00.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða kostnað við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein. Lokunargjald er kr. 1.494,00.

Sé nauðsynlegt að loka aðrennsli vatnsins utanhúss, skal sá er vanskilum veldur greiða allan kostnað við þá framkvæmd.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 152, 20. mars 1989, með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 381 30. júní 1995

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu.

1. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 232, 3. maí 1995 um útfararþjónustu falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 21. gr. laga nr. 36, 4. maí 1993 um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. júní 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóníasson.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Hornafirði.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Hornafirði.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í sveitarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það. Við skráningu skal hundeigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar.

b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðaeigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða.

c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn ákveður. Heimilt er að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar skal ekkert gjald greiða. Við ákvörðun leyfisgjalds skal tekið mið af þeim kostnaði sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Gjaldið skal greitt fyrirfram í fyrsta sinn við skráningu hunds til næstkomandi júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.

d. Leyfishafa er skylt að hafa hundinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Einnig getur bæjarstjórn gert heildarsamning við tryggingarfélag, eitt eða fleiri. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfisgjalds svo og vottorð um hreinsun hundsins.

e. Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert.

f. Hundurinn skal ávallt bera um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer.

g. Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa innan marka þéttbýlis nema minkahunda, dýrhunda og sporhunda þegar þeir eru að störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss nema á opnum svæðum fjarri alfaraleið og þéttbýli. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði eða raski ró manna. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra þá staði sem hér eru upp taldir:

1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði og brunna.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpeyðingarstaði.
4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.

5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skóla, kennslustaði, barnaheimili og gæsluvelli.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.

i. Ákvæði stafliðs h. gildir ekki fyrir hunda sem eru notaðir til löggæslu- eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j. Ábúendum lögbýla sem eru innan marka bæjarfélagsins er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda. Kostnaður vegna hundahreinsunar o.þ.h. greiðir eigandi.

k. Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 3ja mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda til bæjarstjórnar, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda sýslumanni skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu sbr. ákvæði f. liðar 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Hornafirði.

4. gr.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um hundahald gilda, getur bæjarstjórn afturkallað leyfið. Skal leyfishafi þá afhenda hundinn lögreglu eða heilbrigðiseftirlitsmanni til ráðstöfunar. Einnig getur bæjarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit og lögreglustjóri eða aðilar á þeirra vegum annast eftirlit með hundahaldi í Hornafirði.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss í þéttbýli skal handsama og taka úr umferð. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hunda sem ráðast á menn eða skepnur og bíta skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað. Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 7 daga frá því hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður

greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum, enda hafi eiganda verið tilkynnt um töku hundsins, ef unnt er, þegar vitað er um eiganda.

Kattahald.

7. gr.

Allir heimiliskettir skulu bera bjöllu og merkta hálsól, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka kattahald í þéttbýli, ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis. Þannig getur bæjarstjórn t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

Annað.

10. gr.

Með brot á samþykktum þessum skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Samþykkt þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Hornafjarðar og staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla úr gildi eldri samþykktir um hundahald í Nesjum og á Höfn.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu leyti.

Umhverfisráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 10/1995 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1995 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1995.

Frá og með 1. júní 1995 breytist skattmat á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu sem hér segir:

1. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar" í tölulið 5.1. í auglýsingunni orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo	SDR	90	84
New York	SDR	87	58
Annars staðar	SDR	74	84

Kaflinn „Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa" í sama tölulið orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland, Sviss og Tokyo	SDR	58	54
New York	SDR	56	37
Annars staðar	SDR	48	54

2. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring:	kr. 7.150, verði kr. 8.050.
Gisting í eina nótt:	kr. 3.650, verði kr. 4.550

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1995.

Reykjavík, 31. maí 1995.

Snorri Olsen, ríkisskattstjóri.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald er bannað í þéttbýli í Snæfellsbæ.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum (18 ára eða eldri), sem búa í bæjarfélaginu, undanþágu frá 1. gr. og leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

a. Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang tiltekins einstaklings og er óheimilt að framselja það.
b. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðaeigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða parhús eða raðhús skal fylgja umsókn samþykki eigenda aðliggjandi íbúða. Í fjölbýli með sérinngangi fyrir hverja íbúð skal fylgja samþykki allra íbúðaeigenda.
c. Leyfisgjald vegna undanþágu skal greiða til bæjarsjóðs árlega eftir gjaldskrá sem bæjarstjórn kemur sér saman um, og staðfest er af umhverfisráðherra. Við ákvörðun gjaldsins skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar. Bæjarstjórn er heimilt að ákveða lægra gjald fyrir löggæslu-, björgunar- og leiðsöguhunda. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hunds, og síðan árlega fyrirfram 1. janúar ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan tveggja mánaða fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
d. Hvert dýr sem veitt er leyfi fyrir skal ábyrgðartryggt og skal bæjarstjórn annast þá tryggingu. Tryggingin skal ná til alls þess tjóns, sem dýrið kann að valda mönnum, dýrum og munum. Vottorð um ábyrgðartryggingu skal liggja fyrir við greiðslu leyfis og árlegs leyfisgjalds.
e. Hundar skulu færðir til bandormahreinsunar í október-nóvember ár hvert. Framvísa skal vottorði um bandormahreinsun við greiðslu árlegs leyfisgjalds.
f. Hundurinn skal ávallt vera með um hálsinn ól með plötu á. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds, nafn eiganda og símanúmer. Einnig skal við ólina festa merki er sýni að leyfisgjald hafi verið greitt og hundurinn hreinsaður. Hundeiganda er skylt að tilkynna ef hundur drepst eða flyst á aðra þéttbýlisstaði á svæðinu eða út af eftirlitssvæðinu.
g. Leyfishafi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss, innan marka þéttbýlis. Annars staðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgs aðila á hans vegum. Hundeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
h. Eigi má hleypa hundum inn í almenningsfarartæki, leikvelli eða aðra eftirfarandi staði:
    1. Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunna og sjóveitur.
    2. Almennings- og útisalerni.
    3. Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaði.
    4. Gististaði, veitingastaði og matsölustaði.

5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili, dagvistarheimili og gæsluvelli.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaði.
10. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
11. Samkomuhús hvers konar.
12. Kirkjugarða, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
13. Almenn samgöngutæki.

i. Ákvæði stafliðs h. gildir ekki fyrir hunda sem eru notaðir til löggæslu- eða björgunarstarfa, né leiðsöguhunda blindra og sjónskertra.

j. Ábúendum lögbýla sem eru innan marka bæjarfélagsins er heimilt að halda tvo þarfahunda hið mesta, án þess að leyfisgjald komi fyrir, enda gilda sömu reglur um þá hunda innan þéttbýlis og aðra hunda.

k. Óheimilt er að láta hund sem er eldri en 1 mánaða dvelja lengur í þéttbýli en einn mánuð, án þess að sótt sé um leyfi fyrir honum.

3. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda bæjarstjórn, sem gefur út eða synjar umbeðnu leyfi.

Upplýsingar um hundinn skal færa í þar til gerða bók hjá bæjarstjórn. Þar skal skrá heiti, aldur, kyn, tegundarafbrigði, lit og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Árlega skal senda embætti lögreglustjóra í Snæfellsbæ skrá um leyfða hunda. Leyfishafi fær afhenta merkta plötu sbr. ákvæði stafliðs f. í 2. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Snæfellsbæ.

Ekki er skylt að sækja um leyfi fyrr en hundur hefur náð 1 mánaða aldri. Sé leyfis ekki vitjað innan mánaðar frá að það er veitt fellur það sjálfkrafa úr gildi.

4. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað öll áður útgefin leyfi til hundahalds telji hún til þess brýna þörf.

5. gr.

Bæjarstjórn eða aðilar á hennar vegum annast framkvæmd og eftirlit með hundahaldi í Snæfellsbæ og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur og ef um endurtekin brot á samþykkt þessari er að ræða.

6. gr.

Hunda sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í geymslu. Sama gildir um hættulega hunda og óleyfilega. Tilkynna skal eigendum merktra hunda töku þeirra. Ómerkta hunda skal reynt að bera kennsl á og tilkynna eiganda ef hann finnst. Kostnaður við töku, tilkynningu og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Teljist hundur hættulegur að mati dýralæknis og hundaeftirlitsmanns, er heimilt að lóga honum þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 10 daga frá því að hundurinn kom í vörslu eftirlitsmanns, enda verði áfallinn kostnaður greiddur áður en það er gert. Að öðrum kosti er heimilt að lóga hundinum.

Kattahald.

7. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að takmarka eða banna kattahald í þéttbýli, ef til þess er talin brýn þörf, að mati heilbrigðisnefndar, héraðslæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis.

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 7. gr. er aldrei heimilt að halda fleiri ketti en tvo eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Allir heimiliskettir skulu bera merkta hálsól með bjöllu, þar sem fram kemur nafn eiganda, heimili og símanúmer.

9. gr.

Eigendum katta er skylt að gæta þess að kettir þeirra valdi ekki nágrönnum ónæði, en geti að öðrum kosti sætt takmörkunum um kattahald hafi borist skriflegar kvartanir um ónæði eða hættur sem kettir þeirra sannanlega valda, sbr. 7. gr.

10. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum flækingsköttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti í bæjarfélaginu a.m.k. 7 sólarhringum áður en hún er framkvæmd.

11. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem um hunda- og kattahald gilda, skal hann sæta skriflegri áminningu fyrir minniháttar brot. Vegna annarra brota getur viðkomandi bæjarstjórn afturkallað leyfið.

12. gr.

Ítrekuð brot gegn samþykkt þessari geta varðað sektum eða varðhaldi. Með brot skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

13. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi sem veitt hafa verið fyrir gildistöku þessarar samþykktar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um þau að fullu.

Umhverfisráðuneytið, 28. júní 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.